



BSRB

Skýrsla stjórnar

frá 43. þingi BSRB 12. október 2012 til 44. þings BSRB 28. október 2015

Skýrsla stjórnar um störf BSRB er unnin af starfsfólki BSRB og fjallar um helstu verkefni bandalagsins síðustu þrjú ár, frá 43. þingi BSRB í október 2012 og fram til 44. þings í lok október 2015. Á þessum tíma hafa verkefni bandalagsins verið fjölmörg og krefjandi. Skýrslan er yfirlit yfir helstu störf bandalagsins á umræddu tímabili.

Efnisyfirlit

43. þing BSRB	9
Setningaræða Elínar Bjargar Jónsdóttur, formanns BSRB, á 43. þingi BSRB 10. október 2012.....	9
Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á 43. þingi BSRB	13
Ávarp Gylfa Arnbjörnssonar, forseta Alþýðusambands Íslands, á 43. þingi BSRB	18
Störf þingsins.....	20
Skýrsla stjórnar og þingmál lögð fyrir nefndir	20
Nefndir 43. þings	20
Þingskólinn	20
Málstofur 43. þings BSRB	21
Málstofa um heimilin.....	22
Málstofa um jafnréttismál	23
Málstofa um velferðarkerfið.....	24
Málstofa um umhverfismál.....	24
Áframhald þingfundar	26
Kosningar í embætti BSRB	26
Lokaræða formanns BSRB á 43. þingi.....	27
Stefna	29
Almannaþjónusta	29
Atvinnumál	29
Heilbrigðismál.....	31
Húsnæðismál.....	31
Jafnréttismál.....	32
Kjaramál	33
Lífeyrismál	34
Menntamál.....	34
Skattamál	35
Umhverfismál.....	36
Vinnuvernd.....	36
Ályktanir 43. þings BSRB	38
Ályktun 43. þings BSRB um jafnréttismál	38
Ályktun 43. þings BSRB um heilbrigðismál	38
Ályktun 43. þings BSRB um verðtryggð neytendalán	38
Ályktun 43. þings BSRB um kjaramál	39
Ályktun 43. þings BSRB um atvinnumál.....	39
Ályktun 43. þings BSRB um lífeyrismál	40
Ályktun 43. þings BSRB um umhverfismál.....	40
Ályktun 43. þings BSRB um almannaðjónustu.....	41
Lög BSRB eftir 43. þing	42
Nafn og hlutverk.....	42
Aðild að bandalaginu.....	42
Réttindi og skyldur bandalagsfélaga.....	44
Fulltrúakjör	46
Bandalagsþing	46
Fjármál	48
Stjórn bandalagsins	48
Endurskoðun ársreikninga.....	50
Ákvæði vegna laga um kjarasamninga	50
Yfirkjörstjórn.....	50
Lagabreytingar.....	51
Þingsköp BSRB	52
I. Þingsetning o.fl.	52
II. Verksvið forseta og umræður.....	52
III. Tillögur og atkvæðagreiðsla.....	53
IV. Kosningar	54
V. Breyting þingskapa	55
Starf BSRB	56
Framkvæmdastjórn BSRB	56

Stjórn BSRB.....	56
Vinnufundur í Kriunesi.....	57
Vinnufundur stjórnar á Egilsstöðum.....	58
Vinnufundur stjórnar á Akureyri	59
Sameingin St.Seltjarnarness og St.Rv	59
Sameingin St. Skagafjarðar og Kjalar	60
Skrifstofa BSRB	60
Starfsmenn skrifstofu BSRB	61
Orlofsmál.....	61
Aðalfundur BSRB.....	62
Aðalfundur 2012.....	62
Aðalfundur 2013.....	62
Aðalfundur 2014.....	63
Aðalfundur 2015.....	63
Framkvæmdaáætlun BSRB 2012 til 2015	65
Ályktanir BSRB 2012-2015	66
Ályktun um að framkvæmd jafnlaunaáttaks 9. nóvember 2012	66
Ályktun um heilbrigðismál 22. apríl 2013.....	66
Ályktun stjórnar BSRB um kynbundinn launamun 5. september 2013	67
Ályktun stjórnar BSRB um ríkisfjármál 6.september 2013	67
Ályktun stjórnar BSRB um lífeyrismál 18. október 2013.....	67
Ályktun stjórnar BSRB um fjárlagafrumvarpið 19. október 2013	68
Ályktun stjórnar BSRB um Ríkisútvarpið 6. desember 2013	68
Ályktun stjórnar BSRB um fjárlagafrumvarp, 12. september 2014.....	69
Ályktun stjórnar BSRB um villandi umræðu um opinbera starfsmenn 7. október 2014.....	70
Ályktun stjórnar BSRB um forgangsröðun í þágu heilbrigðismála 8. október 2014.....	70
Ályktun stjórnar BSRB um kjaradeilu SfK 8. október 2014	70
Ályktun stjórnar BSRB um jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu 6. febrúar 2015.....	71
Ályktun stjórnar BSRB um aðgerðir Kópavogsbæjar í kjölfar úrskurðar kærunefndar jafnréttismála 6. febrúar 2015	71
Ályktun stjórnar BSRB vegna lagasetningar á verkfall BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 12. júní 2015	72
Ályktun stjórnar BSRB vegna kjaraviðræðna við ríkið 4. september 2015	72
Ályktanir aðalfunda BSRB 2012-2015.....	73
Ályktun aðalfundar BSRB 24. maí 2013	73
Ályktun aðalfundar BSRB um skuldaleiðréttingar og húsnæðismál 16. maí 2014.....	73
Ályktun aðalfundar BSRB um stöðu heilbrigðisþjónustunnar 16. maí 2014.....	74
Ályktun aðalfundar BSRB um kjaramál 16. maí 2014	74
Ályktun aðalfundar BSRB um kjaramál 8. maí 2015	75
Ályktun aðalfundar um makrílveiðar 8. maí 2015	75
Ályktun heilbrigðis- og velferðarnefndar BSRB	75
Umsagnir BSRB um lagafrumvörp og tillögur að þingsályktunum	77
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum.....	79
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum	79
Umsögn BSRB um frumvarp til upplýsingalaga	79
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins	80
Umsögn BSRB um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku.....	81
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.....	81
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum	81
Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila	82
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð.	83
Umsögn BSRB um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra	83
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga	84
Umsögn BSRB um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um tilflutning á stökum frídögum launafólks að vori.	84
Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi	84
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um stimpilgjald	85
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014	86
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014	86
Umsögn BSRB um fyrirhugaða tillögu efnahags- og viðskiptanefndar um breytingu á frumvarpi til laga ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.)	87
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasam. um almannatryggingar	87

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um br. á lögum um 40 stunda vinnuviku og lögum um almennan frídag 1. maí	87
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár	87
Umsögn BSRB um þingsályktunartillögu um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína	88
Umsögn BSRB um frumv. til laga um br. á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla	88
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og lögum um vörugjald	88
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt	88
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um br. á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða	89
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni	89
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum	89
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnslu ríkisins í héraði	89
Umsögn BSRB um tillögu til þingsál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017	89
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um séreignasparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar	90
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána	90
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, brottfall um vörugjald og breytingu á lögum um tekjuskatt	91
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015	91
Umsögn BSRB vegna tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu	92
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga	92
Umsögn BSRB um tillögu til þingsál. um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili	93
Viðbótarumsögn við umsögn BSRB um frumvarp til laga um virðisaukaskatt	93
Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun	95
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála	95
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla	95
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki	96
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu	96
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um opinber fjármál	97
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um br. á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna	98
Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins	98
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku með síðari breytingum og lögum um almennan frídag 1. maí	99
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur	99
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum	100
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga	100
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar	101
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir	102
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Menntamálastofnun	102
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla	103
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur	104
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn vatnamála	104
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um náttúrupassa	104
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum um málefni fatlaðs fólks.	105
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands	105
Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur	106
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla	107
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum	107
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög	108
Umsögn BSRB um frumvarp til laga um húsnæðisbætur	108
Réttindamál og dómsmál	110
Réttindanefnd BSRB	110
Dómur sem rekin hafa verið af aðildarfélögum BSRB og fengið styrk frá bandalaginu	110
Dómur Félagsdóms í máli vegna greiðslu vaktaálags í helgidagafrí	111
Dómur Hæstaréttar í máli Kjalara gegn íslenska ríkinu	111
Dómur Hæstaréttar í máli félagsmanns Félags flugmálastarfsmanna ríkisins gegn Isavia ohf.	112

Mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í máli félagsmanns Tollvarðafélag Íslands gegn íslenska ríkinu	112
Nefndir BSRB	114
Mennta- og fræðslunefnd	114
Heilbrigðis- og velferðarnefnd	115
Jafnréttisnefnd	115
Lífeyrisnefnd	117
Réttindanefnd	118
Umhverfisnefnd	118
Vinnuhópar og nefndir á vegum stjórnvalda	120
Starfsnefnd um bættu umgjörð kjarasamninga (SALEK)	120
Samráðsvettvangur um aukna hagsæld	121
Fastanefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisins	121
Húsnæðishópur borgarráðs Reykjavíkurborgar	121
Verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála	122
Endurskoðun almannatrygginga	122
Nefnd um málefnalegar skýribreytur	122
Verðlagnefnd búvara	123
Stýrihópur um velferðarvakt	124
Stýrihópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar	124
Nefndir um málefni lífeyrissjóða	124
Samhæfingarnefnd fyrir siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýslu	125
Nefnd um endurskoðun reglna um einelti á vinnustöðum	126
Samráðsnefnd um veikindarétt	126
Nefnd um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála á Íslandi	127
Starfshópur um aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks	127
Vinnuhópur um samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs	127
Samráðshópur um mótun fjölskyldustefnu	128
Aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna	129
Nefnd um innleiðingu Evróputilskipana um bann við mismunun	129
Samráðsnefnd um málefni Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar (ILO)	130
Norrænn samráðshópur um málefni Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar (ILO)	130
Tækninefnd um jafnlaunakerfi	131
Nefnd samkvæmt 27. gr. starfsmannalaga	131
Starfshópur um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum	132
Stýrihópur um Nám er vinnandi vegur	132
Stýrihópur um átaksverkefnið <i>Liðsstyrkur</i>	132
Óformlegar nefndir á vegum ráðuneyta	134
Breytingar á starfsmannalögum	134
Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum	134
Fæðingar- og foreldraorlof	134
Starfsmannaleigur	135
Atvinnuleysistryggingar	135
Skylda til að skýra launafólki frá ráðningarfyrirkomulagi	135
Orlof	135
Samráðshópur utanríkisráðuneytisins og atvinnulífsins um EES regluverk	136
Heimsóknir, opnir fundir og málþing	137
Fundur með frambjóðendum til Alþingiskosninga 2013	137
Fundur um menntastefnu BSRB	137
Málþing um mikilvægi heilbrigðisþjónustu	138
Morgun- og hádegisverðarfundir BSRB	138
Ráðstefna stéttarfélaganna í aðdraganda 1. maí	139
Ráðstefna um ávinning af starfsemi VIRK	139
Ljósmyndasýning – 30 ár frá verkfalli	140
Opinn fundur jafnréttisnefndar BSRB	140
Samstarf við önnur samtök launafólks	141
Erlent samstarf	142
NFS (Norræna verkalýðssambandið)	142
Stjórnarfundur og formannafundur NFS í Reykjavík	143
Nordisk Forum	143

Ráðgjafarnefnd EFTA	144
TTIP og TiSA	144
Fríværslunarsamningar við Kína og Kólumbíu	144
Fjölmiðlar, auglýsingar og átaksverkefni	146
BSRB í fjölmiðlum	146
Verjum velferðina.....	147
Viðhorfsátak BSRB á Facebook.....	147
Átak um mikilvægi opinberra starfa	147
Kynjabókhald BSRB.....	148
Launakannanir BSRB.....	152
Rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar: Heilsa og lífshættir Íslendinga.....	156
Helstu viðfangsefni rannsóknarinnar	156
Afstaða til hver eigi að reka heilbrigðisþjónustuna	156
Kostnaður heimila vegna heilbrigðisþjónustu	158
Frestun heilbrigðisþjónustu.....	159
Baráttudagur verkalýðsins 1. maí.....	160
Ræða formanns BSRB á Selfossi 1. maí 2013.....	160
Ræða formanns BSRB í Reykjavík 1. maí 2014.....	165
Ræða formanns BSRB á Akureyri 1. maí 2015	167
Fræðslu og menntamál.....	169
Mennta- og fræðslunefnd BSRB 2012-2015	169
Menntastefna BSRB.....	169
Fræðslufundir vegna starfsloka	170
Félagsmálaskóli alþýðu – Trúnaðarmannanámskeið	170
Fræðslusetrið Starfsmennt.....	171
Framvegis	171
Genfarskólinn	172
Lífeyrismál.....	173
Starfshópar um málefni LSR og LSS	173
Samræming lífeyrisréttinda.....	174
Kjarasamningar.....	176
Viðræður vegna óráðgenginna mála í kjarasamningum frá 2011	176
Viðræður við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu	176
Framlenging kjarasamninga 2014 – SNR	176
Framlenging kjarasamninga 2014 – Reykjavíkurborg	177
Framlenging kjarasamninga 2014 – Samband ísl. sveitarfélaga	178
Kosningar um kjarasamninga	179
Nýtt starfsmat	179
Mál Starfsmannafélags Kópavogs.....	179
Kjarasamningar ohf. félaga 2014.....	180
Vinnudeilur vegna Isavia ohf.	180
Verkföll SLFÍ og SFR vegna SFV	181
Samningaviðræður 2015	181
PFÍ skrifar undir kjarasamning 2015.....	183
SALEK - bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga.....	183
SALEK og kjarasamningar 2015	184
Verkföll SFR og SLFÍ 2015	185
Húsnæðismál	187
Stefna og ályktanir.....	187
Verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála	187
Húsaleigubætur.....	188
Húsnæðisbætur.....	188
Leigumarkaður	189
Skuldaleiðrétting	189
Vinnuhópur um ný húsnæðissamvinnufélög.....	190
Yfirlýsing ríkisstjórnar um húsnæðismál – samráðshópur.....	191
Jafnréttismál	193
Jafnréttisnefnd BSRB	193
Ályktanir um jafnréttismál.....	194

Kjarakönnun BSRB	194
Heilsa og lífshættir Íslendinga – Rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar	195
Vinnuhópar og nefndir er varðandi jafnréttismál.....	195
Umsagnir um frumvörp	195
Nefndalistar og fulltrúar í ráðnum nefndum	196
Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum:.....	197
Félagatal BSRB janúar 2015	201

43. Þing BSRB

Þing BSRB fór fram dagana 10. til 12. október 2012 á Hótel Nordica í Reykjavík undir yfirskriftinni „Framtíð byggð á jöfnuði og velferð“. Þing BSRB eru haldin á þriggja ára fresti til að móta stefnu bandalagsins og kjósa í helstu embætti þess. Alls áttu um 250 félagsmenn aðildarfélaga BSRB sæti á þinginu sem var það 43. í sögu bandalagsins sem jafnframt fagnaði 70 ára afmæli fyrr á árinu. Öflug málefnavinna fór fram alla þingdagana sem birtist í ályktunum þingsins og nýrri stefnu BSRB sem gefin var út í kjölfarið.

Þingið hófst á ávarpi Elínar Bjargar Jónsdóttur formanns BSRB. Elín Björg fjallaði m.a. um mikilvægi samstöðu launafólks til að byggja upp betra samfélag eftir efnahagsþrengingar síðustu ára.

Setningaræða Elínar Bjargar Jónsdóttur, formanns BSRB, á 43. þingi BSRB 10. október 2012

Yfirskrift þingsins að þessu sinni er „Framtíð byggð á jöfnuði og velferð“. Yfirskrift sem hljómar líkt og oft áður, enda byggir BSRB á grónum gildum, á gömlum grunni sem lagður var árið 1942, það er að segja fyrir 70 árum síðan.

Það voru framsýnir menn og konur sem stofnuðu Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Stofnfélögin voru 14 og höfðu á að skipa um 1550 félagsmönnum.

Tildrögin að stofnun bandalagsins voru ríkjandi dýrtíð allt frá 1939 sem rekja má til heimstýrjaldarinnar síðari og nánasta aðdraganda hennar. Ríkjandi dýrtíð og slæm afkoma heimilanna var hvati þess að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga ákváðu að bindast samtökum.

Samtökum sem stæðu vörð um heimilin í landinu, stæðu vörð um kaup og kjör. Og ekki síður, samtök sem stæðu vörð um þjónustu hins opinbera, eins og það hét þá. Samtök sem stæðu vörð um almannaðjónustuna.

Því má segja að BSRB byggi á gömlum grunni, með gildum sem standast tímans tönn þó svo að verkefni dagsins séu í samræmi við breytt þjóðfélag og kröfur samfélagsins á hverjum tíma.

Á 42. þingi BSRB lét Ögmundur Jónasson af formennsku eftir áratuga farsæla forystu. Þrátt fyrir nokkra spennu, sem ríkti vegna kosninga til formanns og annarra embætta fór fram mikil og góð málefnavinna á þinginu sem nýst hefur vel í störfum bandalagsins.

Á síðastliðnum þremur árum hefur stjórn BSRB ásamt starfsmönnum unnið ötullega að því að hrinda í framkvæmd, þeim áherslum sem samþykktar voru á síðasta þingi bandalagsins. Þar var af nægu að taka, enda miklir umbrotatímar á Íslandi sem einkenndust af óvissu, óöryggi og samdrætti á öllum sviðum samfélagsins.

Áhersla var skiljanlega lögð á, að verja almannaðjónustuna og lagði BSRB ríka áherslu á, að velferðarkerfinu yrði hlíft eftir fremsta megni á þeim miklu niðurskurðartímum sem í hönd fóru. Vitanlega hefðum við viljað sjá velferðarkerfið enn sterkara og öflugra á þessum erfiðu tímum en það er eitt af verkefnum morgundagsins – að styrkja almannaðjónustuna á ný – og sjá til þess að velferðarkerfið sé sannarlega það öryggisnet sem það á að vera.

Það má segja að áherslur BSRB frá síðasta þingi bandalagsins haustið 2009 hafi rímað við niðurstöður þjóðfundar sem haldin var um mánuði síðar. Þar kom almenningur á framfæri skoðunum sínum og væntingum - um hvernig samfélag við vildum byggja upp og hvað við vildum læra af efnahagshruninu.



Þar kom berlega fram að gunngildin eru það sem skipta Íslendinga mestu máli; kærleikur og fjölskylda, heiðarleiki og traust, virðing og réttlæti.

Allt eru þetta hugtök sem fylgt hafa þjóðinni mann fram af manni og verið okkur afar hugleikin. Eru okkur jafnvel mikilvægari í dag en fyrir fjórum árum síðan. Samfélagið sem við viljum byggja upp, og lifa í, á einmitt að vera byggt á þessum gildum.

Það á að vera samfélag jafnaðar – þar sem búið er svo um, að allar vinnufærar hendur hafi kost á því að stunda atvinnu.

Það er samfélag þar sem allir hafa sama rétt til menntunar og heilbrigðisþjónustu án þess að þurfa að greiða sérstaklega fyrir.

Það á að vera samfélag þar sem skattkerfið er nýtt til lífjörðununar og skattar standa undir almannþjónustunni.

Allir eiga að hafa jafnan aðgang, óháð efnahag, að þessum grunnþáttum sem samfélag okkar byggir á.

Það er félagslega samheldnin sem skilar okkur framförum og auknum lífgæðum. Með samheldni og samstöðu verðum við að byggja til framtíðar.

Kæru félagar, næstu þrjú daga ætlum við, félagsmenn BSRB, að ráða ráðum okkar, leggja línurnar og ákveða áherslur okkar fyrir næstu þrjú ár. Ég vona sannarlega að næstu þrjú ár verði gæfulegri en þau þrjú sem nú er að baki, a.m.k. í efnahagslegu tilliti. Og mér finnst margt benda til að svo verði.

En þótt bjartari tímar séu framundan megum við hvergi sofna á verðinum enda er fjölmargt sem launþegahreyfingin á eftir að koma til leiðar og á sumum sviðum hefur okkur hreinlega borið af leið, vegna efnahagsþrenginganna.

En ég er þess full viss að á næstu árum munum við ekki þurfa að sætta okkur við að fara aftur á bak heldur séum við að fara inn í tímabil þar sem við tökum mikilvæg skref í rétta átt – skref fram á við í átt að því samfélagi sem við viljum búa í. Og þar er af nægu að taka.

Ný kjarakönnun BSRB leiðir í ljós að álag á starfsfólk hefur aukist til muna, margir hafa ekki enn fengið leiðréttingar á kjörum sem skert voru í kjölfar efnahagshrunsins og kynbundinn launamunur minnkar ekkert á milli ára heldur þvert á móti

Þessi óútskýrði launamunur á milli kynja mælist nú 13,1% á landsvísu og innan ákveðinna landshluta er munurinn enn meiri, allt upp undir 19%.

Svona tölur eiga ekki að heyrast á okkar tímum. Að karl og kona í sambærilegum störfum skuli ekki njóta sömu launa er með öllu óskiljanlegt - og nú er kominn tími til að grípa til aðgerða. Of lengi hefur verið talað um vandann, hann greindur og nefndir skipaðar til að fjalla um hvað valdi, en ekkert breytist.

Það er skýr krafa BSRB að nú sé mál að linni og að raunverulegar aðgerðir komi til framkvæmda til að uppræta þetta fyrirbæri sem kynbundinn launamunur er, þannig að hugtakið verði komandi kynslóðum framandi.

Allir eiga að njóta jafnréttis á vinnumarkaði og fólk af báðum kynjum á að njóta jafnréttis til að verja tíma með fjölskyldu sinni. Skref í rétta átt hafa verið tekin undanfarið, með hækkun barnabóta og hækkun tekjuskerðingarhlutfalls þeirra og nú bíðum við eftir því að greiðslur Fæðingarorlofssjóðs hækkaðar á ný.

Allir eiga að hafa jafnan rétt, óháð kyni, aldri, búsetu, uppruna, trúar eða öðrum þáttum sem eiga engu að skipta um það hvar við stöndum í okkar samfélagi.

Jöfnuður okkar allra á að vera það sem við höfum að leiðarljósi í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur og aðeins þannig tekst okkur að byggja upp réttlát samfélag.

Kæru félagar.

Mikið hefur verið rætt og ritað á síðustu misserum um lífeyrismál landsmanna og ekki síst opinberra starfsmanna. Ég vil nota tækifærið og áréttta að samkomulag á milli forystufólks stéttarfélaga opinberra starfsmanna og stjórnvalda um breytingar á lífeyriskerfinu eru langt frá því að vera í höfn, þótt einhverjir hafi fullyrt annað.

Heildarsamtök opinberra starfsmanna hafa sett fram skýrar kröfur í viðræðum sínum við stjórnvöld. Til að hægt sé að hefja viðræður um breytingar á lífeyriskerfinu verður ríkissjóður og sveitarfélög að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna.

Í því felst:

-gerð verði greiðsluáætlun um það með hvaða hætti inngreiðslum vegna skuldbindinga ríkisins í B-deild LSR verði háttáð.

-að iðgjald í A-deild verði hækkað í samræmi við nógildandi lög.

-og að gerð verði leiðarljós um með hvaða hætti nýtt sameiginlegt lífeyrissjóðskerfi verði tekið upp fyrir opinbera starfsmenn.

Þar fyrir utan verður endurskoðun á samspili lífeyris og almannatrygginga að fara fram líkt og BSRB hefur ítrekað kallað eftir með það að markmiði að draga megí úr tekjutengingu almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna.

Það er ljóst að opinberir starfsmenn muni aldrei sætta sig við að hróflað verði við þegar áunnum réttindum og að allar breytingar á lífeyrismálum verði að vera unnar í fullu samráði við samtök þeirra.

Lífeyrismálin, ásamt svo mörgu öðru eru viðfangsefni okkar nú og til þess erum við nú saman komin á 43. þing BSRB. Næstu þrjú daga munum við koma víða við og móta okkur stefnu til næstu ára.

Sú nýbreytni verður á þingi BSRB að þessu sinni, að sérstakar málstofur um afmörkuð málefni verða starfandi. Það er von okkar að þetta muni virkja sem flesta til þátttöku og þannig höfum við öll, áhrif á stefnu bandalagsins til næstu þriggja ára.

Samræður okkar á milli, hvort sem við erum sammála eða ekki, eru okkur öllum afar mikilvægar og stuðla að heilbrigðri hugsun. Það er von mín að við getum nýtt næstu daga til að læra hvert af öðru, miðla af þekkingu okkar og reynslu svo að það geti nýst BSRB í baráttunni sem framundan er.

Þá sem eru að koma á þing BSRB í fyrsta skipti vil ég sérstaklega bjóða velkomna og vona að þeir sem reyndari eru taki þeim með opnum örmum. Nýliðun innan launþegahreyfingarinnar er mjög mikilvæg eins og annars staðar.

Það er von okkar að yngra fólk taki af auknum krafti þátt í starfi okkar og liður í því var stofnun Þingskóla BSRB sem er og verður tækifæri fyrir ungt fólk að kynna starfi bandalagsins og taka þátt.

Því gleður það mig mikið að sjá hér ný andlit sem í framtíðinni munu vonandi taka við keflinu og halda okkar mikilvægu baráttu áfram.

Góðir félagar.

Samstaða okkar, samstaða launafólks og samstaða allra Íslendinga er það afl sem getur breytt samfélagi okkar til hins betra.

Saman getum við staðið vörð um grunngildin í okkar samfélagi – jöfnuðinn, réttlætið og jafnréttið – og þannig stuðlað að auknum lífsgæðum þjóðarinnar.

Með samtakamættinum getum við endurreist samfélag samhjalpar og réttlætis.

Þegar ég horfi hér yfir salinn get ég ekki annað en horft björtum augum á framtíðina og ég hef fulla trú á að við sem hér erum getum haft áhrif til góðs.

Trú á eigin getu, trú á eigin áhrifamátt, trú á framtíðina, trú á samtakamáttinn og síðast en ekki síst trú á okkur sjálf.

Félagslega samheldnin mun alltaf skila okkur meiru en einstaklingshyggjan og það er okkar hlutverk að sýna fram á að sú leið er leiðin til framfara.

Kæru félagar.

Ég segi 43. þing BSRB sett.

Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir ávarpar þingið

Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á 43. þingi BSRB

Ágætu þingfulltrúar.

Á þessu ári fagnar BSRB sjötíu ára afmæli. BSRB ber aldurinn svo sannarlega vel. Samtökin eru í stöðugri endurnýjun og eru afgerandi þjóðfélagsafl sem tekur afstöðu til kjaramála og samfélagsmála í víðum skilningi og lætur sig velferðarmálin varða.

Á tímamótum sem þessum er hollt að minnast þess að samtökin voru stofnuð á miklum umbreytingatímum í íslensku samfélagi. Fæst okkar sem hér erum saman komin í dag getum gert okkur grein fyrir þeim aðbúnaði og kjörum sem sem launþegum bauðst árið 1942.

Ótal framfaraskref hafa verið stigin á þessum sjötíu árum og saman hafið þið og forverar ykkar unnið gríðarlega mikilvægt starf fyrir íslenskt samfélag.

Ágætu BSRB félagar.

Sá söngur heyrir nú víða á ný og úr ýmsum áttum að hin raunverulegu verðmæti samfélagsins verði öll til á einkamarkaði og þeim mun minni sem umsvif hins opinbera séu, því betra. Frelsi einkaframtaksins til athafna, lágir skattar og afskiptaleysi hins opinbera muni færa öllum betra líf.

Þetta eru kennisetningar sem lifa og nærast á þeirri hugmynd að hver sé sjálfum sér næstur og að samfélagslegar stofnanir og samstarfsverkefni séu sjaldnast af hinu góða.

Ef þetta er rétt ættu þjóðfélög þar sem umfang hins opinbera er mikið, þar sem samhjálp og félagshyggja eru í hávegum höfð að vera fátæk og lítt samkeppnisfær við önnur þjóðfélög. En hverjar eru staðreyndirnar, hvað segja hagtölur?

Þær eru allar samhljóða; ríkustu samfélögin eru þau sem verja umtalsvert og raunar meiru en við Íslendingar til velferðar og samneyslu. Ekki einungis það heldur raða þessi norrænu velferðarríki sér í efstu sæti á mælikvarða samkeppnishæfni, jafnaðar og félagslegs réttlætis.

Tilvist og rekstur þeirra grunnþátta samfélagsins sem undir hið opinbera heyra, eru í raun forsenda þess að hægt sé að tala um siðað samfélag og mannlega reisn. Þetta er það viðhorf sem allir ættu að tileinka sér gagnvart opinberum rekstri og þeim samfélagslegu verkefnum sem við þar rekum og viljum ekki að lúti lögmálum hins frjálsa markaðar.

Þegar við skoðum nánar hin norrænu velferðarríki blasir líka við að þau hafa stýrt sínum fjármálum af festu, þau glíma hvorki við viðvarandi fjárlagahalla né óhóflegar skuldir. Þar ríkir meiri sátt milli stjórnmalaflokka og launþegahreyfingar um að velferð þurfi að reisa á traustum grunni opinberra fjármála.

Sameiginlegt verkefni okkar Íslendinga eftir hrun hefur hinsvegar verið að vinna úr því þjóðargjaldþroti sem allt virtist stefna í. Allir hafa lagt af mörkum til þessa risavaxna verkefnis, launafólk, fyrirtæki og stofnanir, heimilin, félagsamtök, lífeyrisþegar og sveitarfélög og sá árangur sem nú blasir hvarvetna við er sameign þjóðarinnar allrar.

Hjá ríkinu hefur þetta tekist með blandaðri leið niðurskurðar og skattabreytinga þar sem skýr forgangsröðun hefur miðað að því að hlífa velferðarkerfinu, menntakerfinu og löggæslunni og færa byrðarnar í samfélaginu í vaxandi mæli á breiðari bökin og þau fyrirtæki sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar – ekki síst sjávarútveg og orkufreka starfsemi.



Að verja velferðina og vinnuna hefur verið meginverkefni ríkisstjórnarinnar en milli 15 og 20 þúsund störf töpuðust í hruninu og tekjur ríkissjóðs hrundu, nánast á einni nóttu. Lífskjörin verður að byggja á varanlegum grunni, þau má ekki taka að láni eins og bitur reynsla kennir.

Þessi vegferð er að takast og til marks um það er að í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að í fyrsta sinn frá hruni verði heildarjöfnuður jákvæður sé litið framhjá óreglulegum liðum og frumjöfnuðurinn, hinn eiginlegi rekstur ríkisins, verður þá jákvæður sem nemur um 60 milljörðum króna.

Staðreyndin er einnig sú að við verjum nú stærri hluta af þjóðarkökunni til velferðarmála en árin 2007 til 2008, en í þessum samanburði eru atvinnuleysisbætur ekki meðtaldar.

Við höfum náð að snúa taflinu við í ríkisfjármálum án þess að ríkið taki til sín stærri hluta þjóðarkökunnar en áður.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs verði um 27% landsframleiðslunnar, en fyrir hrun fór ríflega 31% landsframleiðslunnar í skatta. Öndvert við það sem ætla mætti af opinberri umræðu, þá hafa tekjur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga lækkað um rúm 500.000 á hvern einstakling ef borin eru saman árin 2007 og 2011 og það er sá veruleiki sem við höfum verið að laga okkur að.

En það skiptir ekki minna máli að jafna byrðum skatta með réttlátum hætti á þegna samfélagsins, hlífa þeim svo sem verða má er lakast standa.

Við breytum skattkerfinu í fjölþrepakerfi sem jók skattbyrði hinna tekjuhæstu en lækkaði skattbyrði lágttekjufólks og á sama tíma breyttum við bótakerfinu þannig að barnabætur, vaxtabætur og greiðslur almannatrygginga nýttust betur þeim sem lakar stóðu. Niðurstaða þessa var að skattbyrði á 6 af hverjum 10 heimilum lækkaði og jöfnuður í samfélaginu jókst umtalsvert.

Í upphafi þessa kjörtímabils var einnig lagt af stað með metnaðarfull áform um endurskipulagningu opinberrar þjónustu og breytingar innan Stjórnarráðsins. Markmið breytinganna voru að nýta þá fjármuni sem til skiptanna eru á sem árangursríkastan hátt, verja grunnþjónustu, auka skilvirkni í ríkisrekstri og einfalda stjórnslu og þjónustu.

Þessi markmið hafa flest gengið ágætlega eftir en það hefði aldrei verið mögulegt nema með mikill, góðri og jákvæðri þátttöku starfsmanna hins opinbera.

Ég dreg því enga fjöður yfir það að við höfum öll þurft að færa fórnir til að koma ríkissjóði í var. Allar stéttir opinberra starfsmanna hafa tekið á sig aukið vinnuálag og kjör hafa rýrnað, ekki síður en á almennum markaði. Mikilvægt framlag ykkar allra á þessum erfiða tíma vil ég þakka af heilum hug.

Ágætu þingfulltrúar.

Í hnotskurn var okkar leið, íslenska leiðin út úr kreppunni: að hlífa lægri tekjuhópum, jafna kjörin, vernda atvinnu og beita velferðarkerfinu til varnar.

Tölur staðfesta að bærilega hefur tekist til og vísa ég þá í skýrslur Þjóðmálastofnunar. Til að mynda kemur þar fram að það tók Finna heil 17 ár að koma atvinnuleysi niður undir það sem tíðkaðist árin fyrir kreppuna þar í landi upp úr 1990.

Í skýrslunni er leiddur í ljós mismunur á aðgerðum stjórnvalda hér á landi og á Írlandi í kjölfar kreppunnar. Sá samanburður er sannarlega athyglisverður. En á Írlandi lögðust þyngstu byrðar kreppunnar á lægstu tekjuhópum á meðan kjör hinna tekjuhærri skertust ekki.

Samkvæmt nýjustu skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem Þjóðmálastofnun vitnar til, námu niðurfelldar skuldir heimilanna á Íslandi um síðustu áramót nálægt 12 prósentum af vergri landsframleiðslu.

Innan við eitt prósent af landsframleiðslunni í Bandaríkjunum hefur verið varið til skuldaafskrifta í frá upphafi fjármálakreppunnar þar í landi. Aðgerðirnar á Íslandi eru þannig mun viðameiri en samsvarandi aðgerðir í Bandaríkjunum.

Með kjarasamningunum sem gerðir voru vorið 2010 voru stigin margvísleg framfaraspor. Svo fátt eitt sé nefnt mun starfshópur sem fjallar um samræmingu lífeyrisréttinda skila álitum fyrir árslok, persónuafsláttur er á ný verðtryggður, bætur almannatrygginga hafa hækkað umfram almenn laun og starfsendurhæfingarsjóði hefur verið skipaður nýr og betri grundvöllur.

Á sviði mennta- og vinnumarkaðsmála hafa verið stigin stór skref með því að bjóða þúsund atvinnuleitendum upp á menntaúrræði og tryggja öllum 25 ára og yngri framhaldsskólavist.

Með kjarasamningum er auðvitað stefnt að því að bæta eða verja kaupmátt launafólks, án þess að verðbólga eða atvinnuleysi vaxi. Við getum státað af góðum árangri á þessum kvörðum.

Kaupmáttur launa hefur vaxið um 6% frá því samningurinn var gerður og kaupmáttur lágmarkslauna enn meira, eða um 11%. Raunar er það svo að kaupmáttur lágmarkslauna er meiri nú en um mitt ár 2008. Ég bendi líka á að kaupmáttur lágmarksframfærslu lífeyrisþega hefur stóruaukist og er nú um 15% meiri en í ársbyrjun 2008.

Í gær barst okkur síðan frá Hagstofu Íslands, afar ánægjuleg staðfesting á því að ráðstöfunartekjur Íslendinga eru aftur farnar að aukast og það umtalsvert. Samkvæmt tölum Hagstofunnar jukust ráðstöfunartekjur heimilanna um 9,6% milli árána 2010 og 2011 og kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst um 5,1%.

Þetta er afar mikilvægt að hafa í huga, ekki síst í ljósi þess að ein af niðurstöðum nýrrar skýrslu Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands var sú að lækkun ráðstöfunartekna árin 2009 og 2010 vegna gengisfalls krónunnar og verðbólgu hafi lagt mun þyngri byrðar á heimilin í landinu en hækkun skuldanna sjálfra gerði eftir bankahrunið 2008.

Í áðurgreindri skýrslu var lækkun barnabóta talin veikleiki í varnarstöðunni um velferðina. Á fjárlögum næsta árs er ráðgert að hækka þær í 10 til 11 milljarða króna eða um allt að 30 af hundraði.

Við vitum að þessi hækkun nægir ekki fyllilega til að mæta skerðingum sem hófust löngu fyrir bankahrun. En hvort tveggja, verulega auknar vaxtabætur og auknar barnabætur, sýna viðleitni ríkisstjórnarinnar til þess að nota skattkerfið til þess að létta fjárhagsbyrðar, ekki síst ungra barnafjölskyldna.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er einnig gert ráð fyrir að framlög til Fæðingarorlofssjóðs verði aukin um 800 milljónir króna og er það hluti af stefnu stjórnvalda um sérstakan stuðning við barna- og fjölskyldufólk og endurreisn fæðingarorlofssjóðs.

Gert er ráð fyrir að fyrstu skrefin verði tekin við að endurheimta fæðingarorlofsgreiðslur eins og þær voru fyrir hrun. Þá verður lagt til að fæðingarorlof lengist í áföngum í tólf mánuði á næstu árum. Unnið er að útfærslu þeirra breytinga og útfærslu lengingu orlofsins og er gert ráð fyrir að leggja fram frumvarp þess efnis á þessu þingi.

Á komandi vetri verða einnig innleiddar mikilvægar breytingar varðandi húsnæðismál landsmanna, breytingar sem ætlað er að efla leigumarkaðinn og tryggja fjölbreyttari kosti í húsnæðismálum.

Tillögurnar miða m.a. að því að auðvelda rekstur kaupleiguíbúða og leigufélaga og að laga húsaleigubætur að nýju húsnæðisbótakerfi í áföngum á árinu 2013 til að styrkja stöðu leigjenda.

Þá er verið að leggja lokahönd á lagafrumvarp sem hefur það markmiðið er að gera almannatryggingar ellilífeyrisþega einfaldari og réttlátari og koma í veg fyrir víxlverkanir í samræmi við fyrirheit um endurskoðun almannatrygginga auk þess að lækka skerðingarhlutföll lífeyrisgreiðslna vegna tekna.

Ágætu BSRB félagar.

Í lokin vil ég fara nokkrum orðum um jafnréttismál, og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka BSRB sérstaklega fyrir árvekni í þeim málum.

Ýmsir áfangasigrar hafa unnist í jafnréttismálum á liðnum árum. Í fyrsta skipti í Íslandssögunni er fullt jafnræði í æðstu embættum stjórnarsýslunnar. Helmingur ráðherra og ráðuneytisstjóra eru nú konur. Í fyrsta skipti hafa konur náð hinu 40 prósentu, nú lögbundna lágmarki, í nefndum og ráðum Stjórnarráðsins.

Kynjakvótinn sem núverandi stjórnarmeirihluti innleiddi og gildir um stjórnir lífeyrissjóða, opinber fyrirtæki og hlutafélög með yfir fimmtíu starfsmenn hefur þegar leitt til fjölgunar kvenna í stjórnnum en hann kemst að fullu til framkvæmda í september á næsta ári. Fyrir þann tíma þarf fjöldi kvenna í stjórnnum þessara félaga nánast að tvöfaldast.

Eitt er þó það svið þar sem ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir og það eru jafnlaunamálin. Það er mjög miður að ekki gangi hraðar að vinna á launamun kynjanna þó einnig þar færumst við í rétta átt.

Vert er að minna á greiningu Þjóðmálastofnunar á þróun launamunar kynjanna fyrir hrun annars vegar og í tíð þessarar ríkisstjórnar hins vegar. Greiningin byggir á gögnum Hagstofunnar og sýnir minnkandi mun, úr 30-35% í 13-20%, eftir því við hvaða launahugtak er miðað.

Kynbundinn launamunur mælist engu að síður enn alltof hár og hér hafði ég vonast eftir miklu meiri og áþreifanlegri árangri og þeim árangri skulum við ná.

Í síðustu viku samþykkti ríkisstjórnin að útrýma kynbundnum launamun innan allra ráðuneyta. Að því er nú unnið og fljótlega verða aðgerðir kynntar í því efni. Ríkisstjórnin samþykkti jafnframt að í framhaldi af því verði farið í sambærilegar aðgerðir hjá öllum stofnunum ráðuneytanna og unnin aðgerðaráætlun þar að lútandi í samráði við forstöðumenn þeirra.

Í vikunni sem leið samþykkti ríkisstjórnin einnig sérstaka áætlun til að vinna á launamun kynjanna með aðgerðum sem snúa bæði að ríkinu sem atvinnurekanda sem og að samfélaginu í heild. Við höfum boðið aðilum vinnumarkaðar til samstarfs um framkvæmd hennar og um þessar mundir er verið að þróa þann samstarfsvettvang.

Þá hefur nýr jafnlaunastaðall verið unninn og kynntur en honum er einmitt ætlað að nýtast fyrirtækjum og stofnunum til að innleiða vinnubrögð og leiðir sem tryggja að kynin njóti sömu launa fyrir sambærileg störf. Innleiðing hans stendur fyrir dyrum á næstu mánuðum.

Ég bind vonir við allar þessar aðgerðir og þetta væntanlega samstarf, því ég held að við öll, aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og fleiri, deilum áhyggjum yfir þessum þráláta vanda sem launamunur kynjanna er og bíðum öll jafn óþreyjufull eftir að sjá sýnilegri og raunverulegan árangur. Þar verðum við að leggjast saman á árarar.

Ágætu þingfulltrúar.

Ég minntist hér í upphafi á að BSRB væri 70 ára á þessu ári. Það er góður aldur og jafnframt tækifæri til þess að meta hvað áunnist hefur og hvað framundan er. Ég trúi því að með samtakamætti takist okkur að byggja hér upp til framtíðar fyrirmyndarsamfélag sem byggir á jafnræði og virðingu, ekki síst fyrir okkar sameiginlegu mikilvægu samfélagsverkefnum. Samfélag sem virðir verk allra sem leggja hönd á plóg.

Gildi jafnaðar, mannúðar og samfélagslegrar ábyrgðar hefur sjaldan verið mikilvægara en nú, þegar íslenskt samfélag vex og dafnar á ný. Í þetta sinn verðum við að tryggja að lífskjarasóknin nýtist samfélaginu öllu.

Ég óska ykkur velfarnaðar í ykkar mikilvægu störfum og árangursríks þings.

Ávarp Gylfa Arnbjörnssonar, forseta Alþýðusambands Íslands, á 43. þingi BSRB

Ágæti formaður, gestir og þingfulltrúar.

Nú eru liðin full fjögur ár frá hruni og ljóst að íslenskt launafólk hefur mátt þola erfiðan samdrátt í atvinnu og tekjum að ógleymdum samdrætti í þeirri velferðarþjónustu sem við teljum að hið opinbera eigi að standa fyrir.

Ég er þeirrar skoðunar, að íslensk verkalýðshreyfing hafi við þessar erfiðu aðstæður axlað mikla ábyrgð og sýnt í verki þann árangur sem samstaða okkar getur áorkað. Það verður einnig fróðlegt fyrir okkur að leggja sameiginlega mat á þennan árangur og hvernig og í hve ríkum mæli okkur tókst að hafa áhrif á aðstæður okkar félaga.

Það er engin launung á því, að í viðræðum okkar við stjórnvöld og fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tókst okkur t.d. að verja betur en ætla hefði mátt mikilvæga og viðkvæma þætti velferðarkerfisins þ.m.t. heilbrigðis-, trygginga- og menntakerfið. Nú þegar við sjáum fyrir endann á erfiðri aðlögun ríkisfjármála þá er það krafa okkar að hafin verði vinna við endurreisn velferðarkerfisins til þess horfs sem það var í fyrir hrun og raunar til þess að gera enn betur.

Ég geri mér fulla alveg grein fyrir því að margt af þeim ákvörðunum og útfærslum sem ákveðnar voru, voru umdeildar og geta orkað tvímælis, en að sama skapi er ég einnig fullviss um að ef við hefðum ekki beitt okkur hefði niðurstaðan orðið önnur og félagsmönnum okkar erfiðari.

Með kjarasamningum okkar 2009 og aftur 2011 tókst okkur ekki bara að verja stöðu lágtekjuhópanna heldur einnig að sækja fram þannig að kaupmáttur grunnlaunanna er nú hærri en hann var á árinu 2007. Enginn önnur verkalýðshreyfing í allri Evrópu hefur náð slíkum árangri.

Þó vafalaust megi gagnrýna okkur fyrir margt vil ég nú samt halda því fram, að verkalýðshreyfingin hafi í öllum aðalatriðum staðist þolraunir síðustu ára og gert launafólki mikið gagn og þá skulum við muna að það var með breiðri samstöðu milli BSRB og ASÍ, samstöðu sem að mínu mati hefur sýnt fram á það sem við raunar vissum fyrir að við erum ætíð sterkari saman en sundruð.

En góðir félagar, enn eru blikur á lofti. Þrátt fyrir að hækkun lægstu launa hafi lagt grunn að auknum kaupmætti þeirra er ljóst að almennar launahækkunar hafa ekki skilað auknum kaupmætti. Veik staða krónunnar og mikil verðbólga ógnar nú forsendum þeirra kjarasamninga, sem koma munu til endurskoðunar í janúar n.k. Þegar fyrirtæki og opinberir aðilar freistast til þess að leysa úr sínum vanda með því að velja hækkunum yfir á launafólk er það okkar hlutverk að spyrna á móti og krefjast réttmætra leiðréttinga.

Ríkisstjórn og Alþingi hafa heldur ekki staðið við þau fyrirheit sem félagsmönnum okkar voru gefin, sérstaklega er varðar hækkun bóta til framfærslu þeirra sem sannarlega bera hvað minnst úr bytjum í þessu landi og ekki síður með framtaks- og aðgerðaleyfi í atvinnumálum.

Það eitt og sér hefur valdið mikilli reiði í garð ríkisstjórnarinnar – reiði sem vafalaust mun hafa mikil áhrif við endurskoðun kjarasamninga og í komandi Alþingiskosningum.

Við þessar aðstæður krefjumst við þess að atvinnurekendur og stjórnvöld leggi sitt af mörkunum til þess að lækka verðbólgu og að stjórnvöld standi við fyrirheit sín í atvinnu- og félagsmálum.

Ágætu félagar.

Á undanförunum árum hefur samstarf ASÍ og BSRB aukist á ýmsum sviðum. Má þar nefna innri fræðslumál okkar í formi námsleiða fyrir bæði forystuna og trúnaðarmenn.

Við höfum einnig sameinast um eflingu námsúrræða fyrir þá sem minnsta menntun hafa með aðkomu ykkar að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og öll heildarsamtökin á vinnumarkaði hafa nú sameinast um að efla og treysta starfsendurhæfingu með aðkomu að Starfsendurhæfingarsjóði.

Ég held að með þessu samstarfi hafi okkur ekki aðeins tekist að tryggja félagsmönnum okkar aðgang að betri þjónustu og þannig lagt okkar af mörkum við að treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði, heldur höfum við samhliða því lagt grunn að því að efla tengsl félagsmannanna við stéttarfélög sín. Þannig og aðeins þannig eflum við trúverðugleika verkalýðshreyfingarinnar og getu hennar til að byggja upp og viðhalda samstöðu launafólks um grundvallar hagsmuni sína.

Að lokum vil ég því ágætu félagar, leyfa mér að þakka fyrir samstarfið, óska ykkur velfarnaðar á þessu þingi fullviss um að niðurstöður ykkar verða mikilvægt innlegg í sameiginlegu baráttu okkar fyrir hagsmunum íslensks launafólks.

Störf þingsins

Að loknum hádegisverði hófst eiginleg vinna þingsins sem hófust á því að nafnkall fulltrúa fór fram og kjörbréf voru lög fram til úrskurðar. Formaður kjörnefndar, Ingunn H. Þorláksdóttir, fór yfir fulltrúaskrá og stjórnáði nafnakalli. Því næst voru starfsmenn þingsins kosnir þar sem tillaga stjórnar BSRB var samþykkt einróma.

Þingforseti var kjörinn Þórveig Þormóðsdóttir, tók hún við stjórn þingsins og byrjaði á því að þakka það traust sem henni væri sýnt. Varaforsetar Ragnar Örn Pétursson og Ína Halldóra Jónasdóttir.

Ritarar Halla Reynisdóttir og Sæbjörg Einarsdóttir, til vara Þuríður Jónsdóttir og Finnur Hilmarsson.

Védís Guðjónsdóttir formaður nefndanefndar kynnti tillögur stjórnar um þingnefndir og má lesa sérstaklega um störf nefndanna hér á eftir.

Skýrsla stjórnar og þingmál lögð fyrir nefndir

Elín Björg Jónsdóttir fór næst yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárin 2009-2012. Eftir yfirferð skýrslunnar var orðið gefið laust og voru athugasemdir við skýrsluna smávægilegar. Því næst var skýrslan borin upp til samþykktar og var hún samþykkt.

Tillaga stjórnar að stefnu BSRB var því næst lögð fyrir þingið og innihaldi stefnunnar vísað í tilheyrandi nefndir eftir umræður þar um. Drög að ályktunum þingsins voru einnig kynnt fyrir fundarmönnum og þeim vísað í nefndir sömuleiðis. Stefnu BSRB, eins og hún var samþykkt af þinginu, má nálgast aftur í skýrslunni rétt eins og ályktanir þingsins.

Að því loknu var gert hlé á störfum þingsins vegna kvöldverðar og nefndarstarf hófst síðan að honum loknum.

Nefndir 43. þings

Lög BSRB kveða á um að starfskjaranefnd, kjörnefnd og allsherjarnefnd séu starfandi á þingum BSRB. En auk þess lagði stjórn BSRB til að eftirfarandi nefndir yrðu starfandi á 43. þingi BSRB:

Útbreiðslu og fræðslunefnd

Velferðarnefnd

Jafnréttisnefnd

Laganefnd

Fundað var í nefndum að kvöldi fyrsta þingdags, þann 10. október frá kl. 20:00. Nefndirnar komu svo aftur saman til fundar morguninn eftir, fimmtudaginn 11. október kl. 8:30.

Þingskólinn

Gerð var tilraun í aðdraganda 43. þings BSRB að vera með sérstakan þingskóla til að virkja unga félagsmenn til þátttöku í starfi stéttarfélaganna og kynnast þingstörfum á þingi BSRB. Jóhanna Þórdórsdóttir frá SFR og Jakobína Þórðardóttir frá St.Rv voru fengnar til að stýra verkefninu og var auglýst eftir umsækjendum á meðal aðildarfélaganna. Að lokum fór það svo að fimm tóku þátt í störfum þingskólans sem hafði m.a. það markmið að gefa ungu fólki tækifæri á að kynna sér

starfssemi BSRB og aðildarfélaganna á sínum forsendum og að BSRB fengi frá fyrstu hendi hver sýn ungs fólks er á starfssemi BSRB.

Hugmyndin spratt út frá Genfarskólanum og reynslu fyrrverandi nemenda skólans. Genfarskólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélögum. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi sótt fræðslustarf verkalýðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra. Genfarskólinn er samstarf milli Norðurlandabjóðanna. Skólinn er haldinn samhliða Alþjóðavinnuálagningu í Genf og dregur nafn sitt af því. Nemendur kynnst þinghaldinu og Alþjóðavinnuálastofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnuálagningu á vegum Sameinuðu þjóðanna og hefur BSRB sent fulltrúa í Genfarskólann nær árlega.

Fyrirkomulag þingskóla BSRB var með þeim hætti að undirbúningsnámskeið var haldið þar sem skipulag BSRB, lög BSRB, markmið með þinginu – þingtíðindi, ályktanir síðasta þings og skipulag þingsins var kynnt fyrir fulltrúunum. Haldnir voru samhæfingarfundir í aðdraganda þingsins og svo fengu fulltrúarnir að sitja þingið sem áhorfendur en ekki fullgildir þátttakendur. Nemendur þingskólans skiluðu síðan niðurstöðum til stjórnar BSRB og kynntu á stjórnarfundi í janúar 2013 þar sem reynslu þeirra var lýst.

Heilt yfir sögðu nemendurnir að þingið væri vel skipulagt en óþarfa tími hefði farið í smáatriði á stöku stöðum. Formlegheit mættu vera meiri, t.d. varðandi hver væri að tala hverju sinni og frá hvaða félagi í stað þess að kalla fólki viðurnefnum og ganga út frá því að allir á svæðinu vissu hver viðkomandi væri. Einnig tóku nemendurnir það fram að áhugavert væri að sjá hversu víðtæk stefnumál BSRB eru og allir þættir samfélagsins teknir fyrir. Áhugavert væri að sjá að stefnumálin eru mótuð af félagsmönnum með beinum hætti og því getur hver sem er leyft sinni rödd að hljóma. Vinnubrögðin sögðu nemendurnir hafa verið mjög lýðræðisleg og þeim finnst það jákvætt.

Varðandi nefndarstörf sögðu þingskólafulltrúarnir að á heildina litið var mjög góð og mikil vinna sem fram fór í nefndunum. Þeim fannst valið á málefnum vandað og mikilvægar ályktanir sem þar voru settar fram. Það sem þeim fannst helst vanta var að formenn nefndanna hefðu mátt fá betri undirbúning í fundarstjórnun. Þeir virtust margir vera að gera þetta í fyrsta skipti og það fór kannski óþarflega mikill tími í að nefndarstjórinn væri að ná utan um nefndina. Að sama skapi vildu nemendur nefna að þeim fannst starfsmenn BSRB eða þeir aðilar sem voru nefndarstjórum innan handar mjög skilvirkir í vinnubrögðum og nauðsynlegir í störfum nefndanna.

Varðandi umræður á þinginu tóku nemendur þingskólans sérstaklega fram að yfirleitt væri umræðan málefnaleg og fólk einbeitti sér að þeim málefnum sem voru í gangi en fólk mætti samt vanda sig betur þegar það talar yfir allan hópinn. Sumt eigi ekki heima upp í pontu og það á að geyma einkahumor fyrir utan þingið, sérstaklega niðurlægjandi brandara.

Mikil ánægja ríkti með málstofurnar hjá nemendunum sem sögðu þær hafa staðið upp úr af störfum þingsins. Gott hefði verið að fá reynslumikla aðila til að miðla þekkingu sinni og koma umræðuefninu af stað. Vinnan og umræðurnar þar sögðu nemendurnir hafa verið áhugaverðar og gagnlegar.

Málstofur 43. þings BSRB

Í fyrsta skiptið á þingi BSRB var ákveðið að hafa málefnaþarf í svonefndum málstofum. Málstofurnar voru fjórar talsins og fjölluðu um stöðu heimilanna, umhverfismál, velferðarmál og jafnréttismál. Fór mikil og góð umræða fram í málstofunum þar sem öllum þátttakendum var gefið færi á að taka þátt í umræðunum. Gestir með sérþekkingu á hverju sviði fyrir sig voru fengir til að halda erindi á málstofunum, standa fyrir svörum og leiða þær umræður sem þar áttu sér stað. Hverri málstofu var

síðan skipt niður í smærri hópa sem skiluðu loks af sér niðurstöðum sem stjórn BSRB hefur síðan tekið til úrvinnslu.

Þingfulltrúar voru almennt á því að þetta nýja fyrirkomulag hefði gefið góða raun. Þeir sem hafa sótt þingið oft en einu sinni voru margir hverjir sammála um að með þessu móti hefði umræðan orðið dýpri, vettvangur fyrir skoðanaskipti hefði verið betri og að fleirum hefði jafnframt gefist kostur á að taka þátt í almennum umræðum. Þannig hafi í reynd fleiri verið virkjaðir til þátttöku í starfi bandalagsins og gefinn kostur á að hafa áhrif á stefnu bandalagsins.

Niðurstöður málstofanna má sjá hér á eftir.

Málstofa um heimilin

Málstofustjóri var Ágúst Bogason, kynningarfulltrúi BSRB, og fyrirlesarar þeir Steinn Kári Steinsson og Guðmundur Sigfinnsson, sérfræðingar frá Hagstofu Íslands. Farið var almennt yfir þróun á skuldastöðu heimilanna á Íslandi samanborið við önnur lönd. Í umræðum var lagt upp með eftirfarandi punkta:

- Á að krefjast þess að dregið verði úr áhrifum verðtryggingarinnar? Verðtrygging lána (óvissa um kostnað vegna verðbólgu) á móti verðtryggðum lífeyrisréttindum (tryggður kaupmáttur lífeyris).
- Aðferðir til að draga úr áhrifum verðtryggingarinnar: á t.d. að vísitölutengja laun eða ráðstöfunartekjur, eða mögulega afnema verðtryggingu á ávöxtun eða jafnvel setja þak á verðtryggingu?
- Er réttlætanlegt að skattgreiðendur niðurgreiði skuldir heimila í skuldavanda?
- Á að breyta áherslu í kjarasamningum og semja frekar um hækkun ráðstöfunartekna (aukin kaupmátt) í stað hækkun launa?
- Eiga laun opinberra starfsmanna að vera tengd við launaþróun á almennum markaði? En/og ef komið verður á sambærilegu lífeyriskerfi fyrir allt launafólk?
- Á að krefjast aukinna réttinda í stað launahækkana við kjarasamningsgerð, svo sem styttingu vinnuvikunnar eða fleiri frídaga?

Umræðurnar voru þó ekki bundnar við þessa punkta og sumir svöruðu þeim skipulega á meðan aðrir tóku aðeins afstöðu til nokkurra eða ræddu önnur tengd málefni í þau. Meginniðurstöður málstofanna voru að ábyrgðinni og áhættu vegna lána verður að vera dreift á milli lántaka og lánveitenda. Lánastofnanir verða að taka á sig meiri ábyrgð og áhættu í stað þess að öll fjárhagsleg áhætta sé hjá lántakenda.

Flestir voru jafnfram sammála um að verðtrygginguna verði að afnema í áföngum komi til þess og að mikilla breytinga er þörf á leigumarkaði. Auka þarf framboð og er óskiljanlegt af hverju íbúðalánasjóður hefur ekki komið sínum eignum á leigumarkað. Þá var vaxtakostnaður talsvert ræddur enda grunnvandamál í húsnæðismálum Íslendinga, lélegum gjaldmiðla var einkum kennt um. Einnig voru þátttakendur sammála um að ef verðtrygging hverfur ekki verði að vísitölutengja launin svo þau fylgi skuldunum.

Talsvert var rætt um réttlæti þess að verðtryggð lán fari í þá upphæð sem þau voru í fyrir hrún. Enda margir búnir að tapa séreignarlífeyrissjóðum sínum og margir hverjir eiginfé í húsnæði sínu. Skiptar

skoðanir voru um að stytta vinnuviku í stað lægri kauphækkana, fólk sammála um mikilvægi þess að stytta vinnutíma en flestum fannst það ekki koma til greina sem skiptimynt fyrir lægri laun.

Nokkur umræða skapaðist líka um að verðtryggingin væri ekki einungis vörn gegn verðbólgu heldur væri verðtryggingin sjálf verðbólguvaldandi. Niðurstaða flestra var líka sú að skuldavandi heimilanna lendi hvort eð er á skattgreiðendum þannig að hvers vegna ekki að koma þegar til móts við þá sem eru í skuldavanda. Þegar hefur verið greitt fyrir skuldavanda fyrirtækja og skuldir þeirra niðurgreiddar af almenningi. Hvers vegna er ekki réttlæt看legt að almenningur greiði líka með skuldum þeirra verst stöddu?

Einnig voru þátttakendur málstofunnar á því að fyrst og fremst ætti að fækka áhrifavöldum í útreikningum á neysluvísitölu og að hentugra væri að greiða vaxtabætur beint á höfuðstól láns til lækkunar hans. Nauðsynlegt væri að krefjast stöðugleika og lægri vaxta og þannig fá fram kjarabætur og hækkun ráðstöfunartekna og tengja laun opinberra starfsmanna við laun á almennum vinnumarkaði með einskona launaþróunartryggingu.

Málstofa um jafnréttismál

Málstofustjóri var Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, og fyrirlesari Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði hjá Háskóla Íslands. Upplegg borðumræðunnar var jafnréttismál og einkum kynbundinn launamunur. Hvaða skref skuli taka svo útrýma megi kynbundnum launamun. Eftirfarandi punktar voru hugsaðir sem innlegg í umræðuna.

- Hvernig eigum við að halda áfram baráttunni gegn kynbundnum launamun?
- Hverjar eiga áherslur BSRB að vera í baráttunni og gagnvart hverjum?
- Hvað veldur kynbundnum launamun?
- Hefur kynskiptur vinnumarkaður (kvenna- og karlastéttir) áhrif á kynbundinn launamun og ef svo er hvernig á þá að vinna gegn áhrifum þess?

Umræðan fór mjög víða en megin niðurstöður eftir hópavinnu var að breyta þurfi uppeldisaðferðum svo að hugarfar breytist – innleiða þurfi frekari þekkingu á jafnréttismálum. Stjórnvöld þurfa að taka virkari þátt og beita sér meira í jafnréttismálum í hvívetna. Til dæmis þurfi að auka fræðslu verulega. Öll borðin voru sammála um að það þyrfti gagngera hugarfarsbreytingu sem ætti sér ekki stað með fræðslu og mikilli opinberri umræðu, t.d. gagnrýni, launakönnunum, gagnsæi launa ásamt launavitund.

Þannig var minnst sérstaklega á að hætta að nota stofnanasamninga, þeir hvetja til launamunar og byggjast gjarnan á geðþóttaákvörðunum og jafnvel væri starfsmatið oft til vandræða, það gæti fest starfsmenn í láglau nagildru. Hóparnir voru sammála um að ríkið yrði skilgreindur sem einn atvinnurekandi sem bæri heildstæða ábyrgð á launasetningu allra starfsmanna. BSRB ætti þess vegna að beina kröftum sínum að ríki og sveitarfélögum en ekki stofnunum.

Nauðsynlegt var talið að uppræta kynbundinn launamun með breyttu viðhorfi stjórnenda og breyta geðþóttaákvörðunum þeirra. Gera þyrfti störfín meira aðlaðandi og hækka laun kvennastétta verulega. Atvinnurekendur þurfa jafnframt að efla eigin vitund um launasetningu starfsmanna sinna og með samþættingu þessara hluta væri hægt að uppræta kynskipta vinnumarkaðinn. Gagnsæi í launasetningu og launaupplýsingum myndi líka breyta miklu að mati þátttakenda í málstofunni.

Hlutföll kynjanna í stjórnnum fyrirtækja, stofnunum og stjórnunarstöðum þyrftu að jafnast og þannig myndi það sjálfkrafa hafa áhrif niður launastigann.

Ein hverjar hugmyndir voru uppi um að jafna lífeyrisréttindi á milli sambúðaraðila þannig að öflun lífeyrisréttinda yrði sameiginleg óháð því hver aflaði hærri tekna. BSRB átti að mati fundarmanna að halda áfram fræðslu og gagnrýni á kynjamisréttið á vinnumarkaði. Mikilvægt væri að gera reglulega launakannanir vegna aðhalds sem þær veita og geta sýnt vísindalegar niðurstöður. Einnig að halda áfram að skoða innri uppbyggingu – skoða kynjahlutföll í nefndum og ráðum til að reyna að jafna þau.

Málstofa um velferðarkerfið

Málstofustjóri var Hilmar Ögmundsson, hagfræðingur BSRB og fyrirlesari voru Dr. Guðný Björk Eydal prófessor og Halldór S. Guðmundsson lektor. Helstu niðurstöðu umræðna voru að velferðarþjónustu á að veita öllum einstaklingum í samfélaginu frá vöggu til grafar óháð aðstæðum og efnahag. Veita skuli meiri velferðarþjónustu en bara öryggisnet og þróa í takt við breyttar þarfir. Sem dæmi er þjóðin að eldast sem kallar á aukna þjónustu við aldraða.

Velferðarþjónustan á eingöngu að vera í höndum hins opinbera. Þjónustuna ber fyrst og fremst að fjármagna með skatttekjum og mögulega hóflegum notendagreiðslum. Tekjutengdum notendagreiðslum er þó alfarið hafnað. Það var lagt til að síðasta leikskólastigið verði partur af grunnskólanum og að munnhol og tennur verði hluti af heilbrigðiskerfinu. Velferðarkerfið á Íslandi er of flókið eins og er. Það þarf oft að fara á marga staði til að sækja réttindi og þjónustu.

Mikilvægt er að setja á laggirnar upplýsingagátt sem getur upplýst fólk um öll sín réttindi á einum stað. Upplýsingagáttin þarf að vera sjálfstæð stofnun fjármögnuð af hinu opinbera.

Málstofa um umhverfismál

Málstofustjóri var Jóhanna Þórdórsdóttir, starfsmaður SFR og fyrirlesari var Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur.

Markmið málstofu um umhverfismál var að fræða þingfulltrúa, dýpka umræðu og móta áherslur bandalagsins í einstökum málum er varða umhverfismálaflokkinn.

Upplegg umræðunnar var umhverfisvernd. Með hvaða hætti megi taka skref í áttina að bættu umhverfi, bæði út frá einstaklingum sem og í starfsemi BSRB. Punktarnir hér fyrir neðan voru hugsaðir sem innlegg í hópaumræðuna og lagði málstofustjóri áherslu á að þátttakendur reyndu að hugsa þetta í BSRB samhengi til að þrengja umræðuna, þar sem þetta er stór málaflokkur.

- Hvernig má tryggja hreinna umhverfi fyrir komandi kynslóðir?
- Hverju má breyta hjá einstaklingum eða heimilum eða vinnustöðum til að leggja baráttunni lið?
- Hvernig er hægt að taka skref í áttina að bættara umhverfi í gegnum kjarasamninga, hvaða kröfur þarf að leggja fyrir viðsemjendur í þeim efnum?

Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur og fyrirlesari málstofunnar talaði um að þegar kæmi að umhverfismálum þá væru tvö lið sem hægt væri að velja á milli: Svartsýna liðið og Jákvæða liðið. Bjartsýna liðið tapar kannski en það svartsýna alveg örugglega.

Málstofan var nokkuð vel sótt, sátu hana um 40 manns. Málstofustjóri reyndi að fanga aðalatriðin þegar hópar skiluðu af sér og eins í samantekt Stefáns. Þar kom fram að sorpflokkun ætti að heita auðlindaflokkun – sorp er það síðasta í flokkuninni sem endar í urðun, allt hitt er auðlind. Umhverfisfræðsla ætti heima inn í trúnaðarmannanámskeiðum stéttarfélaganna, auka þyrfti fræðslu á vinnustöðum og taka upp samgöngusamninga við starfsfólk sem nýtir sér vistvænni ferðamáta til að ferðast í og úr vinnu. Vistvæn innkaup ættu að vera sjálfssagður hluti innkaupastefnu, kaupa umhverfisvottað og stuðla þannig að heilnæmari vinnustöðum.

Þá kom fram í umræðunni að það vantar sárlega umhverfisstefnu, viðhorfsbreytingin byrjar heima, mikilvægt að fá alla í sama lið – bjartsýnisliðið, fá Grænánaverkefnið á vinnustaði, stefna að því að allir vinnustaðir fái grænána. Flokkun pappírs, því meiri flokkun því verðmætari endurvinnsla. Einnig kom fram að hjá sveitarstjórn voru mikil ljósrit áður fyrr en núna er allt rafrænt.

Lóa Brynjúlfsdóttir sem er gestur á þingi BSRB en hún er framkvæmdastjóri NFS – norrænna samtaka stéttarféлага sagði frá starfinu þeirra í umhverfismálum en þau eru með starfsmann í fullu starfi sem sinnir efnahags- og umhverfismálum. Lóa nefndi græn ökuskírteini. Dæmi: Starfsmaður fengi hjólastyrk sem er hærri en bílastyrkur. Annað dæmi: Börnin í grunnskólanum fá afhendar einkunnir í notuðum umslögum. Lóa talaði um hvað hægt væri að gera á vinnustöðum til að stuðla að umhverfisvernd. T.d. setja inn í kjarasamninga – dæmi: Prestar fá bílastyrk en fá helmingi hærri styrk ef þeir fara á hjóli – fá græn ökuskírteini. Strætókort styrkur 10.000 kr. og hjólandi 20.000 krónur. Það eru lög í ráðuneytunum um vistvæn innkaup, sápur, salernispappír og fleira. Við erum að berjast fyrir mannréttindum og jafnrétti, af hverju ekki umhverfisrétti?

Rætt var um að fella mætti samgöngustyrki inn í kjarasamninga. Þar gæti BSRB beitt sér. Styttri og sveigjanlegri vinnutími væri líka til bóta hvað þetta varðar. Bæta þyrfti aðstöðu fyrir reiðhjól (hjólagrindur o.s.frv.) og greiða niður strætófargjöld. Hægt væri að greiða tvöfalda bílastyrki fyrir þá sem ferðast á hjólum.

Stuðla þarf að breyttu hugarfari. BSRB getur gert það með meiri fræðslu, svo sem með því að koma umhverfismálum að á trúnaðarmannanámskeiðum, á heimasíðu og úti á vinnustöðunum. Fræðsla þarf að fara fram á öllum vígstöðvum, ekki bara á skólum, heldur líka þar sem fullorðnir koma saman, svo sem á vinnustöðum. Virkja þarf aðildarfélögin í þessu. Gott væri að kynna varmadælur á köldum svæðum.

Fara þarf betur ofaní nýtni á vinnustöðum, svo sem með því að benda á leiðir til að nýta pappír betur og nota rafræn samskipti í auknum mæli. Leggja þarf áherslu á að málið snúist um auðlindir. Góð umgengni og skynsamleg nýting auðlinda eykur sjálfstæði þjóðarinnar. Á litlum vinnustöðum er einfalt að taka upp græn innkaup. Grænu skrefin hjá Reykjavíkurborg eru góð fyrirmynd. Upplýsa þarf starfsmenn betur um flokkun og sjá til þess að hún virki sem skyldi. Grenndargámar mega t.d. ekki vera fullir þegar að er komið. Hér eru aðferðir við fræðslu aftur lykilatriði. Í sveitarfélögum hefur reynst best að kynna nýjungar „maður á mann“, enda er það í samræmi við niðurstöður umhverfissálfræðinga. Fram kom sú skoðun að gott væri að taka upp flokkun í áföngum, frekar en að fara alla leið í sama skrefi. Þessu er ég (SG) reyndar ósammála. Held að hver breyting um sig sé álíka erfið fyrir fólk. Færri breytingar eru því væntanlega betri, auk þess sem þær eru einfaldari og ódýrari í framkvæmd – og minni hætta á ruglingi.

Margt er hægt að læra af frændum okkar. NFS hefur t.d. safnað upplýsingum um samgöngustyrki í kjarasamningum/stofnanasamningum. Á hinum Norðurlöndunum er frekar talað um sjálfbærni eða samfélagslega ábyrgð en umhverfismál. Þar er reynt að sjá málin í víðara samhengi.

Að lokum tók málstofan um umhverfismál sig til og samþykkti áskorun sem vísað var áfram til stjórnar BSRB og var svo hljóðandi:

Þátttakendur í málstofu um umhverfismál skora á stjórn BSRB að ákveða að halda áfram starfi umhverfishóps sem hófst árið 2011. Þarna er tækifæri fyrir BSRB til að taka forystu þegar kemur að umræðunni um sjálfbæran vinnumarkað. Skilgreina þarf hvað er sjálfbær vinnumarkaður og hvernig við getum tekið markviss skref í átt að sjálfbærum vinnumarkaði. Þetta snýst um samkeppnishæfni Íslands í hinum stóra heimi. Snýst líka um græn störf og að gera öll störf grænni. Öll störf geta orðið grænni ef starfsmenn og atvinnurekendur vinna saman.

Áframhald þingfundar

Þingfundi var síðan framhaldið frá kl. 13:00. Farið yfir nefndarálit, umræður fóru fram í þingsal og þingmál afgreidd. Drög jafnréttisnefndar að ályktunum og stefnu BSRB í jafnréttismálum samþykkt.

Því næst voru kynntar tillögur að lagabreytingum og fóru miklar umræður fram um þær. Sérstaklega er varðar breytingar á fjölda þingfulltrúa á þingum BSRB. Var umdeildustu lagabreytingartillögum vísað aftur til laganefndar.

Ef eftir stutt hlé upp úr kl. 16 var áfram haldið með þingfundarstörf. Kynntar voru ályktanir og stefnur varðandi almannáþjónustu og heilbrigðismál. Smávægilegar breytingar gerðar á skjölunum og þau svo samþykkt.

Mælt var fyrir stefnu og ályktunum í menntamálum. Að loknum umræðum var stefnan samþykkt og ályktun sömuleiðis. Að því loknu var gert hlé á þingstörfum þangað til morguninn eftir.

Þingfundur hófst að nýju kl. 8:48 föstudaginn 12. október. Mælt var fyrir stefnu og ályktunum í atvinnumálum og umhverfismálum og þær samþykktar með lítilsháttar breytingum. Næst var tekin fyrir ályktun um neytendamál og rætt um kosti og galla verðtryggðra neytendalána. Að lokum voru drög að ályktuninni samþykkt. Hlé síðan gert á fundinum milli kl. 10:30 til 11:00.

Að loknu hléi voru ræddar tillögur að ályktunum í kjaramálum og lífeyrismálum. Eftir umræður voru gerðar nokkrar breytingar á ályktun um kjaramál og hún samþykkt. Ályktun um lífeyrismál var samþykkt óbreytt.

Að loknu hléi vegna hádegisverðar var þingstörfum haldið áfram og vikið að tillögum að lagabreytingum á lögum BSRB. Að loknum umræðum var gengið til atkvæða um lagabreytingar.

Kosningar í embætti BSRB

Tillaga kjörnefndar BSRB var að Elín Björg Jónsdóttir yrði áfram formaður BSRB. Jónas Engilbertsson tilkynnti að hann myndi bjóði sig fram til formanns og fór í kjölfarið fram nafnakall og gengið var til kosninga í kjölfarið.

Alls voru 243 á kjörskrá og af þeim greiddu 227 atkvæði. Elín Björg Jónsdóttir hlaut 212 atkvæði en Jónas 12. Elín Björg taldist því réttkjörin formaður BSRB til næstu þriggja ára.

Árni Stefán Jónsson var einn í framboði til 1. varaformanns BSRB og taldist því sjálfkjörinn í embætti. Garðar Hilmarsson var jafnframt einn í framboði til 2. varaformanns BSRB og taldist sömuleiðis sjálfkjörinn. Kristín Á. Guðmundsdóttir fékk ekkert mótframboð í embætti ritara BSRB og var sjálfkjörin í embætti.

Þuríður Einarsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi veru í embætti gjaldkera BSRB og því buðu Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, og Jónfríður Hanna Sigfúsdóttir, formaður Starfsmannafélags Kópavogs, sig fram til embættisins. Frambjóðendur fengu tækifæri til að kynna sig stuttlega fyrir þingfulltrúum og síðan var nafnakall gert og loks gengið til atkvæðagreiðslu.

Alls voru 243 á kjörskrá og af þeim greiddu 225 atkvæði. Snorri Magnússon fékk 156 atkvæði en Jónfríður Hanna Sigfúsdóttir 67 atkvæði. Tveir seðlar voru auðir. Snorri taldist því réttkjörinn gjaldkeri BSRB og tók því sæti ásamt formanni, 1. varaformanni, 2. varaformanni og ritara í framkvæmdastjórn BSRB til næstu þriggja ára. Að því loknu tók formaður BSRB til máls og flutti stutta lokaræðu og sleit í lok hennar 43. þingi BSRB.

Lokaræða formanns BSRB á 43. þingi

Góðir félagar.

Þá er komið að lokum 43. þings BSRB. Þing sem hefur fært okkur dýpri þekkingu og skilning á málefnum samfélagsins. Því forsenda árangurs er gott samstarf og samræður svo hægt sé að byggja á gagnkvæmri virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum.

Mál eru tekin á dagskrá – þau eru rædd og síðan samþykkt með meirihluta atkvæða. Þannig vinnum við – og þannig verðum við sterkir málsvarar launafólks.

Hér höfum við lagt grunn að stefnu BSRB til næstu 3 ára. Ég vil þakka öllum þingfulltrúum kærlega fyrir þátttöku þeirra í þessu mikilvæga starfi bandalagsins.

Málefnavinnan sem hér hefur farið fram er mikilvægt veganesti í framtíðaráherslum og baráttumálum BSRB enda eru þingfulltrúar þverskurður félagsmanna bandalagsins.

Kæru félagar.

Almannaþjónustan er ein af grunnstoðum samfélags okkar. Grunnstoð velferðar og félagslegs réttlætis. Gildi sem BSRB hefur ávallt haft í heiðri.

Þjóðfundurinn sem haldinn var 2009 endurvakti kröfuna um réttlæti, um jöfnuð, um virðingu og heiðarleika. Þar voru gildi velferðar og félagslegs réttlætis áréttuð.

Gildi sem BSRB hefur ávallt staðið vörð um. Því við vitum, að félagsleg samheldni skilar samfélaginu meiru en einstaklingshyggja.

Framundan eru krefjandi verkefni:

- Endurskoðunarákvæði kjarasamninga
- Endurheimta kaupmáttinn
- Útrýma launamun kynjanna
- Verja velferðakerfið og skapa störf
- Barátta fyrir bættum húsnæðismarkaði
- Áframhaldandi uppbygging samfélagsins

Við stöndum á tímamótum – látum ekki tækifærin renna okkur úr greipum. Nýtum tækifærin við uppbyggingu samfélagsins, samfélags sem við viljum byggja börnum okkar og barnabörnum. Byggjum réttlátt samfélag þar sem ríkir jafnræði.

Ég vil fyrir hönd okkar allra færa þingforsetum bestu þakkir fyrir góða og rögg sama stjórnun. Riturum fyrir sín störf. Nefndarmönnum starfsnefnda þingsins og stjórnarmönnum bandalagsins fyrir þátttöku í undirbúningi og aðdraganda þingsins. Og síðast en ekki síst starfsfólki BSRB fyrir alla sína vinnu – hér á þinginu og ekki síður við undirbúning þingsins síðustu misseri. Án þeirra væri þetta ógjörningur.

Góðir félagar.

Með þakklæti í huga slít ég 43. þingi BSRB. Þakklæti til ykkar allra fyrir góða og málefnalega vinnu, fyrir tímann sem við höfum átt saman í samræður og skoðanaskipti, en ekki síst tímann sem við höfum átt saman til að kynnast sjónarmiðum og skoðunum hvers annars.

Nýkjörinni framkvæmdanefnd óska ég velfarnaðar um leið og ég þakka Þuríði Einarsdóttur fyrir tímann hennar í framkvæmdanefnd BSRB.

Að lokum óska ég ykkur góðrar heimferðar og segi 43. þingi BSRB slitið.

Stefna BSRB

Eitt af meginhlutverkum þinga BSRB er að móta áherslur og stefnu bandalagsins til næstu starfsára. Sú nýbreytni var á þinginu að þessu sinni að unnið var að formlegri stefnu BSRB. Undanfarin ár hafa ályktanir bandalagsins gegnt eins konar hlutverki stefnu BSRB en að þessu sinni var unnið að sérstöku stefnuskjali sem gefið var út að þinginu loknu.

Skriptist stefnan í nokkra kafla sem fjalla um almannajónustu, atvinnumál, heilbrigðismál, húsnæðismál, jafnréttismál, kjaramál, lífeyrismál, skattamál, umhverfismál og vinnuvernd. Henni er ætlað að vera einskonar yfirlit yfir stefnu bandalagsins í helstu málaflokkum og leiðarljós fyrir starfið næstu þrjú árin. Stefnu BSRB, eins og hún var mótuð og samþykkt á 43. þingi bandalagsins má sjá hér á eftir.

Almannajónusta

Almannatryggingar Íslands eiga að grundvallast á jöfnu aðgengi fyrir alla. Almannajónusta á samfélagslegum grunni er birtingarmynd lýðræðisins og einn af hornsteinum þess. Almannajónustuna ber að reka á samfélagslegum grunni af opinberum aðilum þar sem allir eiga jafnan rétt, óháð efnahag. Það er grundvallaratriði að svo verði áfram.

BSRB telur að opinber almannajónusta eigi að gegna lykilhlutverki í uppbyggingu samfélagsins. Reynslan sýnir að velferðarþjóðfélag verður ekki reist nema á gildum samstarfs, samvinnu og jafnaðar, gildum sem verkalyðshreyfingin hefur haldið á lofti frá öndverðu.

Tryggja verður að lagarammi almannajónustunnar sé nægilega traustur til að veita henni vernd gegn markaðsvæðingu. Opinn og jafn aðgangur allra að heilbrigðiskerfi óháð greiðslugetu er forsenda þess að tryggja megi grundvallarrétt til heilbrigðis.

Slíkan aðgang er ekki hægt að tryggja nema að heilbrigðisþjónustan sé í höndum hins opinbera sem skipuleggur, stýrir og fjármagnar hana á grunni jafnréttis og samstöðu. Þjónustuna þarf með öðrum orðum að skipuleggja þannig að þarfir allra landsmanna séu hafðar í huga en ekki miðað við greiðslugetu.

Atvinnumál

Helsta velferðarmálið hverju sinni er að tryggja aðgengi allra vinnufærra karla og kvenna að atvinnu. Hátt atvinnustig er lykilforsenda þess að hægt sé að halda uppi velferðarkerfi og því er brýnasta viðfangsefni stjórnvalda hvers tíma að halda atvinnuleysi í lágmarki.

Öflugur opinber vinnumarkaður er á meðal þess sem hefur skapað Norðurlöndunum sína sérstöðu. Mikilvægt er að sveigjanleiki á vinnumarkaði sé sem mestur og um leið jafnvægi á milli opinbers geira og almenns vinnumarkaðar. Á Norðurlöndunum er sveigjanleiki á milli þessara tveggja vinnumarkaða mikill. Þannig hefur tekist að búa til kerfi þar sem meðaltekjur eru með því hæsta í heiminum, tekjudreifingin er mjög jöfn og atvinnuþátttaka mikil.

Opinber vinnumarkaður er grunnstoð norræna velferðarkerfisins þar sem jafnrétti fólks er haft að leiðarljósi. Sterk almannajónusta er árangursríkasta jöfnunartæki sem til er. Þess vegna er mikilvægt að viðhalda sterkum opinberum vinnumarkaði sem er samkeppnisfær við hinn almenna vinnumarkað.

Mikilvægt er að verja grunnþjónustu samfélagsins. Oft vill það gleymast að almannþjónustan er einn mikilvægasti hlekkurinn í atvinnulífinu sem skilar þjóðfélaginu miklum arði. Þar starfa þúsundir í skólum, félags- og heilbrigðisþjónustu og víða eru konur í miklum meirihluta þessara starfa. Niðurskurður á almannþjónustu verður því aldrei nema skammtímalausn til að spara fjármuni til fárra ára og leiðir til aukins kostnaðar fyrir samfélagið allt til lengri tíma. Þess vegna er brýnt að efla almannþjónustuna í stað þess að veikja hana.

Ísland er ríkt af auðlindum sem nýta þarf á hagkvæman hátt við uppbyggingu efnahagslífsins. Sátt verður að ríkja um hagkvæma nýtingu auðlinda landsins, hvort sem er á landi eða á hafi úti. Mikilvægt er að standa vörð um þær og sjá til þess að arður af þeim skili sér til landsmanna.

Stjórnvöld geta dregið úr atvinnuleysi með því að huga að menntun sem miðast við þarfir atvinnulífsins. Einnig eru stjórnvöld fær um að stuðla frekar að atvinnuþátttöku með innspýtingaraðgerðum á margvíslegum sviðum samfélagsins. Gjarnan hafa stjórnvöld stuðlað að auknum framkvæmdum á vegum hins opinbera þegar uppsveiflur hafa verið í samfélaginu og svo hefur verið dregið úr þeim í niðursveiflum. Þessu ætti einmitt að vera öfugt farið til að draga úr verðbólgu á uppgangstímum og minnka atvinnuleysi þegar ekki árar eins vel.

Traustur grundvöllur hefur verið lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi með aukinni menntun. Þess vegna er mikilvægt að stuðla að frekari nýsköpun og hlúa að vaxtarsprotum. Vaxandi atvinnugreinar á borð við ferðaþjónustu, upplýsingatækni og líftækni skapa mörg störf og eru nær undantekningarlaust gjaldeyrisskapandi. Til að góðar hugmyndir verði að veruleika verður að tryggja fjármögnun þeirra. Með fjölbreyttu atvinnulífi og raunverulegri gjaldeyrissköpun fyrirtækja má draga úr líkum á stórfelldum örðugleikum í atvinnulífinu.

Slæmt atvinnuástand bitnar ekki síst á ungu fólki og því er það skylda stjórnvalda að hlúa vel að menntun og öðrum úrræðum til að gera fólk sem hæfast fyrir vinnumarkaðinn. Atvinnuleysi hefur mikil áhrif á lýðheilsu fólks til hins verra og því brýnt að grípa sem fyrst í taumana missi fólk atvinnu sína.

Stjórnvöld, menntastofnanir og atvinnulífið allt verða sameiginlega að styðja við nýsköpun í atvinnumálum í samráði við verkalýðsfélög. Stéttarfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna við þróun vinnumarkaðarins. Tækniframfarir og nýsköpun valda því að stöðugar breytingar verða á vinnumarkaðnum og því verður að eiga gott samstarf við menntastofnanir svo að launafólk geti stunda símenntun og þannig endurnýjað þekkingu sína.

Styrkja verður stöðu landshlutanna svo þeir hafi aðdráttarafli fyrir fólk til búsetu og starfa. Styrkja verður uppbyggingu atvinnulífs og opinberrar þjónustu á landinu öllu.

Huga verður að því hvernig árangur í atvinnumálum er mældur. Atvinnustig segir ekki alla söguna því tekjudreifing, samkeppnishæfni, ánægja í starfi, starfsumhverfi, framleiðni og fleiri þættir skipta líka sköpum.

Markmiðið á alltaf að vera að auka lífkjör og lífsgæði launafólks. Til að ná markmiðum um aukin lífsgæði vinnandi fólks og arðsemiskröfur atvinnurekenda má þó aldrei gleyma siðferðislegum og félagslegum grunnviðmiðunum um jöfnuð, réttlæti og samfélagslega ábyrgð.

Heilbrigðismál

Jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag, stuðlar öðru fremur að auknum jöfnuði fólks og við því fyrirkomulagi ber ekki að hrófla. BSRB leggst alfarið gegn markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustu og gjaldtöku sem byggja á hagnaðarsjónarmiðum.

Endurskoða verður gjaldtöku fyrir ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu til að stuðla frekar að jöfnu aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu. BSRB vill að leitast verði við að sem minnst gjaldtaka verði innan heilbrigðiskerfisins í framtíðinni. Heilbrigðiskerfi Íslendinga á að veit hverjum sem þarf á aðstoð að halda alla þá þjónustu sem völ er á án mikils tilkostnaðar fyrir viðkomandi.

Aukna þátttöku almennings í greiðslu fyrir nauðsynleg lyf verður að endurskoða. Það liggur í hlutarins eðli að lyfjakostnaður lendir mest á þeim sem eiga við veikinda að stríða. Veikinda valda tekjumissi ofan á aðra erfiðleika og því ætti það að vera grunnréttur þeirra sem veikir eru að fá lyf við hæfi án mikils kostnaðar fyrir viðkomandi.

BSRB krefst þess að sú mismunun sem viðgengst milli einstaklinga vegna eðlis og uppruna sjúkdóma þeirra, raskana og kvilla verði leiðrétt. Sem dæmi má nefna augn-, heyrn, munnhols- og tannsjúkdóma. BSRB leggur til að tannheilsa barna og það sem henni fylgir falli undir almenna heilbrigðisþjónustu.

Huga verður að jafnræði til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu. Hið opinbera verður sem dæmi að taka ríkari þátt í ferðakostnaði fólks sem búsetu sinnar vegna hefur ekki sama aðgengi að heilbrigðisþjónustu og aðrir.

Útgjöld til heilbrigðismála eru grundvallarforsenda hagvaxtar því ef heilsa fólks er góð gerir það því kleift að vinna meira og skila betur til samfélagsins. Umönnun aldraðra og barna skiptir líka sköpum í þessu samhengi og veitir fleirum möguleika á að vinna og leggja þannig til samfélagsins.

Heilbrigðiskerfið á að reka á réttlátan hátt fyrir skattfé landsmanna. Kerfið á að vera skilvirkt og tryggja öllum jafnan aðgang að fyrsta flokks þjónustu. Þetta er mikilvægur þáttur þess að viðhalda öryggi og lífsgæðum fólksins í landinu.

Húsnæðismál

Öruggt húsnæði, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða séreign, er einn af hornsteinum almennrar velferðar og því verður að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaðnum sem allra fyrst til að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar.

Stefna stjórnvalda í húsnæðismálum verður að taka mið af nýjum aðstæðum sem skapast hafa á Íslandi. Koma verður til móts við hina miklu eftirspurn eftir leiguhúsnæði.

BSRB vill að almennu leigukerfi að norrænni fyrirmynd verði komið á hér á landi til að tryggja öllum húsnæði á viðunandi kjörum. Þannig mætti líka tryggja búsetuöryggi leigjenda til lengri tíma. Auka verður lánveitingar til bygginga á leiguhúsnæði til muna svo að þetta geti orðið að veruleika.

Reisa verður húsnæði sem miða sérstaklega að þörfum leigjenda. Sérstaklega væntar smærra húsnæði af ódýrari gerðinni á ákveðnum stöðum á landinu. Hentugt leiguhúsnæði myndi leggja sitt af mörkum við að gera leigumarkaðinn ódýrari valkost en áður hefur verið og þannig stuðla að því að gera leiguformið að raunverulegum valkosti í búsetumálum á Íslandi.

Stuðning hins opinbera við ólík búsetuform verður að jafna. Samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta munu jafna húsnæðisstuðning milli þeirra sem eiga húsnæði og þeirra sem leigja. Slíkt

kerfi verður að koma til framkvæmda enda myndi slíkt húsnæðisbótakerfi stuðlað að frekari jöfnuði fólks.

Íbúðalánasjóður hefur um langt árabil verið mikilvæg stoð við einstaklinga við íbúðakaup. Með lánveitingum stuðlar sjóðurinn að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, óháð búsetu. Mikilvægt er að tryggja grundvöll sjóðsins og að hann verði áfram í eigu ríkisins enda hefur hann margsannað gildi sitt. Reglur sjóðsins verða reglulega að verða teknar til endurskoðunar svo hann geti sinnt hlutverki sínu sem best eftir því hvaða aðstæður eru uppi í samfélaginu hverju sinni.

Jafnréttismál

BSRB skal standa vörð um að allir atvinnurekendur fylgi eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum þjóðfélagsins og staðinn vörður um það. Bandalagið á að tryggja að allir félagsmenn þess búi við jafnrétti á vinnumarkaði. Starfsemi aðildarfélaga BSRB og skrifstofa bandalagsins skal endurspeglar að unnið sé í samræmi við jafnréttislög.

Eitt af hlutverkum BSRB er að gæta þess og fylgja því eftir að gætt sé að mannréttindum. Hugtakið felur í sér að allir eiga rétt á að njóta mannréttinda án mismununar, eins og til að mynda vegna kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, aldurs, trúar, tungumáls, búsetu, stjórnmalaskoðana, þjóðernis, félagslegrar stöðu, fötlunar eða efnahags.

Kjarakönnun BSRB hefur sýnt fram á að óútskýrður kynbundinn launamunur kynjanna er um 13% á landsvísi. Það hlýtur þess vegna að vera forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar að uppræta kynbundinn launamun.

Kynbundinn launamunur hefur verið til umræðu hjá aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum um mjög langt skeið. Búið er að skipa marga starfshópa og fá fjöldann allan af sérfræðingum til að greina vandann. BSRB krefst þess að næstu skref í baráttunni við kynbundinn launamun verði ekki eingöngu í þá átt að greina vandann heldur þarf að hefjast handa við að vinna gegn honum. Það verður hins vegar ekki gert nema fjármunir séu settir í það.

Bandalagið hefur lagt til að gerð verði áætlun um hvernig megi takast á við hann á áföngum. Óhjákvæmilegt sé að hefjast handa sem fyrst í stað þess að halda áfram þeirri umræðu að berjast þurfi gegn vandanum. Taka þarf fyrstu skrefin í þeirri framkvæmd og stjórnvöld verða að taka þátt í samstarf um að vinna að útfærslu þessarar leiðar svo að hefja mætti þá vegferð að leiðrétta launamun milli starfsstétta þar sem meirihluti væri af öðru kyninu.

Svo að útrýma megi kynbundnum launamun er mikilvægt að taka til skoðunar mat á störfum enda er íslenski vinnumarkaðurinn mjög kynjaskiptur.

Samhliða vinnu við upprætingu launamunar kynjanna verður að jafna stöðu þeirra við uppeldi barna og möguleika til að verja tíma með fjölskyldunni. Huga þarf að fæðingarorlofskerfi landsins og lengja orlofsrétt foreldra á vinnumarkaði samhliða því sem greiðsluþak fæðingarorlofs sjóðs verði hækkað.

Nýlegar tölur sýna að feður taka síður fæðingarorlof eftir efnahagshrun en fyrir. Tilgangur fæðingarorlofslaganna er að tryggja samvistir beggja forelda við barn sitt á fyrstu mánuðum ævi þess en vegna mikilla skerðingar á greiðslum úr fæðingarorlofs sjóði hafa færri nýtt rétt sinn til töku fæðingarorlofs. Þar með ná löggin ekki að þjóna tilgangi sínum eins og æskilegt væri og þess vegna verður að taka ákveðna þætti þeirra til endurskoðunar.

BSRB leggur mikla áherslu á samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs. Algengt er á vinnumarkaði að fólk upplifi ákveðna togstreitu milli vinnu og einkalífs sem veldur erfiðleikum og streitu. Þann vanda má leysa með samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs sem felur meðal annars í sér að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna starfsfólks og því sé auðveldað að samræma hin ólíku verkefni sem það sinnir í einkalífi og í starfi.

Helsta leiðin til samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs er sveigjanlegur og fyrirsjáanlegur vinnutími. Stytting vinnuvikunnar úr 40 stundum í 36 er mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag sem grundvallast á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Miklu máli skiptir að launafólk geti brugðist við hinum ýmsu aðstæðum sem geta komið upp í einkalífi og hafi rétt til fjarvista frá vinnu vegna alvarlegra langtímaveikinda barna án skerðingar á launum. Hið sama er að segja um lengingu lágmarksréttar foreldra til fjarvista vegna veikinda barna sem og vegna maka eða annarra náinna aðstandenda. Slík samþætting leiðir til aukinnar starfsánægju, bættrar frammistöðu, aukinna afkasta og minni starfsmannaveltu.

Kynbundin og kynferðislega áreitni er viðvarandi vandamál í atvinnulífinu sem verður að uppræta. Samkvæmt jafnréttislögum hvílir sú skylda á atvinnurekendum að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsfólk eða skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni á vinnustað. Mál af þessu tagi eru enn algeng og þörf er á sérstöku átaki á þessu sviði.

Ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar er mikil, það er okkar að tryggja að krafan um jafnrétti á vinnumarkaði verði bráðum úrelt. En ábyrgðin snýr einnig að samfélaginu öllu. Það hvernig þjóðfélag við viljum búa við er á ábyrgð okkar allra. Hætta þarf að flokka launafólk niður eftir kynferði og byggja upp samfélag jafnréttis. Ekki má gefa eftir fyrir en fullu jafnrétti, endanlegu jafnrétti er náð.

Kjaramál

Mikilvægt er að öllum sem hafa tök á að vinna sé gefinn kostur á því að stunda atvinnu. Tryggja þarf launafólki mannsæmandi kjör. Nauðsynlegt er að hækka lægstu laun umtalsvert og leitast skal við að jafna launabil á milli fólks með því að hækka lægstu launin í stað þess að lækka þau hæstu.

Draga má úr álagi með styttri vinnutíma auk þess sem afköst starfsfólks aukast hlutfallslega með styttri vinnuviku. BSRB vill að lögfest verði að vinnuvikan sé ekki lengri en 36 stundir. Kannanir sýna að Íslendingar vinna mikið, eða á bilinu 10-15% fleiri vinnustundir en aðrir Norðurlandabúar. Samt sem áður er framleiðni á hverja vinnustund minni en víða annars staðar. Landsframleiðsla á hverja unna vinnustund á Íslandi er fyrir neðan meðaltal OECD-landa. Það veldur lægri þjóðartekjum á mann samhliða lengri vinnudegi og því þarf að snúa við.

Klára verður þá vinnu sem hafin var í kjölfar „Stöðugleikasáttmálans“ sem gerður var á árinu 2009 og miðar að því að skilgreina vinnu og vinnuaðstöðu vaktavinnufólks. Einnig verður að lögfesta að full vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks.

Gera þarf heildarúttekt á starfsháttum vinnustaða og aðbúnað launþega. Sérstaklega þarf að endurskoða stöðu vaktavinnufólks, lög um lögbundinn hvíldartíma og sjá til þess að álag starfsmanna sé ekki óhóflegt.

Vísitölubinding neytendalána, svo sem húsnæðislán heimilanna, verður að afnema. Þar til aðstæður í efnahagslífinu leyfa fullt afnám verðtryggingar verður að setja einhverjar hömlur eða þak til að milda áhrif verðtryggingar til hækunar á höfuðstóli lána. Nauðsynlegt væri að koma slíku þaki á nú þegar til að koma í veg fyrir að skuldir heimilanna haldi áfram að fara stöðugt hækkandi.

Huga þarf vel að fólki sem af einhverjum ástæðum missir vinnuna. Sérstaklega þarf að huga að langtímaatvinnulausu fólki svo það einangrist ekki félagslega og efnahagslega. Sporna þarf við því að fólk dvelji lengi í atvinnuleysisbótakerfinu. Setja þarf meiri kraft í að koma fólki sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn því eftir því sem fólk er lengur á atvinnuleysissskrá þeim mun erfiðara er fyrir það að snúa aftur út á vinnumarkaðinn.

Lífeyrismál

Lífeyriskerfi Íslendinga stendur á sterkum grunni byggðum á þremur stoðum: Opinberu almannatryggingakerfi, atvinnutengdum lífeyrissjóðum með skylduáðild og fullri sjóðsöfnun og frjálsum lífeyrissparnaði. Styrkur íslenska kerfisins felst að stórum hluta í sjóðsöfnun en með því er átt við að eignir eru lagðar fyrir jafnóðum og réttinda er aflað til greiðslu lífeyris síðar. BSRB leggur ríka áherslu á að því við þessu fyrirkomulagi verði ekki hróflað.

Endurskoðun á samspili almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum verður að fara fram. Hærri greiðslur frá lífeyrissjóðum leiða til lægri greiðslna almannatrygginga og frítekjumörk eru mismunandi fyrir ólíkar gerðir tekna. Samræma þarf kerfið og einfalda án þess að gengið verði á rétt fólks.

Ríkissjóður að standa við skuldbindingar sínar við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Ekki má hrófla við þegar áunnum réttindum opinberra starfsmanna og að allar breytingar á lífeyrismálum verða að vera unnar í fullu samráði við samtök þeirra. Núverandi vandi A- og B-deilda LSR verður að vera leystur á þann veg að inngreiðslur vegna skuldbindinga ríkisins í B-deild verði að veruleika og iðgjald í A-deild verði hækkað eins og lög mæla fyrir um.

BSRB hafnar því að núverandi vandi A-deildar verði leystur með réttindaskerðingum af einhverjum toga eða með því að möguleg ný deild með breyttum forsendum verði nýtt til að rétta af hallann.

Nýskipan í lífeyrismálum kallar á heildarendurskoðun launa opinberra starfsmanna. Launakannanir hafa sýnt fram á að munurinn á launum starfsmanna á almenna og opinbera vinnumarkaðnum er um 20%. Því hefur einnig verið haldið fram að á heildina litið jafnist ævitekjur opinberra og almennra starfsmanna út á elliárunum. Hins vegar sést af útreikningum að þegar ævilaun eru borin saman bera opinberir starfsmenn skarðan hlut frá borði. Nýskipan í lífeyrismálum mun þannig óhjákvæmilega kalla á heildarendurskoðun launamála opinberra starfsmanna.

Menntamál

BSRB lítur á það sem grundvallar mannréttindi að allir landsmenn eigi jafnan rétt til náms. Jöfn tækifæri til menntunar er hornsteinn hvers samfélags þar sem jöfnuður fólks er hafður að leiðarljósi. Tryggja verður grunnmenntun allra og fjölbreytta menntunarmöguleika að skyldunámi loknu.

Menntun leiðir til jafnari tækifæra og menntun skilar sér í hærri tekjum og stuðlar að því að fólk endist lengur á vinnumarkaði. Menntun stuðlar að framförum og herra atvinnustigi. Menntun leiðir þannig beint af sér auknar tekjur fyrir ríkið og þannig er menntun grundvallarforsenda fyrir sjálfbærum hagvexti. BSRB leggst því alfarið gegn því að skólagjöld séu lögð á í opinberum námsstofnunum.

BSRB bendir á mikilvægi þess að sí- og endurmenntun verði eflað. Sí- og endurmenntun gegnir mikilvægu hlutverki í að endurhæfa fólk svo það geti leitað á ný mið á vinnumarkaðnum. Menntunarmiðstöðvar um allt land hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að færa aukna menntun til launafólks og hefur starf þeirra skilað fjölmörgum sem misst höfðu starf sitt aftur út á

vinnumarkaðinn. Fjármunum sem varið er í menntun munu ávallt skila sér til baka sig þegar til lengri tíma er litið.

Hagur atvinnurekenda og launafólks af því að tryggja aðgengi allra að menntastofnunum er ótvíræður. Verkalýðshreyfingin hefur því mikilvægu hlutverki að gegna í þróun menntamála á Íslandi. Gott samstarf hefur verið á milli stjórnvalda, atvinnurekenda og launþegahreyfinga um menntamál á undangengnum árum og efla verður það samstarf frekar.

Fram til þessa hefur gjarnan verið lögð of mikil áhersla á bóknám á framhaldsstigi sem hefur valdið því að sértækari greinar með sérþjálfuðu starfsfólki hafa oft setið á hakanum. Auka þarf samvinnu á milli atvinnulífs og menntastofnanna enn frekar. Þannig má sporna við skorti á fagmenntuðu starfsfólki.

Tryggja verður þeim sem litla eða enga menntun hafa möguleikann á því að hljóta menntun eða fræðslu sem nýtist þeim í starfi eða til atvinnuleitar. Sveigjanleiki til náms verður einnig að vera nokkur svo að sem flestir geti nýtt sér möguleikann til menntunar hvenær sem er á lífsleiðinni. Í því samhengi verður að verja meiri fjármunum til að efla kvöld- og helgarskóla, sumarskóla, starfsþjálfun og hvers kyns nám sem fólk getur stundað samhliða hefðbundnum vinnutíma.

Tryggja verður námsmönnum viðunandi framfærslu á meðan námi stendur. Efla verður Lánasjóð íslenskra námsmanna, hækka lánsfjárhæðir og taka tekjuskerðingar til endurskoðunar. Stefna skal að því að taka upp styrkjakerfi námsmanna í framtíðinni í stað núverandi fyrirkomulags. Á meðan námsmönnum er ekki tryggt viðunandi framfærsluupphæð á námstíma sínum búum við ekki við fullt jafnrétti til náms.

Skattamál

Stjórnvöld hvers tíma þurfa að haga rekstri hins opinbera með skynsömum hætti og rísa þannig undir þeirri ábyrgð sem þeim er falin. Fólk verður að sjá hag sinn í því að greiða skatta og sjá að fjármunum hins opinbera sé vel varið.

Grunnforsenda þess að hægt sé að halda uppi góðu velferðarkerfi er hátt atvinnustig. Þegar allar vinnufærar hendur hafa næga atvinnu aukast tekjur ríkisins og fyrir þær tekjur rekum við sameiginlega almannþjónustuna. Þessum markmiðum verður ekki náð með of hárrí skattlagningu heldur fremur sanngjörnum álögum á launafólk.

BSRB leggur áherslu á að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Reka á skattkerfið og um leið velferðarkerfið með því hugarfari að fólk greiði inn eftir efnum en taki út eftir þörfum. Þeir sem betur eru stæðir ættu að bera meiri byrðar en hinir sem verr eru staddir. Samstaða þarf að nást um þessa hugsun í rekstri hins opinbera og hafa samstöðu og jöfnuð fólks að leiðarljósi.

Mikilvægt er að álögur á þá sem minnstar hafa tekjurnar verði ekki of miklar. Skattbyrði fólks verður að taka mið af framfærslubyrði og vera réttlát. Ein leið til þess væri að taka tillit til persónuafsláttar fjölskyldna sem heildar.

Koma verður til móts við fjölskyldufólk með endurskoðun á fyrirkomulagi barnabóta og hækka greiðslur til barnafólks.

BSRB er fylgjandi þrepaskiptingu í skattkerfinu en slíkt verður að taka mið af skerðingum bótamegin. Einnig leggst BSRB gegn tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna og leggur einnig til að dregið verði sem mest úr tekjutengingum í skattakerfinu. Ekki er hægt að tekjutengja bæði skatta og bætur.

Leitast á við að hafa skattkerfið einfalt og auðskilið fyrir leikmenn jafnt sem lærða. Einfalt og auðskilið skattakerfi er farsælasta leiðin til að tryggja að skattheimtur verði sem bestar. Skattayfirvöld ættu því að leitast við að einfalda skattkerfið.

Ýmiskonar jaðarskattar geta verið íþyngjandi og leggjast mjög misjafnlega á fólk eftir eignum og aðstæðum. Aukin gjaldtaka fyrir þjónustu hins opinbera er þróun sem verður að snúa við. Fyrir þarf að leggja skýr stefna stjórnvalda varðandi fyrir hvaða þætti velferðarþjónustunnar sé réttlætanlegt að innheimt sérstakt gjald fyrir. Tryggja verður jafnan aðgang fólks að þjónustu hins opinbera.

Mikilvægt er að koma nýju húsnæðisbótakerfi í gagnið. Unnið hefur verið að útfærslu á nýju húsnæðisbótakerfi sem leggur af sérstakar vaxta- og leigubætur og jafnar þannig styrki til þeirra sem eiga sitt húsnæði og þeirra sem eru á leigumarkaði. Æskilegt er að jafnrétt til húsnæðisbóta eftir búsetuformi nú þegar.

BSRB er hlynnt auðlindaskatti og telur að greiða eigi fyrir nýtingu auðlinda, hverjar sem þær eru. Bandalagið leggur þó áherslu á að auðlindir verði í almannaeigu en ekki í eigu einkaaðila.

Hækkanir á virðisaukaskatti, vörugjöldum og tollum mega ekki koma til. Slík skattheimta hækkar verðlag sem hefur áhrif á neysluverðsvísitöluna og leiðir til hækkunar á höfuðstól verðtryggðra lána. Afar mikilvægt er að skattahækkanir hafi ekki áhrif á neysluverðsvísitöluna. Leitast skal við að lækka virðisaukaskatt á nauðsynjavörur eða afnema þá eftir atvikum.

BSRB hafnar alfarið öllum hugmyndum um skattlagningu inngreiðslna séreignarsparnaðar.

Umhverfismál

Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugr stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að sjálfbær nýting náttúruauðlinda verði höfð að leiðarljósi og að sem víðtækust sátt ríki um nýtingu auðlindanna.

Mikilvægt er að stjórnvöld og sveitarfélög haldi áfram uppbyggingu almenningsgangna svo að þær verði raunhæfur kostur við hlið einkabílsins.

Virk þátttaka einstaklinga, stofnana og fyrirtækja er mikilvæg til að árangur náist í umhverfismálum. Aðeins með þátttöku fólksins sjálfs er hægt að tryggja rétt borgaranna til að búa í umhverfi sem er viðunandi fyrir heilsu og almenna velferð þeirra.

Ríki og sveitarfélög eiga að styðja og vinna í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, vistvænnar hugsunar og stuðla þannig að efnahagslegri, félagslegri og vistfræðilegri velferð. Efla verður rannsóknir á sviði umhverfis- og auðlindamála auk rannsókna á þróun sjálfbærra nýtingaraðferða.

Aðgangur að hreinu og góðu drykkjarvatni er forsenda lífvænlegrar búsetu og því verða stjórnvöld að leggja ríka áherslu á að vatnsvernd.

Draga verður úr losun gróðurhúsalofttegunda svo sem með því að stuðla að hið opinbera hafi frumkvæði að innleiðingu á umhverfis- og gæðastjórnunarkerfum í stofnanir og fyrirtæki.

Vinnuvernd

Hagsmunir starfsmanna og vinnuverndarsjónarmið skulu ávallt höfð að leiðarljósi við skipulagningu vinnu. Starfsöryggi, líkamleg og andleg vellíðan á vinnustað, góðar vinnuaðstæður, hóflegur vinnutími

og nægt vinnuafli skipta þar mestu máli. Fyrirbyggjandi aðgerðir í vinnuverndarmálum eiga að vera í fyrirrúmi enda koma þær best í veg fyrir að óþarfa hættu eða álag í vinnu.

Tryggja verður að vinnuaðstæður fólks séu í fullu samræmi við lög og reglur. Sú ábyrgð hvílir á herðum vinnuveitenda. Virða verður reglur um hvíldartíma og öryggiskröfur. Einnig er mikilvægt að starfsfólki séu kynntar reglur um vinnuvernd og vinnuveitendur sjái til þess að farið sé eftir þeim.

Mikilvægt er að ríki og stéttarfélög átti sig á mikilvægi þess að gera fólki kleift að snúa aftur á vinnumarkaðinn. Árangur VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs hefur skilað umtalsverðum árangri í þeim efnum og ber að efla það góða starf enn frekar.

Stjórnvöld verða að átta sig á því að fjármunum sem varið er í starfsendurhæfingu skila sér margfalt til baka þegar árangurinn er sá að gera fólki kleift að taka þátt á vinnumarkaði. Hluti af þessu er að gera fólki kleift að vinna vinnu þrátt fyrir skerta starfsorku og þá er mikilvægt að bæta aðstöðu og aðgengi vinnustaða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ályktanir 43. þings BSRB

Þótt að sérstök stefna hafa verið samþykkt sendi þingið jafnframt frá sér nokkrar ályktanir. Ályktanir þingsins voru líkt og stefnan gefnar út í sérstökum bæklingi að þinginu loknu. Ályktanir þingsins má sjá í heild sinni hér á eftir.

Ályktun 43. þings BSRB um jafnréttismál

43. þing BSRB krefst þess að kynbundnum launamun verði útrýmt með auknu fjármagni og aðgerðum nú þegar. Það er algert forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar. Óútskýrður kynbundinn launamunur mælist 13% og allt að 19% innan ákveðinna landshluta.

43. þing BSRB krefst þess að sett verði af stað sérstakt átak til að uppræta kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustöðum.

43. þing BSRB krefst þess að vinnuvikan verði styttn í 36 stundir. Þannig má jafna möguleika kynjanna til að taka virkan þátt í uppeldi barna sinna og til að verja tíma með fjölskyldunni.

43. þing BSRB krefst þess að réttur foreldra til fæðingarorlofs verði lengdur samhliða því sem greiðsluþak Fæðingarorlofssjóðs verði hækkað.

Ályktun 43. þings BSRB um heilbrigðismál

43. þing BSRB lýsir miklum áhyggjum af því alvarlega ástandi sem skapast hefur í heilbrigðiskerfi landsmanna vegna niðurskurðar árum saman. Heilbrigðisþjónustan býr nú við svo þröngan kost að ekki er við unað lengur. Um langt skeið hefur ekki verið möguleiki á að sinna þeirri þjónustu sem lögum samkvæmt á að veita. Tæki og tól eru gömul og úr sér gengin og hefur ekki verið hægt að viðhalda lágmarks endurnýjun.

Heilbrigðisstarfsfólk hefur um langt skeið unnið undir gífurlegu álagi og er nú svo komið að starfsmenn þjást af streitu og streituröskun. Hefur það í för með sér alvarlega sjúkdóma sem leiða til aukins kostnaðar fyrir heilbrigðiskerfið.

43. þing BSRB krefst þess að nú þegar verði stöðugildum fjölgað og laun hækkuð í samræmi við almenna vinnumarkaðinn svo komið verði til móts við það starfsfólk sem ómannúðlegar byrðar hafa verið lagðar á í langan tíma.

43. þing BSRB lýsir áhyggjum sínum af óhóflegri gjaldtöku af sjúklingum og krefst þess að gjaldtöku verði hætt.

43. þing BSRB krefst þess að rekstur til heilbrigðisstofnana verði færður í það horf að þær risi undir þeim markmiðum sem þeim er ætlað lögum samkvæmt.

Ályktun 43. þings BSRB um verðtryggð neytendalán

43. þing BSRB haldið 10. til 12. október 2012 leggur til að vísitölubinding neytendalána, svo sem húsnæðislán heimilanna, verði afnumin í áföngum.

Þar til aðstæður í efnahagslífinu leyfa fullt afnám verðtryggingar verður að setja einhverjar hömlur eða þak til að milda áhrif verðtryggingar til hækkunar á höfuðstóli lána. Nauðsynlegt væri að koma

slíku þaki á nú þegar til að koma í veg fyrir að skuldir heimilanna haldi áfram að fara stöðugt hækkandi.

Verði haldið áfram á sömu braut munu þúsundir heimila ekki sjá fram úr skuldum sínum í náinni framtíð með alvarlegum afleiðingum fyrir þjóðfélagið allt.

Ályktun 43. þings BSRB um kjaramál

Nýleg launakönnun BSRB sýnir glögg fram á að mikill munur er á launum félagsmanna bandalagsins og þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði. Þá mælist líka talsverður munur á launum á milli landshluta og kynja. 43. þing BSRB krefst þess að þessum launamun verði tafarlaust eytt um leið og það ítrekar mikilvægi starfa í almannaþjónustunni sem er ein af grunnstoðum samfélags okkar.

Innan almannaþjónustunnar starfar fjöldi fólks sem hefur á síðustu árum þurft að taka á sig meiri byrðar auk skerðingar á starfshlutfalli og launum. BSRB krefst þess að stjórnvöld búi svo um að störf innan almannaþjónustunnar verði samkeppnisfær við önnur störf, hvort sem þau eru á innlendum eða erlendum markaði svo koma megi í veg fyrir frekari þekkingarflóttu úr landinu.

Með versnandi lífsgæðum, lakari kjörum og auknu vinnuálagi má fastlega búast við því að starfsmenn sem í dag starfa innan almannaþjónustunnar, hugsi sér til hreyfings frá Íslandi ef ekki verður breyting á þeirri launastefnu sem hið opinbera hefur rekið. BSRB krefst þess að lífsgæði og kjör þessa hóps verði tafarlaust aukin svo ekki fari verr en orðið er.

BSRB krefst þess að stjórnvöld klári nú þegar þá vinnu sem hafin var, í kjölfar „Stöðugleikasáttmálans“ sem gerður var á árinu 2009 og miðar að því að skilgreina vinnu og vinnuaðstöðu vaktavinnufólks. Um leið er þess krafist að nú þegar verði farið í vinnu er miðar að styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir og að lögfest verði að full vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks.

BSRB ítrekar kröfur 42. þings bandalagsins og krefst þess að stjórnvöld setji tafarlaust fram raunhæfar tillögur um afnám verðtryggingar.

Ályktun 43. þings BSRB um atvinnumál

Árin frá efnahagshruni hafa einkennst af niðurskurði, atvinnuleysi og skammtímalausnum en nú verður að horfa fram á veginn.

43. þing BSRB kallar þess vegna eftir framtíðarstefnu stjórnvalda í atvinnumálum sem byggja má á til næstu ára. Störf innan almannaþjónustunnar eru einn mikilvægasti hlekkurinn í atvinnulífinu sem skilar þjóðfélaginu miklum arði.

Niðurskurður á almannaþjónustu verður aldrei nema skammtímalausn á fjárhagsvanda ríkisins sem leiðir til aukins kostnaðar fyrir samfélagið allt til lengri tíma. Þess vegna er brýnt að efla almannaþjónustuna í stað þess að veikja hana.

Efling starfa innan almannaþjónustunnar á að vera hluti af framtíðarsýn stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum. Það er atvinnulífið sem knýr samfélagið og þegar of margir eru án atvinnu virkar samfélagið ekki eins og það á að gera.

Stjórnvöld þurfa að búa svo um að atvinnulífið geti náð sér aftur á skrið. Ekki verður lengur haldið áfram á braut uppsagna, niðurskurðar, samdráttar og atvinnuleysis. Mikilvægasta velferðarmálið er að allir hafi atvinnu og þar gegna ríki og sveitarfélög mikilvægu hlutverki.

Stjórnvöldum ber þess vegna skylda til að marka skýra stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar til framtíðar.

Ályktun 43. þings BSRB um lífeyrismál

Stjórnvöld hafa lengi verið full meðvituð um þá stöðu sem lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna standa frammi fyrir og þá ábyrgð sem hvílir á herðum stjórnvalda vegna skuldbindinga þeirra. Þrátt fyrir það hefur ekkert verið aðhafst í málum lífeyrissjóðanna með þeim afleiðingum að vandi þeirra hefur aukist til muna.

BSRB krefst þess:

- Að ríkissjóður og sveitarfélög hefji án tafar að greiða inn á skuldbindingar sínar við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og leggi fyrir greiðsluáætlun fyrir þinglok vorið 2013
- Að ríkissjóður hækki iðgjaldagreiðslur sínar til A-deildar LSR eins og lög mæla fyrir um
- Að endurskoðun á samspili lífeyris og almannatrygginga fari fram án tafar
- Að nú þegar verði dregið úr tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna

Ályktun 43. þings BSRB um umhverfismál

Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Víða hafa opinberir aðilar staðið vel að vitundarvakningu í umhverfismálum og halda verður því starfi áfram og gera enn betur í framtíðinni.

Hið opinbera á að hafa frumkvæði að innleiðingu á umhverfis- og gæðastjórnunarkerfum í stofnanir og fyrirtæki. Þannig geta ríki og sveitarfélög stutt við og unnið frekar í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, vistvænnar hugsunar og stuðlað þannig að efnahagslegri, félagslegri og vistfræðilegri velferð.

Efla verður rannsóknir á sviði umhverfis- og auðlindamála auk rannsókna á þróun sjálfbærra nýtingaraðferða. Virk þátttaka einstaklinga, stofnana og fyrirtækja er mjög mikilvæg til að árangur náist í umhverfismálum. Aðeins með þátttöku fólksins sjálfs er hægt að tryggja rétt borgaranna til að búa í heilsusamlegum umhverfi. BSRB hvetur forsvarsmenn aðildarfélaga sinna og alla félagsmenn til að tileinka sér vistvæna hugsun í leik og starfi og vera öðrum gott fordæmi þegar kemur að umhverfisvitund.

43. þing BSRB krefst þess að lokið verði við gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða fyrir þinglok vorið 2013. Verndar- og orkunýtingaráætlunin á að leggja mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða með tilliti til efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra áhrifa.

Unnið hefur verið að rammaáætluninni í langan tíma og mikilvægt er að Alþingi taki afstöðu til hennar sem fyrst svo að öllum verði ljós framtíðarsýn Íslands í verndunar- og virkjanamálum. Rammaáætlunina verður að klára á faglegum grundvelli en ekki pólitískum og aðeins þannig má ná almenri sátt í þjóðfélaginu um verndunar- og virkjanamál.

Ályktun 43. þings BSRB um almannaþjónustu

Eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda er að tryggja jafnan aðgang allra að almannaðjónustunni og sporna við því að hlutir sem eiga að vera sjálfssagðir í okkar samfélagi séu ekki bara fyrir suma heldur alla.

Stefnt skal að því að þjónusta hins opinbera vegna heilbrigðisþjónustu og lyfjakaupa verði án gjaldtöku. Að öðrum kosti er jöfnuður fólks í reynd ekki lengur til staðar.

Almannaðjónusta er undirstaða samfélagsins. Það er grundvallaratriði að allir hafi jafnan og öruggan aðgang að almannaðjónustunni óháð efnahag og búsetu. Aukin kostnaðarþátttaka almennings fyrir almannaðjónustu er þróun sem verður að snúa við.

Gjöld fyrir þjónustu hins opinbera leggjast mjög misjafnlega á fólk eftir efnum og aðstæðum. 43. þing BSRB vill að stjórnvöld setji fram skýra stefnu um gjaldtöku í velferðarþjónustunni og hvenær réttlætanlegt er að innheimta sérstakt gjald. Ef ekki liggur fyrir skýr stefna í er hætt við að ný gjöld verði í sífellu tekin upp og önnur hækkuð enn frekar.

Lög BSRB eftir 43. þing

Fyrir 43. þingi BSRB lágu nokkrar tillögur að lagabreytingum sem voru til umræðu á þinginu. Fáar breytinganna gengu í gegn en þó var m.a. samþykkt að búa til sérstaka fimm manna framkvæmdastjórn bandalagsins sem kæmi í stað áðurnefndrar framkvæmdanefndar. Þá voru samþykktar breytingar varðandi aðalfundi BSRB þar sem dagsetning fundanna var færð frá hausti hvers árs yfir á vorið.

Lög BSRB eftir 43. þing bandalagsins má sjá í heild sinni hér að neðan.

I. KAFLI

Nafn og hlutverk

1. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, BSRB, er bandalag stéttarféлага starfsmanna í almannaþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum markaði og annarra aðila sem rétt eiga til aðildar að bandalaginu samkvæmt lögum þessum.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk bandalagsins er:

1. Að styðja og efla aðildarfélögin í því að skapa gagnkvæman skilning og samstöðu þeirra í baráttu fyrir stéttarlegum, félagslegum og menningarlegum hagsmunum,
2. að fara með fyrirsvar starfsmanna í almannaðjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum markaði í sameiginlegum hagsmunamálum,
3. að vinna að auknu jafnrétti,
4. að vinna að auknum mannréttindum,
5. að styrkja réttarstöðu félagsmanna,
6. að vinna að bættu samfélagi,
7. að tryggja félagafrelsi og fullan og óskoraðan samningsrétt,
8. að vinna að auknum skilningi á þýðingu starfa í almannaðjónustu,
9. að vinna að aukinni fræðslu-, upplýsinga- og menningarstarfsemi,
10. að hafa samstarf við önnur samtök launafólks innanlands og utan.

II. KAFLI

Aðild að bandalaginu

3. gr.

Aðild að BSRB geta átt:

1. Öll sambönd og/eða félög starfsmanna sem rétt hafa eða hafa haft til að gera kjarasamning skv. lögum nr. 94/1986.
2. Sambönd eða félög starfsmanna fyrirtækja eða stofnana sem starfa í almannaðjónustu.

4. gr.

Félög þau eða sambönd félaga sem óska aðildar að bandalaginu skulu skipulögð á lýðræðisgrundvelli og lög þeirra mega ekki brjóta í bága við lög þessi eða grundvallaratriði í samþykktum bandalagsins. Félög eða sambönd sem óska inntöku á grundvelli 1. tölul. 3. gr. skulu á sannanlegan hátt uppfylla þá tölu um fullgilda félagsmenn sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 94/1986. Jafnframt uppfylla félögin ákveðin skilyrði um þjónustu til félagsmanna samkvæmt reglugerð sem aðalfundur setur. Í reglugerðinni skulu sett viðmið um þjónustu félaga varðandi skrifstofuhald, sjálfstæði þeirra við kjarasamningsgerð og aðra þjónustupætti sem við á.

Umsókn um aðild skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a) Eintak af lögum félagsins.
- b) Félagsmannatal þar sem tilgreint er fullt nafn, kennitala, heimilisfang og vinnustaður hvers félagsmanns.
- c) Nöfn stjórnar- og varastjórnarmanna, svo og þær upplýsingar aðrar sem stjórn BSRB óskar eftir.
- d) Stjórn BSRB tekur ákvörðun um inntöku félaga en leita skal staðfestingar næsta bandalagsþings. Stjórn BSRB tekur endanlega ákvörðun um inntöku einstaklinga.

5. gr.

Þyki sannað að aðildarfélag hafi framið alvarlegt brot á lögum þessum eða vísvitandi valdið bandalaginu tjóni á annan hátt getur aðalfundur vikið viðkomandi félagi úr bandalaginu en til þess þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing BSRB til fullnaðarákvörðunar. Til að staðfesta brottvikningu þarf 2/3 greiddra atkvæða.

6. gr.

Aðila sem vikið hefur verið úr BSRB má taka inn að nýju enda sé þá fullnægt þeim skilyrðum sem stjórn þess eða fulltrúaðingur telur nauðsyn að setja hverju sinni.

7. gr.

Tillaga um úrsögn úr BSRB skal rædd á lögsmætum aðalfundi félags eða fulltrúaðingi landssambands og hennar getið í fundarboði.

Gera skal bandalagsstjórn viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara og skal fulltrúi bandalagsstjórnar ávallt sitja fundi eða fulltrúaðing bandalagsfélaga þegar fjallað er um úrsögn úr bandalaginu.

Úrsagnartillaga skal afgreidd með allsherjaratkvæðagreiðslu, þó ekki fyrr en 4 vikum eftir aðalfund eða fulltrúafund. Samþykki a.m.k. 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi eða fulltrúaðingi þarf til þess að tillagan gangi áfram til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Úrsögn telst samþykkt ef a.m.k. helmingur félagsmanna er henni fylgjandi eða 2/3 hlutar þeirra sem þátt taka í allsherjaratkvæðagreiðslunni. Félagi telst hafa tekið þátt í allsherjaratkvæðagreiðslum er hann skilar kjörseðli.

Yfirkjörstjórn BSRB sér um atkvæðagreiðslu um úrsögn, sbr. 35. grein.

Úrsögn tekur gildi frá lokum þess árs er hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag skattskyld fyrir það ár. Félag sem segir sig úr BSRB á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna bandalagsins.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bandalagsfélaga

8. gr.

Eftir nánari ákvörðun í lögum bandalagsfélaga skulu þau opin opinberum starfsmönnum sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu stofnana þeirra eða í starfsgrein þeirri sem félagið nær til.

Heimilt er aðildarfélögum að taka inn sem fullgilda félagsmenn þá starfsmenn á viðkomandi félagssviði sem taka laun hjá fyrirtækjum eða stofnunum sem starfa í almannabágu.

Aðildarfélögum er heimilt að leyfa félagsmönnum sínum áframhaldandi félagsaðild þótt þeir láti af störfum eða missi atvinnu sína.

Starfsmenn er láta af störfum um stundarsakir vegna náms, er varðar störf þeirra, glata ekki félagsréttindum sínum meðan á námi stendur.

Félagsmaður sem ráðinn er til starfa hjá bandalaginu eða félagi innan þess heldur fullum réttindum í félagi sínu meðan hann gegnir slíku starfi.

Flytjist félagsbundinn starfsmaður milli félaga vegna breytinga í starfi öðlast hann sjálfkrafa rétt til yfirfærslu í viðkomandi bandalagsfélag enda sé hann með fullum réttindum í því félagi er hann flyst úr.

9. gr.

Aðildarfélög geta stofnað sérdeildir lífeyrisþega og/eða eftirlifandi maka þeirra. Heimilt er að stofna félög þeirra lífeyrisþega og/eða eftirlifandi maka sem verið hafa innan BSRB en eru ekki sérdeild aðildarfélags.

Deildir lífeyrisþega samkvæmt 1. mgr. myndi með sér samband lífeyrisþega sem njóti réttinda skv. þessari grein. Formaður Sambands lífeyrisþega eða staðgengill hans sitji í stjórn BSRB með málfrelsi og tillögurétti.

10. gr.

Enginn getur átt atkvæðisrétt eða kjörgengi til trúnaðarstarfa samkv. lögum þessum nema í einu bandalagsfélagi.

Starfi maður samkvæmt kjarasamningum fleiri en eins stéttarfélags sem á aðild að BSRB skal hann gagnvart BSRB einungis teljast félagsmaður þess stéttarfélags sem samið hefur um stærstan hluta starfs hans.

Ef mörkin eru óljós eða starfið skiptist að jöfnu milli tveggja kjarasamninga ákveður starfsmaður sjálfur í hvoru stéttarfélaginu hann teljast félagsmaður gagnvart BSRB.

11. gr.

Óski félagsmaður að leita réttar síns með aðstoð samtakanna skal hann leita til síns bandalagsfélags. Verði óskað aðstoðar BSRB skal jafnan fylgja slíkri málaleitan greinargerð viðkomandi félags um beiðni þess ásamt gögnum málsins.

12. gr.

Hvert félag hefur fullt frelsi um mál sín, þó svo að eigi fari í bága við lög BSRB eða samþykktir þings BSRB.

13. gr.

Ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma í félagi og varða bandalagið, má skjóta til stjórnar þess. Úrskurður hennar skuldbindur aðila en áfrýja má honum til aðalfundar.

Sama gildir um ágreiningsmál er rísa kunna milli bandalagsfélaga og þeim tekst ekki að jafna.

14. gr.

Bandalagið skal halda skrá yfir félagsmenn aðildarfélaga sinna og stjórnir þeirra í samráði við félögin og með aðstoð þeirra.

15. gr.

Bandalagsfélög skulu að loknum aðalfundi sínum eða þingi senda skrifstofu bandalagsins árlega:

- a) Skýrslu stjórnar og reikninga,
- b) Ályktanir og samþykktir um kjaramál og önnur stéttarmálefni,
- c) Uppfært félagatal og upplýsingar um nýkjörna stjórnar- og nefndarmenn félags þar sem tilgreind skulu vera kynjahlutföll.

Blöð og tímarit er aðildarfélög eða deildir þeirra gefa út skulu send skrifstofu BSRB.

Aðildarfélög skulu senda skrifstofu BSRB afrit kjarasamninga, er þau gera, þegar eftir undirskrift þeirra.

Nái aðildarfélag samningi, falli dómur eða úrskurðað er í máli sem félag hefur verið aðili að um málefni sem gæti varðað BSRB skal afrit þess eða upplýsingar þar um einnig sendar skrifstofu BSRB.

Óski bandalagið upplýsinga eða umsagnar bandalagsfélags varðandi eitthvert stéttarmálefni ber því skylda til að láta í té svar sitt svo fljótt sem verða má.

Á sama hátt er bandalagsstjórn skylt að veita bandalagsfélögum upplýsingar um stéttarmál ef óskað er.

16. gr.

Ef stjórn bandalagsins, eða þing telja nauðsyn bera til að leita allsherjarkvæðagreiðslu í bandalagsfélögum, skal hún snúa sér til hlutaðeigandi félagsstjórnar sem þá er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram.

Kjörskrá við allsherjarkvæðagreiðslu skal vera skrá BSRB yfir félagi í aðildarfélögum þess.

IV. KAFLI

Fulltrúakjör

17. gr.

Aðildarfélögin hafa rétt og skyldur til að kjósa fulltrúa úr hópi fullgildra féлага sinna til setu á bandalagsþingum eftir þessum reglum.

Fyrir félagatölu upp að 50, einn fulltrúa, og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 100 félagsmenn þar yfir eða brot úr þeirri tölu.

Kjósa skal jafnmarga til vara. Tala fulltrúa miðast við félagatölu eins og hún reynist 1. janúar það ár sem halda skal aðalþing bandalagsins. Heimilt er þó að víkja frá þessari dagsetningu við sérstakar aðstæður. Kjörtímabil fulltrúa er þrjú ár, þ.e. milli aðalþinga nema annað sé ákveðið í lögum viðkomandi aðildarfélags.

Þrjú fulltrúar frá Sambandi lífeyrisþega ríkis og bæja (SLRB) eiga rétt til setu á þinginu með fullum réttindum.

Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhent í skrifstofu bandalagsins a.m.k. sex vikum áður en þing á að hefjast.

V. KAFLI

Bandalagsþing

18. gr.

Þing BSRB fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins.

Þing BSRB er lögmætt ef það er löglega boðað.

Þingfundur er lögmætur þegar fullur helmingur þingfulltrúa er á fundi. Stjórn BSRB og starfsmenn bandalagsins eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hafa þeir ekki nema þeir séu kjörnir fulltrúar.

19. gr.

Aðalþing skal halda þriðja hvert ár og eigi síðar en í októbermánuði.

Stjórn bandalagsins skal kalla saman aukþing þegar henni þykir nauðsyn, eða ef meirihluti aðildarféлага eða félög sem telja meirihluta félagsmanna í bandalaginu krefjast þess skriflega.

20. gr.

Þing BSRB skal boða með tveggja mánaða fyrirvara bréflaga. Aukþing má boða með styttri fyrirvara þó aldrei skemmri en þrjár vikur.

21. gr.

Skýrslu stjórnar BSRB, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem stjórnin eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing, svo og dagskrá, skal senda félögum eigi síðar en þrem vikum fyrir þing. Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar fram á þinginu og fjalla skal um þær í þeirri þingnefnd sem málið tilheyrir.

22. gr.

Mánuði fyrir þingbyrjun skal stjórn bandalagsins skipa:

- a) Þrjá menn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila álitum á fyrsta þingfundi,
- b) sjö menn úr hópi kjörinna þingfulltrúa utan stjórnar bandalagsins í nefndanefnd er geri tillögu um fulltrúa í þingnefndir sem verði lagðar fram til afgreiðslu á fyrsta þingfundi.

23. gr.

Dagskrá reglulegs bandalagsþings skal vera:

1. Þingsetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til úrskurðar.
4. Kosning starfsmanna þingsins: a) forseta og tveggja varaforseta, b) tveggja þingritara og tveggja til vara, c) kosning þingnefnda skv. 22. gr. b-lið.
5. Lögð fram skýrsla stjórnar.
6. Lagabreytingar.
7. Tillögur, sem borist hafa, teknar til umræðu og vísað til nefnda.
8. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
9. Önnur mál.
10. Kjör formanns BSRB, varaformanna, gjaldkera og ritara.

Þingið ákveður dagskrá að öðru leyti.

24. gr.

Þingfundum skal stjórnað samkvæmt þingsköpum BSRB.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

VI. KAFLI

Fjármál

25. gr.

Á aðalfundi BSRB sem halda skal fyrir 1. júní ár hvert, leggur stjórn bandalagsins fram fjárhagsáætlun aðalsjóðs fyrir komandi starfsár.

26. gr.

Hvert aðildarfélag greiði í gjald til bandalagsins ákveðinn hundraðshluta af föstum launum félagsmanna sinna, sbr. 4. tölul. 3. mgr. 32. gr., sem aðild eiga að bandalaginu. Heimilt er bandalagsstjórn í umboði félags að innheimta gjald þetta hjá launagreiðendum.

27. gr.

Innheimta félagsgjalda fari fram með rafrænum hætti í gegnum bókuar- og innheimtumiðstöð BSRB (BIBS).

28. gr.

Kostnaður við þinghald, aðalfundi og fundi stjórnar og aðra fundi sem boðað er til af stjórn BSRB greiðist af bandalaginu, þar með talinn ferðakostnaður fulltrúa búsettra utan þingstaðar og nágreinnis. Stjórn BSRB hefur ákvörðunarvald um hvað telst til kostnaðar.

VII. KAFLI

Stjórn bandalagsins

29. gr.

Stjórn BSRB er skipuð formönnum aðildarfélaga BSRB hverju sinni eða staðgenglum þeirra, formanni BSRB, varaformönnum, gjaldkera og ritara sem kosnir skulu á reglulegu þingi BSRB. Kjósa skal formann, 1. og 2. varaformann, gjaldkera og ritara hvern fyrir sig. Þeir myndi framkvæmdastjórn sem starfi í umboði stjórnar með öðrum þeim sem aðalfundur ákveður hverju sinni að skipi nefndina. Hún framkvæmi vilja stjórnar og hafi umsjón með starfi og rekstri bandalagsins milli stjórnarfunda.

Enginn er löglega kosinn nema hann fái helming greiddra atkvæða. Sé formaður, varaformenn, gjaldkeri og ritari kosnir úr hópi formanna gefur það félagi þeirra ekki rétt til að tilnefna fulltrúa í þeirra stað í stjórn. Kjörgengir eru allir fullgildir félagar í BSRB.

Ef formaður eða varaformaður lætur af störfum á kjörtímabilinu kýs stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi.

30. gr.

Stjórn bandalagsins hefur æðsta vald í málefnum þess milli bandalagsþinga og ber hverju aðildarfélagi að hlíta fyrir mælum hennar en rétt hefur hvert og eitt félag að skjóta ágreiningsmálum sínum við stjórn bandalagsins til þings BSRB, sem þá fellir fullnaðarúrskurð í málinu.

Stjórnin skal haga störfum sínum í samræmi við lög bandalagsins og samþykktir þinga þess og aðalfunda.

Verkefni stjórnar eru m.a. að:

1. Ráða starfsmenn bandalagsins, ákveða starfssvið þeirra og semja um laun og önnur starfskjör,
 2. gæta sjóða og eigna bandalagsins í samræmi við fyrirmæli laga, fjárhagsáætlunar og reglugerða,
 3. koma fram út á við sem málsvari bandalagsins, þar á meðal velja fulltrúa til setu í opinberum nefndum og í önnur trúnaðarstörf samkv. lögum eða öðrum fyrirmælum,
 4. velja fulltrúa á ráðstefnur, þing eða aðra fundi sem BSRB á aðild að,
 5. sjá um útgáfu málgagns og fréttatilkynninga, skipuleggja námskeið fyrir trúnaðarmenn og starfsmenn bandalagsfélaga og aðra fræðslu- og menningarstarfsemi,
 6. gefa árlega út skýrslu um starfsemi BSRB og senda aðildarfélögum fréttir af starfi sínu.
- Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum.

31. gr.

Formaður hefur yfirumsjón með starfssemi bandalagsins, boðar stjórnarfundi og gegnir öðrum venjulegum formannsstörfum.

Heimilt er formanni með samþykki stjórnar að fela varaformönnum að fara með einhvern hluta af störfum sínum.

Fyrsti varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum og undirritar þær með formanni. Heimilt er að fela starfsmanni utan stjórnar að rita fundargerðir.

Gjaldkeri sér um fjárreiður bandalagsins og varðveislu sjóða. Hann hefur umsjón með gerð ársreikninga og skilum á þeim til skoðunarmanna og löggilts endurskoðanda. Reikningar skulu afgreiddir á aðalfundi BSRB.

Stjórnarfundi skal kalla saman að minnsta kosti ársfjórðungslega og svo oft sem þurfa þykir. Ennfremur ef 1/3 stjórnarmanna æskja þess. Dagskrár sé getið með fundarboðum. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnar er á fundi.

32. gr.

Aðalfundur BSRB skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Heimilt er að boða til aukafundar ef þörf krefur. Aðalfundur skal boða með þriggja vikna fyrirvara. Aukafundur má boða með skemmri fyrirvara. Stjóri stjórnarmanna hann sem fulltrúar fyrir fyrstu 400 félagsmenn bandalagsfélags en félögin kjósi viðbótarfulltrúa fyrir hverja 400 félagsmenn bandalagsfélags þar fram yfir eða brot úr þeirri tölu.

Starfsmenn BSRB hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar á aðalfundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Yfirlit yfir starf síðasta árs m.t.t. til samþykkrar framkvæmdaáætlunar.
2. Ársreikningar lagðir fram til umræðu og bornir upp til samþykktar.

3. Kosning skoðunarmanna reikninga og löggiltan endurskoðanda.
4. Ákvörðun aðildargjalds (félagsgjalds).
5. Framkvæmdaáætlun næsta árs lögð fram til umræðu og borin upp til samþykktar.
6. Tillögur um breytingar á reglugerð um gæðaviðmið skv. 4. gr. laga þessara lagðar fram til umræðu og bornar upp til samþykktar.
7. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram og borin upp til samþykktar.
8. Kosning í framkvæmdastjórn ef slíkt er nauðsynlegt sökum þess að kjörnir fulltrúar hafa látið af störfum.
9. Sérstök mál:
 - a. Mál sem stjórn BSRB vill leggja fyrir aðalfund.
 - b. Sérstök erindi sem borist hafa frá aðildarfélögum enda hafi þau borist stjórn BSRB með viku fyrirvara svo unnt sé að senda þau út til kynningar.
10. Önnur mál.

Kjörgengir eru allir félagsmenn í aðildarfélögum BSRB, það á þó ekki við um kjör á löggiltum endurskoðanda.

VIII. KAFLI

Endurskoðun ársreikninga

33. gr.

Aðalfundur BSRB kýs tvo skoðunarmenn og tvo til vara. Skoðunarmenn hafa eftirlit með fjárreiðum bandalagsins milli aðalfunda og gera þær kannanir á bókhaldi sem þeir telja ástæðu til. Skýrslu um störf sín skulu þeir skila formanni stjórnar.

Endurskoðun ársreikninga skal lokið fyrir aðalfund ár hvert.

Ef endurskoðun leiðir í ljós að verulegir gallar eru á bókhaldi eða eignavörslu skal tafarlaust gefa bandalagsstjórn skýrslu þar um og ber henni þá þegar að gera viðeigandi ráðstafanir.

IX. KAFLI

Ákvæði vegna laga um kjarasamninga

34. gr.

Stjórn BSRB skal stuðla að því að myndaður verði vettvangur fyrir samstarf bandalagsfélaga við undirbúning og gerð kjarasamninga komi fram óskir um það.

X. KAFLI

Yfirkjörstjórn

35. gr.

Þriggja manna yfirkjörstjórn og jafnmargir til vara skal skipuð af stjórn eftir hvert aðalþing. Skal hún hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd atkvæðagreiðslu sem fram fer á vegum bandalagsins og ákveða fyrirkomulag hennar.

Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá sem gerð er eftir félagatali bandalagsins með breytingum samkvæmt upplýsingum stjórnar bandalagsfélaganna.

Yfirkjörstjórn ákveður hverju sinni meðferð kjörgagna og fyrirkomulag á talningu atkvæða.

XI. KAFLI

Lagabreytingar

36. gr.

Lögum bandalagsins má aðeins breyta á aðalþingi. Skulu hafðar tvær umræður um lagabreytingar og telst breyting ekki samþykkt nema 2/3 atkvæða á þingfundi samþykki hana.

Tillögur til lagabreytinga skal senda félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing, sbr. 21. gr.

37. gr.

Þetta eru lög BSRB eftir breytingar á 43. þingi 10. – 12. október 2012. Samþykkt 12. október 2012. Lögin öðlast gildi 1. janúar 2013. Þeir sem átt hafa einstaklingsaðild að BSRB við gildistöku laga þessara geta haldið henni kjósi þeir svo, þar til þeir láta af störfum.

Þingsköp BSRB

I. Þingsetning o.fl.

1. gr.

Formaður bandalagsins setur þing og stjórnar fundi þar til kosning þingforseta hefur farið fram.

2. gr.

Þegar að þingsetningu lokinni skilar kjörbréfanefnd (sbr. 22.gr. laga BSRB) álit sínu. Framsögumaður hennar stjórnar nafnakalli er fer fram áður en formaður leitar atkvæða um kjörbréf. Þegar að lokinni samþykkt kjörbréfa fer fram kosning þingforseta.

Tekur hann þegar við störfum og lætur fram fara kosningu 1. og 2. varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara. Dagskrárnefnd er skipuð þingforsetum.

II. Verksvið forseta og umræður

3. gr.

Forseti stjórnar fundum. Vilji hann taka þátt í umræðum skal hann láta varaforseta taka við fundarstjórn á meðan. Rísi ágreiningur um þingsköp úrskurðar forseti.

4. gr.

Forseti skal gefa mönnum orðið í sömu röð og þeir hafa kvatt sér hljóðs. Ef fleiri en einn kveðja sér hljóðs samtímis úrskurðar forseti í hvaða röð þeir skulu taka til máls. Ræður skal flytja úr ræðustóli.

5. gr.

Engir aðrir en framsögumenn meiri- og minnihluta mega taka oftari en tvisvar til máls við sömu umræðu. Forseta er leyfilegt að takmarka ræðutíma með samþykki þingfundar.

6. gr.

Forseti gætir góðrar reglu á fundum.

Ef ræðumaður heldur sér ekki við umræðuefnið eða viðhefur ótilhlýðileg orð varðar það áminningu frá forseta sem þá hefur vald til að taka orðið af ræðumanninum.

7. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað né skrifað mál annað en nefndarálit og tillögur.

III. Tillögur og atkvæðagreiðsla

8. gr.

Allar tillögur skal gera skriflega og afhenda forseta. Bera skal þær undir atkvæði í sömu röð og þær hafa verið lagðar fram, sbr. þó 12. gr. Séu fleiri en ein tillaga í sama máli skal þó fyrst bera upp þá tillöguna sem lengst gengur.

9. gr.

Breytingartillögur skal bera upp á undan aðaltillögu. Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu má ekki taka til greina.

10. gr.

Breytingartillögur um að fella úr, bæta í eða auka við tillögu skal bera upp þannig að lesa fyrst upp aðaltillögu óbreytta, því næst breytingarnar og loks aðaltillöguna eins og hún yrði með breytingunum.

11. gr.

Forseti hefur heimild til að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.

12. gr.

Forgangstillögur eru í þessari röð:

1. Tillaga um að ganga til atkvæða.
2. Tillaga um að vísa máli frá.
3. Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá.
4. Tillaga um að fresta máli.
5. Tillaga um að vísa máli til annars valds.
6. Tillögur undir 1. tölul. má ekki ræða.

13. gr.

Tillögu sem hefur verið felld má ekki bera upp aftur á sama þingfundi. Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða má þó taka málið upp á ný síðar á þinginu.

14. gr.

Heimilt er tillögumanni að taka aftur tillögu á hvaða stigi máls sem er en öðrum fulltrúum er heimilt að taka hana upp á ný.

15. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Skrifleg atkvæðagreiðsla eða nafnakall fer fram ef 1/10 fundarmanna samþykkir það.

IV. Kosningar

16. gr.

Á hverju aðalþingi er skylt að kjósa eftirtaldar nefndir:

1. Starfskjaranefnd.
2. Allsherjarnefnd.
3. Kjörnefnd.
4. Aðrar nefndir samkvæmt ákvörðun þingsins. Stjórn BSRB gerir tillögu að fjölda fulltrúa í nefndum þingsins.

Tillögur nefndanefndar og kjörnefndar svipta ekki einstaka fundarmenn tillögurétti um menn í nefndir eða stjórn.

Kosning nefnda er bundin við tilnefningu og fer fram skriflega nema eigi séu fleiri tilnefndir en kjósa á en þá eru nefndarmenn sjálfkjörnir.

Auk kjörinna nefndarmanna hafa allir þingfulltrúar rétt til að koma á fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétti. Einstakar nefndir geta þó ákveðið lokaða fundi.

17. gr.

Sá sem fær flest atkvæði í nefnd eða er fyrst tilnefndur, ef nefnd er sjálfkjörin, kveður nefndina saman til fyrsta fundar og stjórnar þar kosningu formanns. Síðan fer fram kosning ritara og framsögumanns.

18. gr.

Þegar kosning er bundin má ekki kjósa aðra en þá sem tilnefndir hafa verið.

Ef meirihluta greiddra atkvæða þarf til að ná kosningu og það atkvæðamagn næst ekki í fyrstu umferð skal kosið að nýju um þá sem ekki náðu kosningu. Verði kosningu þá ekki heldur lokið skal kjósa um þá sem flest atkvæði fengu en ekki náðu kosningu í annarri umferð þannig að tveir séu í kjöri um hvert sæti.

Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti úrslitum.

19. gr.

Atkvæðaseðill er ógildur ef á honum eru nöfn manna sem ekki eru í kjöri, eða ef ekki eru greidd atkvæði jafnmörgum mönnum og kjósa á.

Auður seðill telst til greiddra atkvæða.

20. gr.

Kosning formanns, 1. og 2. varaformanns, gjaldkera og ritara fer fram samkv. 29. gr. laga BSRB.

V. Breyting þingskapa

21. gr.

Þingsköpum þessum má breyta á reglulegu þingi BSRB með 2/3 greiddra atkvæða.

Samþykkt 12. október 2012 á 43. þingi BSRB.

Starf BSRB

Framkvæmdastjórn BSRB

Sú lagabreyting tók gildi að loknu 43. þingi BSRB að framkvæmdanefnd BSRB heitir nú framkvæmdastjórn BSRB en eftir sem áður eiga fjórir aðilar þar sæti auk formanns BSRB. Ný framkvæmastjórn BSRB var kjörin á 43. þingi BSRB eins og lög bandalagsins gera ráð fyrir og greint var frá í kaflanum um 43. þing BSRB.

Elín Björg Jónsdóttir var endurkjörin formaður BSRS með rúmlega 90% atkvæða. Þá var Árni Stefán Jónsson, SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu endurkjörinn 1. varaformaður, Garðar Hilmarsson, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar var endurkjörinn 2. varaformaður, Kristín Á Guðmundsdóttir, Sjúkraliðafélagi Íslands var endurkjörin ritari og Snorri Magnússon, Landsambandi lögreglumanna var kjörinn gjaldkeri.

Snorri kom nýr inn í embætti í stað Þuríðar Einarsdóttur, formanns Póstmannafélagsins sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi starfa. Þessir aðilar mynduðu framkvæmdastjórn BSRB 2012-2015.

Framkvæmdastjórn BSRB fundaði alls 17 sinnum á fyrsta ári sínu sem þó var í styttra lagi vegna lagabreytinga sem færðu aðalfund bandalagsins frá hausti og fram í maí. Starfsárið var því frá 12. október 2012 og fram til aðalfundar þann 24. maí 2013. Á öðru starfsári sínu fundaði framkvæmdastjórnin 31 sinni og á því þriðja einnig 31 sinnum. Frá síðasta aðalfundi BSRB þann 8. maí 2015 hefur framkvæmdastjórnin fundað 16 sinnum.

Samtals hefur framkvæmdastjórn BSRB því fundað 95 sinnum á kjörtímabilinu.



Stjórn BSRB

Arna Jakobína Björnsdóttir, Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu, Árbjörn Magnússon, Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Árni Egilsson, Starfsmannafélag Skagafjarðar, Ársæll Ársælsson, Tollvarðafélags Íslands, Ásbjörn Sigurðsson, Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Elín Brimdís Einarsdóttir, SLRB-Samband lífeyrisþegaríkis og bæja, Guðbjörn Arngrímsson, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Gunnar Magnússon, Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins, Gylfi Guðmundsson, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Helga Hafsteinsdóttir, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, Starfsmannafélag Kópavogs, Karl Rúnar

Pórrsson, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Kristinn Ívarsson, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Kristján Jóhannsson, Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Ottó Eiríksson, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, Stefán Stefánsson, Starfsmannafélag Húsavíkurkaupstaðar, Sverrir Björn Björnsson, Landssamband slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna, Unnur Sigmarsdóttir, Starfsmannafélag Vestmannaeyja, Vala Dröfn Hauksdóttir, Starfsmannafélag Garðabæjar, Þórveig Þormóðsdóttir, Félag starfsmanna stjórnarráðsins og Þuríður Einarsdóttir, Póstmannafélag Íslands.

Ragnar Örn Pétursson, formaður Starfsmannafélags Suðurnesja, lét svo af embætti í maí 2013 og í hans stað var Stefán B. Ólafsson kjörinn formaður og tók um leið sæti Ragnars í stjórn BSRB.

Formaður Starfsmannafélags Seltjarnarness, Ingunn H. Þorláksdóttir, gekk svo úr stjórn BSRB samhliða því að Starfsmannafélag Seltjarnarness sameinaðist Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. En nánar er fjallað um þá sameiningu á öðrum stað í skýrslunni, á bls. 59.

Formaður Starfsmannafélags Skagafjarðar, Árni Egilsson, gekk svo úr stjórn BSRB samhliða því að Starfsmannafélag Skagafjarðar sameinaðist Kili-stéttarfélags í almannapjónustu snemma árs 2014. En nánar er fjallað um þá sameiningu á öðrum stað í skýrslunni.

Kristinn Ívarsson lét af embætti sem formaður Starfsmannafélags Fjarðabyggðar um mitt ár 2013 og við starfi hans tók Jón Guðmundsson sem jafnframt tók þá sæti í stjórn BSRB.

Árbjörn Magnússon lét á aðalfundi Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi í maí 2014 af embætti formanns en í stað hans var Ragnar Sigurðsson kjörinn formaður. Hann tók jafnframt sæti í stjórn BSRB frá og með miðjum maí 2014.

Vala Dröfn Hauksdóttir, formaður Starfsmannafélags Garðabæjar, lét af störfum um mitt ár 2014 og við starfi hennar tók Kristján Hilmarsson sem jafnframt tók sæti í stjórn BSRB.

Formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, Ottó Eiríksson, lét af störfum í mars 2015. Við starfi hans tók Sigurjón Jónasson og tók hann jafnframt sæti í stjórn BSRB.

Á aðalfundi Póstmannafélags Íslands sem fór fram í lok mars árið 2015 var nýr formaður félagsins kosinn. Þuríður Einarsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa og var Halla Reynisdóttir kosin formaður PFÍ í hennar stað. Halla mun jafnframt taka sæti Þuríðar í stjórn BSRB.

Frá 43. þingi BSRB og fram til aðalfundar 2013 fundaði stjórn BSRB alls fjórum sinnum auk þess sem sérstakur vinnufundur stjórnar fór fram í Kríunesi í byrjun febrúar 2013. Á öðru starfsári stjórnar BSRB kom stjórnin saman til fundar alls sex sinnum auk þess sem sérstakur tveggja daga vinnufundur stjórnar fór fram á Egilsstöðum í september 2013. Frá aðalfundi BSRB 2014 og fram til aðalfundar 2015 fundaði stjórn BSRB fimm sinnum þar af var einn sérstakur tveggja daga vinnufundur stjórnar sem fór fram á Akureyri í október 2014. Frá aðalfundi 2015 og fram til 44. þings BSRB hefur stjórnin fundað 3 sinnum. Alls hefur stjórn BSRB því fundað 23 sinnum á kjörtímabilinu.

Vinnufundur í Kríunesi

Stjórn BSRB kom saman til sérstaks vinnufundar þann 7. febrúar 2013 í Kríunesi. Þar fjallaði Gylfi Dalmann Aðalsteinsson um það hvernig BSRB getur orðið framúrskarandi í augum aðildarfélaganna sinna, í augum samfélagsins og í augum félagsmanna. Stjórn BSRB var skipt upp í nokkra vinnuhópa sem ræddu málið sín á milli og komust að sameiginlegri niðurstöðu. Því næst kaus hver og einn einstaklingur úr niðurstöðum hópanna og þannig var forgangsraðað um hvað mestu skipti.

Á fundinn kom einnig Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur og hélt erindi um liðsheild. Fjallað var um hópavinnu og möguleg áhrif sem slík vinna kann að hafa á sérhlífni hópmeðlima. Hafrún fjallaði einnig um hver skilgreiningin á liði væri og svo í kjölfarið hvað einkennir sterka liðsheild. Fundarmenn gerðu verkefni og hvatt var til umræðu hvernig bæta mætti liðsheildina.

Meðal þess fólks varð vísari við vinnuna með Hafrúnu var að eftir því sem fleiri vinna saman í hóp því meiri verður sérhlífni einstaklinganna sem mynda hópinn. Hafrún benti á að allar rannsóknir sýndu að kjörin hópastærð eru 4 til 6 og benti jafnframt á að að stjórn BSRB væri töluvert stærri en það sem gæti valdið vandamálum við að komast að sameiginlegum niðurstöðum þar sem allir kæmu sínum sjónarmiðum á framfæri. Því næst fór Hafrún yfir hvernig best væri að vinna gegn slæmum áhrifum þess að vinna í stærri hóp og lét hún fundarmenn vinna verkefni tengt því.

Helstu niðurstöður voru þær að best væri líklega að skerpa sýn með því að setja tiltekin verkefni í smærri hópa til úrvinnslu, reyna að setja sig inn í skoðanir annarra og hafa traust, trúnað og virðingu að leiðarljósi. Jafnframt var nefnt að gera auknar kröfu til síns sjálfs og hjálpast að við að virkja veikustu hlekkina til þátttöku.

Niðurstaðan var jafnframt sú að stjórn BSRB myndi líklega vinna betur sem heild ef vel væri skilgreint hvað væri verið að vinna með hverju sinni, hvernig eigi að vinna það, hverjir eigi að vinna vinnuna og með því að átta sig vel á hvenær væri verið að ná árangri með vinnuna og hvenær ekki.

Fundarmenn ræddu talsvert um þau tvö hlutverk sem þeir gjarnan gegna í störfum sínum fyrir bandalagið. Annars vegar sem stjórnarmaður í BSRB og hins vegar sem formaður aðildarfélags þess. Niðurstaða eftir umræður var að fólk ætti að vera meðvitaðra um hlutverkin og vanda sig við hvenær það ætti að gegna hvaða hlutverki.

Sameiginleg markmið voru ákveðin að lokum til þess að reyna að efla liðsheild stjórnar BSRB. Þar bar hæst að auka virðingu milli stjórnarmanna, að stjórn BSRB sem heild standi þéttar á bak við aðildarfélögin, að hafa tjáskipti hreinskipt en samt kurteis, að reyna að kynnast betur utan stjórnarinnar, hafa markmið og ákvarðanir hugföst í öllum störfum, bæta vinnubrögðin og stunda betri hlustun á aðra stjórnarmenn og veita þeim sömu athygli og við krefjumst af öðrum.

Vinnufundur stjórnar á Egilsstöðum

Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB fór yfir þá stefnumótunarvinnu sem stjórn BSRB hefur verið í frá fyrstu vinnufundum stjórnar 2008 í Kríunesi og fram til 2013. Bent var á að vinnufundurinn á Egilsstöðum 2013 var sá 11 í röðinni frá árinu 2008 þar sem m.a. var fjallað sérstaklega um hvernig bæta mæti samskipti, vinnubrögð og leiðheild stjórnarinnar. Farið var yfir það helsta frá síðasta vinnufundi og niðurstöður Hafrúnar Kristjánsdóttur sem vann með stjórninni í það skiptið.

Í framhaldi af því var unnið í vinnuhópum um *Liðsheild BSRB* annars vegar og með spurninguna - *Hvernig getur BSRB orðið framúrskarandi í augum aðildarfélaganna, í augum samfélagsins og í augum félagsmanna*. Að þeirri vinnu lokinni kynntu fulltrúar hópanna helstu tillögur og niðurstöður vinnuhópanna. Þegar sú vinna var skoðuð sást að niðurstaðan var nánast samhljóma því sem kemur fram í bæklingnum um verksvið, leiðarljós og hlutverk BSRB frá 2010. Markmiðið var m.a. að komast að því hvernig stjórnin gæti nýtt sér þessa vinnu sem best.

Niðurstaða vinnuhópanna var síðan dregin saman á skrifstofu BSRB og tekið til frekari umræðu af framkvæmdastjórn BSRB. Málið var svo rætt áfram á stjórnarfundi í janúar 2014 þar sem lagt var til að myndaður yrði skipulagshópur til að vinna það efni sem viðkemur stjórn og skrifstofu BSRB, skipa hann á næsta fundi stjórnar og ræða nánar, svo hægt væri að skila tillögum eða áfangaskýrslu fyrir

stjórnarfund í maí. Í framhaldi af því yrði ákveðið hvernig taka mætti vinnuna áfram og aðstoða aðildarfélögin við að vinna úr niðurstöðunum.

Vinnufundur stjórnar á Akureyri

Árni Stefán Jónsson fór yfir helstu tillögur nefndar um framtíðarskipan lífeyrismála á almenna og opinbera vinnumarkaðnum um nýtt samræmt lífeyrissjóðskerfi. Þá var farið yfir verkefni BSRB í tengslum við kjarasamninga aðildarfélaganna sem gert er ráð fyrir að verði unnin á samningstímanum. Tilkynt var að ríkissáttasemjari hefði boðað tvo fundi með aðilum vinnumarkaðarins í SALEK hópnum og að það starf muni halda áfram.

Rita Arnfjörð fulltrúi starfsmannafélags Kópavogs greindi frá því að allt stefndi í það að fresta verði boðuðu verkfalli þar sem Sambandið véfengir atkvæðagreiðslu félagsmanna SfK um boðað verkfall. Þetta kom fram á fundi sem fulltrúi úr stjórn SfK ásamt lögfræðingi BSRB áttu með ríkissáttasemjara.

Elín Björg Jónsdóttir yfir erindi sem barst frá Rúnari Vilhjálmssyni prófessor í Félagsfræði við HÍ, hvort BSRB vilji styrkja heilbrigðiskönnun meðal Íslendinga. Könnunin sem verður unnin af Félagsvísindastofnun HÍ mun m.a. rannsaka heilsufar, líðan, lífnaðarhætti og þjónustunotkun fullorðinna Íslendinga á heilbrigðiskerfinu. Samþykkt var að bandalagið myndi styrkja rannsóknina með því að taka þátt í kostnaði við hana.

Þrjár ályktanir stjórnar BSRB voru samþykktar á fundinum á Akureyri og fjölluðu þær um villandi umræðu um opinbera starfsmenn, forgangsröðun í heilbrigðismálum og um kjaradeilu Starfsmannafélags Kópavogs.

Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB fór yfir það helsta varðandi undirbúning að 44. þingi BSRB og samþykkt var að halda þingið 28. – 30. okt. 2015 á Hilton Reykjavík Nordica.

Elín Björg greindi frá því að tvö erindi með beiðni um styrk úr Átaks- og vinnudeilusjóði hafi borist til stjórnar. Annars vegar erindi frá Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins með beiðni um styrk að upphæð 5 m.kr. og hins vegar erindi frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna með beiðni um styrk að upphæð kr. 1.293.873. Styrkbeiðnin er vegna sömu vinnudeilu.

Samþykkt var með þorra greiddra atkvæða að veita Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins styrk að upphæð 2 m.kr. og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna styrk að upphæð kr. 500.000.

Sameingin St.Seltjarnarness og St.Rv

Formaður Starfsmannafélags Seltjarnarness, Ingunn H.Þorláksdóttir, og formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Garðar Hilmarsson, undirrituðu samkomulag um sameiningu félaganna tveggja í desember 2012 og tók sameiningin gildi frá næstu áramótum undir nafni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Félagar í Starfsmannafélagi Seltjarnarness hafa því frá 1. janúar 2013 tilheyrt Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Auka aðalfundur var haldinn í Starfsmannafélagi Seltjarnarness vegna tillögu um að sameinast Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Þar var kosið um sameininguna. Alls greiddu 30 manns atkvæði á fundinum, 22 voru fylgjandi sameiningunni á meðan 8 greiddu atkvæði á móti.

Á fulltrúaráðsfundi hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar í kjölfarið var sameiningin síðan samþykkt af hálfu félagsins með öllum greiddum atkvæðum.

Frá og með áramótum 2012/13 hafa félagar Starfsmannafélags Seltjarnarness því tilheyrt Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar en þeir eru um 120 talsins. Ingunn H. Þorláksdóttir varð fulltrúi fyrrum félagsmanna St. Seltjarnarness í mannauðssjóði Samflots og Samflots bæjarstarfsmannafélaga þar til kjarasamningur rann út 2014.

Sameining St. Skagafjarðar og Kjalar

Starfsmannafélag Skagafjarðar og Kjölur skrifuðu í byrjun árs 2013 undir samning þess efnis að Starfsmannafélag Skagafjarðar myndi sameinast Kili. Samningurinn var tekinn fyrir á aðalfundi St. Skagafjarðar og var sameiningin samþykkt. Viðræður höfðu þá staðið í nokkurn tíma milli stjórna félaganna og undirrituðu þær samkomulag 23. janúar 2014 þar sem sameiningin var ákveðin. Á aðalfundi Starfsmannafélags Skagafjarðar sem haldinn var 17. febrúar var síðan formlega samþykkt að sameinast Kili – stéttarfélagi starfsmanna í almannajónustu.

Starfsmannafélag Skagafjarðar var stofnað árið 1971 og félagsmenn þess voru ríkisstarfsmenn í Skagafirði og starfsmenn hjá Sveitarfélaginu Skagafirði um 160 manns. Með sameiningunni verða félagsmenn Kjalar um 1000 manns og félagið eitt af fimm stærstu félögum innan BSRB. Fráfarandi formaður Starfsmannafélags Skagafjarðar Árni Egilsson tók sæti í stjórn Kjalar fram að næsta aðalfundi.

Skrifstofa BSRB

Skrifstofa BSRB hefur frá síðasta þingi BSRB unnið áfram samkvæmt skilgreiningum stjórnar BSRB á hlutverki skrifstofu BSRB sem heildarsamtaka og þeim þáttum framkvæmdaáætlunar BSRB sem lúta að skrifstofunni. Samkvæmt skilgreiningu er hlutverk skrifstofunnar að styðja við og aðstoða aðildarfélögin í sínum störfum. BSRB heldur utan um réttindi opinberra starfsmanna og stendur vörð um réttindi og skyldur félagsmanna. Bandalagið veitir aðildarfélögum þjónustu á ýmsum sviðum, svo sem varðandi lög- og hagfræðileg efni. Bandalagið sinnir auk þess fræðslu og upplýsingagjöf og sér um samskipti, bæði við önnur heildarsamtök og erlenda aðila.

Skrifstofa BSRB hefur unnið úr og svarað miklum fjölda fyrirspurna sem skrifstofunni berast í gegnum netfangið fyrirspurnir@bsrb.is. Þar fer mest fyrir spurningum er lúta að uppsögnum, veikindarétti, sumarorlofi, breytingum á vaktafyrirkomulagi, lífeyrisréttindum o.fl. Auk þessa var boðið upp á viðtalstíma ásamt Gesti Jónssyni, lögmanni BSRB, eftir samkomulagi og þörfum. Að auki hafa lögfræðingar bandalagsins verið með fasta viðtalstíma auk símatíma.

Upplýsingaþjónusta hagfræðings við aðildarfélögin hefur verið með sama sniði og undanfarin misseri og eru upplýsingar um atvinnuleysi, fjölda ríkisstarfsmanna, stöðuna á vinnumarkaði meðal þess sem sent er mánaðarlega til félaganna. Einnig hefur skrifstofan sent aðildarfélögum mánaðarlegar upplýsingar um helstu verkefni sem fengist hefur verið við þann mánuðinn. Þá hefur hagfræðingur BSRB starfað náið við hlið samninganefnda aðildarfélaga BSRB við gerð nýrra kjarasamninga og annarra mála er varða hagfræðilega útreikninga.

Áfram hefur verið unnið að innleiðingu á BIBS og dk bókhaldskerfinu hjá BSRB og aðildarfélögum. Öll umsýsla vegna BIBS er í höndum skrifstofu BSRB.

Nýtt skjalavistunarkerfi var tekið í notkun á skrifstofu BSRB um mitt ár 2013 og hefur það verið innleitt í áföngum á þessu og síðasta starfsári. Skjalavistunarkerfið heldur utan um öll skjöl bandalagsins, þar með talin skjöl sem varða störf stjórnar BSRB, framkvæmdastjórnar og nefnda

BSRB. Fyrirnefnt skjalavistunarkerfi hefur því jafnframt tekið yfir hlutverk gömlu heimasíðunnar þar sem gögn fyrir stjórnarfundum eru ekki lengur vistuð á heimasíðu BSRB. Þess í stað hafa stjórnarmenn sem og skipaðir fulltrúar í nefndum BSRB aðgang að öllum skjölum nefnda sinna í gegnum skjalavistunarkerfið Coredata.

Starfsmenn skrifstofu BSRB

Þær breytingar urðu á skrifstofu BSRB á kjörtímabilinu að Hilmar Ögmundsson hagfræðingur hélt til nýrra starfa í nóvember árið 2012 og var því auglýst laus til umsóknar staða hagfræðings BSRB. Capacent sá um ráðningarferlið og barst fjöldi umsókna um stöðuna. Tekin var ákvörðun um að ráða Kristinn Bjarnason í stöðu hagfræðings BSRB og hefur hann starfað á skrifstofunni frá því í janúar 2013.

Þá auglýsti BSRB lausa til umsóknar nýja stöðu lögfræðings hjá bandalaginu á árinu 2014. Á sjöunda tug umsókna bárust til Capacent sem hafði yfirumsjón með ráðningarferlinu. Á vormánuðum 2014 var tekin ákvörðun um að ráða Döllu Ólafsdóttur í nýja stöðu lögfræðings BSRB og bættist hún í ágúst 2014 við starfslíð skrifstofu BSRB.

Á skrifstofu BSRB starfa tíu manns sem sinna fjölbreyttum verkefnum hver á sínu sviði. Starfsfólk BSRB frá og með maí 2014 eru í stafrófsröð: Ágúst Bogason, kynningarfulltrúi, Ásthildur Torfadóttir, afgreiðslufulltrúi, Björg Geirsdóttir, fulltrúi, Dalla Ólafsdóttir, lögfræðingur, Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, Jóhanna Þorgilsdóttir, fulltrúi, Kristinn Bjarnason, hagfræðingur, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur og Sólveig Jónasdóttir, fjármálastjóri.

BSRB er með þjónustusamning við Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu og þjónustar rekstrarfélagið varðandi bókhald, greiðslu launa og fleira sem við kemur daglegum rekstri. Þá er BSRB einnig með þjónustusamning við Félagamiðstöðina að Grettisgötu 89 sem fer með mál fasteignarinnar. Framkvæmdastjóri BSRB er jafnframt formaður stjórnar Félagamiðstöðvarinnar og sér um öll starfsmannamál Félagamiðstöðvarinnar.

Orlofsmál

Á tímabilinu hefur BSRB haldið áfram að færa nánast allan rekstur orlofshúsabyggðarinnar í Munaðarnesi yfir til ROM (*Rekstrarfélag orlofshúsa í Munaðarnesi*). Síðustu húsin sem voru í eigu BSRB hafa verið seld af svæðinu og bæði þjónustumiðstöð og áhaldahús svæðisins færð yfir til ROM.

BSRB heldur aðeins Birkihlíð og á tímabilinu var ráðist í nokkrar endurbætur á því húsi. Framkvæmdirnar fóru að mestu fram vorið 2014 þar sem var m.a. byggt við pall að utanverðu, baðherbergi lagfært, skipt var um hurðar í húsinu auk þess sem eldhús var stækkað og lagfært. Þá var nýjum húsgögnum komið fyrir í húsinu og var húsið að loknum endurbótum boðið öllum félagsmönnum til afnota. Útleiga hússins fer fram í gegnum skrifstofu BSRB.

Aðalfundir BSRB

Aðalfundir BSRB verða lögum skv. að fara fram árlega og fram að lagabreytingum á 43. þingi fóru þeir fram að hausti. Eftir samþykkt nýrra laga hafa aðalfundir BSRB hins vegar verið að vori til og vegna lagabreytinganna voru fjórir aðalfundir á kjörtímabilinu 2012-2015. Farið er stuttlega yfir það markverðasta sem fram fór á þeim hér á eftir.

Aðalfundur 2012

Aðalfundur ársins 2012 fór fram þann 8. nóvember sem fór fyrst og fremst fram formsins vegna þar sem dagana 10. til 12. október 2012 var 43. þing BSRB haldið í Reykjavík. Meðal þeirra lagabreytinga sem þar voru samþykktar að færa aðalfund BSRB frá hausti og fram á vor. Sú lagabreyting tók gildi um áramótin 2012/13 og því var aðalfundur 2013 haldinn 24. maí.

Aðalfundur 2013

Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB fór yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið og í kjölfarið fóru fram umræður um skýrslu stjórnar að var hún svo samþykkt.

Sólveig Jónasdóttir fjármálastjóri BSRB fór yfir reikninga Aðalsjóðs BSRB, Eignasjóðs orlofsheimila BSRB og Átaks- og vinnudeilusjóðs og skýringar þar að lútandi. Reikningar voru bornir undir fundarmenn og samþykktir samhljóða. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Trausti Hermannsson og Áslaug Magnúsdóttir sem aðalmenn og til vara Gunnbjörn Marinósson og Sjöfn Eydís Sigfúsdóttir. Borin var upp tillaga stjórnar BSRB um Grand Thornton endurskoðun ehf. sem löggiltan endurskoðanda. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fundarmenn samþykktu óbreytt aðildargjald milli ára.

Framkvæmdaáætlun næsta árs var lögð fram til umræðu á aðalfundi og borin upp af Helgu Jónsdóttur framkvæmdastjóra BSRB. Samþykkt var á 43. þingi að fyrir næsta aðalfund ætti að leggja fram framkvæmdaáætlun til næsta árs. Stjórn BSRB vann áætlunina og er megin áhersla á þá efnisflokka sem eru í stefnu BSRB og leiðir hvernig fylgja á stefnunni. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdaáætlun sé lögð fram til eins árs en framkvæmdaáætlunin var að þessu sinni er til þriggja ára. Stjórn BSRB var falið að forgangsraða áherslum næstu þriggja ára og var tillagan samþykkt samhljóða. Nánar er fjallað um framkvæmdaáætlunina í sérstökum kafla á bls. 65.

Því næst kynnti Árni Stefán Jónsson tillögur um breytingar á reglugerð um þjónustu- og gæðaviðmið BSRB. Stjórn BSRB fól vinnuhópi um skipulag að vinna drög að reglugerðinni.

Miklar umræður urðu um reglugerðina einkum um 4. greinina um skrifstofuhald og bentu félögin sérstaklega á sérstöðu sína hvað það varðar. Fundarmenn voru þó sammála um mikilvægi reglugerðarinnar og að þetta væri fyrst og fremst reglugerð um bættu þjónustu. Var reglugerðin lögð fram til samþykktar eins og hún var kynnt og var hún samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun næsta árs var að því loknu lögð fram og var hún samþykkt samhljóða. Önnur mál voru ekki á dagskrá og var fundi því slitið að lokinni samþykkt ályktun aðalfundar BSRB. Ályktanir aðalfundar má finna í kaflanum um ályktanir tímabilsins.

Aðalfundur 2014

Aðalfundur BSRB fór fram 16. maí 2014. Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hún kynnti drög að þremur ályktunum aðalfundar BSRB, ályktun um verðtryggingu og húsnæðismál, ályktun um stöðu heilbrigðisþjónustunnar og ályktun um kjaramál. Ályktanir aðalfundar og stjórnar BSRB má sjá aftar í þessari skýrslu.

Tveir fyrirlesarar komu á aðalfundinn. Rúnar Vilhjálmsson prófessor við Háskóla Íslands hélt erindið „*Staða og framtíð félagslegrar heilbrigðisþjónustu á Íslandi*“. Í erindinu fjallaði Rúnar um einkenni og þróun íslenska heilbrigðiskerfisins, ógnanir þess og árangur. Auk þess fjallaði hann um afstöðu samfélagshópa og stjórnmalaflokka til hlutverks hins opinbera í heilbrigðisþjónustunni. Að erindi loknu svaraði hann fyrirspurnum fundarmanna.

Þá hélt Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða erindi sem hún nefndi „*Uppbygging lífeyrissparnaðar*“. Í erindi sínu fjallaði Þórey m.a. um uppbyggingu íslenska lífeyrissjóðskerfisins, þriggja stoða lífeyriskerfisins, fjölda lífeyrissjóða, eignir og eignasamsetningu, vægi greiðslna lífeyrissjóða vegna eftirlauna og tryggingafræðilega stöðu. Hún skýrði muninn á almennu lífeyrissjóðunum og opinberu lífeyrissjóðunum, og fjallaði auk þess um iðgjöld og réttindaávinnslu, viðbótarlífeyrissparnað/séreignina og reglur um útborgun. Að erindinu loknu svaraði hún spurningum fundarmanna.

Að loknum erindum fóru hefðbundin aðalfundarstörf fram. Formaður BSRB fór yfir skýrslu stjórnar BSRB. Sagði hún frá starfi skrifstofunnar í stórum dráttum og breytingum í starfseminni, starfi stjórnar og framkvæmdastjórnar. Einnig greindi hún frá starfi nefnda innan BSRB og nefnda sem BSRB er aðili að. Farið var yfir stöðu mála í kjarasamningum og þau verkefni sem BSRB voru falin í tengslum við kjarasamninga aðildarfélaganna.

Sólveig Jónasdóttir fjármálastjóri BSRB fór yfir reikninga Aðalsjóðs BSRB, Eignasjóðs orlofsheimila BSRB og Átaks- og vinnudeilusjóðs og skýringar þar að lútandi. Reikningar voru bornir undir fundarmenn og samþykktir samhljóða að loknum umræðum. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Trausti Hermannsson og Jóna Jóhanna Sveinsdóttir og til vara Gunnbjörn Marinósson og Sjöfn Eydís Sigfúsdóttir. Borin var upp tillaga stjórnar BSRB um Grand Thornton endurskoðun ehf. sem löggiltan endurskoðanda. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Því næst var farið yfir Framkvæmdaáætlun BSRB 2012-2015 og Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri kynnti hvernig unnið hefur verið að framkvæmdaáætluninni. Hugmyndafræðin á bak við svona áætlun er að setja fram þær leiðir sem taldar eru færar til að framfylgja stefnu BSRB þannig að hún endurspeglar í starfi bandalagsins. Fór hún í stuttu máli yfir forgangsröðunina, hverju væri lokið og hvað væri í vinnslu og hverju yrði áfram unnið að. Lagði hún fram tillögu um að fá leyfi til að halda vinnunni áfram og var það samþykkt samhljóða. Sólveig Jónasdóttir fjármálastjóri kynnti fjárhagsáætlun Aðalsjóðs BSRB árið 2014 og var hún samþykkt að loknum umræðum.

Því næst samþykkti fundurinn að gerðum nokkrum breytingum ályktanir aðalfundar sem nálgast má í kaflanum um ályktanir stjórnar á kjörtímabilinu sem er að finna á bls. 67.

Aðalfundur 2015

Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB ávarpaði fundinn í upphafi og fjallaði um vinnudeilur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og BHM sem þá stóðu sem hæst. Einnig kynnti hún drög að ályktun aðalfundar BSRB, ályktun um kjaramál, sem þegar hafði verið tekin til umræðu í stjórn bandalagsins og til efnislegrar umræðu.

Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs kynnti starfsemina fyrir fundarmönnum en VIRK hefur frá upphafi tekið á móti um 8000 einstaklingum í þjónustu og í dag eru 2400 í þjónustu hjá VIRK.

Því næst var farið yfir stöðuna í lífeyrismálum og kjaraviðræður við ríkið. Árni Stefán Jónsson formaður SFR fór yfir stöðuna í umræðu um endurskoðun lífeyrismála. Hann skýrði nánar hugmyndir að breytingum í A-deild fyrir núverandi starfsmenn í A-deildinni og það kerfi sem nýir starfsmenn myndu fara í.

Elín Björg fór yfir verkefni BSRB í tengslum við kjarasamninga aðildarfélaga. Öll verkefni voru í farvegi eða lokið nema einu þ.e.a.s. gerð samkomulags um launaupplýsingar frá völdum sveitarfélögum. Einnig upplýsti hún um viðræður og fundi með ráðherrum og ráðamönnum og forystumönnum bandalaga stéttarfélaganna.

Kristín Á. Guðmundsdóttir greindi fyrst frá vinnu starfshóps um námskrá, námskeiðs um gerð vaktskráa, bókun sem samþykkt var í síðustu kjarasamningum. Jafnframt fór hún yfir stöðu mála í sameiginlegum viðræðum SFR, LL og SLFÍ við samninganefnd ríkisins og meginmarkmið kröfugerðar þeirra.

Því næst var farið í hefðbundin aðalfundarstörf. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, fór yfir skýrslu stjórnar og stöðu mála í endurskoðun almannatrygginga, endurskoðun lífeyrismála, kynjabókhald og fræðslumál. Fundarstjóri opnaði því næst umræðu um skýrslu stjórnar. Engar umræður urðu um skýrsluna og hún skoðast samþykkt.

Sólveig Jónasdóttir fjármálastjóri BSRB fór yfir reikninga Aðalsjóðs, Eignarsjóðs orlofsheimila BSRB og reikninga Átaks og vinnudeilusjóðs. Allir reikningarnir voru samþykktir.

Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri kynnti hvernig unnið hefur verið að framkvæmdaáætluninni, áætlunin er samþykkt og er í raun verið að skila ákveðnum verkþáttum sem samþykktir voru á síðasta fundi. Fjárhagsáætlanir næsta árs var svo kynnt af fjármálastjóra BSRB og hún samþykkt.

Því næst var ályktun sem kynnt var í upphafi samþykkt af aðalfundinum. Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri SFR bar fram tillögu að ályktun aðalfundar BSRB um sameiginlega fiskveiðiauðlind Íslendinga og úthlutun veiðiheimilda. Fundarstjóri gaf orðið laust um ályktunina. Umræða varð um texta. Samþykkt var að fela skrifstofu BSRB að yfirfara texta og stjórnar BSRB að afgreiða í samráði við flutningsmann.

Ályktanir aðalfunda má finna í kaflanum um ályktanir sem sendar hafa verið frá BSRB á tímabilinu.

Framkvæmdaáætlun BSRB 2012 til 2015

Samkvæmt lögum BSRB eftir 43. þing bandlagsins árið 2012 skal á aðalfundi hvers árs leggja fram sérstaka framkvæmdaráætlun BSRB. Er hún gerð með vísan til 32. gr. laga BSRB t.l. 5 en þar segir: *Framkvæmdaáætlun næsta árs lögð fram til umræðu og borin upp til samþykktar.*

Samkvæmt lögum BSRB er hlutverk bandalagsins að styðja og efla aðildarfélögin í því að skapa gagnkvæman skilning og samstöðu þeirra í baráttu fyrir stéttarlegum, félagslegum og menningarlegum hagsmunum, að fara með fyrirvar starfsmanna í almannáþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum markaði í sameiginlegum hagsmunamálum, að vinna að auknu jafnrétti, að vinna að auknum mannréttindum, að styrkja réttarstöðu félagsmanna, að vinna að bættu samfélagi, að tryggja félagafrelsi og fullan og óskoraðan samningsrétt, að vinna að auknum skilningi á þýðingu starfa í almannabágu, að vinna að aukinni fræðslu-, upplýsinga- og menningarstarfsemi, að hafa samstarf við önnur samtök launafólks innanlands og utan.

Samkvæmt svokölluðu leiðarljósi BSRB sem samþykkt var af stjórn bandalagsins fyrir þing BSRB 2012 á bandalagið að vera heildarsamtök og talsmaður aðildarfélaganna, forysta í stéttarfélagsumræðu og sjá um samskipti við hið opinbera.

Megináherslur í starfi BSRB eru samkvæmt framkvæmdaáætluninni í 10 flokkum og í henni er frekar tilgreint hvernig unnið skal að einstökum verkefnum í hverjum flokki. Áherslurnar eru í eftirfarandi flokkum: almannáþjónusta, atvinnumál, heilbrigðismál, húsnæðismál, jafnréttismál, kjaramál, lífeyrismál, skattamál, umhverfismál og vinnuvernd.

Í stefnu BSRB er komið inn á alla þessa málaflokka og var framkvæmdaáætlunin að þessu sinni unnin upp úr stefnunni eftir sérstaka vinnu í stjórn BSRB. Stjórnarmönnum var skipt upp í fjóra hópa sem fjölluðu hver um sig um afmarkaða málaflokka stefnu BSRB. Megin atriði stefnunnar í hverjum málaflokki voru dregin saman af hópunum sem síðan skiluðu af sér skýrslu um vinnu sína. Þannig voru mikilvægustu atriðin í hverjum málaflokki dregin sérstaklega fram og fjallað um mögulegar leiðir til að hrinda þeim hlutum í framkvæmd eða vekja athygli á þeim.

Upp úr þessari vinnu varð framkvæmdaáætlun BSRB til og hefur skrifstofa BSRB ásamt nefndum BSRB og stjórn bandalagsins unnið að markmiðum framkvæmdaráætlunarinnar á tímabilinu.

Ályktanir BSRB 2012-2015

Stjórn BSRB sendir reglulega frá sér ályktanir um málefni sem stjórnin sér þörf fyrir að fjalla sérstaklega um eða varða beint hagsmuni bandalagsins, félagsmanna þess eða aðildarféлага. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur stjórnin m.a. ályktað um jafnlaunaátak, fjárlög, lífeyrismál, kjaradeilu SfK, stöðu Ríkisútvarpsins, villandi ummæla um opinberra starfsmanna og heilbrigðismál svo dæmi sé tekið. Hér á eftir fara allar ályktanir stjórnar á tímabilinu. Þar á eftir koma ályktanir aðalfunda BSRB og loks ályktun sem heilbrigðis og velferðarnefnd BSRB sendi frá sér í kjölfar málþings sem nefndin hélt árið 2013.

Ályktun um að framkvæmd jafnlaunaátaks 9. nóvember 2012

Á undanförunum árum hefur BSRB ítrekað bent á þann mikla kynbundna launamun sem viðgengist hefur á meðal opinberra starfsmanna. Framkvæmdar hafa verið viðmiklar kannanir á þessu sviði sem nú síðast sýndu fram á kynbundinn launamun upp á 13,1% að meðaltali á landsvísu. BSRB hefur jafnframt þrýst mjög á stjórnvöld að bregðast við vandanum svo hann megi uppræta enda á launamisrétti á grundvelli kynferðis ekki að viðgangast.

Með fyrstu skrefunum sem stjórnvöld tóku nýverið í átt að því að útrýma launamuninum með svonefndu jafnlaunaátaki þokast málið í rétta átt. Átakinu er ætlað að ná til starfsstétta þar sem konur skipa meira en tvo þriðju hluta starfsstéttar og í fyrstu á að bregðast við og leiðrétta kjör kvennahópa innan heilbrigðiskerfisins.

Stjórn BSRB gerir kröfu um að framkvæmd jafnlaunaátaksins byggi á jafnræði milli starfsstétta. Átakið verður að ná jafnt til starfsstétta BSRB og háskólamenntaðra stétta sem undir jafnlaunaátakið falla.

Ályktun um heilbrigðismál 22. apríl 2013

Stjórn BSRB lýsir miklum áhyggjum af því alvarlega ástandi sem skapast hefur í heilbrigðiskerfi landsmanna vegna niðurskurðar árum saman. Heilbrigðisþjónustan býr nú við svo þröngan kost að ekki er við unað lengur. Um langt skeið hefur ekki verið möguleiki á að sinna þeirri þjónustu sem lögum samkvæmt á að veita. Tæki og tól eru gömul og úr sér gengin og hefur ekki verið hægt að viðhalda lágmarks endurnýjun.

Heilbrigðisstarfsfólk hefur um langt skeið unnið undir gífurlegu álagi og er nú svo komið að starfsmenn þjást af streitu og streituröskun. Hefur það í för með sér alvarlega sjúkdóma sem leiða til aukins kostnaðar fyrir heilbrigðiskerfið.

Stjórn BSRB krefst þess að nú þegar verði stöðugildum fjölgað og laun hækkuð í samræmi við almenna vinnumarkaðinn svo komið verði til móts við það starfsfólk sem ómannúðlegar byrðar hafa verið lagðar á í langan tíma.

Stjórn BSRB lýsir áhyggjum sínum af óhóflegri gjaldtöku af sjúklingum og krefst þess að gjaldtöku verði hætt.

Stjórn BSRB krefst þess að rekstur til heilbrigðisstofnana verði færður í það horf að þær rísi undir þeim markmiðum sem þeim er ætlað lögum samkvæmt.

Ályktun stjórnar BSRB um kynbundinn launamun 5. september 2013

Stjórn BSRB lýsir yfir vonbrigðum sínum með niðurstöður nýrrar kjarakönnunar bandalagsins sem sýnir fram á 11,4% óútskýrðan kynbundinn launamun innan BSRB.

Stjórn BSRB fer fram á að ríkisstjórnin haldi áfram því jafnlaunaátaki sem fyrri stjórn kynnti í upphafi árs og leggi aukinn kraft og fjármuni í að vinna bug á því meini sem kynbundinn launamunur er á íslenskum vinnumarkaði.

Ríki og sveitarfélög eiga að vera leiðandi aðilar í baráttunni gegn því misrétti sem felst í launamun kynjanna.

Stjórn BSRB hvetur stofnanir ríkis og sveitarfélaga til að fá óháða aðila til að rýna launabókhald sitt ásamt viðsejendum með það að markmiði að eyða kynbundnum launamun hvar sem hann kann að finnast.

Opinberir launagreiðendur eiga að vera öðrum fyrirmynd þar sem mismunur á grundvelli kynferðis á ekki að þekkjast. Kynbundnum launamun verður að eyða og stjórnvöld jafnt sem aðrir atvinnurekendur á vinnumarkaði verða að axla sína ábyrgð og taka á þessum málum af festu.

Ályktun stjórnar BSRB um ríkisfjármál 6. september 2013

Stjórn BSRB brýnir fyrir ríkisstjórninni að frekari aðhaldsaðgerðir hjá hinu opinbera muni hafa mjög neikvæðar afleiðingar í för með sér og vinna gegn markmiðum stjórnvalda um að ná fram jöfnuði í ríkisrekstrinum.

Aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar fram til þessa hafa aukið mjög á halla ríkissjóðs. Furðulegt hefur verið að sjá ríkisstjórnina hafna milljarða tekjustofnum á sama tíma og hún lýsir yfir þungum áhyggjum af bágrri stöðu ríkisfjármálanna. Ljóst þykir að aðhald þurfi að sýna á öðrum sviðum til að mæta þessu tekjutapi og hefur sérstakur hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar leynt og ljóst lagt á ráðin um hvernig það skuli gert.

Það er ekki verjandi fyrir ríkisstjórn sem var kosin til valda út á loforð um aðgerðir í þágu heimilanna að ætla að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna eftirgjafa til hinna efnamestu með frekari niðurskurði til mennta-, heilbrigðis-, löggæslu- og velferðarmála. Frá efnahagshruni hefur almennt launafólk – þrátt fyrir verri vinnuáðstæður, aukið álag og skertan kaupmátt – lagt á sig ómælt erfiði til að halda úti velferðarþjónustu fyrir sívaxandi fjölda fólks sem á þjónustunni þarf að halda.

Ríkisstjórnin hefur lítið gefið uppi um hvernig hún hyggst endurskipuleggja ríkisfjármálin. Stjórn BSRB óttast að það verði gert með því að auka enn á byrðar almennings á Íslandi sem létt hefur verið af þeim sem mest hafa. Slíkar aðgerðir munu aðeins magna vandann, valda auknu atvinnuleysi og skila þeim sem mest þurfa á hjálp að halda lakari þjónustu með skelfilegum afleiðingum fyrir þjóðina alla til lengri og skemmri tíma litið.

Ályktun stjórnar BSRB um lífeyrismál 18. október 2013

Stjórn BSRB mótmælir því að ríkisstjórnin ætli ekki að hefjast handa við að greiða inn á skuldir sínar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á komandi fjárlagaári. Vandí sjóðsins hefur verið ljós í áraraðir og hann mun aðeins magnast á meðan ekkert er að gert. Þrátt fyrir það virðist áframhaldandi aðgerðaleyfi vera helsta stefna stjórnvalda í málinu.

Fulltrúar fjármálaráðuneytis í stjórn LSR hafa ávallt hafnað tillögum fulltrúa opinberra starfsmanna um að hækka iðgjöld í A-deild sjóðsins. Það hafa þeir gert þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar Ríkisendurskoðunar og Fjármálaeftirlitsins um nauðsyn þess. Stjórn BSRB krefst þess að stjórnvöld hækki þegar iðgjald hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Öðruvísi er sjóðurinn ekki fær um að standa við skuldbindingar til sjóðsfélaga sinna í framtíðinni.

Ályktun stjórnar BSRB um fjárlagafrumvarpið 19. október 2013

Stjórn BSRB lýsir vonbrigðum sínum með fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Fyrstu verk nýrrar stjórnar voru að hafna milljarða tekjum frá útgerðinni og ferðaþjónustunni. Þess í stað á að rétta hallann með niðurskurði á opinberri þjónustu, afnámi vaxta á láni Seðlabankans og fyrirframgreiðslum úr þrotabúum föllnu bankanna.

Ríkisstjórnin hefur einnig valið að framlengja ekki skatta á þá efnamestu, tekjustofna sem meira að segja Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn hefur í nýlegri skýrslu sinni sagt að séu nauðsynlegir til að rétta af halla á ríkisrekstri og stuðla að frekari jöfnuði fólks. Þá mun boðuð tekjuskattslækkun á 2. skattþrepi aðeins koma þeim tekjuhærri til góða og í reynd hækka hlutfallslega skattbyrði þeirra sem lægst hafa launin.

Með því að hverfa frá lækkun skatta á auðmenn og útgerðir væri hægt að rétta heilbrigðiskerfið við og takast á við einhver þeirra fjölmörgu verkefna sem þegar þarfnast úrlausna. Slíkar aðgerðir gætu dregið úr þeim aðhaldskröfum sem settar eru fram í nýju fjárlagafrumvarpi og um leið tryggt heilbrigðis- og almannþjónustunni það fjármagn sem nauðsynlegt er til að velferð landsmanna geti aftur orðið með því besta sem gerist.

Ályktun stjórnar BSRB um Ríkisútvarpið 6. desember 2013

Stjórn BSRB mótmælir harðlega enn einni fjöldauppsögn starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið hefur um áratuga skeið verið mikilvægur og nauðsynlegur hluti almannþjónustunnar á Íslandi. Fyrir utan að gegna öryggishlutverki hefur Ríkisútvarpið stuðlað að jöfnu aðgengi allra að opinberri umræðu, afþreyingu, íþróttaviðburðum, menningu og fréttum. Með uppsögnum um fimmtungs starfsmanna Ríkisútvarpsins er ekki verið að gæta aðhalds heldur lama innviði stofnunarinnar og vandséð er að RÚV geti í kjölfarið staðið undir lögboðnu hlutverki sínu.

Með fjöldauppsögnunum varð enn einn hluti þess sem BSRB varaði við þegar Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag að veruleika. Sú breyting átti m.a. að skila hagkvæmari rekstri, sérstakt útvarpsgjald átti að tryggja fjármögnun Ríkisútvarpsins og starfsfólk átti að fá meira rými til að semja um laun sín á grundvelli verksviðs, ábyrgðar og hæfileika. Á þeim árum sem liðið hafa frá breytingunni hefur reksturinn aftur á móti orðið óhagkvæmari, ríkissjóður tekur sífellt til sín hærra hlutfall útvarpsgjaldsins til annarra verkefna og réttindi starfsfólks eru mun minni en áður.

Ríkisútvarpið hefur alla tíð notið mikils trausts almennings og gerir enn. Ríkisútvarpið heldur úti einu sjónvarpsstöðinni sem allir hafa aðgang að og hefur hún, ásamt útvarpsrásunum tveimur, þjónað skyldum sínum af alúð og dugnaði um áratuga skeið. Víða um land og á fiskimiðunum eru útsendingar RÚV einu fjölmiðlarnir sem í boði eru. Ríkisútvarpið er því mikilvægur hluti almannþjónustunnar sem stuðlar að jöfnu aðgengi allra að upplýstri umræðu, fréttum, íþróttum, menningu og annarri afþreyingu.

Samfélagið allt mun bíða óbætanlegt tjón af þessari aðför að Ríkisútvarpinu. Þjóðin þarf á öflugum almannajónustumiðli að halda. Stjórn BSRB krefst þess að stjórnvöld tryggi Ríkisútvarpinu þær tekjur sem réttilega eiga að renna til þess í formi útvarpsgjaldsins. Öðruvísi er Ríkisútvarpið illa í stakk búið til að gegna lögbundnu hlutverki sínu í nútímalegu lýðræðissamfélagi.

Ályktun stjórnar BSRB um fjárlagafrumvarp, 12. september 2014

Stjórn BSRB mótmælir þeim fyrirætlunum að hækka skatta á nauðsynjavörur, draga úr áunnum rétti atvinnulausra og aukningu á greiðsluþátttöku almennings fyrir almannajónustu líkt hún birtist okkur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015.

Hækkun skatta á nauðsynjavörur

Stjórn BSRB leggst alfarið gegn hækkun á neðra þrepi virðisaukaskatts eins og boðað er í nýju frumvarpi til fjárlaga. Hvað sem reiknikúnstum fjármálaráðherra líður er staðreyndin sú að boðuð skattahækkun mun hækka nauðsynjavörur á borð við matvæli og heitt vatn umtalsvert í verði. Þessi aðgerð mun bitna harðast á þeim sem síst skyldi og minnst hafa á milli handanna.

Stjórn BSRB hafnar því að hækkun barnabóta vegi upp skattahækkanir helstu nauðþurfta og komi þannig til móts við aukin útgjöld þeirra tekjulægstu. Stór hluti þeirra efnaminnstu hafa ekki börn á framfæri og njóta því engra mótvægisáðgerða vegna skattahækkanna. Auknar byrðar eru því lagðar á þennan stóra hóp til að létta megi byrðar hinna efnameiri.

Málefni atvinnulausra

Afstaða stjórnvalda í garð atvinnulausra, sérstaklega þeirra sem hafa lengi verið án atvinnu, birtist með skýrum hætti í nýju fjárlagafrumvarpi. Skerða á áunnin rétt launafólks til atvinnuleysisbóta um sex mánuði á sama tíma og ríkið mun ekki greiða sitt framlag til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og jafnframt skerða fjárframlög til Vinnumálastofnunar. Að óbreyttu mun geta VIRK og Vinnumálastofnunar til að sinna hlutverki sínu – sem er m.a. að aðstoða atvinnulausa að snúa aftur á vinnumarkaðinn – skerðast til muna. Með þessu varpa stjórnvöld ábyrgð á vanda langtímaatvinnulausra frá sér og munu nokkur hundruð manns missa áunninn bótarétt sinn á næstu mánuðum vegna þessa.

Aðgangur óháð efnahag

Fram til þessa hefur samstaða ríkt þvert á stjórnmalaflokka um jafnan rétt allra til heilbrigðisþjónustu og menntunar óháð efnahag. Og sú sátt virðist enn vera til staðar, a.m.k. í orði, því forsætisráðherra var mjög tíðrætt um þennan jafna rétt allra í setningaræðu sinni á Alþingi. Í fjárlagafrumvarpinu sem tekið var til umræðu í kjölfarið er hins vegar erfitt að sjá hvernig til standi að framkvæma hugsjónina um samfélag jafnaðar. Tekjustofnum frá þeim sem mest hafa er hafnað en auknar álögur eru lagðar á láglaunafólk, sjúklinga, lífeyrisþega og öryrkja. Það er hrein móðgun við fólkið í landinu að boða lífskarajöfnun þegar í reynd er verið er að auka misskiptinguna.

Stjórn BSRB krefst þess að ríkisstjórnin standi sannarlega vörð um grunngildin í okkar samfélagi – jöfnuðinn, réttlætið og jafnrétti allra. Almannajónustuna verður að reka á samfélagslegum grunni og stjórnvöld verða að standa vörð um velferðarkerfið og starfsfólkið sem innan þess starfar. Ef öllum er ekki tryggður jafn aðgangur að almannajónustunni óháð efnahag er aldrei hægt að tala um Ísland sem samfélag jafnaðar.

Ályktun stjórnar BSRB um villandi umræðu um opinbera starfsmenn 7. október 2014

Stjórn BSRB harmar þá neikvæðu og villandi umræðu sem hefur verið áberandi í garð opinberra starfsmanna á undanförunum vikum.

Störfum á vegum ríkisins hefur fækkað um meira en 10% frá efnahagshruni. Þrátt fyrir mikla fækkun starfsfólks hefur stofnunum ríkisins verið gert að halda óbreyttu þjónustustigi. Yfirgnæfandi meirihluti opinberra starfsmanna sinnir grunnstoðum samfélagsins. Þeir veita heilbrigðisþjónustu og umönnun, tryggja öryggi okkar og veita menntun. Það fólk sem í almannaðjónustunni starfar hefur frá efnahagshruni lagt á sig ómælt erfiði til að halda grunnþjónustu landsins gangandi.

Þrátt fyrir það hefur hluti kjörinna fulltrúa reglulega vegið gróflega að starfsheiðri þessa fólks með mjög ósanngjörnum hætti. Ítrekað hafa rangfærslur um réttindi opinberra starfsmanna, kjör þeirra og fjölda verið sett fram sem sannindi. Allt tal um frekari fækkun opinberra starfsmanna myndi aftur á móti kalla á gjörbreytta þjóðfélagsmynd – skert öryggi, lakari menntunarmöguleika og veikara heilbrigðiskerfi.

Stjórn BSRB krefst þess að umræða um rekstur ríkisins og opinbera starfsmenn byggi á staðreyndum en ekki ósönnnum fullyrðingum, sem virðast vera settar fram í þeim tilgangi að réttlæta frekari niðurskurð og skerða réttindi opinberra starfsmanna.

Ályktun stjórnar BSRB um forgangsröðun í þágu heilbrigðismála 8. október 2014

Stjórn BSRB skorar á stjórnvöld að bregðast þegar við þeim vanda sem íslenska heilbrigðiskerfið er í. Fjöldi heilbrigðisstarfsfólks hefur þegar flutt af landi brott og ljóst er að atgervisflóttinn mun aukast frekar á meðan stjórnvöld taka ekki á málum. Með hverri vikunni sem líður án aðgerða í þágu heilbrigðiskerfisins eykst vandi þess til muna.

Heilbrigðisstofnanir landsins eru undirmannaðar, aðbúnaður sjúklinga og starfsfólks er óviðunandi, tækjakostur úr sér genginn og álag starfsfólks óhóflega mikið. Þrátt fyrir að vandinn hafi verið augljós um árabil hafa stjórnvöld ekki brugðist við með fullnægjandi hætti.

Stjórn BSRB krefst þess að stjórnarflokkarnir standi við gefin loforð um að setja heilbrigðismálin í forgang. Forgangsröðun í ríkisrekstrinum verður að vera með þeim hætti að hægt sé að veita auknum fjármunum til eflingar heilbrigðiskerfisins svo hægt sé að reka það áfram á samfélaglegum grunni. Aukinn einkarekstur í heilbrigðisþjónustu mun aðeins auka á ójöfnuð og misskiptingu.

Stjórn BSRB krefst þess að stjórnvöld bregðast við nú þegar svo hægt sé að veita öllum viðunandi heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

Ályktun stjórnar BSRB um kjaradeilu SfK 8. október 2014

Stjórn BSRB lýsir yfir fullum stuðningi við Starfsmannafélag Kópavogs (SfK) í kjaradeilu við Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) fyrir hönd Kópavogsbæjar.

Samstarf aðila vinnumarkaðarins um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga hófst árið 2012 og þau vinnubrögð sem tekin voru upp í kjölfarið þóttu almennt gefa góða raun. Eftir þeim var að mestu farið við framlengingar á kjarasamningum aðildarfélaga BSRB sl. vor, þó ekki í framkomu SNS við SfK.

Við upphaf kjarasamningsviðræðna þessa árs lá ljóst fyrir að ekki yrði samið um heildarendurskoðun kjarasamninga. Þannig yrði kjarasamningum framlengt með breytingum sem væru sambærilegar í

öllum kjarasamningum aðildarfélaganna BSRB og samningur farmlengdur til eins árs. Við undirritun kjarasamnings í júlí sl. hjá Starfsmannafélagi Kópavogs var þeim tilkynnt að fella ætti út yfirlýsingu í kjarasamningi þeirra. Yfirlýsingin er þýðingarmikil að því leyti að afnám hennar vegur að félagafrelsi nokkurra félagsmanna Starfsmannafélags Kópavogs.

Nú nærri þremur mánuðum frá undirritun BSRB félaganna er SfK enn samningslaust sem er með öllu óásættanlegt. SfK var aðili að viðræðuáætlun sem gerð var sameiginlega við öll bæjarstarfsmannafélög innan BSRB. Viðræður samkvæmt þeirri áætlun áttu að hefjast í september en á meðan eitt aðildarfélaganna er enn án samnings geta viðræður ekki hafist.

Stjórn BSRB fordæmir vinnubrögð Samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Kópavogsbæjar í viðræðum sínum við SfK. Stjórn BSRB krefst þess að gengið verði frá framlengingu kjarasamninga við Starfsmannafélag Kópavogs nú þegar með sama hætti og gert var hjá öðrum aðildarfélögum BSRB.

Ályktun stjórnar BSRB um jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu 6. febrúar 2015

Stjórn BSRB varar við frekari einkavæðingu innan heilbrigðiskerfisins líkt og ýjað er að í nýlegri viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem undirrituð var í kjölfar nýrra kjarasamninga lækna.

Þótt ýmislegt jákvætt sé að finna í fyrrnefndri viljayfirlýsingu, t.d. varðandi samkeppnishæfni við Norðurlönd, aðbúnað starfsfólks og laun, byggingu nýs Landspítala og endurnýjun tækja segir þar jafnframt að „opna þurfi möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum“. Slíkt verður vart skilið öðruvísi en að auka eigi einkarekstur og einkavæðingu innan heilbrigðiskerfisins.

Einkavæðing og aukin einkafjármögnun í félagslegu heilbrigðiskerfi dregur úr aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sérstaklega hjá þeim sem hafa lægst tekjur og mesta þjónustubörf. Heilsa fólks getur aldrei orðið eins og aðrar markaðsvörur í samfélagi sem vill kenna sig við jafnræði og réttlæti. Allur hagnaður sem verður til í heilbrigðiskerfinu á að renna til frekari uppbyggingar kerfisins en ekki enda hjá einkaaðilum sem þjónustuna veita. Um leið og heilsa fólks fer að verða mögulegur gróðavegur fyrir einkafyrirtæki á markaði er hætt við að hinir efnaminni verði undir.

Stjórn BSRB leggur mikla áherslu á að markmið íslenska heilbrigðiskerfisins verði áfram að veita sem jafnastan aðgang allra að fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu. Öll efling heilbrigðiskerfisins er mikilvæg en hún verður jafnframt að byggja á skynsömum leiðum sem tryggja rétt allra til nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag.

Ályktun stjórnar BSRB um aðgerðir Kópavogsbæjar í kjölfar úrskurðar kæruneftndar jafnréttismála 6. febrúar 2015

Stjórn BSRB mótmælir þeirri ákvörðun Kópavogsbæjar að lækka laun karlmanns sem hafði hærra laun en kona í jafn verðmætu starfi í kjölfar úrskurðar kæruneftndar jafnréttismála.

Samkvæmt úrskurði kæruneftndar jafnréttismála gerðist Kópavogsbær brotlegur við lög með því að greiða konunni lægri laun en karlmanninum. Úr því ætlar bæjarfélagið að bæta með því að lækka launa karlmannsins til jafns við konuna. Þessi afstaða Kópavogsbæjar gengur gegn anda jafnréttislöggjafarinnar, gengur þvert á niðurstöðu kæruneftndar jafnréttismála og er til þess fallin að letja fólk til að sækja rétt sinn.

Með fordæmi sínu er Kópavogsbær að koma þeim skilaboðum á leiðis að sæki fólk rétt sinn til jafnra launa og niðurstaðan er þeim í vil, þá verði brugðist við því með því að lækka launa samanburðaraðila í sambærilegu starfi. Þetta er alveg ný nálgun til þess að vinna bug á því alvarlega vandamáli sem kynbundinn launamunur er og er ekki til þess fallin að árangur náist við að uppræta vandann.

Stjórn BSRB krefst þess að Kópavogsbær dragi ákvörðun sína til baka enda vandséð að lækkun launa með þessum hætti sé lögmæt. Jafnframt krefst stjórn BSRB þess að Kópavogsbær haldi launum karlmannsins óbreyttum frá því sem áður var og greiði konunni laun til jafns við hann. Þannig getur Kópavogsbær sýnt í verki að bæjarfélagið vinni af heilum hug að því að uppræta kynbundinn launamunur í stað þess að beita fólk valdniðslu ef það leitar sjálfssagðra réttinda sinna til jafnra launa fyrir jafn verðmæt störf.

Ályktun stjórnar BSRB vegna lagasetningar á verkfall BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 12. júní 2015

Stjórn BSRB mótmælir harðlega lagasetningu á verkfallsaðgerðir BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Verkfallsrétturinn er grundvallarréttur launafólks og þann rétt ber að virða.

Augljóst er að forsenda þess að kjaradeila félaganna og ríkisins leysist á farsælan hátt er að um hana verði samið á jafnréttisgrundvelli við samningaborðið. Nú þegar hafa ákvæði í nýgerðum samningum á almennum markaði sett samningafrelsi opinberra starfsmanna hömlur. Á meðan samninganefnd ríkisins telur sig bundna af ákvæðum samninga á almenna markaðnum höldum við áfram að fjarlægjast þá norrænu aðferðafræði við kjarasamningsviðræður sem ríkið hefur þó lagt mikla áherslu á að hér verði tekin upp.

Lagasetning á verkfallsaðgerðir BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga vegur enn frekar að samningsrétti opinberra starfsmanna og veikir samningsstöðu félaganna til muna.

Stjórn BSRB krefst þess að stjórnvöld axli sína ábyrgð á þeirri alvarlegu stöðu sem nú er á vinnumarkaði og komi nú þegar fram með raunhæfar lausnir að samningaborðinu í stað þess að skýla sér á bak við samninga sem gerðir hafa verið á almenna markaðnum.

Ályktun stjórnar BSRB vegna kjaraviðræðna við ríkið 4. september 2015

Stjórn BSRB krefst þess að ríkið gangi þegar í stað frá kjarasamningum við starfsfólk sitt sem margt hefur verið með lausa samninga í rúmlega hálfu ári. Það er sanngjörn og eðlileg krafa að ríkisstjórnin veiti samninganefnd sinni skýrt umboð til að klára samninga svo forða megi frekari röskun á þeirri mikilvægu almannaþjónustu sem starfsfólk ríkisins sinnir.

Eftir vinnustöðvanir og verkföll annarra féлага opinberra starfsmanna síðastliðið vor tók ríkisstjórnin ákvörðun um að setja lög á verkfall BHM og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Við gildistöku þeirra laga tók Alþingi um leið samningsréttinn af umræddum félögum. Það var jafnframt ákvörðun ríkisins að fela gerðardómi að leiða kjaradeiluna til lykta.

Allt frá því að samningar losnuðu í lok febrúar og jafnvel eftir að gerðardómur kvað upp sinn úrskurð hefur samninganefnd ríkisins ekki sýnt af sér nokkurn vilja til að klára samninga við ríkisstarfsmenn í anda þess sem gerðardómur úrskurðaði að væri sanngjarnt. Ríkið setti kjaradeilu hluta starfsmanna sinna í gerðardóm þvert á vilja þeirra en vill svo ekki una niðurstöðu dómsins gagnvart öðrum

starfsmönnum ríkisins, jafnvel þótt það starfsfólk starfi í mörgum tilfellum við hlið þeirra sem falla undir ákvörðun gerðardóms.

Þær kjarabætur sem ríkið hefur boðið aðildarfélögum BSRB eru langt frá þeim launahækkunum sem gerðardómur ákvað að væru sanngjarnar fyrir aðra ríkisstarfsmenn. Með nýjustu samningstilboðum sínum hefur ríkið sýnt því starfsfólki sínu sem enn er með lausa samninga mikla vanvirðingu og jafnframt sýnt af sér vilja til að mismuna starfsfólki sínu eftir því hvaða stéttarfélagi það tilheyrir.

Stjórn BSRB krefst þess að ríkið veiti samninganefnd sinni þegar í stað fullt umboð til að ganga til samninga við aðildarfélög BSRB þar sem mið verði tekið af úrskurði gerðardóms svo komast megi hjá frekari átökum á vinnumarkaði með tilheyrandi röskun á opinberri þjónustu.

Ályktanir aðalfunda BSRB 2012-2015

Ályktun aðalfundar BSRB 24. maí 2013

Aðalfundur BSRB óskar nýrri ríkisstjórn velfarnaðar og fagnar því að vinna eigi í víðtækri sátt við aðila vinnumarkaðarins um þróun vinnumarkaðar og uppbyggingu til framtíðar eins og fram kom í stjórnarsáttmála hennar.

Aðalfundur BSRB brýnir fyrir ríkisstjórninni að þörf er á að huga sérstaklega að velferðarmálum þjóðarinnar. Áratuga niðurskurður, sérstaklega í kjölfar efnahagshrunsins, hefur komið illa niður á velferðarþjónustunni og aukið álag þeirra sem við hana starfa framúr hófi. Þá hefur veiking velferðarkerfisins bitnað harðast á þeim sem eru verst staddir og úr því verður að bæta.

Aðalfundur BSRB hvetur nýja ríkisstjórn til að vinna ötullega að velferðarmálum þjóðarinnar með jafnrétti og jafnræði allra landsmanna að leiðarljósi.

Ályktun aðalfundar BSRB um skuldaleiðréttingar og húsnæðismál 16. maí 2014

Aðalfundur BSRB mótmælir því að í nýsamþykktum skuldaleiðréttingum ríkisstjórnarinnar er ekki komið til móts við stóran hluta heimila landsins, m.a. þá sem eru á leigumarkaði.

Til að markmið leiðréttingarinnar nái fram að ganga telur BSRB að leiðrétta þurfi öll lán sem íþyngja heimilum vegna hækkunar verðbólgu en ekki eingöngu lán vegna íbúðarhúsnæðis. Telji ríkisstjórnin að forsendubrestur hafi orðið vegna þess að verðbólga var hærri en við mátti búast þá hljóti það að gilda einnig um aðra verðtryggða samninga, þ.m.t. varðandi húsaleigu og námslán.

Þótt aðgerðin muni bæta stöðu margra heimila í landinu munu leiðréttingarnar gagnast þeim sem mest þurfa á að halda lítið eða ekki neitt. Aðalfundur BSRB mótmælir þeirri mismunun sem í aðgerðunum felst og krefst þess að úr verði bætt.

Samræmdar húsnæðisbætur óháð búsetuformi

BSRB hvetur stjórnvöld til að koma samræmdum húsnæðisbótum til framkvæmda sem fyrst í stað sérstakra vaxta- og leigubóta. Opinberar húsnæðisbætur, óháð því hvort fólk á eða leigir húsnæðið sem það býr í, stuðla að frekari jöfnuði á húsnæðismarkaði og mismuna fólki ekki eftir búsetuformi.

Stefna stjórnvalda í húsnæðismálum verður að taka mið af nýjum aðstæðum sem skapast hafa á Íslandi. Þess vegna er brýnt að koma til móts við hina miklu eftirspurn eftir leiguhúsnæði og jafna

stuðning milli fólks á eigna- og leigumarkaði, líkt og gert er ráð fyrir í nýrri skýrslu um framtíðarskipan húsnæðismála á Íslandi.

Öruggt húsnæði, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða séreign, er einn af hornsteinum almennrar velferðar. Eitt af hlutverkum stjórnvalda er að tryggja öllum jafnan stuðning svo hver og einn geti búið í viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar óháð búsetuforminu.

Ályktun aðalfundar BSRB um stöðu heilbrigðisþjónustunnar 16. maí 2014

Aðalfundur BSRB ítrekar mikilvægi þess að tryggja jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag eða búsetu. Um áratugaskeið hefur almenn sátt ríkt um það fyrirkomulag heilbrigðismála að hið opinbera veiti hana og hún sé greidd úr okkar sameiginlegu sjóðum. Með sífellt aukinni kostnaðarþátttöku almennings er þeirri samfélagssátt sem ríkt hefur um fyrirkomulag heilbrigðismála á Íslandi ógnað. Aðalfundur BSRB mótmælir auknum álögum á sjúklinga og varar jafnframt við öllum aðgerðum sem miða að því að færa verkefni á sviði heilbrigðismála frá opinberum aðilum til einkaaðila.

Heilbrigðisstofnanir um land allt búa við fjársvelti og undirmönnun. Aðstæður og álag starfsfólks eru óviðunandi og laun of lág. Stjórnvöld verða að bregðast við vandanum og forgagnsraða fjárveitingum sínum í þágu velferðar þjóðarinnar allrar.

Aðalfundur BSRB krefst þess að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, aðbúnað og kjör starfsfólks hennar og jafnframt lágmarka greiðsluþátttöku almennings svo heilbrigðisþjónustuna megi reka á samfélagslegum grunni til framtíðar.

Ályktun aðalfundar BSRB um kjaramál 16. maí 2014

Aðalfundur BSRB krefst þess að þegar verði gengið frá kjarasamningum við þau aðildarfélög bandalagsins sem hafa lausa samninga við stofnanir innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Aðalfundur BSRB krefst þess einnig að SFV komi með raunverulegan samningsvilja að samningaborðinu í stað þess að nota verkföll hjá stofnunum sínum sem skiptimynt í deilum sínum um fjárveitingar við stjórnvöld.

Réttindi starfsmanna stofnana í velferðarþjónustu voru um áratugaskeið í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Síðustu ár hafa nokkrar stofnanir innan SFV hætt að viðurkenna þau réttindi og harmar aðalfundur BSRB að allar stofnanir viðurkenni ekki lengur sjálfsögð og eðlileg réttindi starfsmanna sinna. Breyting á viðhorfi SFV til réttinda opinberra starfsmanna sem starfa hjá stofnunum SFV myndi greiða fyrir gerð nýrra kjarasamninga milli aðildarfélaga BSRB og SFV.

Endurskoða þarf rekstrarform sjálfseignarstofnana

Aðalfundur BSRB telur jafnframt að endurskoða þurfi rekstrarfyrirkomulag svonefndra sjálfseignarstofnana sem sinna velferðarstöfum. Sjálfseignarstofnanir sem sinna velferðarþjónustu, t.d. Grund, Hrafnista, Sunnuhlíð, Sóltún og Eir, gegna mikilvægu hlutverki innan heilbrigðiskerfisins og eru fjármagnaðar með opinberu fé.

Velferðarmál eru á ábyrgð ríkisins en með núverandi rekstrarfyrirkomulagi sjálfseignarstofnana er ríkið að fría sig ábyrgð á rekstri þeirra. Á meðan SFV viðurkennir ekki sjálfssögð réttindi starfsmanna

sinna og ríkið axlar ekki ábyrgð á því hvernig stofnanirnar eru reknar er augljóst að rekstrarfyrirkomulagið gengur ekki upp.

Aðalfundur BSRB gerir þá kröfu að SFV viðurkenni tafarlaust að réttindi sambærileg lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi um félagsmenn opinberra stéttarféлага sem starfa hjá stofnunum SFV. Jafnframt að rekstrarfyrirkomulag stofnanna SFV verði endurskoðað svo skýrt verði að ábyrgð á rekstri þeirra sé fyrst og síðast hjá ríkinu.

Ályktun aðalfundar BSRB um kjaramál 8. maí 2015

Aðalfundur BSRB krefst þess að stjórnvöld og launagreiðendur axli sína ábyrgð á þeirri alvarlegu stöðu sem nú er komin upp á vinnumarkaði. Launafólk getur ekki eitt borið ábyrgð á stöðugleika efnahagslífsins. Stjórnvöld og atvinnurekendur verða einnig að leggja sitt af mörkum til að mögulegt sé að skapa sátt á vinnumarkaði.

Ríkisstjórnin hefur gefið eftir skatta á þá efnamestu á meðan atvinnurekendur greiða sér milljarða í arð og hækka laun sín um tugi prósentu. Á sama tíma eru launahækkunar almennra starfsmanna umfram 3% sagðar ógna efnahagslífinu í heild. Slíkt er aðeins til þess fallið að auka ójöfnuð og skapa ósætti. Stjórnvöld og atvinnurekendur verða að sýna í verki að þau vinni að hagsmunum heildarinnar og halda þegar af braut sérhagsmuna og ójafnaðar.

Grafalvarlegt ástand ríkir nú á vinnumarkaði. Vinnustöðvanir og verkföll eru alfarið á ábyrgð stjórnvalda og atvinnurekenda sem hafa á engan hátt komið til móts við launafólk. Á meðan stjórnvöld sitja aðgerðarlaus hjá er ljóst að vandinn innan heilbrigðiskerfisins magnast enn frekar.

Aðalfundur BSRB krefst þess að stjórnvöld komi nú þegar fram með raunhæfar lausnir að samningaborðinu til að forða megi samfélaginu frá frekari skaða en þegar hefur orðið.

Ályktun aðalfundar um makrílveiðar 8. maí 2015

Aðalfundur BSRB krefst þess að frumvarp sjávarútvegsráðherra til laga um makrílveiðar verði þegar í stað dregið til baka eða því breytt, þannig að með afdráttarlausum hætti verði kveðið á um að makrílkvótinn sé ævarandi eign þjóðarinnar. Einnig að aflaheimildir á makríl verði boðnar upp á markaði ár hvert og tryggt að útgerðarmenn greiði markaðsverð fyrir veiðiheimildir. Þannig verði hafist handa við að koma á nýju fyrirkomulagi í úthlutun aflaheimilda og þjóðinni færðar til baka eigur sínar.

Ályktun heilbrigðis- og velferðarnefndar BSRB – samþykkt á málþingi 31. október 2013

Heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB ítrekar mikilvægi þess að tryggja jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag eða búsetu. Sátt hefur ríkt um það fyrirkomulag heilbrigðismála, þvert á alla stjórnmalaflokka, að hið opinbera veiti hana og hún sé greidd af okkar sameiginlegu sjóðum. Við því fyrirkomulagi ber ekki að hrófla.

Þess vegna gagnrýnir heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB að leggja eigi auknar álögur á sjúklinga í formi hækkunar á komugjöldum og sérstaks gjalds fyrir innlagnir á sjúkrahús líkt og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Einnig er mjög varað við öllum aðgerðum sem miða að því að færa verkefni á sviði heilbrigðismála frá opinberum aðilum til einkaaðila. Reynslan sýnir okkur að

slíkar aðgerðir eru kostnaðarsamari til lengri tíma auk þess sem sú þjónusta sem veitt er versnar nær alltaf.

Heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB bendir á að um allt land búa heilbrigðisstofnanir við fjársveldi. Heilbrigðisstofnanir eru undirmannaðar, álag starfsfólks eykst stöðugt og mikil óánægja er með laun og aðbúnað. Nauðsynlegt er að búa svo um að heilbrigðisþjónustan sé samkeppnisfær við Norðurlöndin hvað aðbúnað og vinnuálag starfsfólks varðar til að koma í veg fyrir frekari þekkingarflótta frá landinu.

Ef ekki verður brugðist við eru heilbrigðisstofnanir landsins ófærar um að veita þá þjónustu sem þeim er skylt lögum samkvæmt. Heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB hvetur stjórnvöld þess vegna til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar svo hana megi reka á samfélagslegum grunni til framtíðar.

Umsagnir BSRB um lagafrumvörp og tillögur að þingsályktunum

BSRB fær fjölda þingmála til umsagnar og skoðar hvert og eitt m.t.t. þess hvort bandalagið sjái ástæðu til að gefa umsögn sína um tiltekið mál. Þau frumvörp sem BSRB ákveður að veita umsagnir um og senda nefndasviði Alþingis varða oftast hagsmuni félagsmanna bandalagsins.

Fulltrúar BSRB mæta auk þess fyrir þingnefndir og gera grein fyrir afstöðu bandalagsins í tilteknum málum. Að auki kemur BSRB skoðunum sínum á tilteknum málum sem varða hagsmuni félagsmanna og launafólks innan almannaþjónustunnar á framfæri með öllum tiltækum leiðum sem í boði eru. Samráð við smíði frumvarpa er oft haft við þá aðila sem málin varða eða þau eru tekin upp á samráðsfundum innan viðkomandi ráðuneyta. Hagsmunum félagsmanna BSRB er þannig einnig komið á framfæri á meðan mál eru í vinnslu og þegar þau eru í meðförum Alþingis.

BSRB gaf á kjörtímabilinu, sem spannaði 141-144 löggjafarþing, umsagnir um eftirtalin þingmál. Umsagnirnar í heild sinni má finna á eftir upptalningu þessari:

- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum
- Umsögn BSRB um frumvarp til upplýsingalaga
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
- Umsögn BSRB um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð
- Umsögn BSRB um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga
- Umsögn BSRB um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um tilflutning á stökum frídögum launafólks að vori
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um stimpilgjald
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014
- Umsögn BSRB um fyrirhugaða tillögu efnahags- og viðskiptanefndar um breytingu á frumvarpi til laga ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku og lögum um almennan frídag 1. maí
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár
- Umsögn BSRB um þingsályktunartillögu um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og lögum um vörugjald
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni

- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnslu ríkisins í héraði
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um séreignasparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall, um vörugjald, og breytingu á lögum um tekjuskatt
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015
- Umsögn BSRB vegna tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili
- Viðbótarumsögn við umsögn BSRB um frumvarp til laga um virðisaukaskatt
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um opinber fjármál
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur,
- Efnir: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Menntamálastofnun
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn vatnamála
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um náttúrupassa
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum um málefni fatlaðs fólks
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands
- Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélag
- Umsögn BSRB um frumvarp til laga um húsnæðisbætur

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum með síðari breytingum (frestun tilfærslu), nr. 80/2002, þskj. 65 - 65. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum um frestun tilfærslu verkefna frá sveitarfélögum til ríkis um eitt ár.

Bandalagið tekur undir áform um frestun tilfærslunnar einkum að teknu tilliti til réttinda starfsmanna hún mun hafa áhrif á og starfsmannamál almennt. Reynsla bandalagsins er sú að ekki hefur verið nægilega gætt að réttindum starfsmanna við slíkar tilfærslur og er því lögð áhersla á mikilvægi þess.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur), þskj. 174 - 173. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum.

BSRB tekur undir og styður eindregið umsagnir Landssambands lögreglumanna um þingmál þetta, nú sem á fyrri stigum þess. Sérstaklega vill bandalagið leggja áherslu á eftirfarandi.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þau vandkvæði sem hafa fylgt því samkomulagi sem afsal verkfallsréttar í stað kauptryggingar á launum lögreglumanna hefur haft í för með sér. Frá því að verkfallsréttur lögreglum anna var tekinn af hafa ávallt staðið yfir langar deilur hvert sinn sem kjarasamningar þeirra eru lausir. Þá er skilningur samningsaðilanna tveggja, Landssambands lögreglumanna og ríkisins afar ólíkur á því hvað felst í bókun um kauptryggingu á launum lögreglumanna. Bandalagið telur að bann við verkföllum geti í mörgum tilvikum varðað brot á mannréttindum þar sem um neyðarrétt launafólks er að ræða til að ná framgangi krafna sinna. Ákvæði 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 með hliðsjón af 11. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, hefur verið túlkað svo í dómaframkvæmd að það verndi ekki eingöngu rétt manna til að stofna stéttarfélög heldur einnig frelsi stéttarfélaganna til að standa vörð um og tryggja hagsmuni félagsmanna sinna. Samningsfrelsið er eðli málsins samkvæmt ein grundvallarstoð þess að stéttarfélög geti sinnt framangreindu hlutverki sínu. Nýtur það þ.a.l. verndar lagaákvæðanna.

Ef verkfallsréttur er afnuminn er undantekningalaust skilyrði þess að að viðkomandi stétt sé tryggð jafn góð eða betri úrræði um kjaramyndun þeirra. Staðan er sú að laun lögreglumanna eru lág samanborið við eðli starfsins. Ljóst þykir að það úrræði er tók við um kauptryggingu launa lögreglumanna er verra en verkfallsréttur til að fenginn sé ásættanleg niðurstaða hverju sinni. Dráttur kjarasamningsgerðar þegar þeir eru lausir og ágreiningur samningsaðila við gerð nýs kjarasamnings allar götur síðan 1986 er ótækt ástand fyrir alla aðila. Því krefst bandalagið þess, í samræmi við vilja lögreglumanna, að lögreglumönnum verði tryggður verkfallsréttur á ný með brottfellingu 31. gr. lögreglulaga og breytingu á öðrum lagaákvæðum sem taka til hans.

Umsögn BSRB um frumvarp til upplýsingalaga, þskj. 223 - 215. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til upplýsingalaga. Bandalagið vísar til umsagnar sinnar um þingmálið á síðasta löggjafarþingi sem er eftirfarandi.

BSRB styður eindregið framgang þessa máls. Bandalagið fagnar frekari rýmkun gildissviðs laganna og tekur sérstaklega undir þær breytingar sem frumvarpið felur í sér um að upplýsingalög taki til lögaðila sem eru í meira en 51% hluta í eigu hins opinbera. Bandalagið tekur einnig sérstaklega undir breytingu á tilgreiningarreglu upplýsingalaga.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, þskj. 421 - 364. mál

BSRB leggst alfarið gegn frumvarpinu og krefst þess að það verði dregið til baka. Bandalagið hefur áður sent inn um sagnir um framvarp sama efnis sem var lögð voru fram á 130., 139. og 140. löggjafarþingi.

Því er mótmælt harðlega að löggjafinn taki sér það vald í hendur að taka einhliða ákvörðun um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Kveðið er á um það í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að hafa ber samráð við samtök opinberra starfsmanna við endurskoðun laganna.

Afstaða bandalagsins til frumvarpsins hefur ekki breyst þrátt fyrir áréttingu um að m álefnaleg sjónarmið skuli eftir sem áður gilda um ákvörðun um starfslok og lausn frá embætti skv. breyttri greinargerð með frumvarpinu. Enda er þá enn ósvarað þeirri spurningu hvað teljist til m álefnalegra sjónarm iða yrði frumvarpið að lögum. Samkvæmt núgildandi lagaumhverfi geta ástæður uppsagnar ríkisstarfsmanna verið annars vegar að rekja til starfsmanns sjálfs en þá er áminning almennt nauðsynlegur undanfari lögmætrar uppsagnar og hins vegar vegna ástæðna sem m á rekja til viðkom andi stofnunar. Í þeim efnum eru m álefnaleg sjónarmið talin vera t.d. vegna hagræðingar í rekstri og skipulagsbreytinga. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er fullkom lega óljóst hvaða m álefnalegu sjónarmið geti búið að baki uppsögn starfsmanns ríkisins vegna ástæðna sem rekja m á til hans sjálfs.

Markmið áminningarskyldu er að veita starfsmanni færi á að bæta ráð sitt. B andalagið lítur svo á að slíkar reglur ættu að gilda um allan vinnumarkaðinn fremur en að samræming almenna- og opinbera vinnumarkaðar feli í sér að ám inningarskylda opinberra starfsmanna sé felld brott. Ám inningarskylda felur í sér tækifæri til úrbóta og leiðréttinga áður en komið er í óefni sem leiðir til uppsagnar starfsmanns.

Vandséð er að hægt verði að fella brott með þeim hætti sem frumvarpið leggur til andmælarétt starfsmanna. Kveðið er á um andmælarétt í stjórnvísulögum en lögin gilda um töku stjórn valdsákvörðunar. Ráðning til starfa og uppsögn eru stjórnvaldsákvörðanir skv. athugasemdum með frumvarpi til stjórnvísulaga og kemur skýrlega fram í dómaframkvæmd.

Þannig teljast mál ekki upplýst e f ekki er gefið aðila máls tækifæri til andmæla og getur þar af leiðandi verið um brot á rannsóknarreglu stjórnvísuluréttar einnig að ræða.

Þá er vandséð að hægt verði að fella brott ám inningarskyldu með þeim hætti sem lagt er enda verður að gæta að skráðum sem óskráðum reglum stjórnvísuluréttar við töku stjórnvaldsákvörðunar um uppsögn.

Rétt er að taka það fram að uppsögn er afar íþyngjandi ákvörðun sem hefur áhrif á sjálfsvirðingu og mögulega framtíðarframfærslu einstaklings. Það verður því að teljast lágmarksvirðing gagnvart starfsfólki að ekkert sé aðhafst fyrr en mál eru upplýst. Rannsókn máls getur vart verið lokið e f ekki er veitt tækifæri til andmæla. Þær reglur sem nú gilda um ám inningarskyldu veita ákvörðunartöku gagnsæi og skapar aukið traust á að m álefnaleg sjónarmið hafi búið að baki. Loks að ákvörðunin sé sanngjörn og tekið sé á sambærilegum starfsmannamálum með sambærilegum hætti. En framantalið er allt í samræmi við markmið að baki setningu stjórnvísulaga.

Í frumvarpinu er vísað til skýrslu Ríkisendurskoðunar til rökstuðnings um að breytinga sé þörf. Í þeim efnum er rétt að áréttu að BSRB telur því tillöguna um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verulega vanhugsáðar. Bandalagið leggur áherslu á að áður en gripið er til aðgerða til að leysa meintan vanda í starfsmannamálum ríkisins þurfi að greina hvort vandinn sé raunverulega fyrir hendi og þá hver hann er.

Að öðru leyti vísar bandalagið til áðurnefndar um sagnar þess við frumvarp sama efnis er lagt var fram á 130., 139. og 140 löggjafarþingi.

Umsögn BSRB um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum).

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna færslu frídaga að helgum.

Bandalagið hefur áður sent inn umsagnir vegna þingmála sama efnis. Bandalagið gerir ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins að öðru leyti en því að BSRB leggst alfarið gegn þeim tillögum um að baráttudagur verkalýðsins verði færður til. BSRB leggur mikla áherslu á að áfram verði lögskipaður frídagur þann 1. maí. Ástæða þess er að dagurinn er ekki eingöngu lögskipaður frídagur hér á landi, hann er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og upphaf hans má rekja allt aftur til níunda áratugar 19. aldar. Því eru kröfugöngur og útifundir haldnir í í fjölda annarra landa þann 1. maí, rétt eins og hér á landi. Dagurinn hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna og eru því að mati bandalagsins ríkar ástæður sem mæla gegn færslu hans.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (hækkun greiðslna og lenging), þskj. 638 - 496. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Bandalagið fagnar áætlunum um hækkun þaks fæðingarorlofs sem en hefði kosið að sjá frekari hækkun en boðað er. Þannig fékk BSRB frumvarpið til umsagnar á fyrri stigum þess og þá átti þakið að hækka í 400 þús. kr. árið 2013. Bandalagið gerði engar athugasemdir við þá tillögu og leggur til að velferðarnefnd breyti frumvarpinu aftur í það horf í meðförum sínum.

Afleiðingar mikillar lækkunar þaks á fæðingarorlofsgreiðslur hefur valdið því að foreldrar taka sér síður fæðingarorlof en það á einkum við um feður. Þegar búið er svo um fæðingarorlofskerfið að foreldrar draga úr fæðingarorlofstöku er ljóst að það er ekki að þjóna markmiði sínu. Því hefur BSRB lagt mikla áherslu á að þakið verði hækkað sem fyrst. Með tillögunni verður þakið hækkað í 350 þús. kr. en engin langtímaáform eru um frekari hækkun þess. Hins vegar er lagðar til langtímaáætlanir um lengingu fæðingarorlofs sem tekur endanlega gildi 2016.

Bandalagið telur að forgangsraða verði í þessum eignum enda ljóst að foreldrar taka ekki lengra fæðingarorlof e f greiðslur í fæðingarorlofi eru áfram svo lágar að þau sjái sér ekki fært að taka fæðingarorlof yfir höfuð. Því er það brýnna verkefni að hækka þakið strax í 400 þús. kr. á mánuði ásamt því að gerð verði áætlun um frekari hækkun þess.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.), þskj. 602 - 468. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs og hækkun barnabóta og framlengingu sérstakra vaxtabótageiðslna. BSRB fagnar hækkun barnabóta enda hefur það verið eitt aðalhagsmunamál bandalagsins á undanförunum árum.

Bandalagið hefur þungar áhyggjur af verðlagsuppfærslu á opinberum gjöldum sem kveðið er á um í frumvarpinu. Slíkar hækkanir hafa áhrif á neysluerðsvísitölu og rýra enn frekar kaupum átt heimila samhliða því að verðtryggð lán hækka. Þannig hefur komið fram í umræðu um málið að ef eingöngu eru reiknuð út áhrif hækkunar á tóbaksgjaldi samkvæmt frumvarpinu yrði það til þess að auka skuldir heimilanna um þrjár milljarða króna. Ótækt er að ekki sé kveðið með skýrari hætti á um hver áhrifin verða nákvæmlega í frumvarpinu. Bandalagið óskar þess eindregið að nefndin óski eftir þeim

upplýsingum hver áhrifin verði áður og veiti bandalaginu upplýsingar þar um áður en frumvarpið er afgreitt af hálfu nefndarinnar.

Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila, þskj. 9 - 9. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í tíu liðum til þess að taka á skuldavanda heimila.

Það er vandmeðfarið að geta ekki tekið undir tillögur sem miða að því að létta á byrðum heimilanna. Hins vegar er það svo að allar aðgerðir sem miða að því að létta á byrðum heimilanna munu fela í sér kostnað fyrir ríkissjóð. Bandalagið hefur verulegar áhyggjur af því hvernig sá kostnaður muni aftur færast yfir á skattgreiðendur og þar af leiðandi auka skuldabyrði og kostnað heimilanna. Svo að raunverulega megi bæta stöðu heimilanna telur bandalagið þann kost vænstan að þeim mögulegu fjármunum sem ættu að fara í að greiða niður almenn fasteignalán verði varið til lækkunar á skuldum ríkissjóðs. Með þeim hætti er tryggara en ella að sá kostnaður sem tillögur þessar feli í sér bitni ekki á heimilunum með öðrum eða óbeinum hætti, t.d. með frekari niðurskurði í heilbrigðiskerfinu og í almannabjónustu með tilheyrandi hækkun á gjaldtöku. Sú aðgerð ætti að koma öllum heimilum og einstaklingum til góða í framtíðinni með lægri sköttum og bættu velferðarkerfi. Þá telur BSRB brýnt að ráðist sé sem fyrst í framkvæmdir að bættum leigumarkaði á Íslandi og leigjendum sé gefinn raunverulegir kostir til leigu óháð félagslegri stöðu.

Athugasemdir BSRB við einstaka liði aðgerðaráætlunarinnar eru meðfylgjandi:

1. Varðandi sérfræðihóp sem á að útfæra mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána. Ekki þarf að fara mörgum orðum um tilgang og markmið lífeyrissjóða sem allir launamenn eru skuldbundnir til að greiða til. Lífeyrissjóðirnir hafa veitt fjölmörgum einstaklingum lán vegna húsnæðiskaupa. Vandséð er að hagsmunir sjóðsfélaga liggja í því að eignir lífeyrissjóðanna séu færðar niður með þessum hætti enda mun það hafa afleiðingar á réttindi sjóðsfélaga í sjóðnum. Auk þess er ljóst að staða Íbúðalánasjóðs er ekki nægilega burðug til þess að hann geti tekið á sig lækkun útlána. Því þarf að mæta slíkri niðurfærslu með framlögum frá almenningi með milligöngu ríkisins eða með niðurfærslu skulda Íbúðalánasjóðs sem í reynd væri að mestu leyti á kostnað lífeyrissjóðanna. Jafnvel þótt reynt væri að fara síðari leiðina þá er spurning hvort að ríkisábyrgð Íbúðalánasjóðs geri hana mögulega.
2. Varðandi sérstakan leiðréttingarsjóð. BSRB telur áhættuna af slíkri framkvæmd of mikla til að tryggja sér að hún þjóni markmiði sínu. Helstu álitæfnin í þessu er hvernig eigi að fjármagna slíkan sjóð og hvernig megi tryggja jafnræði skattgreiðenda þar sem tillagan felur í sér niðurgreiðslu óháð því hvernig stofnað var til skuldanna. Áhættan er enn öll á ríkissjóði þar sem alls er óvíst hvernig og hvort samningar takast við kröfuhafa erlendra skulda. Ef staða ríkissjóðs versnar enn frekar eru fáir aðrir valkostir til tekjuöflunar hans en að auka gjaldtöku eða hækka skatta sem mun hafa í för með sér auknar álögur fyrir heimilin.
3. Varðandi aðgerðir sem gera eigendum yfirskuldsettra íbúða kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið sjálft stendur ekki undir. Bandalagið telur mikilvægt að vita tilgang þessa og af hvaða ástæðum er verið að leggja fram tillöguna. Einnig mögulegan fjölda einstaklinga sem um ræðir sem gætu nýtt sér úrræðið. Þá er því velt upp hvort markmiðin sem standa að baki þessari tillögu hafi verið náð fram með breytingu á fyrningarfrestum í tvö ár við gjaldþrotaskipti.
4. Varðandi nefnd um framtíðarskipan húsnæðismála. Síðastliðin fjögur ár hefur verið unnið í þverpólitísku samstarfi allra flokka og hagsmunaaðila. BSRB lagði til að komið yrði á varanlegum leigumarkaði óháð félagslegri stöðu og því er ekkert til fyrirstöðu að hafist sé handa við að

framkvæma tillögur fyrri nefndar. Áherslur BSRB eru líkt og áður hefur komið fram leigukerfi sem er óháð félagslegri stöðu en þeir sem eru í erfiðri félagslegri stöðu geti hins vegar fengið meiri niðurgreiðslu á leigukerfinu.

5. BSRB gerir engar athugasemdir við tillögur um flýtimeðferð dómsmála er tengjast skuldavanda heimilanna.
6. Varðandi sérfræðihóp um afnám verðtryggingar af neytendalánum. Þing BSRB hefur ályktað að leggja verði fram raunhæfa aðgerðaráætlun um afnám verðtryggingar. Það eru tvær hliðar á þessu, annars vegar það sem snýr að neytendalánunum og svo lífeyrissjóðunum. Lífeyrissjóðirnir hafa veitt mikið af lánum til fasteignakaupa en hlutverk sjóðanna er að fjármagna lífeyrisgreiðslur til ellilífeyrisþega. Óhjákvæmilega þarf því að skoða og vega þessa tvo þætti vandlega saman áður en hafist er handa.
7. Varðandi könnun á hvernig eignalausum einstaklingum verði gert kleift að greiða kostnað vegna gjaldþrotaskipta á búi sínu. BSRB telur tillöguna ekki í samræmi við markmið þingályktunartillöguna í heild. Markmiðið hlýtur að vera að koma í veg fyrir gjaldþrot einstaklinga. Þá er spursmál um hve mikinn fjölda þetta gæti átt við og hvernig þessi tillaga og 3. liður þingsályktunartillögunar gangi saman.
8. Varðandi gjald á fjármálafyrirtæki. BSRB leggst ekki gegn tillögunni en telur óskýrt hvernig megi sýna fram á að fyrirtæki séu ekki að hraða útreikningi. Aðaláherslan þarf að sjálfsögðu að vera á gæði vinnunnar og vönduð vinnubrögð við endurútreikning þar sem ávallt þarf að skoða hvert einstakt mál.
9. Varðandi að stimpilgjald af lánum verði afnumið. BSRB telur að slík tillaga sé eingöngu af hinu góða og muni fela jákvæð áhrif í sér. Hins vegar skila stimpilgjöld um 4 milljörðum í tekjur árlega og þá er mikilvægt að vita hvernig þeirri lækkun á tekjum verði mætt.
10. BSRB gerir engar athugasemdir við tillögu um að Hagstofan fái skýrar heimildir til að afla upplýsinga frá fjármálafyrirtækja að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

Bandalagið leggur til að óskað verði eftir því við Seðlabankinn myndi meta áhrif þessara tillagna á fjármálastöðugleika og mögulega þensluáhrif á fasteignamarkaðnum, vegna fyrri reynslu af breytingum á fasteignalánamarkaðnum.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð, með síðari breytingum (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja), þskj. 14-14.mál.

BSRB gerir engar efnislegar athugasemdir við tillögur um að Hagstofa Íslands fái skýrari heimildir til að afla upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

Umsögn BSRB um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr., 125/199, með síðari breytingum, þskj. 40 – 25. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar nr. 100/2007, og lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (frítekjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir).

Bandalagið leggur áherslu á að áfram verði unnið að endurskoðun almannatrygginga og sú nefnd sem sett var á laggirnar á fyrra kjörtímabili skipuð fulltrúum frá öllum þingflokkum, aðilum vinnumarkaðarins og helstu hagsmunaaðilum verði starfandi áfram.

Bandalagið tekur undir sjónarmið Femínistafélags Íslands þar sem fram kemur að eðlilegra hefði verið að hækka grunnlífeyri almannatrygginga sem nýst hefði fleirum, en hækka frítekjumark þeirra sem hafa atvinnu- og fjármagnstekjur. Bandalagið er þar af leiðandi ekki sammála þeirri fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að það hafi ekki bein áhrif á jafnrétti kynjanna.

Bandalagið tekur jafnframt undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu þar sem segir að erfitt verði að framfylgja þeirri stefnumörkun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árinu 2014 með þeim útgjaldaauka sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins, nema gerðar verði ráðstafanir til að draga úr framlögum til annarra málaflokka í sama mæli eða leggja á hærri skatta til tekjuöflunar. Nú þegar hafa boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í för með sér útgjaldaauka og skertar tekjur upp á tæpa 20 milljarða króna og með þessu frumvarpi eykst hann í tæpa 24 milljarða. Vandséð verður hvernig þeirri breytingu verður mætt nema með umfangsmiklum niðurskurði í almannatryggingunum og af því hefur BSRB verulegar áhyggjur.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga (heildarlög) þskj. 6 – 6. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

Bandalagið styður framgang þessa máls enda felur það í sér rýmkun slyshugtaksins sem leiðir til betri réttinda launamanna.

Umsögn BSRB um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um tilflutning á stökum frídögum launafólks að vori.

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um tilflutning á stökum frídögum að vori.

BSRB leggst eindregið gegn flutningi á lögskipuðum frídegi 1. maí. Ástæðan er sú að dagurinn er ekki eingöngu lögskipaður frídagur hér á landi, hann er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og upphaf hans má rekja allt aftur til níunda áratugar 19. aldar. Því eru kröfugöngur og útifundir haldnir í fjölda annarra landa þann 1. maí, rétt eins og hér á landi. Dagurinn hefur því bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna.

Hvað flutning annarra íslenskra frídaga varðar er BSRB reiðubúið til viðræðna þar um en leggur áherslu á að ekki sé hróflað við dögum sem hafa alþjóðlega tengingu. Einnig er nauðsynlegt að hafa í huga mögulegt óhagræði launamanna og fjölskyldna þeirra ef eingöngu eitt sveitarfélag, eða atvinnurekandi, flytur frídaga til.

Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi, 40. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu að þingsályktun um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi.

BSRB styður þau megin sjónarmið sem fram koma í tillögunum.

Bandalagið tekur sérstaklega undir efni 1. liðs tillögunnar til þingsályktunar um að fjármála- og efnahagsráðherra og velferðarráðherra leggi fyrir Alþingi á haustþingi frumvarp til laga um nýjar húsnæðisbætur sem taki mið af fjölskyldustærð og tekjum og tryggi sambærilegan stuðning við leigjendur og eigendur, líkt og kom fram í skýrslu vinnuhóps um húsnæðisbætur í maí 2012. Fulltrúi BSRB sat í vinnuhópnum og lagði þar áherslu á það stefnumál bandalagsins að nauðsynlegt sé að auka jafnræði milli ólíkra búsetuforma. Samstaða um lykiláherslur náðist í vinnuhóp um húsnæðisbætur sem skipaður var aðilum vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Húsnæðiskerfið þarf að vera þannig uppbyggt að fólk hafi val, geti hagað húsnæðismálum sínum í takt við aðstæður á hverjum tíma. Kerfið þarf að vera sveigjanlegt og uppbygging þess á að stuðla að jafnræði á milli ólíkra búsetuforma.

BSRB gerir ekki sérstakar athugasemdir við 2., 3. og 4. lið tillögunnar.

BSRB tekur einnig undir 5. lið tillögunnar og leggur á það áherslu að nauðsynlegt er að leigumarkaður sé raunverulegur valkostur fyrir alla þjóðfélagshópa. Til að svo geti orðið telur bandalagið að nýbyggingar á leigumarkaði verði að taka mið af þörfum leigjenda til að tryggja hagkvæmni og viðráðanlegt leiguverð. Mikilvægt er að reglur og lög varðandi leigufélög sem njóta opinbers stuðnings verði settar takmarkanir á arðgreiðslum, að leigufélög tryggi leigjendum húsnæðisöryggi til frambúðar og að íbúðir geti ekki verið seldar út úr leigufélögum í gróðaskyni.

BSRB gerir ekki athugasemdir við 6. lið tillögunnar.

BSRB telur að rekstur félagslegs leiguhúsnæðis samhliða því að þróa varanlegan leigumarkað sé ekki besti kosturinn. Að mati bandalagsins væri æskilegra að byggja upp varanlegan almennan leigumarkað fyrir alla samfélagshópa þar sem stuðningur er persónubundinn en ekki húsnæðisbundinn. Áfram yrði veittur sértækur stuðningur fyrir þá þjóðfélagshópa sem þess þurfa en sá stuðningur yrði óháður húsnæðisbótunum.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um stimpilgjald, þskj. 4. - 4. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stimpilgjald.

BSRB fagnar framlagningu frumvarpsins þar sem það felur í sér lækkun stimpilgjalds hjá einstaklingum sem fjármagna fasteignakaup sín með lánum. Bandalagið gerir þó eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í fyrsta lagi ber að nefna að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir áframhaldandi undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds við fyrstu fasteignakaup. Í ljósi þeirra markmiða er búa að baki núgildandi ákvæði þar um, þ.e. að auðvelda einstaklingum að kaupa sína fyrstu fasteign, telur bandalagið mikilvægt að ákvæði þess efnis verði einnig í nýjum lögum um stimpilgjald. Staða ungs fólks sem er að koma inn á húsnæðismarkaðinn er afar erfið og eiga flestir erfitt með að fjármagna fyrstu kaup. Þá er leiguverð íbúða almennt svo hátt að fæstir hafa efni á því að leigja íbúð. Því er mikilvægt að áfram sé lögð áhersla á að léttu einstaklingum fyrstu fasteignakaup sín.

Í öðru lagi vekur bandalagið athygli á því ójafnræði sem ríkir um stöðu einstaklinga í hjúskap og einstaklinga í óvígðri sambúð þegar kemur að eignafærslu fasteigna í kjölfar lögskilnaðar eða slita á óvígðri sambúð. Að framlögðum eignaskiptasamningi þurfa einstaklingar sem áður voru í hjúskap ekki að greiða stimpilgjald vegna eignafærslu áður sameiginlegrar fasteignar. Einstaklingar sem áður voru í óvígðri sambúð þurfa hins vegar að greiða stimpilgjald við sömu aðstæður. BSRB leggur til að þessu verði breytt svo að sömu reglur gildi um einstaklinga sem voru í hjúskap og óvígðri sambúð. Hvað

varðar viðmið í þeim efnum má t.d. benda á reglur sem gilda um heimild til að óska eftir opinberum skiptum vegna slita á óvígðri sambúð. Svo að hægt sé að krefjast opinberra skipta vegna slita á óvígðri sambúð þurfa einstaklingarnir að eiga barn saman eða hafa verið í skráðri sambúð í a.m.k. tvö ár.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki) þskj. 2 – 2. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014.

BSRB leggur til að ef fara á í lækkun tekjuskatts einstaklinga að það verði gert þannig að það komi öllum til góða, einnig þeim tekjulægstu. Það mætti t.d. gera með því að hækka persónuafsláttinn eða lækka skattprósentauna í lægsta þrepi.

Í frumvarpinu kemur einnig fram að reiknireglur og viðmiðunarfjárhæðir barna- og vaxtabóta verði óbreyttar. Í þessu felst raunlækkun barna- og vaxtabóta sem bitnar mest á þeim sem tekjulægstu. BSRB leggur til að barna- og vaxtabætur verði uppfærðar til samræmis við hækkun verðlags. Einnig þarf að huga að því að skerðingarmörk vegna barnabóta verða að óbreyttu lægri en lágmarkslaun á árinu 2014. Samkvæmt því þarf einstaklingur að hafa lægri tekjur en sem nemur lögbundnum lágmarkslaunum til að geta notið fullra barnabóta. Slíkt hlýtur að skjóta skökku við og vekja upp spurningar um fyrirkomulag barnabótagreiðslna yfir höfuð og hvort ekki þurfi að endurskoða kerfið í heild sinni.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014, (verðlagsbreytingar o.fl., þskj. 3 – 3. mál.)

BSRB lýsir yfir áhyggjum af þeim mikla niðurskurði sem boðaður er í fjárlagafrumvarpinu. Slíkum niðurskurði verður vart mætt með öðrum hætti en skerðingu á þjónustu í velferðarkerfinu. Frekari niðurskurður mun aðeins auka vandann með auknu atvinnuleysi og skila þeim sem mest þurfa aðstoð í samfélaginu lakari þjónustu með alvarlegum afleiðingum.

Frá efnahagshruni hefur starfsfólk hins opinbera þurft að sæta auknu vinnuálagi, skertum kaupmætti og búið við verri vinnuaðstæður, en hefur þrátt fyrir það lagt sitt á vogarskálarnar til að halda úti velferðarþjónustu fyrir ört vaxandi fjölda fólks sem hefur þurft á henni að halda. Gangi áætlanir eftir sem eru boðaðar í fjárlagafrumvarpinu og þess mikla álags sem hefur verið á starfsfólki síðustu árin, sérstaklega innan almannaðjónustunnar, er óraunhæft að ætla að þar sé hægt að halda úti þjónustu í óbreyttri mynd.

BSRB áréttar fyrri ábendingu um hættuna á auknu atvinnuleysi kvenna. Hjá ríkinu starfa að miklu meirihluta konur og uppsagnir munu því leiða til fjölgun kvenna á atvinnuleysisrá. BSRB varaði sérstaklega við í upphafi kreppunnar að fyrst myndi karlastörfum fækka og þegar atvinnulífið tæki að glæðast á ný myndi halla á konur í þjónustu hins opinbera sem myndu missa störf sín og færur á atvinnuleysisrá. Vandséð er hvernig það leysir vanda ríkissjóðs né hvernig það samræmist sjónarmiðum um kynjaða fjárlagagerð.

Enn fremur boðar frumvarpið niðurskurð hjá eftirlitsstofnunum á sama tíma og spara á með því að herða eftirlit með bótasvikum. Vandséð er hvernig skuli staðið að aukningu eftirlits með bótasvikum með minna fjárframlagi en áður.

BSRB varar eindregið við frekari niðurskurði í opinberri þjónustu. Frekari aðhaldsaðgerðir hjá hinu opinbera munu hafa mjög neikvæðar afleiðingar í för með sér og í raun vinna gegn markmiðum stjórnvalda um að ná fram jöfnuði í ríkisrekstrinum þegar til lengri tíma er litið.

Umsögn BSRB um fyrirhugaða tillögu efnahags- og viðskiptanefndar um breytingu á frumvarpi til laga ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), þskj. 3 – 3. mál.

Með tölvupósti dags. 18. desember óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir skriflegri umsögn BSRB um fyrirhugaða breytingartillögu nefndarinnar á fjárlagafrumvarpi fyrir 2014. Tillagan felur í sér að í stað 29. gr. frumvarpsins kæmi ný grein, bráðabirgðaákvæði IV sem efnislega kveður á um niðurfellingu framlags ríkisins til starfsendurhæfingarsjóða sem fjármagnað er með hluta af gjaldstofni tryggingargjalds árin 2013 og 2014.

BSRB styður þá breytingu að framlag til Virk vegna ársins 2013 verði lækkað sem nemur 240 m.kr. enda verði allri þeirri fjárhæð varið til að fjármagna desemberbót atvinnulausra. Áréttá skal að bandalagið leggst gegn því að að framlögin verði felld niður að öllu leyti en styður að framlögin verði lækkuð sem nemur 240 m.kr. vegna ársins 2013. Sú fjárhæð sem eftir stæði verði varið til að tryggja að ekki verði niðurskurður á næsta ári hjá Vinnumálastofnun og Starfi varðandi þjónustu til atvinnulausra.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar, þskj. 22 – 22. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

BSRB fagnar markmiðum frumvarpsins og styður framgang þess. Bandalagið gerir því ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum), þskj. 19 – 19. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna færslu frídaga að helgum.

Bandalagið hefur áður sent inn umsagnir vegna þingmála sama efnis, síðast 7. desember 2012. Bandalagið gerir ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins að öðru leyti en því að BSRB leggst alfarið gegn þeim tillögum um að baráttudagur verkalýðsins verði færður til. BSRB leggur mikla áherslu á að áfram verði lögskipaður frídagur þann 1. maí. Ástæða þess er að dagurinn er ekki eingöngu lögskipaður frídagur hér á landi, hann er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og upphaf hans má rekja allt aftur til níunda áratugar 19. aldar. Því eru kröfugöngur og útifundir haldnir í fjölda annarra landa þann 1. maí, rétt eins og hér á landi. Dagurinn hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna og eru því að mati bandalagsins ríkar ástæður sem mæla gegn færslu hans.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), þskj. 24 – 24. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).

BSRB er ekki fylgjandi þeirri breytingu sem lögð er til um að fella eigi brott kærueimild til ráðuneytis. BSRB telur að vel megi vísa málinu til landlæknisembættis sé aðgangi að sjúkraskrá hafnað en kærueimild til ráðuneytis eigi engu að síður að vera einnig til staðar.

Umsögn BSRB um þingsályktunartillögu um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína, þskj. 73 - 73. mál

BSRB leggst gegn þingsályktunartillögu um fullgildingu fríverslunarsamnings ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína.

Þrátt fyrir að mikilvægt sé að koma á góðum samskiptum við önnur ríki telur bandalagið að ekki megi ganga svo langt í þágu afnáms viðskiptahafta að fórna eigi mannréttindum. Ísland er eitt þeirra landa sem leggur hvað mesta áherslu á virðingu við mannréttindaákvæða en Kína aftur á móti stendur sig hvað lakast í þeim efnum á alþjóðavísu.

Öll erlend samtök launafólks sem BSRB á aðild að hafa ályktað sérstaklega um mannréttindabrot og stöðu vinnuafls í Kína. Lögð er áhersla á að bæta þurfi úr og önnur lönd leggi ekki sitt á vogarskálarnar svo að aðstæður launafólks í Kína séu látnar óátaldar. Kína telur sig ekki þurfa að starfa eftir neinum alþjóðlegum reglum um þetta efni en sem dæmi má nefna að ekki er unnið í samræmi við grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum (vörukaup, þjónusta o.fl.), þskj. 211 – 176. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla með síðari breytingum.

BSRB hefur komið að málinu á fyrri stigum þess og gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og lögum um vörugjald (staðgengdarvörur kúamjólkur) þingskjal 221 — 179. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og lögum um vörugjald (staðgengdarvörur kúamjólkur).

BSRB tekur undir markmið frumvarpsins og þau sjónarmið að leitast eigi eftir því að jafna vöruverð staðgönguvara mjólkurvara.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (húsnæðissparnaður), þingskjal 210 — 175. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (húsnæðissparnaður).

BSRB tekur undir markmið frumvarpsins sem væntanlega er að auðvelda fyrstu íbúðarkaup. Bandalagið telur það brýnt málefni að tryggt verði að allir hafi þak yfir höfuðið, hvort heldur sem er með bættum leigumarkaði eða til kaupa á íbúðarhúsnæði. Ljóst er að þörf er á heildarendurskoðun húsnæðismála á Íslandi, sbr. erfiðleika á húsnæðismarkaði sem og umræðu um verðtryggingu fasteignalána. Sú umræða hefur verið viðvarandi undanfarin ár á vegum stjórnvalda. Hins vegar verður ekki séð að frumvarp þetta tefji né hafi mikil áhrif á heildarendurskoðun húsnæðismála. Af þeim ástæðum styður BSRB markmið frumvarpsins.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (skilyrði til greiðslu örorkulífeyris og fjárfestingarheimildir), þingskjal 217 — 177. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, (skilyrði til greiðslu örorkulífeyris og fjárfestingarheimildir).

BSRB gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni, þingskjal 189 — 158. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni.

BSRB gerir athugasemdir við skipan regluráðs samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að í ráðinu sitji fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands. Ekki er gert ráð fyrir að í ráðinu sé neinn fulltrúi opinberra starfsmanna en í ljósi þess hvaða þekking á að vera fyrir hendi í ráðinu sem og hlutverk þess er gerð athugasemd þar um.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur), þingskjal 459 – 251. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 með síðari breytingum.

BSRB vísar til fyrri umsagnar dags. 1. nóvember 2012 og tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Landssambands lögreglumanna.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnýslu ríkisins í héraði, þingskjal 458 – 250. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnýslu ríkisins í héraði.

BSRB tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Landssambands lögreglumanna.

Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017, þingskjal 468 – 256. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 - 2017.

BSRB styður framlagningu tillögunar og hvetur eindregið til þess að hún verði samþykkt. Samkvæmt stefnu BSRB sem samþykkt var á þingi bandalagsins 2015 er helsta velferðarmálið hverju sinni að tryggja sé aðgengi allra vinnufærra karla og kvenna að atvinnu. Styrkja verði stöðu landshlutanna svo þeir hafi aðdráttarafl fyrir fólk til búsetu og starfa. Styrkja verði uppbyggingu atvinnulífs og opinberrar þjónustu á landinu öllu.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um séreignasparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar (höfuðstólslækkun húsnæðislána), þskj. 836 – 484. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um höfuðstólslækkun húsnæðislána með ráðstöfun séreignasparnaðar. Bandalagið gerir efnislega athugasemdir við eftirfarandi gr. frumvarpsins.

Um a lið 1. gr. frumvarpsins: Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að hægt sé að nýta séreignasparnað að hámarki samtals 500.000 kr. á ári.

Bandalagið leggur til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að ef fyrrnefnt þak greiðslna verði ekki nýtt verði heimilt að færa það sem eftir stendur yfir á næsta ár. Þannig geti t.d. einstaklingur sem eingöngu greiðir 400.000 kr. inn á lánið á einu ári haft heimild til að greiða 600.000 kr. á því næsta. Með þeim hætti myndi gæta samræmis með frumvarpi til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána (höfuðstólslækkun húsnæðislána), 485. mál en þar er heimilaður slíkur flutningur milli ára.

Enn fremur veltir BSRB því fyrir sér hvort nægilega sé tryggt í frumvarpsdrögunum að þeir sem hyggjast nýta sér úrræðið velji sjálfir alfarið hvaða lán þeir kjósa að greiða inn á, að því marki sem lánið er með veð í húsnæði sem er til eigin nota. Svo að rétturinn sé enn skýrari er lagt til að orðin „valinna lána“ í ákvæðinu sé skýrt frekar og þannig tryggt að rétthafar geti valið að greiða af dýrustu lánunum sínum en ekki eftir veðröð.

Um b lið 1. gr. frumvarpsins: Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að rétthafa séreignasparnaðar verði heimilt að taka út viðbótariðgjald til öflunar íbúðarhúsnæðis allt að 30. júní 2019.

BSRB telur að gera megi ráð fyrir því að þeir sem nýta ofangreint úrræði muni fyrst og fremst fela í sér eftirspurn eftir smærri íbúðum eða svonefndum fyrstu kaups íbúðum frá miðju ári 2017 til miðs árs 2019. Það mun væntanlega bjaga fasteignamarkaðinn að eftirspurn eftir ákveðinni tegund íbúða aukist töluvert meira en eftir annars konar íbúðum. Bandalagið leggur því til að tímabilið sem um ræðir sé lengt svo eftirspurnin dreifist á lengri tíma.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, þskj. 837 – 485. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána.

Bandalagið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er tilurð þess að rekja til þingsályktunar Alþingis frá júní 2013 um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. BSRB telur að leiðrétta þurfi öll lán sem íþyngja heimilum vegna hækkunar. Ekki eingöngu lán vegna íbúðarhúsnæðis. Telji ríkisstjórnin að forsendubrestur hafi orðið vegna þess að verðbólga var hærri en við mátti búast þá gildir það einnig um alla verðtryggða samninga, þ.m.t. varðandi húsaleigu, námslán, neyslulán og skuldir fyrirtækja.

Frumvarpið virðist gera ráð fyrir að niðurfærslan verði framkvæmd á lánnum á fyrsta veðrétti, svo öðrum o.s.frv. BSRB telur mikilvægt að lántaki velji til hvaða lána niðurfærslan kemur enda séu þau öll í skilum. Lán á fyrsta veðrétti eru almennt á hagstæðari kjörum og besti kosturinn fyrir lántaka er að greiða niður lán sem er á óhagstæðustu kjörum. Enn fremur að hafi lánakandi selt eign sína og keypt nýja eftir það tímabil sem niðurfærslan tekur til, skuli niðurfærslan taka til þeirra lána sem nú eru til staðar. Þ.e. ekki ætti að vera gerð krafa um að niðurfærslan fari á sama lán og myndaði réttindi til niðurfærslu ef

lántakandi er búinn að greiða það upp og taka nýtt lán. Forsendubrestirnir eru þeir sömu og tap einstaklings sömuleiðis.

Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að ríkissjóður kunni að þurfa að mæta fjárþörf Íbúðalánasjóðs um 5,2 milljarða kr. vegna aðgerðanna. Tapið væri tilkomið vegna óhagstæðra vaxta á laust fé sjóðsins sem annars hefðu verið á hærri vöxtum í formi íbúðarlána. BSRB leggur til að koma megi til móts við þá uppgreiðsluáhættu með því að Íbúðalánasjóður veiti óverðtryggð lán. Ljóst er að fjöldi fólks kýs frekar óverðtryggð lán en verðtryggð. Með því að koma til móts við þann hóp getur Íbúðalánasjóður dregið úr uppgreiðsluáhættu sinni.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta), þingskjal 2 -2. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald, og breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (kerfisbreyting á virðisaukaskatti, brottfall laga og hækkun barnabóta. Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að lægra þrep virðisaukaskatts hækki úr 7% í 12%, að hærra þrepið lækki úr 25,5% í 24% og almenn vörugjöld verði afnumin frá og með 1. janúar 2015.

BSRB leggst alfarið gegn hækkun á neðra virðisaukaskattsþrepi sem lagt er til í frumvarpinu. Boðuð skattahækkun mun hækka nauðsynjavörur á borð við matvæli og heitt vatn umtalsvert í verði. Þessi aðgerð mun bitna harðast á þeim sem síst skyldi og minnst hafa á milli handanna. Þannig hefur BSRB verulegar áhyggjur af því að breytingin leiði til hærri verðlags og auki þar með álögur á heimilin í landinu.

Þá telur BSRB það alls ótryggt að þær mótvægisáðgerðir sem ráðist er í með hækkun barnabóta muni vega upp skattahækkanir helstu nauðþurfta og koma þannig til móts við aukin útgjöld þeirra tekjulægstu. BSRB telur óeðlilegt að barnabætur skerðist hjá fólki á lágmarkslaunum og því ætti að hækka skerðingarmörk þeirra. BSRB bendir á að stór hluti þeirra efnaminni hafa ekki börn á framfæri og njóta því ekki mótvægisáðgerða vegna skattahækkanna. Auknar byrðar eru lagðar á þennan stóra hóp. BSRB telur nauðsynlegt að áhrif aðgerðanna verði metnar með ítarlegri hætti og auk þess telur bandalagið að fjármálaráðuneytið hafi ekki sýnt fram á að hækkunin komi þeim tekjulægri til góða.

BSRB telur þannig alls óásættanlegt að leggja auknar álögur á heimilin í landinu í formi hækkunar á neðra þrepi virðisaukaskatts sem eigi að skila um 11 milljörðum í ríkissjóð á sama tíma og afnám auðlegðarskatts felur það í sér að ríkissjóður verður af um 11 milljarða tekjum sé miðað við tekjur af auðlegðarskatti á þessu ári. BSRB gerir alvarlegar athugasemdir við þá forgangsroðun stjórnvalda sem þarna birtist.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015, þingskjal 3-3. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015, 3. mál. Frumvarpið er lagt fram í beinum tengslum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 og hafa tillögur þess áhrif á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins.

BSRB mótmælir þeirri forgangsröðun sem birtist í frumvarpi til fjárlaga en tekjustofnum frá þeim sem mest hafa er hafnað á meðan auknar álögur eru lagðar á tekjulægust hópana. Afnáam auðlegðarskattsins felur það í sér að ríkissjóður verður af um 11 milljarða tekjum sem m.a. á að mæta með hækkun neðra þreps virðisaukaskattsins sem mun leiða til hækkunar á nauðsynjavörum á borð við matvæli og heitt vatn.

BSRB telur nauðsynlegt að gera sérstakar athugasemdir við þau atriði þessa frumvarps sem varða framlög ríkisins til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og styttingu bótatímabils atvinnuleysisbóta. BSRB leggst gegn því að réttur atvinnulausra til bóta sé skertur og að dregið sé úr möguleikum þeirra og annarra til að njóta þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs til að snúa aftur á vinnumarkað.

BSRB áréttar mikilvægi þess að stunda samráð við aðila vinnumarkaðarins þegar kemur að svo mikilvægum breytingum sem þessum.

Umsögn BSRB vegna tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, þskj. 14-14. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp með fulltrúum allra stjórnmalaflokka á Alþingi sem fái það hlutverk að gera þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu út frá endurskoðaðri ríkisfjármálaáætlun. Áætlunin verði lögð fyrir þingið eigi síðar en 1. febrúar nk. og höfð til hliðsjónar við vinnslu fjárlaga á komandi árum.

BSRB hefur ítrekað mótmælt og varað við afleiðingum niðurskurðar í almannþjónustunni á undanförunum árum og bent á að niðurskurður á almannþjónustu sé skammtímalausn til að spara fjármuni til fárra ára og leiði til aukins kostnaðar fyrir samfélagið allt til lengri tíma. Öflug almannþjónusta sé einn af hornsteinum samfélagsins. BSRB styður því gerð áætlunar um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu eftir niðurskurð síðustu ára enda almannþjónustan undirstaða samfélagsins.

BSRB telur þó mikilvægt að vinna við gerð áætlunarinnar sé unnin í samvinnu við hagsmunaðila.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, með síðari breytingum (hreyfanleiki viðskiptavina). Þingskjal 122 – 120. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, með síðari breytingum.

BSRB gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og styður samþykkt þess. Jafnframt styður BSRB tillögu Alþýðusambands Íslands um breytingu á 1. mgr. 124. gr. laganna með vísan til umsagnar dags. 20. 10 sl. sem er svohljóðandi:

„Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins **eða því borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti** innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.“

Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, þskj. 18-18. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál. Í tillögunni er lagt til að félags- og húsnæðismálaráðherra verði falið að hefja vinnu við útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili. Útreikningarnir verði gerðir í samráði við hlutaðeigandi aðila. Í nýjum neysluviðmiðum verði tekið tillit til þeirra þátta sem núverandi neysluviðmið byggjast á en auk þess verði húsnæðiskostnaður tekinn með. Í því samhengi verði horft til mismunandi búsetuforma og staðsetningar húsnæðis. Með húsnæðiskostnaði er átt við allan kostnað sem fellur til vegna eigin húsnæðis og leiguhúsnæðis.

Við undirbúning núgildandi neysluviðmiða sem byggja í grunninn á útgjaldarannsóknunum Hagstofunnar sem uppfærð hafa verið árlega samkvæmt upplýsingum á vef velferðarráðuneytisins lagði BSRB áherslu á það í umsögn sinni vegna þeirra til ráðuneytisins að nauðsynlegt væri að uppfæra neysluviðmið reglulega, ekki sjaldnar en á hálfárs fresti en oftast ef umtalsverðar gjaldskrár- eða verðlagshækkningar ættu sér stað. BSRB styður gerð nýrra neysluviðmiða þar sem leitast verði við að þau endurspegli raunverulegan framfærslukostnað heimilanna og viðmiðin verði uppfærð oftast m.a. með tilliti til umtalsverðra verðlags og/eða gjaldskrárhækkana sem leggjast á heimilin. Þá telur BSRB rétt að við uppfærslu viðmiðanna hverju sinni sé litið til raunverulegra útgjalda heimilanna en viðmiðin ekki uppfærð að meginstefnu til eingöngu á grunni vísitölu neysluverðs en núgildandi viðmið eru eingöngu uppfærð þriðja hvert ár á grunni rannsókna Hagstofu Íslands.

Þá benti BSRB á í tilgreindri umsögn sinni til velferðarráðuneytisins vegna upphaflegra neysluviðmiða þar sem húsnæðiskostnaður var innifalinn að húsnæðiskostnaður væri óeðlilega lágur í viðmiðinu og því væri betra að sleppa honum til að komast hjá því að gefa villandi upplýsingar. BSRB leggur því áherslu á að sé húsnæðiskostnaður tekinn með í neysluviðmiði sé mikilvægt að hann endurspegli raunverulegan húsnæðiskostnað heimilanna og taki tillit til ólíkra útgjaldaþátta í húsnæðiskostnaði.

Í tillögunni er lagt til að útreikningarnir verði gerðir í samráði við hlutaðeigandi aðila og telur BSRB mikilvægt að bandalagið komi að þeirri vinnu.

Með vísan til framangreindra athugasemda gerir BSRB ekki athugasemd við framgang tillögunnar.

Viðbótarumsögn við umsögn BSRB um frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl. þingskjal 2 - 2. mál.

BSRB telur að forsendur útreikninga á áhrifum breytinga á virðisaukaskatti og vörugjöldum í fjárlagafrumvarpinu séu ekki réttar. Í frumvarpinu eru nokkur dæmi þar sem reiknuð eru áhrif breytinganna á mismunandi fjölskyldugerðir. Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir því að skattabreytingarnar skili sér að fullu út í verðlag. Það á við um lækkanirnar og hækkunarirnar. Það er mjög erfitt að spá fyrir um hvernig þessar breytingar muni skila sér þar sem að slíkar breytingar hafa ekki oft verið framkvæmdar. Ein vísbending um áhrif utanaðkomandi þátta á verðlag felst í því að skoða áhrif gengissveiflna á verðlag. Það hefur mikið verið ritað um þau áhrif og má t.d. nefna rannsókn Rannsóknarseturs verslunarinnar frá árinu 2011. Slík áhrif eru að mörgu leiti svipuð og skattabreytingarnar þar sem þau eru utanaðkomandi áhrif sem virka á sama hátt á alla aðila.

Í fyrrgreindri rannsókn frá 2011 kemur skýrt fram að styrking krónunnar hafi minni áhrif á verðlag en veiking:

„Styrking krónunnar hefur í öllum tilfellum minni áhrif á verðlag en veiking hennar gerir til skamms tíma. Niðurstöðurnar staðfesta þannig þær fullyrðingar sem oft er varpað fram um að viðbrögð fyrirtækja séu ólík eftir því hvort gengi styrkist eða veikist, en eins og fram kemur í greininni er slík hegðun fyrirtækja ekki sér íslenskt fyrirbæri.“¹

Yfirfært á þær breytingar sem nú stendur til að gera þá bendir þetta til þess að skattalækkunirnar muni skila sér betur út í verðlag en skattalækkunirnar.

Rannsóknin metur auk þess gengisáhrif á verðlag mismunandi vöruflokka, innfluttrar matvöru, heimilistækja, raftækja og byggingarefnis. Áhrif gengisbreytinga skila sér best í verðlagningu matvara. Veiking krónunnar skilar að fullu og styrking skilar sér að um tveimur þriðju hlutum. Verð matvöru hækkar því í fullu samræmi við gengisbreytingarnar og lækkunir skila sér að miklu leyti. Þegar kemur að heimilistækjum skilar veiking krónunnar sér að fullu en áhrif af styrkingu eru „hverfandi“. Sama saga á við um efni til viðhalds heimilis og raftæki. Veiking krónunnar skilar sér að mjög miklu leyti en styrking krónunnar hefur „takmörkuð áhrif“ á raftæki og „engin martæk áhrif“ á byggingavörur.

Því eru sterkar vísbendingar til þess, sem oft hefur verið haldi fram að, lækkunirnar muni skila sér hratt út í verðlag en lækkunirnar að litlu leyti. Þar sem fyrrgreindar skattabreytingar virka að mjög miklu leyti á sama hátt og gengisbreytingar þá verður að segjast að þessi samanburður gefi sterkar vísbendingar um raunveruleg áhrif skattabreytinganna á verðlag. Það á sérstakleg við um þessa vöruflokka sem um ræðir. Lækkunir á matvöru sem er að miklu leyti í 7% þreppinu skila sér fljótt og að fullu út í verðlag. Lækkunir á þeim hlutum sem bera vörugjöld skila sér illa út í verðlag (hverfandi, engin martæk áhrif, takmörkuð áhrif).

Nefnt hefur verið að þegar neðra skattþrepið var árið 2007 lækkað úr 14% niður í 7% hafi sú breyting skilað sér að miklu leyti út í verðlag. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem að hún var á þeim vörum, matvöru, þar sem slíkar breytingar skila sér betur út í verðlag en á öðrum vörum. Verðlagning fyrrnefndra vöruflokka er mjög mismunandi og því er sú breyting ekki góð vísbending um að þær skattalækkunir sem nú á að fara í muni skila sér út í verðlag.

Nefnt hefur verið að verslanir séu farnar að lækka verð nú þegar. Það er ekki næg vísbending um hver áhrifin verða almennt.

Ef skattalækkunirnar skila sér ekki út í verðlag þá bresta þau markmið sem á að ná með skattabreytingunum. Komið hefur fram að VNV muni lækka um 0,2% vegna skattalækkanna. Vísitalan mun þá verða nokkuð hærri en það og hugsanlega verða þessar breytingar til hækkunar verðlags. Auk þess verða áhrifin á ráðstöfunartekjur heimilanna verri en haldið hefur verið fram.

Í frumvarpinu eru nokkur dæmi um áhrif skattabreytinganna á mismunandi fjölskyldur. Þau dæmi eru ófullkomin og byggja ekki á heildarútgjöldum heimilanna í hvoru skattþrepi. Því hefur einnig verið haldið fram að þessar breytingar komi öllum til góða. Þau fáu dæmi sem í frumvarpinu eru alls ekki nógu góð til þess að af þeim sé hægt að draga slíkar ályktanir. Þegar við bætist að líklegt er að forsendan um að skattalækkunarhlutinn skili sér ekki út í verðlag þá verður að teljast enn ólíklegt að þessar aðgerðir komi öllum til góða.

BSRB leggur til að hætt sé við þessar breytingar þar til áhrif þeirra hafa verið skoðuð mun betur. Við bendum auk þess á að við síðustu álagningu var auðlegðarskatturinn 10,9 ma. En hækkun matarskattarins er áætluð 11.0 ma. Því er hægt að lækka vörugjöldin og efra skattþrepið ef

¹ Kári Joensen.(2011). *Áhrif gengis á verðlag*. (bls.2) Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst

auðlegðarskattinum og matarskattinum er haldið óbreyttum. Þ.e. auðlegðarskatturinn er ekki lækkaður og matarskatturinn ekki hækkaður.

Skýrsla rannsóknarseturs verslunarinnar: http://www.rsv.is/files/Skra_0049618.pdf

Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun, þskj. 21-21. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Í tillögunni er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði falið að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að mæla og greina umfang matarsóunar á Íslandi og leggja fram tillögur um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Ráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir framgangi verkefnisins með munnlegri skýrslu á haustþingi 2015. Áætlun um aðgerðir til að draga úr matarsóun liggi fyrir á haustþingi 2016.

Bent er m.a. á í greinargerð með tillögunni að mikil og neikvæð umhverfisáhrif séu af matvælaframleiðslu og á sama tíma búi milljarðar jarðarbúa við hungurmörk. Þá er bent á að í öðrum ríkjum hafi verið gripið til aðgerða til að draga markvisst úr matarsóun.

Í ályktun 43. þings BSRB um umhverfismál segir m.a.:

Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga. Víða hafa opinberir aðilar staðið vel að vitundarvakningu í umhverfismálum og halda verður því starfi áfram og gera enn betur í framtíðinni.

BSRB telur að efni þingsályktunartillögunnar sé mjög í anda ályktunarinnar og styður því framgang tillögunnar.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, þingskjal 233 - 207. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál.

Bandalagið gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

BSRB leggur áherslu á að kærunefnd jafnréttismála verði ekki sameinuð úrskurðarnefnd um velferðarmál að svo komnu máli. Bandalagið hefur lagt mikla áherslu á að Evróputilskipanir um bann við mismunun verði leiddar í lög sem fyrst. Nú liggja fyrir tvö frumvörp til laga um innleiðingu þeirra í landsrétt og breytingu á stjórnarsýslu sem og kærunefnd jafnréttismála. Verði frumvörpin að lögum er ljóst er að inntak réttindanna mun ekki síst þróast með úrskurðum kærunefndar jafnréttismála í framtíðinni. Því leggur BSRB áherslu á að kærunefnd jafnréttismála falli ekki undir úrskurðarnefnd um velferðarmál enn um sinn.

BSRB telur enn fremur mikilvægt að þess sé gætt sérstaklega að ekki hverfi sérþekking nefndarmanna á þeim málaflokkum sem nú stendur til að sameina undir eina úrskurðarnefnd.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.), þingskjal 243-214. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.). Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um gjaldtökuheimild vegna rafrænna námsgagna. Í almennum athugasemdum segir að með breytingunni sé leitast við að tryggja útgefendum rafræns námsefnis greiðslur frá notendum þess. Í frumvarpinu segir að vandséð sé hvort slíkur kostnaður fáist greiddur með öðrum hætti en þeim að skólum verði veitt heimild til að krefja nemendur um greiðslur fyrir aðgang að rafrænu efni sem þeim er gert að nýta í námi.

Það er grundvallaratriði í stefnu BSRB í menntamálum að allir landsmenn eigi jafnan rétt til náms óháð efnahag. Jöfn tækifæri til menntunar eru hornsteinn hvers samfélags þar sem jöfnuður fólks er hafður að leiðarljósi. BSRB telur framangreinda gjaldtökuheimild framhaldsskóla ekki til samræmis við grundvallarhugmyndina um jafnan rétt allra til náms óháð efnahag.

BSRB telur rétt að benda sérstaklega á athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins. Þar er vakin athygli á 51. gr. laga nr. 92/2008 um að tilgreina skuli í fjárlögum ár hvert þá fjárhæð sem veitt skuli til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Fram kemur að enn hafi engu fé verið úthlutað af fjárlögum í þessu skyni og hafi sá skilningur verið ríkjandi að nemendur greiði sjálfir fyrir námsefni sitt og sé varlegt að áætla að nemandi í fullu námi greiði 60-90 þús. kr. á skólaári fyrir námsefni.

BSRB telur brýnt að Alþingi framfylgi þeirri lagaskyldu sem kveðið er á um í 51. gr. laganna til að draga verulega úr kostnaði vegna náms í framhaldsskólum en sá kostnaður fyrir heimilin getur numið um 1,3-1,9 milljörðum á ári skv. upplýsingum í frumvarpinu. Þær fjárveitingar sem veittar verði á grundvelli 51. gr. verði m.a. nýttar til greiðslu kostnaðar vegna rafræns námsefnis. Þannig mætti ennfremur ná fram því markmiði að tryggja útgefendum rafræns námsefnis greiðslur fyrir það.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis), þskj. 17-17. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).

BSRB bendir á að í gildandi lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak er smásölu áfengis markaður skýr lagarammi þar sem m.a. samfélagsleg ábyrgð, lýðheilsuþætti og takmörkun og stýring á aðgengi, m.a. ungs fólks, að áfengi er lögð til grundvallar.

BSRB lýsir yfir áhyggjum af því að með samþykkt frumvarpsins yrði þessum mikilvægu markmiðum stefnt í hættu, m.a. þar sem ekki eru sambærilegar skyldur lagðar á einkaaðila og gilda um ÁTVR að gildandi lögum og ekki virðist gert ráð fyrir að eftirlit verði aukið með sölu áfengis í verslunum. BSRB bendir jafnframt á að verði sala áfengis leyfð í verslunum verða hagnaðarsjónarmið væntanlega lögð til grundvallar sem stefnir ennfremur framangreindum markmiðum í verulega hættu. Þá hefur BSRB verulegar áhyggjur af því að lýðheilsu landsmanna verði ógnað.

BSRB leggst því alfarið gegn samþykkt frumvarps þessa þar sem lagt er til að einkaleyfi ÁTVR á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki frjáls.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, þskj. 295-257. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, þskj. 295-257. mál.

Frumvarpinu er ætlað að sameina í eina stofnun þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins sem hafa á hendi þjónustu við fatlað fólk, nánar tiltekið Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð og þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Í frumvarpinu er kveðið á um nýjar gjaldtökuheimildir vegna margvíslegrar þjónustu miðstöðvarinnar. BSRB telur grundvallaratriði að tryggður verði opinn og jafn aðgangur að heilbrigðis- og velferðarþjónustu og varar við aukinni gjaldtöku hjá þeim hópi sem mun njóta þjónustu miðstöðvarinnar.

Þá tekur BSRB undir þær athugasemdir við frumvarpið sem koma fram í umsögn SFR- stéttarfélags í almannaðjónustu.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um opinber fjármál, þingskjal 232 – 206. mál.

BSRB hefur til umsagnar frumvarp til laga um opinber fjármál, þskj. 232, 206. mál. Í frumvarpinu er gerð tillaga um heildstæða umgjörð um opinber fjármál sem leysi af hólmi lög nr. 88/1987 um fjárreiður ríkisins. BSRB tekur undir þau markmið frumvarpsins að stuðla að bættri hagstjórn, vandaðri undirbúning lagasetningar og betri umgjörð opinberra fjármála. Athugasemdir BSRB snúa annars vegar að útgjöldum vegna kjarasamninga og hins vegar skilyrðum um fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.

BSRB hefur af því áhyggjur að í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir áhrifum kjarasamninga og verðbólgu með fullnægjandi og óyggjandi hætti.

Í kjarasamningum er oft samið á miðju ári, þegar fjárlög og fjárheimildir stofnana hafa verið samþykktar. Í núgildandi lögum um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 kemur fram í 34. gr. að séu gerðir kjarasamningar sem kveði á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skuli haga launagreiðslum í samræmi við hina nýju samninga en leita heimilda Alþingis með fjárukalögum svo fljótt sem kostur er. Í frumvarpinu er ekki að finna sambærilegt ákvæði. Í almennum athugasemdum í frumvarpinu stendur hins vegar að ákvæði frumvarpsins um varasjóði komi í stað 33. og 34. gr. laga nr. 88/1997.

BSRB bendir á að ákvæðum 24. gr. og 26. gr. er ekki fjallað um útgjöld vegna kjarasamninga eins og í núgildandi lögum og ekki er vikið að þeim með nægilega skýrum hætti í athugasemdum við ákvæðin. BSRB telur rétt að taka fram með afdráttarlausum hætti, líkt og í gildandi lögum um fjárreiður ríkisins, hvernig beri að bregðast við auknum útgjöldum vegna kjarasamninga.

Í 1. tl. 7 gr. frumvarpsins kemur fram að yfir fimm ára tímabil skuli heildarjöfnuður ávallt vera jákvæður. Ef því er fylgt mun ríkissjóður sífelldt safna meiri fjármunum. BSRB telur betra að langtímamarkmið ríkissjóðs sé að vera nálægt núlli heldur en að skila miklum afgangi eða tapi. Þessu ákvæði mætti því breyta á þann veg að heildarjöfnuður skuli vera jákvæður yfir hvert fimm ára tímabil þar til ákveðnu skuldahlutfalli er náð. Það hlutfall gæti til dæmis verið 5% eða 0%. Í 2. tl. 7 gr. er sú takmörkun sett að skuldahlutfall skuli vera lægri en 45% af landsframleiðslu. Ef að liðir 1 og 3 sömu greinar halda þá fer skuldahlutfallið alltaf batnandi og því er þessi tölulíður óþarfur.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins skal árlegur halli aldrei vera undir 2,5% af landsframleiðslu. Í 10. grein sama frumvarps kemur fram að heimilt sé að víkja frá fyrrnefndu skilyrði 7. greinar í allt að tvö ár. BSRB hefur af því áhyggjur að þetta skilyrði setji ríkissjóð í of þrönga stöðu til þess að takast á við kreppur líkt og þeirri sem hér varð 2008. Því leggjum við til að í stað þess að slakað sé á 7. grein verði tímabilið sem tekið er fram í 10 grein lengt úr tveimur árum í fjögur.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum (endurgreiðsla lána og niðurfelling).

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum (endurgreiðsla lána og niðurfelling).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi endurgreiðslu námslána og niðurfelling á ábyrgð ábyrgðarmanns við tiltekinn aldur.

Árið 2009 var reglum um LÍN breytt þannig að frá og með gildistöku laganna eru námsmenn sjálfir ábyrgir fyrir endurgreiðslu eigin námsláns, að uppfylltum skilyrðum um lánshæfismat. Þ.e.a.s. ekki þarf lengur að leggja fram yfirlýsingu annars manns um sjálfskuldarábyrgð. Þessar reglur eru þó ekki afturvirkar sem þýðir að ábyrgðarmenn á eldri lánnum fá ekki fellda niður ábyrgðina.

Ævilöng ábyrgð ábyrgðarmanns á námslán er að mati BSRB með öllu óásættanleg. Sér í lagi þegar litið er til þess að ekki þarf ábyrgðarmann á ný námslán hjá LÍN. BSRB tekur heilshugar undir það að frumvarpið komi til móts við ábyrgðarmenn á eldri lánnum með að fella niður ábyrgð við 67 ára aldur. Á þann hátt er stígið skref til jafnræðis á milli núverandi og eldri regluverks lánasjóðsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á reglum um endurgreiðslu námslána. Lagt er til að meginreglan verði sú að greitt verði af námsláni þar til skuld er að fullu greidd, líkt og í núgildandi ákvæði, en til viðbótar þó ekki lengur en til þess þegar lánþegi falli frá. Þá verði heimilt að fella niður eftirstöðvar skuldabréf vegna veikinda, fötlunar og örorku skuldara. Þá skuli námslán ætíð falla niður þegar skuldari nær 67 ára aldri enda sé hann í fullum skilum við sjóðinn.

BSRB styður jafnframt framangreinda tillögu enda ljóst að endurgreiðslur námslána geta verið verulega íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sér í lagi þar sem um tekjulægri einstaklinga er oft að ræða, líkt og segir í greinargerð við frumvarpið. BSRB styður því samþykkt frumvarpsins.

Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, þskj. 39 – 39. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Í tillögunni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að undirbúa og leggja fyrir þingið framkvæmdaáætlun til langs tíma um skipulag og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Ráðherra leggi fram þingsályktunartillögu þess efnis eigi síðar en á vorþingi 2015 og samfara verði lögð fram nauðsynleg lagafrumvörp svo festa megi fyrirkomulagið í sessi.

BSRB hefur ítrekað mótmælt og varað við afleiðingum niðurskurðar í almannajónustunni á undanförunum árum og bent á að niðurskurður á almannajónustu, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu, sé skammtímalausn til að spara fjármuni til fárra ára og leiði til aukins kostnaðar fyrir samfélagið allt til lengri tíma. Þá hefur BSRB varað við einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni og telur grundvallaratriði að heilbrigðisþjónustan sé rekin á samfélagslegum grunni af hálfu hins opinbera. BSRB hefur ennfremur lýst yfir miklum áhyggjum af því alvarlega ástandi sem skapast hefur í heilbrigðiskerfinu vegna niðurskurðar sem birtist m.a. í úreltum tækjakosti og skorti á nauðsynlegu viðhaldi. Þá hefur BSRB bent á að heilbrigðisstarfsfólk hafi um langt skeið unnið undir gifurlegu álagi og hafi það í för með sér alvarlega sjúkdóma sem leiði til aukins kostnaðar fyrir heilbrigðiskerfið.

BSRB hefur auk þessa í stefnu sinni m.a. lagt áherslu á að endurskoða verði gjaldtöku fyrir ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu til að stuðla frekar að jöfnu aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu. Þá telur BSRB nauðsynlegt að endurskoða aukna þátttöku almennings í greiðsluþátttöku lyfja. Þá verður að mati BSRB

að huga að jafnræði til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu og verði hið opinbera svo dæmi sé sé tekið að taka ríkari þátt í ferðakostnaði fólks sem búsetu sinnar vegna hefur ekki sama aðgengi að heilbrigðisþjónustu og aðrir. Þessi atriði og fleiri er mikilvægt að birtist í slíkri langtímaáætlun. BSRB leggur ríka áherslu á að við gerð slíkrar áætlunar sé jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag lagt til grundvallar.

BSRB leggur ríka áherslu á að þessi sjónarmið verði lögð til grundvallar við mótnun langtímaáætlunar í heilbrigðiskerfinu.

Í tillöggunni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falin gerð langtímaáætlunar. BSRB telur nauðsynlegt að tryggja aðkomu fleiri aðila að gerð slíkrar áætlunar enda um viðamikið verkefni er að ræða þar sem nauðsynlegt er að fjölþætt sjónarmið og þekking komi fram. BSRB telur því rétt að þingsályktunartillöggunni verði breytt með tilliti til þessa.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum), þingskjal 297 – 258. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna færslu frídaga að helgum.

Bandalagið hefur áður sent inn umsagnir um þingmál sama efnis. Í umsögnunum hefur þeirri afstöðu verið lýst að BSRB leggst alfarið gegn þeim tillöggunni um að baráttudagur verkalýðsins verði færður til. Bandalagið leggur mikla áherslu á að áfram verði lögskipaður frídagur þann 1. maí. Ástæða þess er að dagurinn er ekki eingöngu lögskipaður frídagur hér á landi, hann er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og upphaf hans má rekja allt aftur til níunda áratugar 19. aldar. Því eru kröfugöngur og útifundir haldnir í fjölda annarra landa þann 1. maí, rétt eins og hér á landi. Dagurinn hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna og eru því að mati bandalagsins ríkar ástæður sem mæla gegn færslu hans.

Við síðustu framlagningu þingmáls sama efnis skýrði fulltrúi bandalagsins frá því, á fundi velferðarnefndar, að BSRB hefði ekki framkvæmt könnun um vilja félagsmanna hvað þetta málefni varðar. BSRB gæti þar af leiðandi ekki gert athugasemdir við frumvarpið, nema hvað varðar færslu 1. maí, enda skoðanir rúmlega 22.000 félagsmanna misjafnar. Jafnframt var lögð áhersla á að breytingar af þessu tagi ættu að eiga sér stað við gerð kjarasamninga en ekki með lagasetningu. Þannig væri tryggt að launamenn gætu greitt atkvæði um tillöguna með því að staðfesta eða fella kjarasamning. Að óbreyttum forsendum telur bandalagið ekki liggja fyrir með skýrum hætti almennt hver vilji launafólks í landinu er til færslu frídaga að helgum. Það er grundvallarforsenda breytinga sem hafa svo umfangsmikil áhrif að fyrir liggja einhvers konar mæling eða aðkoma launafólks að ákvörðunartöku þar um verði tryggð.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum, þskj. 240 – 211. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er lagt til að réttur námsmanna til húsaleigubóta verði sá sami hvort heldur þeir leigja á heimavist eða á námsgörðum eða á almennum markaði.

BSRB sendi inn umsögn þegar þingmálið var fyrst lagt fram á 140. löggjafarþingi með bréfi dags. 1. mars. 2012. BSRB vísar til þeirrar umsagnar enda telur bandalagið mikilvægt að öllum námsmönnum sé tryggður samskonar stuðningur hvort heldur þeir hafi möguleika á að leigja á heimavist og námsgörðum eða á almennum markaði.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 (verkfallsréttur lögreglumanna), þskj. 500-372. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996. Í frumvarpinu er lagt til að verkfallsréttur lögreglumanna verði endurreistur með breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 á þá leið að 31. gr. þeirra laga verði felld brott.

BSRB styður og tekur undir umsögn Landssambands lögreglumanna um þingmál þetta enda verkfallsréttur og samningsfrelsi launafólks grundvallarréttur sem verndaður er skv. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

BSRB telur að ekki þurfi að fara mörgum orðum um þau vandkvæði sem hafi fylgt því samkomulagi sem afsal verkfallsréttar í stað kauptryggingar á launum lögreglumanna hefur haft í för með sér. Frá því að verkfallsréttur lögreglumanna var tekinn af árið 1986 hafa ávallt staðið yfir langar deilur í hvert sinn sem kjarasamningar þeirra eru lausir. Vísað er til umsagnar Landssambands lögreglumanna við þingmál þetta til frekari upplýsinga um kjaradeilur lögreglumanna við ríkið.

BSRB bendir á að bann við verkföllum geti varðað brot á mannréttindum þar sem um neyðarrétt launafólks er að ræða til að ná framgangi krafna sinna. Ákvæði 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með hliðsjón af 11. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, hefur verið túlkað svo í dómaframkvæmd að það verndi ekki eingöngu rétt manna til að stofna stéttarfélög heldur einnig frelsi stéttarfélaganna til að standa vörð um og tryggja hagsmuni félagsmanna sinna, þ.m.t. með verkföllum. Samningsfrelsi stéttarfélaganna sé leið að slíku marki og njóti því sérstakrar verndar. Líta verði svo á að verkfallsrétturinn sé í þeim skilningi hluti af samningsfrelsi þeirra. Samningsfrelsið er eðli máls samkvæmt ein grundvallarstoð þess að stéttarfélög geti sinni framangreindu hlutverki sínu.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, þskj. 578, 402. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. Í frumvarpinu eru gildandi ákvæði almannatryggingalaga færð í sérlög án þess að gerðar séu efnisbreytingar á þeim samkvæmt því sem segir í frumvarpinu. Þá kemur fram í bráðabirgðaákvæði og athugasemdum við lagafrumvarpið að endurskoða skuli lögin innan tveggja ára frá gildistöku þeirra enda sé efnisleg endurskoðun gildandi laga um slysatryggingar löngu tímabær.

BSRB telur nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir varðandi gildissvið laganna. Í skilgreiningu á hugtakinu slys í 5. gr. frumvarpsins segir að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama hins tryggða og sem gerist án vilja hans.

BSRB bendir á að vinnuslys er skilgreint sem óvæntur skyndilegur atburður hjá Vinnueftirlitinu og gerði Vinnueftirlitið athugasemdir við sambærilega skilgreiningu, sem fram kemur í 5. gr. á vinnuslysi í umsögn sinni við 635. mál á 141. löggjafarþingi. Vinnueftirlitið benti á að skilgreining Vinnueftirlitsins sé m.a. í samræmi við skilgreiningu ILO og ESB. Sú skilgreining sem fram kemur í frumvarpinu með áherslu á utanaðkomandi atburð útilokar að mati Vinnueftirlitsins slys á hverju ári þar sem ofraun

verður á líkama en um fjölda slíkra slysa er að ræða á hverju ári. BSRB leggur því til að skilgreiningu 1. mgr. 5. gr. verði breytt á þann veg að þar segi:

Með slysi er átt við skyndilegan óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

Þá telur BSRB ennfremur rétt að í b-lið 2. mgr. 5. gr. sé í stað þess að vísað sé til „nauðsynlegra ferða“ sé vísað til þess að maður sé á „eðlilegri leið til vinnu og frá“ enda væri það til samræmis við skilmála slysatrygginga. Þá sé ennfremur jafnframt vísað til viðlegustaðar hafi starfsmaður viðlegustað utan heimilis í sama ákvæði.

Þá telur BSRB rétt að ákvæði 4. mgr. 5. gr. eigi ekki við ef slysið gerist utan Íslands. Ástæða þess er að verulegum vandkvæðum getur verið bundið fyrir einstaklinga að sækja bætur úr erlendum skaðatryggingum.

BSRB leggur áherslur á að við fyrirhugaða endurskoðun laganna verði haft samráð við hagsmunaaðila.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (markmið, stjórnslu og almenn ákvæði), þskj. 393-322. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (markmið, stjórnslu og almenn ákvæði). Frumvarpið er liður í heildarendurskoðun laga um almannatryggingar og eru lagðar til töluverðar breytingar á lögum um almannatryggingar, m.a. um að markmið laganna verði skýrt og eins breytingar til að tryggja réttarstöðu almennings sem BSRB tekur undir.

BSRB telur þó nauðsynlegt að gera athugasemdir við nokkur ákvæði frumvarpsins sem varða m.a. stjórnslu þess.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nýr II. kafli sem fjalli um stjórnslu verði lögfestur. BSRB telur að með þeim breytingum sem lagðar eru til sé gerð grundvallarbreyting hvað varðar aðkomu ráðherra að starfsemi Tryggingastofnunar.

Í d-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra fái heimild til að ákveða staðsetningu Tryggingastofnunar og hvar þjónustustöðvar hennar skuli vera, að fenginni umsögn forstjóra. Jafnframt geti ráðherra ákveðið að sameina þjónustustöðvar Tryggingastofnunar og þjónustustöðvar annarra opinberra stofnana. Samkvæmt núgildandi lögum er það Alþingi sem ákveður staðsetningu Tryggingastofnunar en í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 100/2007 segir að aðalskrifstofur Tryggingastofnunar séu í Reykjavík. Þá skal Tryggingastofnun, skv. 2. mgr. 10. gr. gildandi laga, taka ákvarðanir um um staðarval umboðsskrifstofa, fyrirkomulag þeirra og rekstur.

BSRB leggst gegn því að ráðherra verði veitt heimild til að taka ákvörðun um staðsetningu Tryggingastofnunar og þjónustustöðva hennar. Í fyrsta lagi bendir BSRB á að engin efnisleg rök eru færð fram í frumvarpinu fyrir breytingunni önnur en að það sé eðlilegt að það sé í höndum ráðherra að ákveða endanlega staðsetningu. Þannig virðast þær breytingar sem lagðar eru til í d-lið 2. gr. frumvarpsins ekki vera settar fram af sömu ástæðum og önnur ákvæði þess, sbr. ummæli í inngangi athugasemda, þ.e. að koma til móts við athugasemdir umboðsmanns alþingis, auka skýrleika laganna eða skerpa á ýmsum reglum og lagfæra hnökra. Með öðrum orðum að ástæða breytinganna sé að auka réttaröryggi borgaranna.

BSRB telur, í öðru lagi, að núverandi fyrirkomulag þar sem kveðið er á um staðsetningu stofnunarinnar í lögum og sem felur þar með í sér samráð og umsagnarbeiðnir Alþingis og að endingu samþykkt þess hafi reynst vel. Ákvörðun um staðsetningu og starfsemi faglegrar stofnunar á ekki að vera á hendi eins ráðherra að taka heldur er mikilvægt að fagleg greining fari fram, þar sem m.a. sjónarmið starfsmanna og hagsmunaaðila koma fram. Þannig telur BSRB að ákvörðun um staðsetningu stofnunarinnar skuli vera tekin af hálfu Alþingis. Þá virðist sem heimild til handa ráðherra til að ákveða hvar þjónustustöðvar Tryggingastofnunar skuli vera sé ekki til samræmis við m.a. e-lið 2. gr. frumvarpsins um að stjórn stofnunarinnar staðfesti skipulag hennar, starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marki stofnuninni langtíma stefnu.

Þá telur BSRB sömuleiðis ekki rétt að ráðherra einum sé veitt heimild til að taka ákvörðun um staðsetningu og sameiningu þjónustustöðva Tryggingastofnunar og annarra opinberra stofnana. BSRB telur grundvallaratriði að þessar ákvarðanir séu teknar á faglegum grundvelli að undangengnu ítarlegu mati og samráði.

BSRB bendir ennfremur á að með því að ráðherra einum sé veitt heimild til þeirra ákvarðanatöku, sem hér hefur verið lýst, kunni starfsöryggi starfsmanna stofnunarinnar að vera raskað án þess samráðs sem ákvörðun af hálfu löggjafans fæli í sér. Mikilvægt er fyrir faglega starfsemi stofnunarinnar og starfsfólks hennar að lagaleg umgjörð tryggi festu í starfsemi stofnunar.

BSRB bendir á varðandi breytingu þá sem lögð er til á ákvæði 56. gr. um greiðslur til fanga að í athugasemdum segir að lögð sé áhersla á að fangar sem séu lífeyrisþegar séu jafnsettir öðrum föngum sem missa tekjur sínar þegar afplánun hefst. BSRB telur rétt að skoðað verði hvort tryggt sé að með því að örorku- og ellilífeyrir falli niður verði þeir fangar í reynd jafnsettir öðrum m.a. vegna tækifæra fanga til vinnu á meðan á afplánun stendur.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir, þskj. 529 – 391. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir, þskj. 529 – 391. mál. Með frumvarpinu er lagt til að að komið verði á fót nýrri stofnun á grunni Hafrannsóknarstofnunar og Veiðimálastofnunar.

BSRB telur nauðsynlegt að taka undir umsögn, athugasemdir og tillögur SFR - stéttarfélags í almannaðjónustu vegna frumvarpsins. Mikilvægt er að tryggja að starfsmenn haldi laga- og samningsbundnum réttindum svo þeir verði ekki með nokkrum hætti fyrir skerðingu á kjörum sínum þegar verkefni stofnananna eru færð í sameiginlega stofnun. Þá telur BSRB grundvallaratriði að samráð sé haft við stéttarfélög starfsmanna til að tryggja að réttindi starfsmanna verði tryggð.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um Menntamálastofnun, þskj. 700-456. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Menntamálastofnun. Í frumvarpinu er lagt til að komið verði á laggirnar Menntamálastofnun sem verður ný stjórnsýslustofnun á sviði menntamála og mun taka við verkefnum Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar.

BSRB tekur undir athugasemdir SFR- stéttarfélags í almannaðjónustu vegna frumvarpsins. Mikilvægt er þegar stofnanir eru sameinaðar m.a. með það að markmiði að efla faglega starfsemi þeirra að lagt sé til grundvallar að starfsmenn haldi kjörum sínum og öðrum réttindum samhliða þeim breytingum. BSRB hvetur því allsherjar- og menntamálanefnd til að taka athugasemdir SFR til skoðunar og umfjöllunar.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (breytt valdmörk ráðuneyta, útvistun grunnskólalalds), þskj. 634 - 426. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (breytt valdmörk ráðuneyta, útvistun grunnskólalalds), þskj. 634-426. mál.

Með frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla vegna heimilda sveitarfélaga til að gera samninga við einkaaðila um rekstur á allri grunnskólastarfsemi viðkomandi sveitarfélaga. Í frumvarpinu er tekið fram að með þessu sé brugðist við álitafnum sem skapast hafi í tengslum við heimildir sveitarfélaga til að gera samninga við einkaaðila um rekstur á allri grunnskólastarfsemi viðkomandi sveitarfélags. Þannig er í ákvæði 2. gr. frumvarpsins tekið fram hvað skuli fjalla um í þjónustusamningi leiði samningur við einkaaðila í sér að foreldrar hafi ekki val um skóla, s.s. að ákvæði grunnskólalaga séu uppfyllt og ákvæði um eftirlit skólanefndar sbr. 6. gr. grunnskólalaga.

Fram kemur í frumvarpinu að ein meginástæða þess að verið er að setja skýrari ákvæði vegna einkareksturs grunnskóla sé vegna ágreinings á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins um heimildir sveitarfélaga til að útvista allan rekstur grunnskóla í sveitarfélagi til einkaaðila. Í frumvarpinu er vísað í lögfræðialit þar sem fram hafi komið m.a. að gildandi grunnskólalög standi því ekki í vegi að sveitarfélög geti útvistað rekstur grunnskólalalds í heild sinni til einkaaðila. BSRB bendir aftur á móti á að ekki kemur fram í gildandi grunnskólalögum heimild með skýrum hætti til handa sveitarfélögum til að fela einkaaðilum rekstur grunnskóla í sveitarfélagi í heild sinni. Þannig hefur löggjafinn ekki, fyrr en nú með samþykkt frumvarpsins, tekið skýra og beina afstöðu til þess að sveitarfélögum skuli heimilað að útvista allan rekstur grunnskóla til einkaaðila.

Þá bendir BSRB á að að löggjöf um sjálfstætt starfandi skóla er fátækleg líkt og segir í frumvarpinu. Með nýrri málsgrein við ákvæði 43. gr. er leitast við að setja sveitarfélögum ramma við gerð þjónustusamninga hafi foreldrar ekki val um hvort börn þeirra sæki nám í grunnskóla sem starfræktur sé af sveitarfélaginu eða sé starfræktur af einkaaðila. BSRB dregur í efa að með þessum hætti séu hagsmunir barna og foreldra tryggðir þannig að fullnægjandi sé. Í frumvarpinu er það m.a. viðurkennt með þeim hætti að reynsla muni eftir atvikum sýna fram á þörf fyrir enn frekari lagabreytingar á þessu sviði. BSRB telur algjörlega óásættanlegt að rekstur einkaaðila á allri grunnskólastarfsemi í sveitarfélagi sé þannig á e.k. lagalegum reynslutíma.

Þá bendir BSRB á að eftirlit sveitarfélagsins vegna þess einkaaðila sem rekur grunnskóla verður ekki sambærilegt og ef skólinn væri rekinn af hálfu sveitarfélagsins líkt og kemur fram í umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins. Þar er bent á að ekki sé sama lagalega sambandið á milli einkarekins skóla annars vegar og skólanefndar og ef skólinn er rekinn á vegum sveitarfélagsins sjálfs. Í fyrra tilvikinu sé um að ræða samningssamband en í hinu síðara er um að ræða bein stjórnunarleg tengsl innan sömu skipulagsheildar, þ.e. sveitarfélagsins sjálfs. Í frumvarpinu segir síðan að með glöggri útfærslu í samningi sé þó engu að síður hægt að tryggja að skólanefndin hafi sambærilegt hlutverk, hvað varðar aðhald, yfirsýn og eftirlit gagnvart einkarekna skólanum og skóla sveitarfélagsins sjálfs, þótt eiginleg stjórnunarúrræði verði eftir atvikum takmarkaðri eða taki mið af grunnreglum samningaréttarins að einhverju leyti. BSRB varar sterktlega við því að eftirlit með rekstri grunnskóla í heild sinni í sveitarfélagi sé kominn undir *glöggri útfærslu* í samningi. Rekstur grunnskóla og menntun barna er eitt af lykilverkefnum hins opinbera og á ekki að leika nokkur vafi á starfsumhverfi skólanna, m.a. um eftirlit sveitarfélaga með starfsemi þeirra.

Að mati BSRB felur frumvarpið í sér grundvallarbreytingu hvað varðar starfsemi grunnskóla, þ.e. að sveitarfélögum verði veitt skýr heimild til að útvista allan rekstur grunnskóla til einkaaðila. BSRB leggst alfarið gegn slíkri grundvallarbreytingu í menntamállum þjóðarinnar og það án þess að fram hafi farið ítarleg efnisleg umræða um málið. Rekstur grunnskóla er eitt af lykilverkefnum hins opinbera og tryggja verður að foreldrar og börn, hvar í sveitarfélagi sem þau búa, hafi aðgang að öflugum opinberum grunnskólum.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum (námsmenn).

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum (námsmenn).

Í frumvarpinu er lagt til að námsmenn sem vegna náms síns leigja íbúðarhúnaði í sama sveitarfélagi og þeir eiga lögheimili eigi rétt á húsaleigubótum að því tilskildu að viðkomandi námsmaður geti ekki sótt skóla daglega frá lögheimili sínu vegna tiltekinna aðstæðna.

BSRB styður samþykkt frumvarpsins enda markmið frumvarpsins að tryggja jafnan rétt námsmanna til húsaleigubóta. BSRB telur þó rétt að skoða hvort tilvísun til sérstaklega náms á framhalds- og háskólastigi sé nauðsynleg í ljósi gildandi ákvæðis 2. mgr. 4. gr. laganna.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, með síðari breytingum (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu), þskj. 888-511. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála (gjaldtaka vegna vatnsþjónustu). Í frumvarpinu er lagt til að komið verði á gjaldtöku á notendur vatns vegna vatnsþjónustu til að mæta kostnaði við framkvæmd laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Gjaldtakan er lögð á vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir, hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur og skal gjaldið endurspegla nýtingu og álag á vatnsauðlindina. Tilefni lagasetningarinnar er því að kveða á um gjaldtöku á þá sem nýta vatnsauðlindina í miklum mæli í samræmi við svokallaðar nytjagreiðslureglu og mengunarbótareglu.

Í frumvarpinu er tekið fram að búast megi við að framangreindir notendur muni innheimta kostnað þann sem hlýst af gjaldtökunni með hækkun gjalda á neytendur rafmagns og vatns. Frumvarpið muni því hafa áhrif á alla notendur rafmagns og vatns og leiða til kostnaðarauka fyrir almenning og fyrirtæki í landinu.

BSRB varar alvarlega við því að sú gjaldtaka sem frumvarpið kveður á um leiði til hækkana á gjaldskrá til almennings.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um náttúrupassa, þskj. 699-455. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um náttúrupassa. Með frumvarpinu er lagt til að Ferðamálastofu verði veitt heimild til að innheimta sérstakt gjald af ferðamönnum sem heimsækja ferðamannastaði á Íslandi með útgáfu náttúrupassa. Markmiðið með útgáfu náttúrupassa, eftir því sem segir í frumvarpinu, er að afla tekna til að stuðla að verndun náttúru Íslands með nauðsynlegri uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og tryggja framlög til öryggismála ferðamanna.

BSRB telur ýmsa ágalla á þessari tillögu um sérstakan náttúrupassa sem felur í sér að greiða þurfi sérstaklega fyrir aðgang að ferðamannastöðum hér á landi. BSRB telur að um rétt almennings til þess að heimsækja ferðamannastaði og íslenska náttúru skuli almannaréttur lagður til grundvallar svo sem verið hefur yfir lengri tíma. BSRB telur að stjórnvöld hafi úr öðrum leiðum að velja, til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu til að vernda megi náttúru Íslands, en þá að óska sérstakrar greiðslu af hálfu ferðamanna fyrir aðgang að náttúru Íslands ella sæti þeir stjórnvaldssektum.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg aðstoð), þskj. 698 - 454. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingu.

BSRB kom að undirbúningi frumvarpsins um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á fyrri stigum og styður framgang þess.

Hvað varðar breytingu á lögum um málefni fatlaðra vekur bandalagið athygli á mikilvægi þess að samhliða framþróun NPA verkefnisins er nauðsynlegt að huga betur að málefnum starfsmanna sem starfa innan NPA. Þannig þyrfti kostnaðarmat frumvarpsins að haldast í hendur við áætlaðan starfsmannakostnað en hann virðist vera áætlaður óbreyttur.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, með síðari breytingum (skipulag ráðuneyta stofnana o.fl.), þskj. 666 - 434. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands (skipulag ráðuneyta og stofnana o.fl.)

BSRB gerir alvarlegar athugasemdir við tvær tillögur frumvarpsins. Athugasemdirnar varða tillögu um heimild ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana sem undir hann heyra og um almenna heimild til að flytja starfsmenn sem ráðnir eru ótímabundið til starfa hjá ráðuneytinu og stofnunum á milli þessara aðila.

Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins sem fjallar um heimild ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana, en þar segir að heimild þar um hafi verið felld brott með setningu laga um Stjórnarráðið árið 2011 og því haldið fram að ekki verði séð að um sérstakt markmið hafi búið þar að baki við endurskoðun laganna. Þá segir í athugasemdum með ákvæðinu að nauðsynlegt sé að hafa slíkt ákvæði í lögum vegna túlkunar Hæstaréttar á 2. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 312/1998 (*Landmælingadómur*). BSRB tekur undir það sjónarmið að dómur Hæstaréttar sé skýr um að ríkisstofnanir verði ekki staðsettar utan Reykjavíkur nema með heimild í lögum. Bandalagið bendir hins vegar á að þörf er á mun ríkari umræðu um tilgang og markmið slíkrar lagabreytingar en frumvarpið felur í sér.

Þannig er ekki nægileg röksemd fyrir svo ríkri valdheimild ráðherra að „talið [sé] rétt og eðlilegt að umrædd lagaheimild verði endurvakin enda hafi verið litið svo á að ákvörðunarvald um þetta sé eðlilegur hluti af stjórnunarheimildum ráðherra gagnvart stofnunum sem undir hann heyra,“ sbr. athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins. BSRB hafnar því alfarið að litið hafi verið svo á að umrætt

ákvörðunarvald sé eðlilegur hluti af stjórnunarheimildum ráðherra. Þvert á móti er það einmitt mjög umdeilt.

Röksemdin á sér enn fremur litla stoð ef litið er til þeirrar umræðu sem skapaðist í kjölfar Landmælingadómsins og veruleg áhöld eru um hvort það feli í sér nægjanlega lagastoð, með skírskotun til túlkunar Hæstaréttar á 2. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar, að lagaákvæði sé svo almennt orðað að ráðherra geti ákvarðað staðsetningu stofnunar.

Þá er tillagan á skjön við þá stefnu að ríkisstofnanir séu sjálfstæðar ríkisstofnanir enda vandséð sjálfstæði þeirra ef þær geta átt í hættu á að vera fluttar án þess að hafa nokkra aðkomu að þeirri ákvörðunartöku.

Loks er vandséð að fyrirliggjandi tillaga sé í samræmi við þau markmið og þá stefnu sem frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, nú lög nr. 115/2011, byggir á. Frumvarpið var samið með hliðsjón af og í kjölfar útgáfu skýrslunnar Samhent stjórnsýsla. Skýrslan var samin af nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands sem skipuð var af forsætisráðherra árið 2009. Í störfum sínum tók nefndin til umfjöllunar tillögur og ábendingar rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndarinnar. Hins vegar er hvergi í skýrslunni að finna tillögu um að veita eigi ráðherra það vald að ákveða staðsetur stofnana.

BSRB telur að heimild ráðherra til að ákveða aðsetur ríkisstofnana sé vart í samræmi við þá kröfu um festu sem gera þarf innan stjórnsýslunnar. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi um að löggjafarvaldið ákveði staðsetningu stofnana, verður að teljast mun betur tryggt að undirbúningur og ákvörðun um flutning ríkisstofnunar sé vel ígrunduð. Þannig eru vítin til varnaðar í þeim efnum ekki eldri heldur en nýlega ætlaður flutningur Fiskistofu. Sem rennir enn frekari stoðum undir mikilvægi þess að ákvörðunin sé í höndum fleiri en eins aðila. Samkvæmt framansögðu hafnar bandalagið því alfarið að lögunum sé breytt hvað þetta varðar.

Hvað varðar síðari athugasemd BSRB um almenna heimild til flutnings starfsfólks milli ráðuneyta og stofnana þá hefur bandalagið áður mótmælt fyrirhuguðum breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands sem efnislega hafa varðað það sama og nú er lagt til. BSRB varar við því að hróflað verði við auglýsingaskyldu á lausum störfum hjá ríkinu og leggur áherslu á að markmiðin sem búi að baki auglýsingaskyldunni, að öllum sé gefin kostur á að sækja um laus störf hjá ríkinu og tryggja þannig jafnræði. Enn fremur skal áréttað að markmið auglýsingaskyldunnar er að hæfasti einstaklingurinn sem völ er á hverju sinni verði ráðinn til starfs hjá ríkinu.

BSRB leggst því alfarið gegn tillögðum breytingum á lögum nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands varðandi valdheimild ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana sem undir hann heyra og lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um almenna heimild til að flytja starfsmenn ríkisins til í starfi og komast þannig undan auglýsingaskyldu á lausum störfum.

Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur, þskj. 124-122. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur.

BSRB telur mikilvægt að ráðherra verði gert að leita samráðs við bandalagið til viðbótar við þau samtök sem tillagan vísar til enda BSRB stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna hér á landi. Að öðru leyti gerir BSRB ekki athugasemdir við tillöguna.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (vörukaup, þjónusta), þskj. 976-562. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (vörukaup, þjónusta).

BSRB kom að málinu þegar frumvarp með sambærilegu ákvæði og nú er lagt til að verði innleitt með 1. gr., var lagt fram á 143. þingi og gerir því ekki athugasemdir við frumvarpið.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum (réttarstaða leigjanda og leigusala), þskj. 1170-696. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum. Frumvarpinu er ætlað að auka réttaröryggi leigjanda og koma á meiri festu í samskiptum leigjanda og leigusala svo komast megi hjá ágreiningi síðar.

BSRB hefur lengi bent á alvarlega stöðu á leigumarkaði. Örugg búseta er einn af hornsteinum almennrar velferðar og nauðsynlegt er að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaðnum með markvissum aðgerðum af hálfu stjórnvalda til að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar.

BSRB bendir á að mikilvægt er að stjórnvöld bregðist við þeim vanda sem blasir við á húsnæðismarkaði með heildstæðum hætti. Þær breytingar sem þau frumvörp, sem nú hafa verið lögð fram á Alþingi, fela í sér eru einungis lítill hluti af þeim nauðsynlegu aðgerðum sem ráðast þarf í vegna alvarlegs húsnæðisvanda. Umfangsmeiri aðgerðir þarf til að bregðast við þessari alvarlegu stöðu.

BSRB telur nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög komi að uppbyggingu á almennum leigumarkaði með skýrum og markvissum aðgerðum þar sem m.a. verði byggt upp smærra og ódýrara húsnæði. Ljóst er að gríðarleg þörf er fyrir uppbyggingu á leigumarkaði auk þess sem leiguverð er mjög hátt en aukið framboð leiguhúsnæðis mun væntanlega leiða til lægra leiguverðs.

Þá hefur það verið skýr krafa BSRB að stuðningur hins opinbera við ólík búsetuform verði jafnaður. Samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta munu jafna húsnæðisstuðning milli þeirra sem eiga húsnæði og þeirra sem leigja. Slíkt kerfi myndi því stuðla að frekari jöfnuði fólk. Á sama tíma er mikilvægt að skoða hvata til að tryggja að hækkun húsaleigubóta leiði ekki hugsanlega til hærri leiguverðs. Slíkar aðgerðir gætu sömuleiðis verið liður í að tryggja búsetuöryggi leigjanda til lengri tíma. Þessar aðgerðir auk annarra, þar sem brugðist væri við vanda á húsnæðismarkaði með heildstæðum og markvissum hætti myndu stuðla að því að leiguformið yrði að raunverulegum valkosti í búsetumálum á Íslandi.

Með frumvarpi þessu um breytingu á húsaleigulögum eru lagðar til margvíslegar breytingar sem, líkt og áður sagði, er ætlað að auka réttaröryggi leigjanda.

BSRB gerir athugasemd við að í frumvarpinu er ekki lagt mat á hvort þær breytingar sem lagðar eru til muni hugsanlega hafa áhrif á leiguverð til hækkunar þess. Jafn réttmætar og þær breytingar sem lagðar eru til kunna að vera þá er ljóst að leiguverð hefur hækkað mikið og því telur bandalagið mikilvægt að áhrif frumvarpsins á leiguverð séu metin auk þess sem bandalagið vísar til fyrri athugasemda um að brugðist sé við m.a. háu leiguverði með heildstæðum og markvissum aðgerðum af hálfu stjórnvalda.

BSRB áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir við frumvarpið síðar telji bandalagið þörf á því.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 66/2003, með síðari breytingum (réttarstaða búseturéttarhafa, rekstur húsnæðissamvinnufélaga), þskj. 1171-697. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003. Frumvarpinu er ætlað að auðvelda húsnæðissamvinnufélögum að starfa á Íslandi en í frumvarpinu eru lagðar til margvíslegar breytingar á gildandi lögum um húsnæðissamvinnufélög er varða málefni húsnæðissamvinnufélaga sem ætlað er að stuðla að sjálfbærum rekstri þeirra.

BSRB hefur lengi bent á alvarlega stöðu á húsnæðismarkaði. Örugg búseta er einn af hornsteinum almennrar velferðar og nauðsynlegt er að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaðnum með markvissum aðgerðum af hálfu stjórnvalda til að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar.

BSRB bendir á að mikilvægt er að stjórnvöld bregðist við þeim vanda sem blasir við á húsnæðismarkaði með heildstæðum hætti. Þær breytingar sem þau frumvörp, sem nú eru lögð fram á Alþingi, fela í sér eru einungis lítil hluti af þeim nauðsynlegu aðgerðum sem ráðast þarf í vegna alvarlegs húsnæðisvanda. Umfangsmeiri aðgerðir þarf til að bregðast við þessari alvarlegu stöðu.

BSRB telur nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög komi að uppbyggingu á almennum leigumarkaði með skýrum og markvissum aðgerðum þar sem m.a. verði byggt upp smærra og ódýrara húsnæði. Ljóst er að gríðarleg þörf er fyrir uppbyggingu á leigumarkaði auk þess sem leiguverð er allt of hátt en aukið framboð leiguhúsnæðis mun væntanlega leiða til lægra leiguverðs.

Þá hefur það verið skýr krafa BSRB að stuðningur hins opinbera við ólík búsetuform verði jafnaður. Samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta munu jafna húsnæðisstuðning milli þeirra sem eiga húsnæði og þeirra sem leigja. Slíkt kerfi myndi því stuðla að frekari jöfnuði fólk. Á sama tíma er mikilvægt að skoða hvata til að tryggja að hækkun húsaleigubóta leiði ekki hugsanlega til hærri leiguverðs. Slíkar aðgerðir gætu sömuleiðis verið liður í að tryggja búsetuöryggi leigjenda til lengri tíma. Þessar aðgerðir auk annarra þar sem brugðist væri við vanda á húsnæðismarkaði með heildstæðum og markvissum hætti myndu stuðla að aukinni velferð á húsnæðismarkaði.

Að lokum bendir BSRB á að ein meginforsendan fyrir eflingu t.d. húsnæðissamvinnufélaga og uppbyggingu á húsnæðismarkaði er fjárhagsleg aðkoma ríkis og sveitarfélaga en um það er ekki fjallað í framangreindu frumvarpi. Án slíkrar aðkomu hins opinbera er ljóst að tæpast má búast við mikilli aukningu í uppbyggingu á húsnæðismarkaði.

BSRB áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við frumvarpið á síðari stigum.

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um húsnæðisbætur, þskj. 1402 - 788. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um húsnæðisbætur. Frumvarpinu er ætlað að vera liður í því að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera við ólík búsetuform og stuðla þannig að því að landsmenn hafi raunverulegt val um búsetuform og búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins. Aftur á móti kemur fram í frumvarpinu að í ljósi mismunandi eðlis þess húsnæðiskostnaðar sem liggja til grundvallar húsnæðisstuðningi hins opinbera eftir því hvaða búsetuform eigi í hlut hverju sinni sé lagt til að vaxta- og húsaleigubætur verði ekki sameinaðar í eitt kerfi húsnæðisbóta að svo stöddu heldur verði breytingar gerðar á báðum húsnæðisstuðningskerfunum til að jafna stuðning við ólík búsetuform.

Frumvarpið felur í sér nokkra hækkun húsaleigubóta og þannig hækkar grunnfjárhæð húsnæðisbóta í 31.000 kr. á mánuði en er nú að hámarki 22.000 kr. Þá felur frumvarpið það m.a. í sér að tekið er mið af fjölda heimilismanna við ákvörðun fjárhæðar húsnæðisbóta auk þess sem frítekjumörk munu taka mið af fjölda heimilismanna.

Það hefur lengi verið baráttumál BSRB að stuðningur hins opinbera við ólík búsetuform verði jafnaður. Að mati bandalagsins myndu samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta jafna húsnæðisstuðning milli þeirra sem eiga húsnæði og þeirra sem leigja. Slíkt kerfi myndi stuðla að frekari jöfnuði fólks.

BSRB telur að frumvarp þetta feli í sér mikilvægt skref í átt að einu húsnæðisbótakerfi. Hækkun grunnfjárhæða og hækkun fjárhæða og skerðingarmarka eftir fjölda á heimili er mikilvæg til að bregðast við gríðarlegum vanda fjölda fjölskyldna sem eru á leigumarkaði vegna m.a. hækkunar á leiguverði síðustu árum.

BSRB gerir þó athugasemd við að í frumvarpinu er ekki metið sérstaklega hvort hækkun húsnæðisbóta með þeim hætti sem frumvarpið felur í sér leiði til hækkunar leiguverðs. Bent hefur verið á, m.a. í skýrslu vinnuhóps um húsnæðisbætur frá árinu 2012, að leiða megi að því líkur að leiguverð hækki í kjölfar þess að aukinn er stuðningur við leigjendur. BSRB telur því mikilvægt að leitað sé allra leiða til að tryggja að hækkun húsnæðisbóta leiði, hvorki til skamms né lengri tíma, til hækkunar leiguverðs heldur bæti raunverulega fjárhagslega stöðu leigjenda. Bandalagið telur því mjög brýnt að aðrar aðgerðir, m.a. þær sem vísað er til í nýlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál, komi til framkvæmda sem fyrst til hagsbóta fyrir launafólk og leigjendur og metin séu með heildstæðum hætti áhrif þeirra á stöðu launafólks á húsnæðismarkaði.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að umsýsla og framkvæmd húsnæðisbóta verði á hendi Tryggingastofnunar en áfram er gert ráð fyrir að greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings verði á hendi sveitarfélaganna. BSRB telur nauðsynlegt að skoða hvort umsýsla vegna húsnæðisstuðnings til leigjanda, bæði almenns og sérstaks, sé betur fyrir komið hjá einu stjórnvaldi enda ljóst að slíkt væri leigutökum til mikillar einföldunar og hagræðingar.

Þá vísar BSRB jafnframt til umsagnar bandalagsins við 211. mál á 144. þingi varðandi rétt námsmanna til húsaleigubóta og ítrekar þá afstöðu sem þar kemur fram. Í því frumvarpi var lagt til að réttur námsmanna til húsaleigubóta yrði sá sami hvort heldur þeir leigi á heimavist eða námsgörðum eða á almennum leigumarkaði.

Að lokum ítrekar BSRB athugasemdir bandalagsins sem birt hafa m.a. í umsögnum við þingmál 697 og 696 frá 144. þingi er lúta að því að brugðist sé við vanda á húsnæðismarkaði með heildstæðum hætti. Áréttað er að bæði þetta frumvarp og önnur sem lögð hafa verið fram leysa einungis hluta vandans á leigumarkaði auk þess sem nauðsynlegt er að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir á húsnæðismarkaði með heildstæðum og markvissum hætti. BSRB telur því mikilvægt í þeirri vinnu sem framundan er í samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál verði unnið með það að leiðarljósi að draga verulega úr húsnæðiskostnaði, einkum tekjulægri fjölskyldna, og auka búsetuöryggi. Til að slíkt gerist er nauðsynlegt að rík sátt myndist um þær aðgerðir.

BSRB áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við málið á síðari stigum þess.

Réttindamál og dómsmál

Skrifstofa BSRB svarar á hverju ári fjölda fyrirspurna félagsmanna og aðildarfélaga sinna er varða lögfræðileg álitaefni. Sonja Ýr Þorbergsdóttir hefur verið starfandi lögfræðingur hjá BSRB síðan 2008 en haustið 2014 hóf nýr lögfræðingur, Dalla Ólafsdóttir, störf á skrifstofu BSRB og sinna því tveir lögfræðingar nú ýmsum lögfræði- og réttindamálum fyrir bandalagið. Þá hefur Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður starfað fyrir bandalagið og haft fasta viðtalstíma á skrifstofu BSRB einu sinni í mánuði fram til haustsins 2014 en eftir það eftir þörfum.

Frá síðasta þingi fram til september 2015 hafa lögfræðingum bandalagsins borist 720 skrifleg erindi frá aðildarfélögnum þar sem óskað er aðstoðar og ráðgjafar vegna málefna félagsmanna. Jafnframt hafa lögfræðingar bandalagsins haft fasta símatíma fyrir aðildarfélögin alla virka daga nema föstudaga.

Réttindanefnd BSRB

Réttindanefnd BSRB starfar samkvæmt stjórnarsamþykkt bandalagsins og er hlutverk nefndarinnar að taka til skoðunar erindi sem stjórn eða einstök aðildarfélög vísa til hennar og eru niðurstöður nefndarinnar ráðgefandi. Fulltrúar BSRB sem skipaðir eru í nefndir og ráð um réttindamál á vegum bandalagsins geta leitað liðsinnis réttindanefndar við vinnslu gagna og skal nefndin vera þeim til ráðgjafar sé eftir því leitað.

Réttindanefnd hefur fundað 21 sinnum á tímabilinu og helstu verkefni hennar hafa verið eftirfarandi. Umfjöllun og kynningar á dómum í máli félagsmanna BSRB hefur styrkt eða sem aðildarfélögin hafa rekið alfarið og dóma sem hafa þýðingu fyrir félagsmenn BSRB. Fjórar styrkjabeirðir vegna reksturs dómsmála bárust og þar af var samþykkt að leggja til við stjórn BSRB að veita styrk í þremur tilfellum. Þá hefur nefndin unnið að gerð sáttmála og samræmdra aðgerða aðildarfélaga. Þau eru sáttmáli aðildarfélaga um undirbúning og framkvæmd kjarasamningsgerðar, drög að bókun um texta um skýrari og aðgengilegri kjarasamninga og drög að samkomulagi um framkvæmd sameininga stofnana, undirbúningur um breytt ákvæði kjarasamnings varðandi hlutaveikindi, umræða um ákvæði í kjarasamningum varðandi trúnaðarlækna.

Þá hafa verið settir undirhópar réttindanefndar til að vinna að réttindamál félagsmanna sem starfa hjá Samtökum fyrirtækja í Velferðarþjónustu og umfjöllun um tillögur frá VIRK vegna hlutaveikinda og komu til starfa og málefni trúnaðarmanna. Nefndin hefur einnig tekið til umfjöllunar umsagnarbeiðni til BSRB frá Alþingi um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

Loks hefur nefndin fjallað innsend erindi aðildarfélaga þar sem óskað er eftir áliti nefndarinnar á hinum ýmsu ágreiningsefnum. Loks hefur réttindanefnd á tímabilinu veitt aðildarfélögnum tíu skrifleg álit vegna álitaefna og tekið til umfjöllunar tæplega fimmtíu innsend erindi.

Dómsmál sem rekin hafa verið af aðildarfélögum BSRB og fengið styrk frá bandalaginu

Styrkjabeirðir samkvæmt reglum um þjónustu lögmanns og lögfræðings BSRB hafa aukist á síðastliðnum árum. Skilyrði þess að réttindanefnd leggi til við stjórn BSRB að bandalagið taki þátt í kostnaði er hlýst af rekstri dómsmáls er að málið sé fordæmisgefandi og hafi almenna þýðingu fyrir félagsmenn bandalagsins.

Frá síðasta þingi BSRB 2012 hafa verið rekin fjögur dómsmál sem BSRB hefur veitt aðildarfélögum sínum styrk til að reka vegna fordæmisgildis þeirra og þýðingu fyrir félagsmenn bandalagsins en eftirfarandi er umfjöllun um þau.

Dómur Félagsdóms í máli vegna greiðslu vaktaálags í helgidagafríi **Félagsdómur nr. 1/2014**

Í ljósi niðurstöðu Félagsdóms í máli Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) gegn Heilbrigðisstofnun Vesturlands þar sem viðurkennd var skylda stofnunarinnar til að greiða félagsmönnum VLFA vakaálag í helgidagafríi ákvað réttindanefnd BSRB að mikilvægt væri að láta reyna á málið fyrir dómi vegna sambærilegra réttinda félagsmanna bandalagsins. Í málinu var krafist viðurkenningar þess að íslenska ríkinu bæri að greiða félagsmanni SFR (BSRB) vaktaálag í helgidagafríum enda væri það hluti af föstum launum fangavardar.

Í kjarasamningsákvæðinu sem deilt var um segir að starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins geti í stað greiðslna skv. gr. 2.3.2. fengið frí á óskertum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár. Íslenska ríkið féllst ekki á að óskert laun fælu í sér vaktaálag.

Helstu röksemdir SFR (BSRB) byggðu á túlkun orðalags kjarasamningsákvæðisins með vísan til niðurstöðu í máli VLFA gegn HVE. Röksemdir íslenska ríkisins voru þær að ekki væri hægt að túlka kjarasamningsákvæðið með þeim hætti sem félagsmaðurinn krafðist. Félagsmaðurinn hafði starfað hjá stofnuninni í 15 ár og á þeim tíma hefði kjarasamningsákvæðið staðið óbreytt án þess að greitt hefði verið vaktaálag í helgidagafríi. Því hafi venjubundin og sameiginleg túlkun verið sú að greidd væru föst laun þegar starfsmaður tæki helgidagafrí.

Félagsdómur leit til þess að munurinn á máli VLFA og BSRB væri sá að vaktaálag hafði verið greitt í helgidagafríum á HVE árum saman þar til stofnunin ákvað að segja þeim hluta greiðslanna upp þar sem þær væru ekki kjarasamningsbundnar. Í máli BSRB höfðu greiðslurnar hins vegar ekki falið í sér vaktaálag. Dómurinn leit því bæði til venju og orðalags kjarasamnings í máli VLFA en lagði meiri áherslu á venjuna í máli BSRB. Sérstaklega var litið til þess að sú framkvæmd að greiða ekki vaktaálag í helgidagafríi hefði verið látin athugasemdalaus til margra ára og því væri um venjubundna framkvæmd til margra ára að ræða. Íslenska ríkið var því sýknað af kröfum SFR (BSRB).

Dómur Hæstaréttar í máli Kjalar gegn íslenska ríkinu **Hrd. nr. Nr. 848/2014**

Málið varðaði sjúkraflutningamann á heilbrigðisstofnun. Í ráðningarsamningi hans var ekki hakað við að hann væri ráðinn ótímabundið heldur hakað við „annað“ og stóð þar til hliðar bakvaktir. Hann starfaði jafnframt í dagvinnu hjá annarri ríkisstofnun.

Félagsmaðurinn slasaðist við störf sín sem sjúkraflutningamaður og forfallaðist frá störfum í kjölfarið. Hann fékk greiddan veikindarétt líkt og hann væri ráðinn sem tímavinnustarfsmaður en stéttarfélagið hans taldi hann eiga rétt til greiðslu veikindalauna líkt og hann væri ráðinn ótímabundið.

Málið fór fyrir Samráðsnefnd um veikindarétt sem komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu í málinu en benti á óskýrleika kjarasamninga um réttindi þeirra sem ráðnir eru eingöngu á bakvaktir og beindi þeim tilmælum til samningsaðila að bæta skyldi þar úr. Helstu röksemdir félagsmannsins fyrir dómi voru þær að starf hans gæti ekki fallið undir skilyrði kjarasamnings um heimild til ráðningar í

tímavinnu. Þar sem tímavinnumenn njóta lakari réttinda samkvæmt kjarasamningi en sé óvissa með túlkun ráðningarsamnings skuli túlka það launamanni í hag. Loks voru röksemdir félagsmannsins þær að hann væri ráðinn í 100% starf hjá sama atvinnurekanda, íslenska ríkinu og þar af leiðandi gætu sjúkraflutningsstörf ekki talist til tímavinnu.

Stefndi, íslenska ríkið, hafnaði kröfum hans alfarið og voru helstu röksemdirnar þær að honum væri greitt fyrir bakvaktir með tímakaupi og hann hafi ekki verið ráðinn á mánaðarlaunum samkvæmt ráðningarsamningi. Hann hafi verið ráðinn í afmarkað verkefni að því leyti að hann sinnti eingöngu sjúkraflutningi á bakvöktum. Héraðsdómur tók undir röksemdir íslenska ríkisins og var því ekki fallist á kröfur félagsmannsins. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar í máli félagsmanns Félags flugmálastarfsmanna ríkisins gegn Isavia ohf. Hrd. nr. 397/2014

Félagsmaðurinn hóf störf ríkisstofnuninni Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar árið 2006 og tilgreint var í ráðningarsamningi hans að ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalög) giltu um störf hans. Síðar sameinaðist hluti rekstursins nýju opinberu hlutafélagi sem þá hét Keflavíkurflugvöllur ohf., nú Isavia ohf. Starf félagsmannsins tilheyrði því ekki lengur ríkisstofnun heldur nú opinberu hlutafélagi.

Í bráðabirgðaákvæði með lögum sem settu hlutafélagið á stofn að starfsmannalögin giltu um störf þeirra starfsmanna sem færðir yrðu yfir. Árið 2010 tók svo stjórn hlutafélagsins ákvörðun um að starfslok starfsmanna yrðu miðuð við 67 ára aldur. Félagsmanninum var því sagt upp störfum. Hann taldi uppsögnina ólögmeeta þar sem hún bryti í bága við starfsmannalög og stjórnýslulög og krafðist fyrir dómi bóta. Ágreiningurinn varðaði túlkun á því hvort hann nyti réttarstöðu eins og starfsmenn ríkisins eða ekki með vísan til fyrrnefnds bráðabirgðaákvæðis í lögum um stofnun opinbera hlutafélagsins.

Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna hans, kom fram að orðalag ákvæðisins tæki ekki af öll tvímæli um það, en af lögskýringargögnum yrði ekki annað ráðið en að einungis hafi átt að fylgja starfsmannalögum þegar störf starfsmanna Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar voru lögð niður, en ekki eftir að þeir urðu starfsmenn hlutafélagsins. Isavia hefði þó borið að virða ákvæði laganna vegna hins upphaflega samnings félagsmannsins, sem félagið hefði tekið yfir. Hins vegar yrði að líta svo á að með tilkynningu opinbera hlutafélagsins um starfslok við 67 ára aldur hefði reglu starfsmannalaga um 70 ára hámarksaldur verið sagt upp.

Nýir skilmálar hefðu tekið gildi að liðnum uppsagnarfresti á þeim tíma og hefði félagsmaðurinn ekki hreyft andmælum við þessari breytingu á réttarstöðu sinni. Að öðru leyti væri ekki í ljós leitt að skorður væru við því að opinbert hlutafélag segði starfsmönnum sínum upp við 67 ára aldur. Þá hefði Isavia ekki borið að fylgja stjórnýslulögum eða almennum reglum stjórnýsluréttar við uppsögnina. Var því Isavia sýknað af kröfum félagsmannsins.

Mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í máli félagsmanns Tollvarðafélag Íslands gegn íslenska ríkinu

Málið varðar tollvörð sem krafðist viðurkenningar þess að hann hafi áunnið sér ákveðinn fjölda stunda í frítökurétti skv. gr. 2.4.5. í kjarasamningi TFÍ og ríkisins á tímabilinu júní 2001 til desember 2005. Í kjarasamningsákvæðinu segir að tollverðir skuli á hverjum sólarhring fá 11. tíma samfellda hvíld. Komi til þess að vinnuveitandi óski eftir því að vikið verði frá þessum hvíldartíma stofnast

frítökuréttur sem nemur 1,5 klukkustundum fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist. Það sama á við ef hvíldin skerðist ef unnið er á undan frídegi eða helgi.

Samkvæmt kjarasamningsákvæðinu er skylt að tilgreina á launaseðli hversu mikill frítökuréttur hafi safnast upp og tilgreint að hann fyrnist ekki. Jafnframt voru röksemdir félagsmanns TFÍ að frítökuréttur hefði ekki tilgreindur á launaseðlum félagsmanna TFÍ fyrr en í maí 2010 og þá eingöngu frítökuréttur frá og með janúar 2009 en uppsafnaður frítökuréttur fyrir þann tíma var ekki tilgreindur.

Tollstjóraembættið hafði neitað að greiða þessum og öðrum félagsmönnum TFÍ um þá tíma sem þeir töldu sig hafa áunnið sér rétt til frítöku fyrir umrætt tímabil tíma þar sem viðkomandi starfsmaður hafi sjálfur óskað eftir því að vinna þá og þannig brotið hvíldarákvæðið. Því væri embættinu ekki skylt að greiða frítökurétt. Meginkrafa íslenska ríkisins fyrir dómi var að málinu yrði vísað frá dómi og féllst dómurinn á þá kröfu.

Sú niðurstaða var kærð til Hæstaréttar sem felldi úrskurðinn úr gildi og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til meðferðar í september 2015. Málið mun því að nýju fara til umfjöllunar fyrir héraðsdóm.

Nefndir BSRB

Í kjölfar 43. þings BSRB árið 2012 tók stjórn BSRB ákvörðun um að eftirfarandi nefndir yrðu starfandi innan BSRB á kjörtímabilinu 2012-2015: Mennta- og fræðslunefnd, Heilbrigðis- og velferðarnefnd, Jafnréttisnefnd, Alþjóðanefnd, Lífeyrisnefnd, Réttindanefnd og Umhverfisnefnd.

Lagðar voru fram tillögur að erindisbréfum og tillögur að fulltrúum í nefndir á vegum BSRB í upphafi ársins 2013. Eftir umræðu og samþykkt á stjórnarfundum BSRB þann 11. janúar 2013 var skipað í nefndir og erindisbréf send til þeirra sem tilnefndir voru til nefndarstarfa.

Öllum aðildarfélögum BSRB er þess utan frjálst að tilnefna tengiliði nefnda sem fá upplýsingar um starfið og geta einnig settið fundi nefndanna. Hér á eftir verður fjallað um það markverðasti í starfi nefnda BSRB á kjörtímabilinu 2012-2015 ásamt yfirliti yfir nefndarmenn og starfsmenn einstakra nefnda.

Mennta- og fræðslunefnd

Hlutverk nefndarinnar í upphafi var að reyna að fylgja eftir stefnu BSRB í menntamálum frá þingi BSRB 2012 og vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um menntamál. Fljótlega kom hins vegar í ljós að fyrir nefndinni lægi nýtt verkefni sem var að undirbúa og útfæra drög að nýrri stefnu BSRB í mennta og fræðslumálum.

Þeir sem skipuðu nefndina á tímabilinu voru: Karl Rúnar Þórsson formaður nefndarinnar, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Alma Lísu Jóhannsdóttir SFR, Þórveig Þormóðsdóttir FSS, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur og Guðríður Sigurbjörnsdóttir St.Rv. Með nefndinni starfaði Jóhanna Þorgilsdóttir starfsmaður á skrifstofu BSRB.

Mennta- og fræðslunefnd var vinnusöm og hittist á 24 verkfundum og vann auk þess umtalsvert á milli funda. Byrjað var á því að kortleggja stöðuna. Hvar erum við stödd í mennta- og fræðslumálum? Hver er staða BSRB og félaganna með hliðsjón af ólíkum þörfum og síbreytileika fræðslu og menntunar?

Upplýsingaöflun nefndarmanna var markviss og á fundum nefndarinnar voru kallaðir til sérfræðingar m.a. Björg Pétursdóttir deildarstjóri á skrifstofu menntamála í menningar- og menntamálaráðuneyti og Hulda Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri Starfsmenntar.

Ákveðið var að efna til haustfundar um mótun menntastefnu BSRB með þátttöku fulltrúa aðildarfélaganna. Var Hróbjartur Árnason lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og sérfræðingur á sviði menntunnar fullorðinna, ráðinn sem ráðgjafi nefndarinnar í því verkefni að skipuleggja og stjórna haustfundinum. Þrjár málstofur eða vefstofur um menntamál voru haldnar í aðdraganda fundarins auk þess sem Facebook síða var stofnuð fyrir þátttakendur með upplýsingum tengdum fundinum. Haustfundur um menntastefnu BSRB með yfirskriftinni „Mótun saman stefnu til framtíðar“ var haldin 28. október 2014 með þátttöku 47 fulltrúa aðildarfélaganna og var ánægja með framkvæmd fundarins.

Þá tók við umtalsverð vinna nefndarinnar við að móta tillögu að menntastefnu BSRB sem byggir alfarið á niðurstöðum haustfundarins. Í tillögunni eru tilgreind fimm megin áhersluatriði og markmið ásamt 25 leiðum til þess að ná settum markmiðum. Tillagan að menntastefnunni hefur verið kynnt í stjórn bandalagsins og verður hún lögð fyrir 44. þing BSRB. Tillagan fer í málefnaþing þingsins, verður þar tekin til umræðu og umfjöllunar og í framhaldi af þinglegri meðferð verður niðurstaðan borin upp sem ný stefna BSRB í mennta- og fræðslumálum.

Heilbrigðis- og velferðarnefnd

Hlutverk heilbrigðis- og velferðarnefndar er að fylgja eftir stefnu BSRB í almannajónustu og heilbrigðismálum sem var samþykkt á 43. þings BSRB 10 til 12. október 2012. Hlutverk nefndarinnar er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um heilbrigðis- og velferðarmál. Þá segir í erindisbréfi nefndarinnar að stjórn og/eða framkvæmdanefnd BSRB geti falið heilbrigðis- og velferðarnefnd önnur verkefni eftir þörfum.

Nefndina skipuðu á tímabilinu: Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður, Vésteinn Valgarðsson SFR (síðar Ína Jónasdóttir SFR), Árni Egilsson St. Skagafjarðar/Kjölur, Eyrún Eypórsdóttir LL, Guðrún Árnadóttur St.Rv., Hafsteinn Ingibergsson St. Suðurnesja og Sverrir Björn Björnsson LSS. Starfsmaður nefndarinnar var Kristinn Bjarnason hagfræðingur BSRB.

Heilbrigðis og velferðarnefnd fundaði alls 11 sinnum á kjörtímabilinu auk þess sem nefndin stóð fyrir opnum fundum og málþingi um mikilvægi heilbrigðisþjónustunnar. Meðal þess sem nefndin fjallaði sérstaklega um á tímabilinu var bætt kjör kvennastétta í heilbrigðisþjónustunni. Geir Gunnlaugsson, þáverandi landlæknir kom m.a. á fund nefndarinnar til að ræða við nefndarmenn þar sem hann kynnti embættið, hlutverk og svið innan þess. Hann lagði fram bækling með stefnumótun embættisins og ræddi við fundarmenn um stöðu heilbrigðiskerfisins almennt, mönnun og úrræði/úrræðaleyfi.

Einnig tók nefndin til umfjöllunar verkefni Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðra þar sem Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, mætti á fund nefndarinnar til að fjalla um flutning málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Guðmundur Magnússon, þáverandi formaður ÖBÍ, var einnig gestur á fundi nefndarinnar þar sem kynnti m.a. skýrslu sem Talnakönnun hafði gert fyrir ÖBÍ og kallast *Þróun bóta TR 2008-2013*.

Hrólfur Jónsson hjá Reykjavíkurborg mætti einnig á vegum heilbrigðis- og velferðarnefndar á sérstakan morgunverðarfund í BSRB húsinu til þess að kynna fyrir fundarmönnum stefnu Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum eða svonefnd Reykjavíkurhús. Fundurinn fór fram í júní 2015 og þar var m.a. farið yfir þörfina fyrir ódýrara og minna leiguhúsnæði í borginni, framtíðarsýn Reykjavíkurborgar og skipulag.

Þá hélt heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB einnig stórt og mikið málþing undir yfirskriftinni *Málþing um mikilvægi öflugrar heilbrigðisþjónustu og þann mannauð sem þar starfar*. Fór það fram í húsi BSRB í Reykjavík þann 31. október 2013. Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, setti málþingið og sat fyrir svörum fundarmanna. Einnig fluttu prófessor Rúnar Vilhjálmsson, Geir Gunnlaugsson þáverandi landlæknir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir formaður velferðarnefndar Alþingis og Anna Stefánsdóttir fyrrverandi hjúkrunarforstjóri Landspítala erindi á fundinum sem var vel sóttur.

Í kjölfar málþingsins sendi Heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB, sem skipulagði málþingið, frá sér ályktun þar sem m.a. er fjallað um auknar álögur á sjúklinga, möguleg breytt rekstrarform heilbrigðisþjónustunnar, aðbúnað starfsfólks og sjúklinga. Ályktunin má finna annarra staðar í skýrslunni í kaflanum um ályktanir á tímabilinu á bls. 75.

Jafnréttisnefnd

Samkvæmt erindisbréfi jafnréttisnefndar er það hlutverk nefndarinnar að fylgja eftir stefnu BSRB í jafnréttismálum sem samþykkt var á 43. þingi bandalagsins og vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um jafnréttismál. Þá skal nefndin útfæra stefnu BSRB í jafnréttismálum í starfsemi bandalagsins og fylgjast með umræðu og þróun jafnréttismála. Nefndarmenn skulu fá fræðslu um jafnréttismál frá sérfræðingum á sviðinu og gera tillögur að fræðslu og fræðsluefni fyrir starfsemi bandalagsins.

Samkvæmt erindisbréfinu getur stjórn og/eða framkvæmdastjórn BSRB falið nefndinni önnur verkefni eftir þörfum. Jafnréttisnefnd hefur sinnt verkefnum sínum á tímabilinu með margvíslegum hætti.

Í jafnréttisnefnd sátu Elín Björg Jónsdóttir, formaður, Berglind Eyjólfsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Kristján Jóhannesson, Magnús A. Sveinbjörnsson, Rita Arnfjörð, Sigrún Elíasdóttir, Sólveig Jónasdóttir og áheyrnarfulltrúar hafa verið Guðjón Þór Emilsson, Ingunn Jóhannesdóttir og Árna Erla Bjarnadóttir. Þá hafa annars vegar Sonja Ýr Þorbergsdóttir og hins vegar Dalla Ólafsdóttir verið starfsmenn nefndarinnar.

Í samræmi við erindisbréf nefndarinnar var umræða og fræðsla um stöðu jafnréttismála meginþunginn í starfi nefndarinnar. Rætt var um jafnréttismál á breiðum grunni og verður hér tæpt á helstu viðfangsefnum nefndarinnar.

Evróputilskipanir um bann við mismunun voru kynntar jafnréttisnefnd en Margrétar M. Steinarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands kynnti þær á fundi nefndarinnar í apríl 2013 en unnið er að innleiðingu tilskipananna í íslenskan rétt í velferðarráðuneytinu. Fundurinn var gagnlegur enda ljóst að við innleiðingu tilskipananna verður grundvallarbreyting hvaða varðar lagaleg áhrif mismununar sem tilskipanirnar banna. Jafnframt var haldinn opinn fundur um mismunun á íslenskum vinnumarkaði, sbr. umfjöllun í næsta kafla.

Jafnréttisnefnd fjallaði um og tók til skoðunar réttindi foreldra vegna langveikra barna. Nefndin fékk Rögnu K. Marínósdóttur, framkvæmdastjóra Umhyggju-félags til stuðnings langveikum börnum til fundar við sig en hún fjallaði um starfsemi félagsins og aðstöðu foreldra þegar börn verða veik í lengri tíma. Í framhaldi af erindi Rögnu og umræðu nefndarinnar sendi nefndin erindi til styrktarsjóða bandalagsins þar sem lagt var til að tekið væri til umræðu og skoðunar hvort rétt væri að breyta reglum um úthlutun vegna langveikra barna til að koma til móts við aðstandendur þeirra barna.

Eitt af verkefnum nefndarinnar var að fjalla um og taka til skoðunar hvernig bæta mætti kynjahlutföll innan stjórna, nefnda og vegna tilnefninga bandalagsins í ráð og nefndir. Nefndin hefur talið mikilvægt að BSRB gangi á undan með góðu fordæmi og bent á að í almennum lögum er nú kveðið á um kynjakvóta í stjórnnum. Jafnréttisnefnd sendi framkvæmdastjórn bandalagsins bréf í apríl 2015 þar sem þess var farið á leit við framkvæmdastjórn að við fyrirhugaða endurskoðun á lögum BSRB vegna komandi bandalagsþings yrði leitast við að aðlaga lögina að jafnréttisstefnu bandalagsins. Þá gaf jafnréttisnefnd út árlegt kynjabókhalda á tímabilinu. Nánar er fjallað um niðurstöður kynjabókhalda í sérstökum kafla á bls. 148.

Jafnréttisnefnd fékk í febrúar 2014 kynningu á skýrslu nefndar um málefnalegar skýribreytur í launarannsóknnum. Hlutverk nefndarinnar var að greina hvað teldust málefnalegar skýribreytur varðandi launamun kynjanna. Á fundinum kom m.a. fram að það yrði tillaga þessarar nefndar að stefnt verði að árlegum launagreiningum hjá stofnunum ríkisins og skoðuð verði með reglubundnum hætti áhrif kjarasamninga og áhrif þeirra á launasetningu. Þá fékk nefndin ítarlega kynningu á launakönnun BSRB árið 2013 sem framkvæmd var fyrir bandalagið en niðurstöður könnunarinnar eru kynntar sérstökum kafla um kynjabókhalda.

Fjölskylduvænna samfélag var nokkuð til umræðu hjá nefndinni, sbr. opinn fund nefndarinnar sem fjallað er um hér síðar, en nefndin fékk jafnframt á sinn fund Guðmund D. Haraldsson sem fjallaði um hugmyndafræði Öldunnar um styttingu vinnuvikunnar í október 2013.

Fleiri þættir voru til umræðu hjá nefndinni. Jafnréttisnefnd fjallaði nokkuð um ráðstefnuna Nordisk Forum en aðildarfélög BSRB og bandalagið sjálf sendu hóp fulltrúa til að taka þátt í ráðstefnunni. Þá hélt Eyju M. Brynjarsdóttur frá félagsvísindasviði Háskóla Íslands áhugaverðan fyrirlestur um gagnrýna samfélagsumræðu með kynjavinkli

Þá fjallaði jafnréttisnefnd á tímabilinu um drög að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en fyrirhugað var að leggja þá áætlun fyrir Alþingi.

Í tilefni af jafnréttisviku hélt BSRB morgunverðarfund þann 31. október 2013 þar sem fjallað var um kynskiptan vinnumarkað. Finnborg Salóme Steinþórsdóttir fjallaði um stöðu lögreglukvenna innan lögreglunnar og þá fjallaði Gyða Margrét Pétursdóttir um helstu orsakir og afleiðingar kynskipts vinnumarkaðar og möguleg viðbrögð stéttarfélaga við þeirri þróun.

Þá hélt jafnréttisnefnd hádegisverðarfund þann 11. mars 2014 um mismunun á íslenskum vinnumarkaði. Tilefni fundarins var m.a. fyrirhuguð innleiðing tveggja tilskipana Evrópusambandsins um bann við mismunun. Jafnréttisstofa hafði tekið þátt í verkefni með Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fjölmenningarsetrinu á Ísafirði sem laut m.a. að því að kortleggja mismunun á íslenskum vinnumarkaði og kanna þekkingu stjórnenda á mismununartilskipununum tveimur. Á fundinum fjallaði lögfræðingur Jafnréttisstofu, Ingibjörg Elíasdóttir, um rannsóknina.

Haldinn var morgunverðarfundur í júníbyrjun 2015 undir yfirskriftinni; Hvernig búum við til fjölskylduvænna samfélaga? Á fundinum fór Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB yfir árangur tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar og Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB var með hugleiðingar um það hvað fælist í fjölskylduvænna samfélagi. Á fundinum var m.a. rætt um hvaða leiðir væru árangursríkastar til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag, svo sem stytting vinnuvikunnar, sveigjanlegri vinnutíma, bætt fæðingarorlofskerfi auk annarra leiða. Góð þátttaka var á fundinum og munu þau sjónarmið sem þar komu fram nýtast jafnréttisnefnd í frekari störfum nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd endurskoðaði einnig stefnu BSRB í jafnréttismálum og sendi tillögur að breytingum til stjórnar bandalagsins vegna umfjöllunar og til afgreiðslu á 44. þingi bandalagsins.

Lífeyrisnefnd

Lífeyrisnefnd BSRB hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnu BSRB í lífeyrismálum sem var samþykkt á 43. þings BSRB 10. til 12. október 2012. Hlutverk nefndarinnar er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um lífeyrismál. Verkefni nefndarinnar eru aftur á móti að fylgja eftir stefnu BSRB í lífeyrismálum í starfsemi bandalagsins og að tryggja upplýsingaflæði milli fulltrúa BSRB í stjórnnum lífeyrissjóða.

Þau sem skipuðu nefndina á kjörtímabilinu 2012-2015 voru: Elín Björg Jónsdóttir BSRB formaður, Árni Stefán Jónsson SFR, Þórveig Þormóðsdóttir FSS, Sverrir Björn Björnsson LSS, Kristín Á.

Guðmundsdóttir SLFÍ, Garðar Hilmarsson St.Rv., Guðrún Árnadóttir LL, Þuríður Einarsdóttir PFÍ, Kristinn Bjarnason BSRB. Helga Jónsdóttir BSRB er starfsmaður nefndarinnar.

Starf nefndarinnar hefur einkum einkennst af upplýsingagjöf fulltrúa BSRB í stjórnnum lífeyrissjóða auk þess sem regluleg upplýsingagjöf um vinnu að nýju og breyttu lífeyriskerfi hefur þar farið fram. Líkt og komið er inn í kaflanum um lífeyrismál hefur endurskoðun lífeyriskerfis opinberra starfsmanna og samræming lífeyriskerfis landsins alls staðið yfir frá árinu 2010. Unnið hefur verið innan þess á vettvangi heildarsamtaka opinberra starfsmanna, vettvangi fjármálaráðuneytisins og á borðum allra aðila vinnumarkaðarins. Nokkrir starfshópar hafa verið að störfum við endurskoðun lífeyriskerfisins sem hafa haft ólík hlutverk.

Innan lífeyrisnefndar BSRB hafa fulltrúar nefndarinnar miðlað þessu starfi sínu á milli auk þess sem gestir hafa komið á fund nefndarinnar til upplýsa eitt og annað sem við kemur lífeyrismálum. Farið hefur verið yfir vinnu hinna ýmsu hópa sem unnið hafa að breyttu og samræmdu lífeyriskerfi, álit gefið á áfanga skýrslur er varða málið og fleira í þeim dúr.

Réttindanefnd

Réttindanefnd BSRB starfar samkvæmt stjórnarsamþykkt bandalagsins frá 8. nóvember 2012 og er starfstími hennar frá þeim tíma til 44. þings BSRB í október 2015. Fulltrúar í nefndinni eru sjö og tengiliður einn. Nefndarmenn voru á tímabilinu: Árni Stefán Jónsson SFR formaður, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Halldór Snorri Gunnarsson St.Rv., Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ, Þuríður Einarsdóttir PFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS og Snorri Magnússon LL. Starfsmaður nefndarinnar er Sonja Ýr Þorbergsdóttir en jafnframt situr Dalla Ólafsdóttir fundi réttindanefndar.

Hlutverk nefndarinnar er að taka til skoðunar erindi sem stjórn eða einstök aðildarfélög vísa til hennar og eru niðurstöður hennar ráðgefandi. Fulltrúar BSRB sem skipaðir eru í nefndir og ráð um réttindamál á vegum bandalagsins geta leitað liðsinnis réttindanefndar við vinnslu gagna og skal nefndin vera þeim til ráðgjafar sé eftir því leitað. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni.

Réttindanefnd hefur fundað 21 sinnum á tímabilinu og helstu verkefni hennar hafa verið eftirfarandi. Umfjöllun og kynningar á dómum í máli félagsmanna BSRB hefur styrkt eða sem aðildarfélagin hafa rekið alfarið og dóma sem hafa þýðingu fyrir félagsmenn BSRB. Fjórar styrkjabeiðnir vegna reksturs dómsmála bárust og þar af var samþykkt að leggja til við stjórn BSRB að veita styrk í þremur tilfellum. Nánar er fjallað um dómsmál og niðurstöðu þeirra í sérstökum kafla um dómsmálin.

Þá hefur nefndin unnið að gerð sáttmála og samræmdra aðgerða aðildarféлага. Þau eru sáttmáli aðildarféлага um undirbúning og framkvæmd kjarasamningsgerðar, drög bókun um texta um skýrari og aðgengilegri kjarasamninga og drög að samkomulagi um framkvæmd sameininga stofnana, undirbúningur um breytt ákvæði kjarasamnings varðandi hlutaveikindi, umræða um ákvæði í kjarasamningum varðandi trúnaðarlækna. Þá hafa verið settir undirhópar réttindanefndar til að vinna að réttindamál félagsmanna sem starfa hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og umfjöllun um tillögur frá VIRK vegna hlutaveikinda og komu til starfa og málefni trúnaðarmanna. Nefndin hefur einnig tekið til umfjöllunar umsagnarbeiðni til BSRB frá Alþingi um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga.

Loks hefur nefndin fjallað innsend erindi aðildarféлага þar sem óskað er eftir áliti nefndarinnar á hinum ýmsu ágreiningsefnum. Loks hefur réttindanefnd á tímabilinu veitt aðildarfélagunum tíu skrifleg álit vegna álitaefna og tekið til umfjöllunar tæplega fimmtíu innsend erindi. Álitaefnin eru fjölbreytt en algengast er að þau varði túlkun á kjarasamningi fremur en lögum. Sem dæmi má nefna álitaefni varðandi geymslu orlofs, hækkun launa vegna menntunar (gr. 10.2.2.), veikindi í orlofi hjá starfsmönnum á launadreifingu og lækkun launa vegna starfsmats.

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd var skipuð í kjölfar ákvörðunar stjórnar þar um eftir fund hennar þann 8. nóvember 2012. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir stefnu BSRB í umhverfismálum sem var samþykkt á 43. þings BSRB 10. til 12. október 2012. Nefndina skipuðu á tímabilinu: Garðar Hilmarsson St.Rv. formaður, Jóhanna Þórdórsdóttir SFR, Birna Kjartansdóttir FOSS, Þórunn Elfa Sæmundsdóttir FSS og Sigurður Hafliðason STAG. Ágúst Bogason er starfsmaður nefndarinnar.

Helstu verkefni nefndarinnar skv. skipunarbréfi eru að útfæra stefnu BSRB í umhverfismálum í starfsemi bandalagsins, fylgjast með umræðu og þróun í umhverfismálum, fá fræðslu um umhverfismál og miðla þeim áfram innan bandalagsins og fylgjast með alþjóðlegri þróun í umhverfismálum stéttarféлага.

Nefndin hefur á fundum sínum fjallað nokkuð um umhverfismál BSRB sem vinnustaðar og hvernig bæta mæti úr umhverfismálum skrifstofu BSRB og aðildarfélaga bandalagsins. Gestir frá Landvernd hafa komið í heimsókn til að kynna fyrir nefndinni störf sín og leiðir sem Landvernd er að þróa til að bæta umhverfisáhrif fyrirtækja, draga úr rusli sem frá þeim kemur og efla umhverfisvitund starfsmanna. Þá komu gestir frá Alta sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í umhverfismálum fyrirtækja, starfsumhverfi og vistvænni vinnuaðstöðu.

Alta gerði síðar að beiðni umhverfisnefndar BSRB úttekt á vinnuumhverfi starfsfólks í félagamiðstöð BSRB með tilliti til loftgæða. Úttektin náði til húsnæðis félagamiðstöðvar BSRB við Grettisgötu 89 og var unnin dagana 20. – 30. júní 2013. Spurningakönnun var lögð fyrir starfsfólk, loftgæði mæld og ástand húsnæðis metið sjónrænt.

Helstu niðurstöður úttektarinnar eru þær að vinnuumhverfið í félagamiðstöð BSRB flokkast sem „gott vinnuumhverfi“ í samanburði við viðmiðunargildi sænsks gagnagrunns. Upplifun starfsmanna af vinnuumhverfi sínu er almennt jákvæð, mjög lágt hlutfall starfsmanna finnur fyrir einkennum og/eða óþægindum sem tengjast vinnuumhverfinu. Niðurstöður mælinga á styrk koltvísýrings (CO₂) benda til þess að loftskipti séu nægileg í flestum tilvikum. Hita- og rakastig mældist mjög stöðugt og innan viðmiða um kjör hita- og rakastig.

Flestir umhverfisþættirnir falla innan viðmiðunargilda um gott vinnuumhverfi. Í heildina virðist sem að upplifun starfsmanna vegna hita, loftgæða, vinnuaðstæðna og ræstinga sé nokkuð góð.

Umhverfisstyrkir ÁTVR voru kynntir fyrir nefndinni þar sem m.a. kom fram að frá því að ÁTVR tók upp svokallaða samgöngusamninga við starfsfólk sitt hefur starfsmönnum með of háan blóðþrýsting fækkað úr 26% í 10%, veikindum fækkaði, fleiri starfsmenn fóru að hreyfa sig reglulega og aðrar heilsufarsmælingar sem gerðar voru á þátttakendum reyndust vera jákvæðar. Umhverfisnefnd BSRB hefur því lagt það til að stefna BSRB í umhverfismálum gangi út frá því að allir viðsemjendur BSRB bjóði upp á samgöngusamninga í framtíðinni.

Einnig vann umhverfisnefndin að öðrum endurbótum á umhverfisstefnu BSRB sem tekin verður fyrir og rædd á 44. þingi bandalagsins.

Vinnuhópar og nefndir á vegum stjórnvalda

BSRB skipar reglulega fulltrúa frá bandalaginu í hinar ýmsu nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga. Misjafnt er eftir hlutverki hópanna hversu lengi þeir starfa, hversu oft þeir funda og hvert markmið starfa þeirra er. Stundum eru skipaðar nefndir eða starfshópar til að móta þingsályktunartillögur eða vera stjórnvöldum ráðgefandi um tiltekin málefni. Hér á eftir verður farið störf veigamestu nefnda og starfshópa sem BSRB hefur átt fulltrúa í og hafa verið starfandi á kjörtímabilinu. Heildaryfirlit yfir fulltrúa BSRB í nefndum og ráðum á kjörtímabilinu 2012-2015 má finna á aftast í skýrslunni.

Starfsnefnd um bættu umgjörð kjarasamninga (SALEK)

Um mitt ár 2013 var sett á fót nefnd af heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda ásamt stjórnvöldum sem fékk heitið „*Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga.*“ Nefndin er skipuð forystumönnum þeirra sem að samkomulaginu standa en ríkissáttasemjari stýrir starfi nefndarinnar. Nefndin var sett á fót með það að markmiði að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Nefndin tók saman upplýsingar til undirbúnings kjarasamninga árin 2013 og 2014 og verður starf hennar endurmetið fyrir árslok 2015.

Nefndin var stofnuð í kjölfar skýrslu vinnuhóps aðila vinnumarkaðarins um vinnumarkað og skipulag kjarasamninga í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi sem kynnt var í maí 2013. Markmið úttektafyrirnefndarinnar var að leita fyrirmynda í nágrannaríkjum Íslands sem gætu nýst við að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga hér á landi þannig að þeir stuðli að stöðugu verðlagi, auknum kaupmætti launa og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Heildarsamtökin á almenna og opinbera vinnumarkaðnum hafa í starfi nefndarinnar fjallað um leiðir til að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fjallað hefur verið um mikilvægi þess að mótuð verði sameiginleg sýn allra aðila vinnumarkaðarins á svigrúm atvinnulífsins og samfélagsins til aukins kostnaðar og bættra lífskjara næstu árin.

Sæti í nefndinni eiga fulltrúar fjármála- og efnahagsráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands. Nefndin á samstarf við Hagstofu Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Seðlabanka Íslands og aðra eftir atvikum. Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB er fulltrúi bandalagsins í nefndinni.

Á vegum nefndarinnar hafa starfað tveir vinnuhópar. Annar fjallar um tölfræðiúrvinnslu launaupplýsinga og er Kristinn Bjarnason, hagfræðingur BSRB, meðal þeirra sem eiga sæti í þeim hópi. Verkefni hópsins er að taka saman gögn um þróun launa eftir samningssviðum yfir valið tímabil sem þarf að ákveða, að ákveða flokkun gagna þannig að þau nýtist sem best kjarasamningsaðilum við gerð samninga, að skýra verðlagsbreytingar og kaupmáttarþróun launa og helstu ástæður breytinga á raunlaunum/tekjum og að greina samkeppnisstöðu landsins á mælikvarða launa borið saman við helstu viðskiptalönd.

Vinnuhópur 2 fjallar um efnahagsforsendur kjarasamninga og er hlutverk hans að draga saman og leggja mat á niðurstöður úr helstu hagspám sem út eru gefnar, að meta áhrif ákvarðana og markaðrar stefnu stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, á afkomu heimila og launafólks. Auk þess að greina innlenda og erlenda efnahagsþætti sem helst valda óvissu og óstöðugleika. Fulltrúi BSRB í hópnunum er Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB.

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga hefur sent frá sér tvær skýrslur um efnahagshorfur og launaþróun, nú síðast í febrúar 2015.

Nánar er fjallað um starf SALEK hópsins á bls. 183 í kaflanum um kjarasamninga.

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi er þverpólitískur og þverfaglegur vettvangur sem ætlað er að stuðla að heildstæðri og málefnalegri umræðu um leiðir til að tryggja hagsæld Íslendinga til lengri tíma litið.

Þar eiga sæti formenn allra stjórn málaflokka sem eiga sæti á Alþingi, helstu hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda, fulltrúar háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og stjórnendur fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, á sæti í hópnum fyrir hönd bandalagsins. Ragna Árnadóttir er formaður samráðsvettvangsins og Katrín Olga Jóhannesdóttir varaformaður. Verkefnið heyrir undir forsætisráðuneytið, en er stýrt af ofangreindum aðilum.

Samráðsvettvangnum er ætlað að stuðla að heildstæðri og uppbyggilegri umræðu um leiðir til að tryggja hagsæld Íslendinga til lengri tíma litið og skapa þverpólitískan umræðuvettvang fyrir framsýna og málefnaþrífna umræðu um viðfangsefnið. Einnig að móta heildstætt óháð yfirlit yfir aðgerðir sem geta stuðlað að langtímahagvexti og efnahagslegum stöðugleika. Að auki skal fjallað um þau skilyrði og ákvarðanir sem þörf er á til að hægt sé að hrinda viðkomandi aðgerðum í framkvæmd.

Fastanefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisins

Fastanefnd aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um samskipti ríkisins og heildarsamtaka á vinnumarkaði var skipuð í kjölfar kjarasamninga í upphafi árs 2014. Hlutverk hennar er að hafa yfirsýn yfir regluleg samskipti ríkisins og aðila vinnumarkaðarins og vera vettvangur hugmynda og skoðanaskipta um sameiginleg hagsmunamál. Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB situr í nefndinni fyrir hönd bandalagsins.

Meðal helstu viðfangsefna nefndarinnar á starfstíma hennar hafa verið verðbólguþróun og verðbólguhorfur, verðlagseftirlit, vísitölur og samsetning þeirra, aðgerðir til að sporna við vísitölubreytingum, virðisaukaskattur og breytingar á vörugjöldum og tollum, endurskipulagning húsnæðiskerfisins, afnám hafta, frumvörp um opinber fjármál, starfsmenntamál, nýir staðlar við gerð þjóðhagsreikninga og samskipti og samskiptaleysi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Húsnæðishópur borgarráðs Reykjavíkurborgar

Vinnuhópurinn starfaði á ábyrgð og undir verkstjórn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar og var skipaður fulltrúum Reykjavíkurborgar og heildarsamtaka launafólks. Garðar Hilmarsson formaður St.Rv. og Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður SLFÍ voru skipaðir fulltrúar BSRB í hópnum. Forsögu að skipun vinnuhóps um ný húsnæðissamvinnufélög má rekja til samþykktar borgarstjórnar þann 2. nóvember 2010 um að vinna húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2020 ásamt aðgerðaráætlun.

Hópurinn skilaði af sér tillögum í maí 2014 sem unnar voru út frá grundvallarmarkmiði hópsins um að allir borgarbúar ættu kost á viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði. Niðurstöður vinnunnar má sjá vef Reykjavíkurborgar og bera þær heitið *Húsnæðisstefna Reykjavíkurborgar 2020*.

Verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála um mitt ár 2013 sem hafði það hlutverk að leggja fram framtíðarstefnu í húsnæðismálum. Samhliða var skipaður samvinnuhópur um framtíðarskipan húsnæðismála sem hafði það hlutverk að vera verkefnisstjórninni til ráðgjafar.

BSRB tilnefndi Kristján Jóhannsson sem fulltrúa í samvinnuhóp um framtíðarskipan húsnæðismála um mitt ár 2013. Samvinnuhópurinn skilaði sameiginlegum tillögum sínum til verkefnisstjórnarinnar hvað varðaði m.a. uppbyggingu á virkum leigumarkaði, virk félagsleg úrræði í húsnæðismálum, fjármögnun almennra húsnæðislána og hlutverk stjórnvalda við veitingu almannatryggingar á húsnæðislánamarkaði. Tillögur samvinnuhópsins og verkefnisstjórnarinnar má finna á vef velferðarráðuneytisins.

Endurskoðun almannatrygginga

Velferðarráðherra skipaði starfshóp um endurskoðun almannatryggingalaga hinn 4. apríl 2011. Formaður starfshópsins var Árni Gunnarsson. Þá skipaði félags- og húsnæðismálaráðherra nefnd um endurskoðun almannatryggingalaga, þ.e. heildarendurskoðun laga um almannatryggingar, nr. 100/2007 og laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, í nóvember 2013.

Markmið hópsins var að klára nauðsynlega vinnu sem hófst á árinu 2007 til að unnt verði að ljúka því starfi og gera drög að frumvarpi til nýrra laga um lífeyristryggingar almannatrygginga. Stefnt var að því að vinnu nefndarinnar lyki eigi síðar en 31. maí 2014 og að þá liggi fyrir drög að frumvarpi um ný lög um lífeyrisréttindi almannatrygginga.

Verkefni nefndarinnar var í meginráttum tvíþætt. Annars vegar átti nefndin að fjalla um starfsgetumat sem komi í stað gildandi örorkumats og sveigjanleg starfslok, hins vegar um fjárhæð lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja þar sem byggt verði að miklu leyti á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin í tengslum við heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins.

Alls voru 20 einstaklingar skipaðir í vinnuhópinn og komu þeir frá öllum stjórnmalaflokkum sem áttu fulltrúa á þingi og ýmsum hagamunaaðilum. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, var fulltrúi BSRB í starfi hópsins sem stóð yfir fram á haustið 2015. Pétur Blöndal leiddi í upphafi vinnu hópsins en Þorsteinn Sæmundsson tók við starfi hans í veikindum Péturs. Þorsteinn tók svo alfarið yfir formennsku í starfshópnum við andlát Péturs í júní 2015.

Starfi nefndarinnar er að mestu lokið og er nú verið að leggja lokahönd á skýrslu til ráðherra þar sem m.a. mun koma fram að farsælast væri að taka upp mat á starfsgetu í áföngum. Einnig er fjallað um endurskoðun á tekjutengingu greiðslna úr lífeyrissjóðum og greiðslum frá TR auk þess sem lagt er til að sveigjanleiki við starfshlutfall og starfslokaaldur verði aukinn.

Nefnd um málefnalegar skýribreytur

Nefnd um málaefnalegar forsendur við mat á launamun kynjanna og fleira er varðar kynbundinn launamun hjá ríkinu var skipuð í upphafi árs 2012. Helga Jónsdóttir og Guðrún Halldóra Sveinsdóttir voru fulltrúar BSRB í nefndinni sem hefur fjórþætt hlutverk:

1. Að fara yfir skráningu upplýsinga í launakerfi ríkisins og skilgreina hvaða skýribreytur teljast málefnalegar varðandi launamun kynjanna.

2. Að skoða formgerð og uppbyggingu kjarasamninga með það fyrir augum að meta að hve miklu leyti megi rekja kynbundinn launamun til kerfislægra þátta.

3. Nefndinni er ætlað að útbúa leiðbeiningar fyrir forstöðumenn um hvernig beri að bregðast við, leiði launagreiningar í ljós kynbundinn launamun.

4. Nefndin á að vera velferðarráðuneytinu til ráðgjafar við gerð áætlunar um kynningu á jafnlaunastaðli.

Nefndin skila af sér lokaskýrslu í upphafi ársins 2014 sem nálgast má á vef fjármálaráðuneytisins. Var þar m.a. lagt til að eftirfarandi skýribreytur verði notaðar í launarannsóknunum Hagstofunnar: atvinnugreinaflokkun, ÍSTARF, starfshlutfall, vinnutími, menntun, aldur/starfsaldur. Áhersla verði lögð á að lokið verði nauðsynlegri skráningu í upplýsinga og mannauðskerfi ríkisins og að reglulega verði gerð úttekt á skráningu, stöðu og gæðum á upplýsingum í launakerfi ríkisins. Stefnt verði að árlegum launagreiningum hjá stofnunum ríkisins.

Ríkið ásamt aðilum vinnumarkaðarins standi fyrir sérstöku tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals. Það gefur tækifæri til að skilgreina umfang verkefnisins og áskoranir er upp kunna að koma ásamt því að sníða af þá vankanta sem gætu verið á innleiðingu staðalsins. Nefndin hvatti jafnframt til þess að farið verði að dæmi nágrannaþjóða okkar og í framtíðinni skoðað með reglubundnum hætti áhrif kjarasamninga og launakerfa þeirra á launamun kynjanna.

Til að fylgjast með árangri af innleiðingu jafnlaunastaðalsins var einnig lagt til að gerð verði úttekt á óleiðréttum launamun kynjanna hjá stofnunum ríkisins í upphafi tilraunaverkefnis og síðan árlega. Nefndin lagði til að úttekt verði gerð hjá ríkinu í heild sem og einstökum stofnunum en við það gefst innsýn í áhrif innleiðingar jafnlaunastaðalsins hjá ríkinu.

Verðlagnefnd búvara

Lengi vel hefur BSRB ásamt ASÍ tilnefnd fulltrúa úr sínum samtökum í verðlagsnefnd búvara til að gæta hagsmuna neytenda. Eftir að verðlagning á mjólkurvörum, störf verðlagsnefndar og starfshættir MS komust í hárnæli á árinu 2014 fóru fulltrúar BSRB og ASÍ fram á óháða úttekt á störfum nefndarinnar og var ekki fundað í verðlagsnefnd á meðan sú úttekt fór fram. Tvær skýrslur sem fjölluðu m.a. um störf verðlagsnefndar voru gerðar, önnur af Hagfræðistofnun og hin af Ríkisendurskoðun. Niðurstaða þeirra beggja var á þann veg að verðlagsnefnd hafði sinnt starfi sínu vel og hefðu hagsmunir neytenda fengið þar ríkan hljóm.

Þrátt fyrir þá niðurstöðu ákváðu stjórn BSRB og miðstjórn ASÍ að tilnefna ekki fulltrúa í verðlagsnefnd búvara á ný og sagði m.a. í sameiginlegri yfirlýsingu frá samtökunum tveimur að: „Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur skýrt fram að starf verðlagsnefndar búvara hefur verið farsælt og til hagsbóta fyrir bæði neytendur og bændur. Niðurstaða nýrrar skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er á sama veg. Ljóst er að óhjákvæmilegt er að endurskoða allt skipulag mjólkurframleiðslunnar, þ.m.t. verðlagninguna. Markaðurinn hefur undanfarið kallað eftir meiri mjólkurframleiðslu en rúmast innan núverandi mjólkurkvóta og ekki er hægt að verða við þeirri framleiðsluaukningu á meðan núgildandi kerfi er við líði. Aðalfundur Landssambands kúabænda í mars á þessu ári samþykkti ályktanir þess efnis að opinberri verðlagningu á mjólkurafurðum verði hætt. Jafnframt vilja kúabændur hverfa frá núverandi kvótakerfi í mjólkuriðnaði og koma málum þannig fyrir að búvörulög tryggji jafnt aðgengi bænda að markaði.

Í ljósi þessara breyttu viðhorfa og breyttra aðstæðna hafa samtökin ákveðið að tilnefna ekki fulltrúa að nýju til setu í verðlagsnefnd búvara. Samtökin munu þess vegna ekki tilnefna fulltrúa á sínum vegum í verðlagsnefnd búvara í framtíðinni.“

Frá og með vorinu 2015 hafa BSRB og ASÍ því ekki lengur aðkomu að verðlagsnefnd búvara.

Stýrihópur um velferðarvakt

Velferðarvaktin var stofnuð að frumkvæði stjórnvalda snemma árs 2009 til að fylgjast með afleiðingum efnahagshrunsins á heimilin í landinu. Hún er óháður greiningar- og álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka og fylgir þeim eftir. Að velferðarvaktinni standa samtök, aðilar vinnumarkaðarins, ráðuneyti, ríkisstofnanir og sveitarfélögin. Garðar Hilmarsson er aðalfulltrúi BSRB innan velferðarvaktarinnar.

Ný velferðarvakt var skipuð árið 2014 af félags- og húsnæðismálaráðherra og var Garðar Hilmarsson áfram fulltrúi BSRB. Í skipunarbréfi segir um hlutverk velferðarvaktarinnar að henni sé ætlað að „fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Velferðarvaktin skal huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni. Velferðarvaktin er ráðgefandi fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra sem og stjórnvöld. Gert er ráð fyrir að vaktin afhendi ráðherra stöðuskýrslur með reglubundnum hætti sem fjalli eftir atvikum um afmörkuð viðfangsefni og leggi fram tillögur til úrbóta sem stjórnvöld taki afstöðu til hverju sinni. Velferðarvaktin skal fylgjast með framvindu tillagnanna.“

Velferðarvaktin hefur á starfstíma sínum skilað af sér nokkrum tillögum til úrbóta og skýrslum og eru þær allar aðgengilegar á vef velferðarvaktarinnar á veg félagsmálaráðuneytisins.

Stýrihópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar

Reykjavíkurborg ákvað að setja á fót tilraunaverkefni 1. mars 2015 um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar. Skipaður var fjögurra manna stýrihópur sem ber ábyrgð á verkefninu gagnvart Borgarstjóra og í honum eru fulltrúar Reykjavíkurborgar, auk fulltrúa BSRB sem er Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB. Með stýrihópnum starfa starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Tilraunaverkefnið nær til tveggja starfsstöðva Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og Barnaverndar Reykjavíkur, og verður vinnudagur stytstur án launaskerðingar á þessum starfsstöðum með misjöfnum hætti. Annars vegar styttest daglegur vinnutími starfsfólks hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts um klukkustund á hverjum degi og hins vegar er skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur lokað á hádegi á föstudögum. Markmið verkefnisins er að kanna áhrif styttingu vinnuvikunnar á vellíðan og starfsanda starfsmanna og þjónustu starfsstaðanna. Fylgst verður með yfirvinnutímum, og veikindum, hreyfingum á málaskrá og upplifunum samstarfsaðila, fyrir, eftir og meðan á verkefninu stendur eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi í allt að ár.

Nefndir um málefni lífeyrissjóða

Skipaðir hafa verið nokkrir starfshópar til að vinna að lausn á vanda lífeyrissjóða opinberra starfsmanna og hugsanlegri samræmingu lífeyrisréttinda.

Hóparnir sem skipaðir hafa verið í kjölfarið vegna viðræðna fjármála- og efnahagsráðherra og heildarsamtaka launafólks á opinberum vinnumarkaði um málefni LSR og LSS eru fjórir. Sumir þeirra hafa lokið störfum og aðrir eru langt komnir. Afstaða heildarsamtaka opinberra starfsmanna til

málefna lífeyrissjóðanna og mögulegri breytingu á lífeyriskerfinu er sú að ekki verði hægt að klára eitt afmarkað mál nema lausn á öllum hinum liggi fyrir. BSRB hefur lagt á það höfuð áherslu að sem mest sátt verði að vera um alla anga málsins og að heildarlausn liggi fyrir áður en gripið verði til afmarkaðra aðgerða.

Fyrsti hópurinn hefur það hlutverk að skoða B-deild sérstaklega. Hópurinn gerir ekki ráð fyrir breytingum á B-deild LSR þótt samið verði um breytt framtíðarkerfi, enda hefur deildin verið lokað frá árinu 1997. Hún telur brýnt að gerð verði áætlun um það með hvaða hætti skuldbindingum ríkisins vegna B-deildar verði mætt. Sá hópur hefur lokið störfum.

Annar hópurinn hefur það hlutverk að útfæra hvernig nýtt lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn verður tekið upp hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna. Hópurinn skal setja fram tillögur um hvernig sú aðlögun á sér stað. Líkt og við breytingu lífeyriskerfisins árið 1997 þarf að tryggja að réttindi sjóðfélaga verði sambærileg, hvort sem þeir tilheyra gamla eða nýja kerfinu.

Þriðji hópurinn fer helst með það hlutverk að útbúa verklýsingu fyrir Hagstofuna eða annan óvilhallan aðila sem fenginn verður til að annast launasamanburðinn og setja fram tillögur um hvernig launaleiðréttingin á sér stað í nútíð og framtíð samkvæmt breyttu lífeyriskerfi. Aðilar hópsins eru sammála um að ef lífeyriskjör í nýju kerfi verði verðminni en áður þurfi að mæta slíkum mun í launum. Jöfnun lífeyrisréttinda kallar líka á að laun opinberra starfsmanna verði jöfnuð á við laun á almennum vinnumarkaði. Margar starfsstéttir eru nánast eingöngu í þjónustu hins opinbera og því þarf að meta hvaða forsendur eigi að liggja til grundvallar við launasamanburð milli markaða.

Fjórða hópnun er ætlað að annast útfærslu á nýju kerfi og þar með meta hvaða breytingar þurfi að gera á umgjörð og lögum sem nú gilda um LSR. Hópurinn á að taka mið af niðurstöðum hópa tvö og þrjú.

Eins og áður sagði hafa sumir starfshópanna lokið störfum sínum en ekkert liggur samt enn fyrir varðandi endanlega samræmingu lífeyrisréttinda og hvernig slíkt skuli útfært. Náð samráð hefur verið haft við önnur heildarsamtök opinberra starfsmanna, KÍ og BHM, varðandi þetta mál þar sem áhersla hefur verið lögð á að engar breytingar gangi í gegn nema allir þættir málsins liggi ljósir fyrir. Nánar er fjallað um störf þessara hópa í kaflanum sem fjallar sérstaklega um lífeyrismál.

Samhæfingarnefnd fyrir siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýslu

Í júní 2010 var gerð breyting á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og fleiri lögum með það að markmiði að lögfesta umgjörð um siðareglur og samhæfa störf þeirra þeirra aðila innan stjórnsýslunnar sem vinna að bættum vinnubrögðum hennar. Lögin kváðu jafnframt á um að sett yrði á stofn samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna og hefur hún haft veg og vanda að undirbúningi og innleiðingu siðareglna fyrir ráðherra og starfsfólk Stjórnarráðsins og nú síðast fyrir aðra starfsmenn ríkisins. Sonja Ýr Þorbergsdóttir var skipuð sem fulltrúi BSRB í nefndina.

Almennar siðareglur starfsmanna ríkisins voru staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra 22. apríl 2013 og í inngangi segir að þær séu settar í því skyni að efla fagleg vinnubrögð og auka traust á stjórnsýslunni. Siðareglurnar eiga að endurspegla tiltekin grunngildi í störfum hjá ríkinu eins og heilindi, óhlutdrægni og skilvirkni. Eins og gefur að skilja er það ekki einfalt verkefni að setja starfsmönnum ríkisins siðareglur þar sem þeir sinna mjög fjölbreyttum og ólíkum störfum. Niðurstaða samhæfingarnefndarinnar varð því sú að hinar almennu siðareglur ríkisstarfsmanna yrðu hugsaðar sem rammi en gert væri ráð fyrir því að fagstéttir og starfsmenn einstakra stofnana myndu eftir sem áður setja sér eigin siðareglur.

Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnslu var lögð niður samkvæmt frumvarpi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um Stjórnarráð Íslands. Í staðinn fyrir nefndina stendur til að forsætisráðuneytið sjálft gefi stjórnvöldum ráð um túlkun siðareglna þegar eftir því er leitað.

Í siðanefndinni áttu sæti sjö einstaklingar og var hún skipuð til þriggja ára í senn. Forsætisráðherra hafði ekki skipað nefndina að nýju eftir að síðasta skipun rann út haustið 2013. Í desember 2014 hvatti hvatti Ríkisendurskoðun til þess að ráðuneytið skipaði nýja nefnd í samræmi við ákvæði laga. Það varð ekki heldur var hún lögð niður skv. nýju frumvarpi um Stjórnarráð Íslands.

Nefnd um endurskoðun reglna um einelti á vinnustöðum

Nefndin var skipuð í september 2011 á vegum velferðarráðuneytisins er skipuð fulltrúum aðilum vinnumarkaðarins, Jafnréttisstofu og Vinnueftirlits ríkisins. Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur var fulltrúi bandalagsins í nefndinni. Hlutverk hennar er að endurskoða reglur í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustað, þar á meðal kynferðislega áreitni. Jafnframt skal nefndin meðal annars fjalla um þau álitaefni sem upp hafa komið í tengslum við einelti á vinnustöðum, þar á meðal samspil laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem og um efni rammasamnings aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustöðum.

Nefndin starfaði frá september 2011 til fyrri hluta árs 2014 með þó nokkrum hléum á störfum hennar um lengri eða skemmri tíma. Nefndin lagði áherslu á endurskoðun reglugerðar nr. 1000/2004, um aðgerðir gegn einelti á vinnustað og lagði fram drög að nýrri reglugerð sem var sett í opið umsagnarferli í apríl 2013. Félags- og húsnæðismálaráðherra lagði fram frumvarp til breytinga á lögum að því markmiði að ráðherra hefði heimild til að setja umrædda reglugerð nefndarinnar, m.ö.o. að reglugerðin hefði lagastoð í desember 2014 sem varð að lögum í júní 2015. Reglugerðin hefur enn ekki verið birt.

Samráðsnefnd um veikindarétt

Samráðsnefnd um veikindarétt var sett á fót í október 2000 sem er skipuð fulltrúum BSRB, BHM, KÍ, fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um túlkun og útfærslu einstakra ákvæða um veikindarétt samkvæmt samkomulagi áður nefndra aðila. Nefndin kemur eingöngu saman þegar ágreiningsefni eru lögð fyrir hana. Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur er fulltrúi bandalagsins í nefndinni. Eitt mál verið lagt fyrir nefndina frá síðasta þingi BSRB að beiðni Sjúkraliðafélags Íslands.

Málið varðar ágreiningu um greiðslu lausnarlauna skv. gr. 12.5.1. í kjarasamningi aðila. Þar segir að þegar starfsmaður er leystur frá störfum að uppfylltum skilyrðum kjarasamnings um langvinn veikindi skuli hann halda föstum launum skv. gr. 12.2.6 í þrjá mánuði. Síðarnefnda grein kjarasamningsins segir að í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla skuli greiðast auk mánaðarlauna fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vakta- gæsluvakta, óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem hefur staðið í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi.

Atvinnurekandi túlkaði ákvæðið svo að sér bæri eingöngu skylda til að greiða félagsmanninum grunnlaun enda hefði viðkomandi ekki verið við störf í ár og því ekki hægt að miða við yfirvinnu og vaktaálag skv. fyrirfram ákveðnum vinnutíma. hafnaði þeim skilningi alfarið og krafðist þess að

félagsmaðurinn fengi greitt fyrir fastar greiðslur sem fylgja vaktavinnu. Samráðsnefnd um veikindarétt var sammála túlkun Sjúkraliðafélagsins og lagði til að tekið yrði meðaltal af vöktum félagsmannsins þegar hann var við störf við útreikning á launum vegna lausnar frá störfum.

Nefnd um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála á Íslandi

Þann 5. september 2014 skipaði félags- og húsnæðismálaráðherra nefnd um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála. Megintilgangur stefnumótunarinnar er að stuðla að velferð þeirra sem eru þátttakendur á vinnumarkaði sem og að tryggja virka atvinnuþátttöku sem flestra í því skyni að auka samkeppnishæfni Íslands. Var jafnframt hlutverk nefndarinnar að kanna þörf fyrir sértækar vinnumarkaðsaðgerðir til að skapa störf í samræmi við menntun og skoðaðir möguleikar á aðgerðum til að laða sérhæft vinnuafli til starfa á innlendum vinnumarkaði. Í nefndinni sátu fulltrúar frá nokkrum ráðuneytum og fjölmörgum hagsmunasamtökum. Fulltrúi BSRB í nefndinni var Árni Stefán Jónsson.

Nefndin skilaði í júní 2015 tillögu að vinnumarkaðsstefnu stjórnvalda fyrir tímabilið 2015– 2020 en lagt er til að stefnan verði endurskoðuð og uppfærð í lok árs 2018. Var tillagan meðal annars unnin með jafnrétti á vinnumarkaði að leiðarljósi, þar með talið jafnrétti kynjanna, auk þess sem lögð var áhersla á jöfn tækifæri ólíkra einstaklinga til atvinnuþátttöku óháð búsetu. Þá var jafnframt tekið mið af stefnum, áætlunum, tillögum að stefnum sem og markmiðum á málefnaviðunum sem tengjast beint eða óbeint vinnumarkaðnum.

Stefna þessi lýtur ekki sérstaklega að vinnuvernd á innlendum vinnumarkaði þar sem félags- og húsnæðismálaráðherra hefur ákveðið að setja sérstaka stefnu á sviði vinnuverndar á Íslandi. Verður áhersla lögð á vellíðan fólks í starfi þar sem öryggi og góður aðbúnaður er í fyrirrúmi sem og forvarnir á vinnustöðum, meðal annars á sviði sálfélagslegra áhættuþátta í vinnuumhverfi, svo sem streitu og ofbeldi. Markmiðið er einnig að fækka vinnuslysum og koma í veg atvinnusjúkdóma. Stefnan verður unnin í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins.

Starfshópur um aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks

Ríkisstjórn Íslands ákvað í mars 2012 að gera aðgerðaráætlun í málefnum ungs fólks á aldrinum 18-35 ára, Markmiðið var að setja fram skýra framtíðarsýn um tækifæri fyrir ungt fólk í samfélaginu þar sem byggt er á jafnrétti og jöfnum tækifærum.

Aðgerðaáætlunin átti að taka mið af samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að „kappkosta að byggja upp á Íslandi opið og skapandi umhverfi sem stenst samanburð við það sem best gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu, bæði að því er varðar efnahag og lífsgæði.“ Auk þess taki hún mið af stefnumörkun forsætisráðuneytis Ísland 2020. Ágúst Bogason var skipaður fulltrúi BSRB í hópnum sem fundaði nokkrum sinnum sem heild og í sérstökum undirhópum.

Hópurinn átti að skila þingsályktunartillögu fyrir þinglok vorið 2013 en það markmið náðist ekki. Eftir kosningar 2013 vildi nýr menntamálaráðherra ekki halda störfum hópsins áfram og var hann því lagður niður.

Vinnuhópur um samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs

Vinnuhópur um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs var skipaður af velferðarráðherra í samstarfi við Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu sem hóf störf haustið 2012. Í vinnuhópnum sátu fulltrúar frá

Alþýðusambandi Ísland, Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Kvenréttindafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Femínistafélagi Íslands. Fulltrúar BSRB voru Gunnar Örn Gunnarsson og Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

Hlutverk vinnuhópsins var meðal annars að framkvæma verkefni nr. 16 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem samþykkt var vorið 2011. Auk þess átti vinnuhópurinn að annast fræðslu til atvinnurekenda og virkra þátttakenda á vinnumarkaði um leiðir til að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þá skyldi vinnuhópurinn fylgja eftir og vinna úr tillögum nefndar um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem kynntar voru í júní 2011, ásamt því að kanna hagkvæmni þess að stytta vinnuvikuna í 36 klukkustundir.

Einnig var vinnuhópnum falið að standa að og undirbúa ráðstefnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins þar sem áhersla yrði meðal annars lögð á að fá fræðimenn til að flytja erindi og „fyrirmyndarfyrirtæki“ til að kynna hvernig þau koma til móts við starfsfólk sitt varðandi fjölskyldulíf. Fljótlega var ákveðið af hálfu hópsins að könnun hagkvæmni styttingu vinnuvikunnar væri of umfangsmikið og var því lagt til við ráðherra að skipaður yrði sérstakur starfshópur þar um.

Vinnuhópurinn starfaði frá september 2012 til apríl 2013 og hélt á þeim tíma 20 fundi, einn starfsdag og tvær ráðstefnur. Hann veitti jafnframt meistaranemanum Ragnheiði Eyjólfsdóttur meistaranema í OBTM, *Organizational Behaviour and Talent Management* (stjórnun og efling mannauðs), við Háskólann í Reykjavík styrk til að rannsaka hvernig þátttakendum á vinnumarkaði fannst þeim takast að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Grunnurinn að starfi vinnuhópsins var *Hið gullna jafnvægi*, sem var samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Gallup á árunum 2000 - 2001. Þannig lét vinnuhópurinn útbúa tvo fræðslubæklinga annars vegar fyrir stjórnendur um hvernig megi stuðla að fjölskylduvænum vinnustað og hins vegar fyrir launafólk þar sem bent er á leiðir til að ná betra jafnvægi í fjölskyldu- og atvinnulífi. Hópurinn stofnaði einnig heimasíðuna <http://www.hidgullnajafnvaeqi.is/> þar sem finna má áður nefnda fræðslubæklinga og annað efni um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Samráðshópur um mótun fjölskyldustefnu

Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí 2013 skipaði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, verkefnisstjórn sem falið var að móta stefnu og aðgerðaáætlun í málefnum barna og barnafjölskyldna til ársins 2020. Gunnar Örn Gunnarsson var skipaður af BSRB sem fulltrú bandalagsins í samráðshóp fulltrúa frá rúmlega 30 samtökum og stofnunum vegna fjölskyldustefnunnar.

Samráðshópur hefur verið verkefnisstjórn til fulltingis og átt að tryggja breiða aðkomu og samráð hagsmunaaðila að verkefninu sem átti að taka tillit til mismunandi fjölskyldugerða við mótun stefnunnar, sem á að leggja áhersla á barnafjölskyldur. Jafnframt að tryggja félagslegan jöfnuð, að allar fjölskyldur njóti sama réttar og sé ekki mismunandi. Leita átti leiða til að tryggja efnahagslegt öryggi fjölskyldunnar og öryggi í húsnæðismálum en einnig tryggja jafnvægi á milli fjölskyldu- og atvinnulífs og að jafna ábyrgð foreldra á heimilishaldi og uppeldi barna.

Þingsályktunartillaga um fjölskyldustefnu var afhent félags- og húsnæðismálaráðherra í febrúar 2015 og er hún aðgengileg á vef félagsmálaráðuneytisins.

Aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, hefur átt sæti í aðgerðarhópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti á vegum velferðarráðuneytisins sem var skipaður í desember 2012 til tveggja ára. Hópurinn var svo endurskipaður til tveggja ára í desember 2014 og var Sonja Ýr aftur tilnefnd sem fulltrúi BSRB. Varafulltrúar BSRB í hópnum eru Gunnar Örn Gunnarsson vegna fyrri skipunartíma hópsins en Kristinn Bjarnason þann síðari. Starf hans hefur nú verið framlengt til desember 2016.

Markmið aðgerðahópsins er að eyða kynbundnum launamun og vinna gegn kynjaskiptingu starfa á íslenskum vinnumarkaði. Í samræmi við markmið hans fól ráðherra hópnum eftirfarandi verkefni. Að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun, gerð kynningarefnis um aðgerðir til að draga úr kynbundnum launamun, kynningarátak og og ráðgjöf í stofnunum og fyrirtækjum um aðgerðir gegn kynbundnum launamun, standa fyrir sérstakri ráðstefnu um launajafnrétti, umsjón með tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðalsins, umsjón með gerð framkvæmdaáætlunar á grundvelli greinargerðar vinnuhóps um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og umsjón með gerð framkvæmdaáætlunar um leiðir til að brjóta upp kynbundið náms- og starfsval.

Hópurinn hefur sinnt fjölbreyttum verkefnum á starfstímanum og hafa m.a. verið framkvæmdar tvær rannsóknir. Annars vegar rannsóknarskýrsla í samstarfi við Eddu öndvegissetur um stöðu karla og kvenna á íslenska vinnumarkaðnum og hins vegar rannsókn á kynbundnum launamun á almenna og opinbera vinnumarkaðnum í samstarfi við Hagstofu Íslands. Nálágast má frekari upplýsingar um rannsóknirnar á vefslóðinni <http://www.bsrb.is/um-bsrb/frettir/frett/2015/05/20/Af-morgunverdarfundi-um-kyn-starfsframa-og-laun/>.

BSRB hefur sem þátttakandi í vinnu hópsins tekið þátt í kostnaði vegna rannsókna. Þá hefur hópurinn staðið að opnum umræðufundum, ráðstefnu, unnið að innleiðingu á jafnlaunastaðli og komið að þróun námskeiðs um vottun jafnlaunastaðla, efnt til hönnunarsamkeppni um jafnlaunamerki og skilað af sér áfangaskýrslu en hópurinn starfar eftir tímasettri starfsáætlun. Næstu verkefni hópsins varða uppbrot hins kynskipta vinnumarkaðar, kynbundins náms- og starfsvals og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Nánari upplýsingar um störf hópsins má finna á slóðinni www.velferdarraduneyti.is/vefir/launajafnretti/.

Nefnd um innleiðingu Evróputilskipana um bann við mismunun

Velferðarráðuneytið endurvakti árið 2012 vinnu um innleiðingu Evróputilskipana um bann við mismunun. Tilskipanirnar eru tvær, annars vegar tilskipun 2000/43/EB, um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða etnis (*Council Directive implementing the principle of equal treatment between persons irrespective of racial or ethnic origin*), og hins vegar tilskipun 2000/78/EB, um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi (*Council Directive establishing a general framework for equal treatment in employment and occupation*).

Síðari tilskipunin tekur til jafnrar meðferðar einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund, svo sem um aðgang að störfum, sjálfstæða atvinnustarfsemi eða starfsgreinar, þar með talið ráðningar, framgang í starfi, starfsráðgjöf, starfsmenntun og starfsþjálfun, ákvarðanir í tengslum við laun og önnur starfskjör, uppsagnir og þátttöku í samtökum launafólks eða atvinnurekenda, þar með talið þeirra hlunninda sem þau veita félagsmönnum.

Sett var á fót nefnd aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytisins sem vann að gerð frumvarpa í tengslum við innleiðinguna frá apríl 2012 til ársbyrjunar 2013 og var afraksturinn drög að frumvörpum um jafna meðferð á vinnumarkaði, um breytingar á jafnréttislögum og frumvarp til laga um stjórnarsýslu á sviði jafnréttismála. Lítið gerðist í tengslum við starfið það sem eftir var árið 2013. Í ársbyrjun 2014 voru frumvörpin sett í opið umsagnarferli á heimasíðu velferðarráðuneytisins. En frumvarpið um stjórnarsýslu á sviði jafnréttismála hafði tekið miklum breytingum frá því nefndin lauk störfum sem leiddi af nýjum áherslum nýrrar ríkisstjórnar.

Frumvarpið um jafna meðferð á vinnumarkaði var hins vegar nánast óbreytt fyrir utan nauðsynlegar breytingar til samræmis við breytingar á frumvarpi til laga um stjórnarsýslu. Að lokinni úrvinnslu innsendra umsagna og endurskoðunar frumvarpanna í kjölfarið hefur svo staðið til að leggja frumvörpin fram eða á síðasta löggjafarþingi. Það hefur hins vegar ekki enn verið gert þegar þetta er ritað og því hafa engin ákvæði í almennri löggjöf um jafna meðferð á vinnumarkaði. Frumvörpin má nálgast á vefslóðinni <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34479>.

Samráðsnefnd um málefni Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO)

Velferðarráðuneytið fer með alþjóðlegt samstarf á sviði vinnuálagstofnunarinnar (ILO - *International Labour Organization*). Stofnunin er ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna og hóf starfsemi árið 1919. Ísland gerðist aðili árið 1945. Hin íslenska samráðsnefnd velferðarráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar heldur árlega um fimm til sex fundi. Skipunartími samstarfsnefndarinnar er ótímabundin en áheyrnarfulltrúi BSRB er Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Kristinn Bjarnason til vara.

Nefndin hefur m.a. það hlutverk að koma að undirbúningi skýrslna til Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í Genf um framkvæmd á samþykktum sem Ísland hefur fullgilt. Ísland hefur fullgilt 22 samþykktir sem er í færra lagi í samanburði við t.d. önnur norræn lönd. Jafnframt fjallar nefndin um hugsanlegar samþykktir annarra samþykka ILO og gerð minnisblaða til ráðherra þar um.

Þá hefur nefndin einnig það hlutverk að svara frekari spurningum sem kunna að berast frá ILO um ákveðna málaflokka, framkvæmd samþykka eða innleiðingu þeirra og vinna að drögum svara vegna athugasemda sem sérfræðinganefnd ILO kunna að gera við framkvæmd á fullgiltum samþykktum. Jafnframt vinnur nefndin að undirbúningi árlegs þings stofnunarinnar sem haldið er í Genf en að jafnaði taka þrjú fulltrúar Íslands þátt, fulltrúar stjórnvalda, launafólks og atvinnurekanda.

Árið 2014 hitti nefndin svo sendinefnd frá stjórnvöldum Kólumbíu vegna draga að fríverslunarsamningi þeirra við Ísland. Ástæða fundarins var viðræður um gerð fríverslunarsamningsins sem hafði verið gagnrýnd af samtökum aðila vinnumarkaðarins m.a. vegna framkvæmda Kólumbíu á samþykktum ILO en málefni landsins eru reglulega til umfjöllunar á Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

Norrænn samráðshópur um málefni Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO)

Fulltrúar launafólks á Norðurlöndum eru í samstarfi vegna málefna Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar ILO. Hópurinn fundar að jafnaði þrisvar sinnum á ári í einu af löndunum fimm. Hópurinn fjallar um framkvæmd samþykka í sínum löndum, samstarf launafólks á Evrópu- og alþjóðlega vísu í tengslum við ILO mál og undirbýr, samræmir afstöðu sína fyrir árlegt þing ILO og hefur almennt samráð um málefni ILO sem varða launafólk. Fulltrúi BSRB í hópnum er Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

Tækninefnd um jafnlaunakerfi

Vinna við gerð svonefnds jafnlaunastaðals hófst árið 2008 byggt á ákvæði til bráðabirgða í jafnréttislögum. Staðlaráð Íslands hafði umsjón með gerð staðalsins um framkvæmd stefnu um launajafnrétti sem undirstaða vottunar. Ferli vinnunnar við gerð staðalsins laut reglum sem gilda um staðlaráð í Evrópu en Staðlaráð er bundið af því.

Allir sem höfðu áhuga var boðið að taka þátt í vinnu staðalsins sem mynduðu svonefnda tækninefnd sem stýrði vinnunni og hafði að markmiði að ná samkomulagi um alla þætti staðalsins en þar voru ráðandi fulltrúar velferðarráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtök eða stofnanir sem starfa í þágu jafnréttismála. Fulltrúi BSRB í tækninefndinni var Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

Jafnlaunastaðallinn er svokallaður kröfustaðall og er þar af leiðandi vottunarhæfur. Markmið jafnlaunastaðalsins er að tryggja að fyrirtæki og stofnanir geti komið sér upp ferlum sem tryggja að málsmeðferð og ákvarðanatáka í launamálum feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Fyrirtæki og stofnanir geta síðan leitað eftir vottun til þess bærra aðila um að þau uppfylli kröfur staðalsins. Við uppbyggingu staðalsins er stuðst við svipað form og notað er í viðurkenndum stjórnunarstöðlum, til dæmis gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 og umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001. Valfrjálst verður fyrir fyrirtæki og stofnanir að innleiða staðalinn, en til að hljóta vottun samkvæmt honum þarf að fylgja formlegu ferli.

Frumvarp að staðli var auglýst 19. júní 2012. Þá var öllum sem áhuga kunnu að hafa boðið að senda inn skriflegar athugasemdir við staðalinn og var frestur til þess gefinn til 20. september 2012. Það var síðan hlutverk tækninefndarinnar að taka afstöðu til allra athugasemda og gera grein fyrir þeim samhliða útgáfu endanlegs staðals í desember 2012.

Eftirfylgni með staðlinum, innleiðingu, gerð námskeiðs fyrir vottunaraðila og þá sem hyggjast innleiða hann, tilraunaverkefni sem fjármálaráðuneytið stýrði er svo hluti af verkefnum aðgerðarhóps um launajafnrétti.

Nefnd samkvæmt 27. gr. starfsmannalaga

Sérstök nefnd sérfróðra manna um stjórnarsýslu hefur það hlutverk að fjalla um mál embættismanna sem vikið er frá störfum um stundarsakir. Nefndin starfar samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalaga). Nefndin skal láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir.

Meginreglan er sú að embættismanni verður ekki vikið frá að fullu nema því aðeins að honum hafi fyrst verið veitt lausn um stundarsakir og mál hans verið afgreitt hjá nefndinni. Í sumum tilfellum er samhliða meðferð máls viðkomandi embættismanns fyrir dómi þar sem hann hefur verið ákærður fyrir brot á lögum.

Í nefndinni eiga sæti þrjú menn sem eru sérfróðir um stjórnarsýslu. Formaður nefndarinnar er skipaður til fjögurra ára en aðrir nefndarmenn taka sæti í nefndinni í hvert sinn og skal annar þeirra tilnefndur af þeim ráðherra sem í hlut á en hinn af samtökum ríkisstarfsmanna sameiginlega. Frá október 2012 hafa komið upp sjö mál sem varða félagsmenn BSRB og hefur Sonja Ýr Þorbergsdóttir verið tilnefnd í þeim málum af hálfu bandalagsins. Álit nefndarinnar má nálgast á vef fjármálaráðuneytisins:

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/rikisstarfsmenn/rettarheimildir/nefnd/>.

Starfshópur um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum

Í árslok 2014 skipaði félags- og húsnæðismálaráðherra starfshóp sem hefur það hlutverk að móta tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum hér á landi.

Starfshópnum er ætlað að huga sérstaklega að því hvernig best megi ná markmiðum laga um fæðingar- og foreldraorlof um að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína samhliða því að foreldrum verði gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf: „þarf meðal annars að líta til þess hvernig endurheimta megi þann megentilgang fæðingarorlofskerfisins að stuðla að því að röskun á tekjuinnkomu heimilanna verði sem minnst þegar foreldrar leggja niður störf í fæðingarorlofi til að annast börn sín ásamt því að tryggja samfellu milli fæðingarorlofs og þeirra dagvistunarúrræða sem eru fyrir hendi þegar fæðingarorlofi lýkur“ segir í skipunarbréfi starfshópsins.

Fulltrúar í starfshópnum eru fulltrúi Velferðarráðuneytis og aðilar vinnumarkaðarins en Sonja Ýr Þorbergsdóttir er fulltrúi BSRB. Fram til þessa hefur meginþungi í starfi nefndarinnar falið í upplýsingaöflun s.s. yfirferð rannsókna á sviðinu, upplýsingar frá Fæðingarorlofssjóði varðandi kostnað og þátttöku foreldra í fæðingarorlofi undanfarin ár, upplýsingaöflun um norræn fæðingarorlofskerfi og dagvistunarúrræði og þá hafa verið sérfræðingar í málaflokknum komið á fund nefndarinnar.

Stýrihópur um Nám er vinnandi vegur

Í maí 2011 efndu mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti til átaks undir yfirskriftinni *Nám er vinnandi vegur* sem hafði að markmiði að efla menntun og auka atvinnutækifæri ungs fólks. Einnig var tekið mið af tveimur markmiðum úr stefnu ríkisstjórnarinnar „*Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag*“ um að lækka hlutfall þeirra sem höfðu ekki lokið framhaldsskólamenntun og draga úr neikvæðum áhrifum af langtímaatvinnuleysi. Jóhanna Þórdórsdóttir var fulltrúi BSRB í stýrihópi um verkefnið.

Fjármögnun átaksins var tryggð með samráði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga. Í upphafi gerðu tillögur ráð fyrir að öllum umsækjendum um nám í framhaldsskóla, 25 ára og yngri, yrði tryggð skólavist haustið 2011, ásamt nýjum námstækifærum fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur.

Vinumálastofnun sá um framkvæmd verkefnisins að því er varðaði þá þátttakendur í verkefninu sem skráðir voru án atvinnu hjá stofnuninni en mennta- og menningarmálaráðuneytið sá um framkvæmd verkefnisins er laut að einstaklingum sem ekki voru skráðir atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun og áttu þar af leiðandi ekki rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Framhaldsskólar sem tóku þátt í verkefninu fengu fjármagn til þess að efla náms- og starfsráðgjöf við þennan hóp og veittir voru námsstyrkir til þeirra atvinnuleitenda sem hvorki áttu rétt á atvinnuleysisbótum né námslánum frá LÍN. Vinnumálastofnun sá um námsstyrkina.

Verkefninu lauk á miðju ári 2014 og var Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands falið að gera úttekt á stjórnsýslu og verklagi verkefnisins. Úttektina og fleira um verkefnið má finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Stýrihópur um átaksverkefnið *Liðsstyrkur*

Liðsstyrkur er átaksverkefni sem hóf göngu sína í janúar 2013. Markmiðið með verkefninu var að virkja atvinnuleitendur sem hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins til þátttöku að nýju á vinnumarkaði og koma í veg fyrir að langvarandi atvinnuleysi leiði til óvinnufærni.

Þeir atvinnuleitendur sem uppfylltu skilyrði um þátttöku í verkefninu fengu upplýsingar um átakið þegar þeir staðfestu atvinnuleit sína á mínum síðum á heimasíðu Vinnumálastofnunar. Þar bauðst þeim að sækja um þátttöku í verkefninu.

Þá bauðst atvinnuleitendum sem fullnýttu rétt sinn hjá atvinnuleysistryggingasjóði frá og með september 2012, einnig að taka þátt í verkefninu og fá aðstoð við að finna starf með styrk.

Auk Vinnumálastofnunar eru það velferðarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins, VIRK starfsendurhæfingarsjóður og Starf vinnumiðlun og ráðgjöf ehf., sem standa að þessu átaksverkefni.

Markmiðið var að því að skapa allt að 2.200 sex mánaða starfstengd vinnumarkaðsúrræði á árinu 2013 sem skiptust á milli sveitarfélaga, ríkis og almenna vinnumarkaðarins til að enginn félli af atvinnuleysisbótum án þess að fá tilboð um starf.

Atvinnuleysistryggingasjóður niðurgreiddi stofnkostnað atvinnurekenda við ný störf fyrir þennan hóp tímabundið og nam styrkur með hverri ráðningu grunnatvinnuleysisbótum ásamt 8% framlagi í lífeyrissjóð, samtals 186.417 kr. á mánuði. Atvinnurekandi gerði síðan hefðbundinn ráðningarsamning við atvinnuleitanda og greiðir honum laun samkvæmt kjarasamningi.

Upplýsingar um hvernig átakið tókst er að finna á vef velferðarráðuneytisins.

Óformlegar nefndir á vegum ráðuneyta

Frá síðasta þingi BSRB 2012 hafa starfað ýmsar óformlegar starfsnefndir og samráðshópar hagsmunaaðila, s.s. aðilar vinnumarkaðarins hjá velferðar-, fjármála- og efnahagsráðuneyti og utanríkisráðuneyti eftir um hvaða málaflokk er að ræða hverju sinni.

Breytingar á starfsmannalögum

Þann 1. júlí 2015 var samþykkt á Alþingi breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 en bætt var við nýju ákvæði í lögum sem hljóðar svo: „Heimilt er, án þess að starf sé auglýst laust til umsóknar, að ákveða að starfsmaður sem er ráðinn ótímabundið til starfa flytjist um afmarkaðan tíma eða varanlega milli stjórnvalda enda liggja fyrir samþykki viðkomandi forstöðumanns fyrir flutningnum og starfsmannsins sjálfs.“

Áður en frumvarpið var lagt fyrir Alþingi voru fulltrúar heildarsamtaka launafólks boðaðir bæði á fundi hjá forsætisráðuneyti og síðar fjármálaráðuneyti þar sem tillagan var gerð samhliða breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands varðandi skipulag ráðuneyta og stofnana. Fulltrúar BSRB, BHM og ASÍ mótmæltu harðlega fyrirhuguðum breytingum bæði á fundum og skriflega. Tillagan til breytinga á lögum var engu að síður lögð fram og samþykkt á Alþingi.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Til stendur að taka til heildarendurskoðunar löggjöf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum en nú hefur lögum verið breytt varðandi einstök atriði.

Í fyrsta lagi var sett heimild ráðherra til að setja reglugerð um aðgerðir gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þá var sett ákvæði um að atvinnurekendum beri að upplýsa Vinnueftirlit ríkisins um það með formlegum hætti þegar umbótum er lokið á vinnustöðum og ákvæði um undanþágur frá vinnutímaákvæðum laganna þegar um er að ræða starfsmenn sem veita fötluðum þjónustu á grundvelli NPA verkefnisins.

Ákvæðið varðandi vinnutíma starfsmanna í NPA verkefninu byggir þar af leiðandi á því að heildarsamtök fulltrúa launafólks geti samið um að heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna um hvíldartíma og næturvinnutíma.

Fæðingar- og foreldraorlof

Samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um allar breytingar á fæðingar- og foreldraorlofi á þingtímabilinu. Þar má nefna tillögur um hækkun þaks og lengingu fæðingarorlofs sem samþykkt var á Alþingi í árslok 2012, rétt áður en nýr stjórnarmeirihluti tók við. Lenging fæðingarorlofsins hefur verið frestað og þakið er nú 370 þús. kr.

Þá var sett var ný reglugerð sem á sér stoð í fæðingar- og foreldraorlofslögum til að staðfesta niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Nú skal litið svo á að greiðslur úr sjóðnum eigi að bæta fyrir þann tekjumissi sem foreldrar verða fyrir þegar þeir leggja niður störf í fæðingarorlofi.

Fái foreldri tekjutapið bætt frá vinnuveitanda er eðlilegt að það komi til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Kemur þá eingöngu til álita sá tími sem foreldri er skráður í fæðingarorlof og á það ekki að koma foreldri um koll að hafa hafið töku fæðingarorlofs um miðjan almanaksmánuð.

Starfsmannaleigur

Lögum um starfsmannaleigur var breytt í þeim tilgangi að innleiða með fullnægjandi hætti ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins um starfsmannaleigur. Eftir breytinguna gildir m.a. sú regla nú sem felur í sér réttarbót fyrir launafólk að „starfsmaður starfsmannaleigu skal á þeim tíma sem hann sinnir störfum fyrir notendafyrirtæki að lágmarki njóta sömu launa og annarra starfskjara og hann hefði notið hefði hann verið ráðinn beint til notendafyrirtækisins til að gegna sama starfi, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.“

Atvinnuleysistryggingar

Á þingtímabilinu hefur BSRB tekið þátt í samstarfi aðila vinnumarkaðarins og velferðarráðuneytisins um gerð draga að nýrri reglugerð í stað reglugerðar nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki, með síðari breytingum og drög að nýrri reglugerð í stað reglugerðar nr. 13/2009, um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði, með síðari breytingum. Jafnframt tók BSRB þátt í átaksverkefninu *Virgni* sem fólst í því að allir sem hefðu fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins 2012-2013 yrði boðin starfstengd vinnumarkaðsúrræði í sex mánuði á árinu 2013. Hins vegar var ekki haft samráð við BSRB við setningu laga um styttingu tímabils sem heimilt er að greiða atvinnuleysistryggingar 1. janúar 2015 úr 36 mánuðum í 30 mánuði. Fram til breytinganna á atvinnuleysistryggingakerfinu samhliða fjárlögum 2015 hafði alltaf átt sér stað víðtækt og mikið samráð um allar slíkar breytingar og úrræði atvinnulausra. Bandalagið gerði því verulegar athugasemdir við samráðsleysið við velferðarráðuneyti og Alþingi.

Skylda til að skýra launafólki frá ráðningarfyrirkomulagi

Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemdir við innleiðingu á tilskipun 91/533/EBE, um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, þar sem ekki voru talin nægileg úrræði fyrir starfsmenn láti vinnuveitandi hjá líða að ganga frá skriflegri staðfestingu ráðningar. Vegna þessa var settur á fót samráðshópur ráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins. Niðurstaða hópsins var að ákveðið að aðilar vinnumarkaðarins myndu bæta við í kjarasamninga undir ákvæði um ráðningarsamninga og ráðningarbréf eftirfarandi ákvæði: „Brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum þessarar greinar getur það varðað hann skaðabótum.“

Orlof

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði athugasemdir í tengslum við orlof en stofnunin taldi að brotið væri í bága við tilskipun Evrópuráðsins þar sem í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði eru ákvæði um að starfsmenn sem veikjast í orlofi, njóti uppbótar á orlofi eftir mismarga daga í veikindum eftir því hvort starfsmaður er staddur á EES svæðinu, Bandaríkjunum eða Kanada þegar hann veikist. Velferðarráðuneyti og aðilar vinnumarkaðarins unnu að lausnum í samráðshópi um málefnið og var ákveðið að bregðast við athugasemdunum þannig að kjarasamningsákvæðum breytt á almennum vinnumarkaði þannig að nú skiptir ekki máli hvar starfsmenn eru staddir í heiminum þegar þeir veikjast, rétturinn er sá sami. Þau aðildarfélög BSRB sem höfðu sambærileg kjarasamningsákvæði hafa einnig samið um breytt ákvæði í sínum samningum.

Samráðshópur utanríkisráðuneytisins og atvinnulífsins um EES regluverk

Samkvæmt Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar var settur á fót samstarfshópur aðila vinnumarkaðarins með áherslu á hagsmunagreiningu EES reglna í desember 2014. Stefnan gerir einnig ráð fyrir að unnið verði mat á hagsmunum Íslands af EES samningnum. Jafnframt að haft verði samráð um gerð viðskiptasamninga.

Samráðinu er því skipt í tvennt:

- 1) Samráð við aðila vinnumarkaðar um framkvæmd EES samningsins og viðskiptasamninga sem felur í sér samráð til langs tíma.
- 2) Samstarf um vinnslu á hagsmunagreiningu um EES samninginn þar sem fjallað er um helstu hagsmuni sem tengjast veru Íslands í EES.

Fram til þessa hefur einkum verið boðað til upplýsingafunda. Þannig hafa nefndarmenn fengið kynningu á stöðu EES mála, s.s. Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar og starf stýrihóps forsætisráðuneytisins um EES mál, grænbók um fjármagnsmarkaðsbandalag (*Capital Market Union*), Energy Union Package og endurskoðun ESB á löggjöf um hreyfanleika vinnuafis og vinnuverndarlöggjöfinni. Fulltrúar BSRB í samráðshópnum eru Helga Jónsdóttir og Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

Aðrir fundir innan utanríkisráðuneytis fyrir utan EES samráðshópinn sem fulltrúar BSRB hafa verið boðaðir á eru upplýsingafundir um upplýsingafundarins um aukið frelsi í þjónustuviðskiptum sem í daglegu tali er nefnt TiSA (*Trade in Services Agreement*) en Ísland er aðili að marghliðaviðræðum þar um. Var þar m.a. fjallað um samningstilboð Íslands og stöðu fríverslunarsamninga.

Heimsóknir, opnir fundir og málþing

Forystufólk BSRB fær reglulega ráðherra, embættismenn og sveitarstjórnarfólk í heimsókn í BSRB húsið til að kynna fyrir þeim sjónarmið sín í hinum fjölbreyttustu málaflokkum. BSRB hefur einnig þegið boð um að sitja fundi með þeim aðilum sem bandalagið þarf í störfum sínum að eiga hvað mest samskipti við. Þar fyrir utan hafa erlendir gestir og fjölmargir aðrir komið til fundar við forystufólk BSRB.

BSRB á einnig í samstarfi við önnur samtök launafólks, jafnt á Íslandi sem og erlendis. Samstarf hefur verið haft við Kennarasamband Íslands og Bandalag háskólamanna um sameiginleg hagsmunamál opinberra starfsmanna.

BSRB stendur einnig reglulega að málþingum eða opnum fundum er varða hin fjölbreyttu málefni sem BSRB fæst við. Stundum stendur BSRB eitt að þessum fundum en einnig í samstarfi við önnur hagsmunasamtök. Hér á eftir verða taldir upp nokkrir af þeim fundum og málþingum sem BSRB hefur haft aðkomu að á tímabilinu 2012-2015.

Fundur með frambjóðendum til Alþingiskosninga 2013

Í aðdraganda kosninga til Alþingis vorið 2013 fékk framkvæmdastjórn BSRB fulltrúa frá öllum þeim flokkum sem þá áttu sæti á þingi til fundar við sig. Auk þess að funda með formönnum og varaformönnum stærstu stjórn málaflokkanna átti framkvæmdastjórnin fund með nokkrum fulltrúum annarra framboða. Markmið þessara funda var að heyra stuttlega í forsvarsmönnum flokkanna um þeirra helstu stefnu mál en fyrst og fremst að kynna fyrir frambjóðendum starf BSRB, stefnu og helstu verkefni.

Fundur með fulltrúum stjórnvalda

Forystufólk BSRB hefur átt samtöl við stjórnsýsluna og stjórn málamenn í gegnum nefndir og sérstaka starfshópa en þess utan hefur einnig verið fundað einslega við ráðamenn hjá bæði ríki og sveitarfélögum um málefni er varða félagsmenn bandalagsins. Má þar sérstaklega nefna fundi með efnahagsráðgjöfum forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar, fundi með formanni hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar og fundi með velferðarráðherra vegna fjölbreyttra málefna er varða BSRB.

Fundur um menntastefnu BSRB

Mennta- og fræðslunefnd BSRB stóð þann 28. október 2014 fyrir fundi þar sem grunnstef fyrir menntastefnu BSRB voru unnin undir handleiðslu Hróbjarts Árnasonar lektors við menntavísindasvið Háskóla Íslands og sérfræðings í fræðslu fullorðinna.

Undirbúningur fundarins var viðamikill og var m.a. boðið upp á þrjár svokallaðar vefstofur þar sem Hróbjartur tók Árna Stefán Jónsson, varaformann BSRB og formann SFR, og Elínu Björgu Jónsdóttur, formann BSRB, tali. Í vefstofunum gátu þátttakendur sent inn fyrirspurnir eða komið hugleiðingum sínum á framfæri og þótti þetta fyrirkomulag reynast mjög vel. Einnig var notast við Facebook við undirbúning fundarins þannig að áhersla á gagnvirkni og virka þátttöku þeirra sem að mótun menntastefnunnar komu.

Á fundinum sjálfum var þátttaka góð þar sem Hróbjartur leiddi vinnuna í nokkrum hópum sem síðan skiluðu niðurstöðum sínum. Þá vinnu hefur svo mennta- og fræðslunefnd BSRB nýtt sér til undirbúning menntastefnu BSRB sem lög verður fyrir 44. þing bandalagsins til samþykktar.

Málþing um mikilvægi heilbrigðisþjónustu

Málþing um mikilvægi öflugrar heilbrigðisþjónustu og þann mannauð sem þar starfar var haldið á vegum BSRB 31. október 2013. Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, setti málþingið og sat fyrir svörum fundarmanna. Einnig fluttu prófessor Rúnar Vilhjálmsson, Geir Gunnlaugsson þáverandi landlæknir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir formaður velferðarnefndar Alþingis og Anna Stefánsdóttir fyrrverandi hjúkrunarforstjóri Landspítala erindi á fundinum sem var vel sóttur.

Í kjölfar málþingsins sendi Heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB, sem skipulagði málþingið, frá sér ályktun þar sem m.a. er fjallað um auknar álögur á sjúklinga, möguleg breytt rekstrarform heilbrigðisþjónustunnar, aðbúnað starfsfólks og sjúklinga. Ályktunin má finna annarra staðar í skýrslunni, nánar tiltekið á bls. 75 í kaflanum um ályktanir á tímabilinu.

Morgun- og hádegisverðarfundir BSRB

Nokkrir morgunverðarfundir voru haldnir á kjörtímabilinu sem voru sérstaklega ætlaðir starfsfólki aðildarfélaga BSRB og formönnum þeirra. Að jafnaði eru fundirnir um klukkutími að lengd þar sem einn eða fleiri fyrirlesarar koma til fundar, halda kynningu á umfjöllunarefni sínu og svara svo spurningum viðstaddra.

Fjöldi slíkra funda hefur verið haldinn á kjörtímabilinu og hefur þeim heldur fjölgað eftir því sem liðið hefur á enda hafa þeir mælst vel fyrir.

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi er þverfaglegur hópur hagsmunaaðila og stjórnmalaflokka um hvernig megi auka hagsæld á landinu. Ragna Árnadóttir fer fyrir starfi hópsins og Arnar Þór Másson, sérfræðingur úr forsætisráðuneytinu, er einn starfsmanna hópsins. Þau mættu til fundar við félagsmenn BSRB í júlí 2013 til að kynna starf hópsins.

Í september 2013 komu fulltrúar frá Alta í BSRB húsið til kynningar á úttekt sem gerð var á loftgæðum og vinnuumhverfi í BSRB húsinu. Heildar niðurstöður þessara úttekta voru mjög jákvæðar og var farið yfir niðurstöðurnar og hvernig mætti bæta úr loftgæðum og vinnuumhverfi almennt.

Á árinu 2014 voru m.a. haldnir opnir fundir á vegum nefnda innan BSRB. Þar kom Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri TR til opins fundar og ræddi um málefni Tryggingastofnunar.

Einnig kom Stefán Halldórsson sem átti sæti í ritnefnd skýrslunnar „*Nægjanleiki lífeyrissparnaðar*“ sem kom út á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða. Kynnti hann efni skýrslunnar og svaraði fyrirspurnum í kjölfarið.

Fyrr á sama ári hafði Jafnréttisnefnd BSRB haldið hádegisverðarfund um mismunun á íslenskum vinnumarkaði. Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur á Jafnréttisstofu, flutti erindið „*Ekki benda á mig...*“ – *Um mismunun á íslenskum vinnumarkaði*. Í erindinu fjallaði Ingibjörg um nýja rannsókn sem Jafnréttisstofa lét gera um jafnrétti og mismunun á vinnumarkaði og gerði grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á viðhorfum stjórnenda fyrirtækja með fleiri en 25 starfsmenn til jafnréttismála og mismununar á vinnumarkaði.

Í tilefni af jafnréttisviku hélt BSRB morgunverðarfund þann 31. október 2013 þar sem fjallað var um kynskiptan vinnumarkað. Finnborg Salóme Steinþórsdóttir fjallaði um stöðu lögreglukvenna innan lögreglunnar og þá fjallaði Gyða Margrét Pétursdóttir um helstu orsakir og afleiðingar kynskipts vinnumarkaðar og möguleg viðbrögð stéttarfélaga við þeirri þróun.

Þá var einnig haldin fundur undir lok árs 2014 um starfsendurhæfingu og stöðuna innan VIRK. Þar fræddi Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB og stjórnarmaður í VIRK, um stöðuna eins og hún var þá vegna deilna um fjárveitingar ríkisins til starfsendurhæfingarsjóðsins. Þá kynntu ráðgjafar VIRK sem hafa aðsetur í BSRB húsinu starf sitt og þann árangur sem náðst hefur í starfsendurhæfingu.

Í febrúar 2015 kom Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar, til fundar við formenn aðildarfélaganna BSRB og starfsfólk aðildarfélaganna og kynnti helstu niðurstöður nýrrar skýrslu sem Velferðarvaktin gaf úr í byrjun árs 2015.

Heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB boðaði í júní 2015 til morgunverðarfundar um Reykjavíkurbús, húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar. Hrólfur Jónsson sviðsstjóri Framkvæmda- og eignasviðs hélt kynningu á Reykjavíkurbúsáttum í tengslum við byggingu á varanlegum leigu- og búseturéttaríbúðum fyrir Reykvíkings með fjölbreyttu framboði fyrir alla félagshópa. Sú vinna er nátengd úrræðum ríkisstjórnarinnar um fasteignamál í tengslum við kjarasamninga og svaraði Hrólfur spurningum viðstaddra að kynningu lokinni.

Jafnréttisnefnd BSRB hélt morgunverðarfund nokkrum dögum fyrr undir yfirskriftinni: Hvernig búum við til fjölskylduvænna samfélaga? Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB fjallaði um tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar og Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, kom með hugleiðingar um hvað felst í fjölskylduvænna samfélagi. Samhliða þessu áttu fundargestir samtali um hvað felst í hugmyndum BSRB um fjölskylduvænt samfélag. Reynt var að skerpa á því hvaða leiðir eru árangursríkastar til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag; stytting vinnuvikunnar, sveigjanlegri vinnutími, bætt fæðingarorlofskerfi, sveigjanleg starfslok o.fl.

Hér eru aðeins taldir upp þeir fræðslu- og morgunverðarfundir sem fóru fram í BSRB húsinu en einnig hélt BSRB fjölda annarra fræðslufunda í samráði við önnur hagsmunasamtök eða í gegnum störf sín í hópum á vegum hagsmunaaðila og stjórnvalda, t.d. má nefnda fjölda opinna funda á vegum Aðgerðarhóps um launajafnrétti sem BSRB hafur haft virka aðkomu að og einnig fundi í tengslum við Alþjóðlegan baráttudag kvenna þann 8. mars.

Ráðstefna stéttarfélaganna í aðdraganda 1. maí

Ráðstefna ASÍ og BSRB í aðdraganda 1. maí 2015 var haldin í Reykjavík þann 21. apríl á Grand hóteli. Þar var fjallað um hlutverk stéttarfélaganna í samfélaginu og tilraun gerð til að skýra eðli starfsemi þeirra og þjónustuskyldur við félagsmenn. Útgangspunkturinn var að reyna að varpa ljósi hlutverk þeirra á vinnumarkaði, innri starfsemi, þátt þeirra í kjara- og velferðarmálum, en einnig að líta til mikilvægi þeirra fyrir félagsmenn. Þátttaka á ráðstefnunni var góð og þar komu nokkrir fyrirlesarar fram til að fjalla um hin ólíku hlutverk og málefni sem lúta að stéttarfélögunum.

Ráðstefna um ávinning af starfsemi VIRK

Heildarsamtök launafólks létu mikið að sér kveða vegna málefna VIRK á starfsárinu enda ætlaði ríkisstjórnin ekki að veita neinu fjármagni til sjóðsins á fjárlögum 2015. Meðal þess sem gert var til að vekja athygli á ávinningnum sem hlytist af starfsemi VIRK var sérstök ráðstefna um einmitt það málefni.

Benedikt Jóhannesson kynnti þar útreikninga Talnakönnunar á árangri VIRK á árinu 2014 en áður lágu fyrir útreikningar á ávinningi starfsins á árinu 2013. Niðurstaða Talnakönnunar er sú að ávinningur af starfi VIRK á árinu 2014 hafi verið um 11,2 milljarðar króna samanborett við 9,7 milljarðar á árinu

2013. Í þessu samhengi má benda á að rekstrarkostnaður VIRK á árinu 2014 var um 2 milljarðar samanborið við 1,3 milljarða á árinu 2013.

Talnakönnun gaf sér mjög varfærar forsendur um vinnumarkaðspáttöku einstaklinga í þessari vinnu. Þrátt fyrir þessar varfærnu forsendur kemst Talnakönnun að þeirri niðurstöðu að starf VIRK sé mjög arðbært. Rúmlega 11 milljarða króna ávinningur hafi verið af starfsemi VIRK árið 2014 og nærri 10 milljarða ávinningur af starfseminni 2013. Ábatinn af starfseminni skilar sér í sparnaði útgjalda hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum auk þess sem ríkið hagnast með auknum skatttekjum. Ofan á þetta kemur svo bættur hagur einstaklinga, bæði fjárhagslegur auk þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið þátt í samfélaginu.

Að lokum fór það svo að í mars var undirritað nýtt samkomulag á milli stjórnvalda og heildarsamtaka vinnumarkaðarins um framlög ríkissjóðs til starfsendurhæfingarsjóða líkt og minnst var á fyrr í skýrslunni.

Ljósmyndasýning – 30 ár frá verkfalli

Í lok október 2014 var opnuð ljósmyndasýning á myndum Helga Jóhanns Haukssonar sem hann tók í allsherjarverkfalli BSRB árið 1984 og stóð sýningin fram yfir 1. maí 2015. Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB opnaði sýninguna formlega en einnig tóku til máls Ögmundur Jónasson, fyrrverandi formaður BSRB, og ljósmyndarinn sjálfur. Ljósmyndasýningin var liður í því að minnst þess að 30 ár eru liðinn frá verkfallinu sem hófst þann 4. október 1984 og stóð í 27 daga. Það hafði gríðarleg áhrif á þjóðfélagið. Skólahald lá niðri, leikskólar voru lokaðir, strætisvagnar gengu ekki og útsendingar sjónvarpsins stöðvuðust svo dæmi sé tekið.

Fyrir utan að halda ljósmyndasýninguna og fá myndir Helga Jóhanns til varðveislu hóf BSRB á starfsárinu markvissa söfnun á myndum úr starfi bandalagsins til varðveislu. Ágúst Bogason kynningarfulltrúi BSRB hefur stýrt þeirri vinnu.

Opinn fundur jafnréttisnefndar BSRB

Í tilefni af jafnréttisviku hélt BSRB morgunverðarfund þann 31. október 2013 þar sem fjallað var um kynskiptan vinnumarkað. Finnborg Salóme Steinþórsdóttir fjallaði um stöðu lögreglukvenna innan lögreglunnar og þá fjallaði Gyða Margrét Pétursdóttir um helstu orsakir og afleiðingar kynskipts vinnumarkaðar og möguleg viðbrögð stéttarfélaga við þeirri þróun.

Þá hélt jafnréttisnefnd hádegisverðarfund þann 11. mars 2014 um mismunun á íslenskum vinnumarkaði. Tilefni fundarins var m.a. fyrirhuguð innleiðing tveggja tilskipana Evrópusambandsins um bann við mismunun. Jafnréttisstofa hafði tekið þátt í verkefni með Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fjölmenningarsetrinu á Ísafirði sem laut m.a. að því að kortleggja mismunun á íslenskum vinnumarkaði og kanna þekkingu stjórnenda á mismununartilskipununum tveimur. Á fundinum fjallaði lögfræðingur Jafnréttisstofu, Ingibjörg Elíasdóttir, um rannsóknina.

Haldinn var morgunverðarfundur í júníbyrjun 2015 undir yfirskriftinni; Hvernig búum við til fjölskylduvænna samfélag? Á fundinum fór Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB yfir árangur tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar og Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB var með hugleiðingar um það hvað fælist í fjölskylduvænna samfélagi. Á fundinum var m.a. rætt um hvaða leiðir væru árangursríkastar til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag, svo sem stytting vinnuvikunnar, sveigjanlegri vinnutíma, bætt fæðingarorlofskerfi auk annarra leiða. Góð

Þátttaka var á fundinum og munu þau sjónarmið sem þar komu fram nýtast jafnréttisnefnd í frekari störfum nefndarinnar.

Samstarf við önnur samtök launafólks

BSRB hefur alla tíð átt samstarf við önnur samtök launafólks, fyrst og fremst hér heima en einnig erlendis. Náið samstarf hefur verið haft við Kennarasamband Íslands og Bandalag háskólamanna sérstaklega um lífeyrismál og önnur sameiginleg hagsmunamál opinberra starfsmanna.

Reglulegir samráðsfundir BSRB, BHM og KÍ hafa farið fram á starfsárinu í tengslum við undirbúning kjarasamninga, um lífeyrismál og þá var einnig fundað sérstaklega í aðdraganda kynningar fjárlagafrumvarpsins.

Þá hafa heildarsamtök launafólks á Íslandi átt regluleg samskipti og hefur BSRB fundað, m.a. með ASÍ, vegna sameiginlegra hagsmunamála. Þá á hafa sameiginleg mál allra aðila vinnumarkaðarins farið fram, m.a. í vinnuhópum á vegum stjórnvalda.

Af samskiptum við erlend samtök launafólks hefur meginþunginn verið á norræna samstarfið í gegnum NFS. Einnig hafa þing ITUC og ETUC, Alþjóða- og Evrópuheildarsamtaka, verið sótt en nánar er fjallað um erlent samstarf í kaflanum um alþjóðastarf.

Erlent samstarf

Áherslan í erlenda samstarfi BSRB hefur aðallega verið á norræna samstarfið og síðan á evrópsku samstarfi eftir því sem fjármunir og aðstæður hafa leyft. Á síðasta starfsári var farið yfir alþjóðastarf BSRB af framkvæmdastjórn bandalagsins og rætt um aðkomu BSRB að alþjóðasamtökum í almannabjónustu (PSI), í Evrópu (EPSU) og á norrænum vettvangi (NOFS). Víðast hvar eru aðildarfélög heildarsamtakanna með beina aðild að þessum samtökum sjálf.

BSRB hefur sótt stjórnarfundum NFS (Norræna verkalýðssambandið) auk þess sem formannafundir NFS hafa farið fram í gegnum fjárfundarbúnað sem og fundur framkvæmdastjórnar NFS. Elín Björg Jónsdóttir átti sæti í framkvæmdastjórn NFS á árinu 2012. Bandalagið kom ásamt ASÍ að því að halda stjórnarfund NFS í Reykjavík í byrjun maí 2014.

Þá hefur BSRB einnig verið hluti af sérstöku samstarfi félaga opinberra starfsmanna innan NFS (*Nordiske tjenestamenn*) og sótt fundi á þeirra vegum sem eru haldnir einu sinni á ári, sá síðast var á Íslandi í lok ágúst 2015. Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB tekur auk þess þátt í samstarfi framkvæmdastjóra aðildarfélaga NFS (*Strategigruppen*), en hlutverk þess samstarfs er að vera samráðsaðili fyrir skrifstofu NFS og milli félaganna, milli funda.

BSRB sendi fulltrúa sína á þing ITUC í Berlín í maí 2014 auk þess sem fulltrúar frá bandalaginu sóttu Nordisk Forum ráðstefnuna í Malmö í júní 2014. Undir lok árs 2012 fóru fulltrúar BSRB á þing PSI, sem eru alþjóðasamtök opinberra starfsmanna, en þingin eru haldin á fimm ára fresti. Rosa Pavanelli var kjörin nýr formaður samtakana á þinginu en hún bauð sig fram gegn Peter Waldorff sem hafði gengt starfinu frá 2007 til 2012.

Í lok september 2015 var haldið 13. þing ETUC sem fulltrúar frá BSRB sóttu. ETUC er samstarf verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu sem BSRB á aðild að ásamt ASÍ.

NFS (Norræna verkalýðssambandið)

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins kemur saman tvisvar á ári og er hún skipuð forystumönnum allra heildarsamtaka á Norðurlöndum. Formaður og framkvæmdastjóri BSRB hafa setið þessa fundi fyrir hönd bandalagsins.

Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist um samstarf Norðurlandanna á alþjóðlegum vettvangi en á þingi sambandsins haustið 2012 var ákveðið að efla starf samtakanna á norrænum vinnumarkaði með því að beina athygli bæði Norrænu ráðherranefndarinnar, Norðurlandaráðs og stjórnvalda einstakra ríkja að þeim hindrunum og vandamálum sem launafólk á Norðurlöndunum lendir í við að sækja vinnu þvert á landamæri norrænu ríkjanna.

Á árinu 2014 var haldið upp á 60 ára afmæli norræna vinnumarkaðarins og efndi Norræna ráðherraráðið af því tilefni til ráðstefnu hér á landi en Ísland fór með formennsku í ráðinu það árið. Auk þessa hefur NFS staðið fyrir tveimur stórum ráðstefnum um sameiginleg málefni verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum, annars vegar í Álasundi í september 2012 og í Köge í maí 2015.

Efni ráðstefnunnar í Álasundi var „Sjálfsbær vinnumarkaður – efnahagslega, félagslega og vistfræðilega“ og var sjónunum þar sérstaklega beint að umhverfispáttum og verkalýðshreyfingunni. Í Köge var yfirskrift þingsins „Norðurlöndin – sjálfbærasta og samkeppnishæfasti vinnumarkaður heimsins“.

Þar voru fulltrúar Norrænu ráðherranefndarinnar, Norðurlandsráðs einnig þátttakendur og sameiginlega var fjallað um norræna vinnumarkaðinn, framtíðarhorfur hans og hvernig bæta mætti sameiginlegan vinnumarkað landanna ennfrekar. Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB stýrði umræðuhópi á ráðstefnunni í Álasundi og Helga Jónsdóttir stýrði umræðuhópi um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í alþjóðaumhverfi á ráðstefnunni í Köge.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi NFS á síðustu árum en eftir að Lóa Brynjúlfsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri NFS sumarið 2013 var það niðurstaða framkvæmdastjórnar NFS að mæla með því við formannafund að Christina J. Colclough yrði kjörin sem framkvæmdastjóri til næstu fjögurra ára. Skömmu síðar var hins vegar gengið frá starfslokum við Christinu og starfaði hún því stutt fyrir NFS. Í ársbyrjun 2014 fór nýtt ráðningarfrelsi framkvæmdastjóra NFS af stað sem leiddi að lokum til þess að Magnus Gissler var ráðinn til starfa og ríkti full samstaða um það bæði í framkvæmdastjórn og stjórn NFS.

Magnus hefur nokkuð langa reynslu af verkalýðsmálum, bæði á vettvangi heildarsamtaka, norrænna samtaka og síðastliðin ár sem framkvæmdastjóri stéttarfélags háskólamenntaðra starfsmanna kirkjunnar í Svíþjóð. Auk hans starfa tveir sérfræðingar á skrifstofunni og ritari. Skrifstofa NFS er staðsett í Stokkhólmi.

Stjórnarfundur og formannafundur NFS í Reykjavík

Í maí 2014 fóru fram stjórnar- og formannafundur NFS (Nordens Fackliga Samorganisation) – verkalýðssambands Norðurlandanna í Reykjavík. BSRB tók þátt ásamt ASÍ í undirbúningi fundanna og dagskrá í kringum þá. Meginþungi alþjóðlegs samstarfs BSRB hefur á síðustu árum verið á norræna vettvanginum og eru stjórnarfundir NFS að jafnaði haldnir tvisvar á ári. Að þessu sinni fóru fundirnir fram í Reykjavík þar sem formenn og aðrir fulltrúar stéttarfélaga á bæði opinberum og almennum vinnumarkaði á Norðurlöndum tóku þátt.

Nordisk Forum

Ráðstefnan Nordiskt Forum fór fram í Malmö í byrjun júní 2014. Hátt í 20.000 manns tóku þátt í ráðstefnunni sem komu frá 50 löndum til að ræða jafnréttismál og framtíðina en umfjöllunarefnið var skipt í 12 þemu. Nordiskt Forum er skipulögð af norrænu kvannahreyfingunni á Íslandi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og fór fjöldi félagsmanna BSRB á ráðstefnuna.

Fulltrúi BSRB átti sæti í íslenska skipulagshópnum fyrir ráðstefnuna sem meðal annars hafði það hlutverk að skipuleggja dagskrá í kringum þemað konur og fjölmiðlar ásamt því að tilnefna íslenska fyrirlesara í dagskrá hátíðarinnar. Þá sá undirbúningsnefndin um kynningarstarfsemi á hátíðinni hér á landi en innan BSRB voru haldnir fimm kynningarfundir fyrir stjórn bandalagsins og félagsmenn.

Aðildarfélög bandalagsins styrktu þá félagsmenn sem áhuga höfðu til fararinnar og var þátttaka þeirra góð. Á ráðstefnunni ræddu þátttakendur úr öllum áttum – fræðimenn, stjórnarmálamenn, fulltrúar fyrirtækja og félagasamtaka, listamenn og femínistar áskoranir jafnréttisbaráttunnar í dag og lausnir framtíðarinnar.

Meðal skipuleggjenda fyrir íslenska hópinn var Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, sem einnig tók þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnunni.

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er vettvangur samtaka launafólks og atvinnurekenda aðildarlandanna fjögurra í EFTA samstarfinu, Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss. Nefndina skipa fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðar í EFTA ríkjunum og er hlutverk hennar þrjúþætt.

- að taka þátt í umræðum um málefni sem varða EES samninginn og vera ráðgefandi um þau atriði er varða aðila vinnumarkaðarins.
- að vera vettvangur fyrir skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðar frá öllum EFTA ríkjunum og vera milliliður við sambærilegar stofnanir hjá ESB.
- að vekja athygli á félagslegum og efnahagslegum þáttum í fríverslunarsamningum EFTA og EES samningnum.

Ráðgjafarnefndinni er ætlað að vera aðildarríkjum og sameiginlegum stofnunum EFTA til ráðgjafar um málefni er varða innra samstarf EFTA ríkjanna, samstarf þeirra við önnur ríki Evrópu, innan ESB, og við ríki utan Evrópu. Ráðgjafarnefnd EFTA er einnig í samstarfi við Efnahags- og félagsmálanefnd ESB, EESC, og er sú samvinna tilkomin vegna EES samningsins. Fulltrúi BSRB í ráðgjafarnefndinni er Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB.

TTIP og TiSA

Unnið hefur verið að fríverslunarsamningi milli ESB og Bandaríkjanna sem gengur í daglegu tali undir nafninu TTIP (*Transatlantic Trade and Investment Partnership*). Viðræður snúa að markaðsaðgangi og varða lækun og niðurfellingu tolla, afnám viðskiptahindrana, upprunareglur, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og opinber innkaup. EFTA hefur fylgst náið með viðræðunum enda mun TTIP hafa áhrif á EFTA-ríkin verði samningurinn að veruleika. BSRB hefur þannig fylgst með viðræðunum í gegnum ráðgjafarnefnd EFTA

TiSA (*Trade in Services Agreement*) samningaviðræðurnar snúast aftur á móti um aukið frelsi í þjónustuviðskiptum og er ætlað að auðvelda milliríkjaviðskipti með þjónustu og auka gegnsæi í slíkum viðskiptum. Ísland, ásamt fimmtíu öðrum ríkjum, tekur þátt í samningaviðræðunum en þar á meðal eru aðildarríki ESB, Bandaríkin, Kanada, Noregur, Sviss, Japan o.fl. Samningurinn mun byggja á gildandi samningum (GATS reglum) og fjalla m.a. um fjármálaþjónustu, fjarskipta- og upplýsingatækni, för þjónustuveitenda og rafræn viðskipti. Viðræðurnar eru formlega utan WTO en vonast er til að fleiri aðildarríki WTO gerist aðilar að TiSA-samningnum þegar fram í sækir.

BSRB hefur fylgst með framgangi viðræðnanna á sérstökum upplýsingafundum sem boðað hefur verið til í utanríkisráðaneytinu með reglulegu millibil. Þar að auki hefur mikið verið fjallað um TiSA viðræðurnar og mögulegar ógnir sem af þeim stafar á vettvangi stjórnarfundna NFS (Norræna verkalýðssambandsins) sem BSRB á aðild að.

Fríverslunarsamningar við Kína og Kólumbíu

Fríverslunarsamningur milli Kína og Íslands tók gildi þann 1. janúar 2014 og er hann byggður upp að fyrirmynd og með sama hætti og þeir fríverslunarsamningar sem Ísland hefur þegar gert með öðrum aðildarríkjum EFTA. Fríverslunarsamningur Íslands og Kína inniheldur kafla um vöru- og þjónustuviðskipti, upprunareglur, fjárfestingar, hugverkavernd, samkeppnismál, samvinnu á ýmsum sviðum, stofnanaákvæði og ákvæði um lausn ágreiningsmála. Í samningnum eru jafnframt ýmis

ákvæði um önnur mál, s.s. tæknilegar reglur, ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis og dýra og plantna, verndarráðstafanir og undirboð, svo eitthvað sé nefnt.

BSRB fylgdist með efni og innhaldi samningsins á meðan hann var enn í vinnslu og skilaði jafnframt umsögn um þingsályktunartillögu um fullgildingu fríverslunarsamnings ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína. Þar lagðist BSRB gegn fullgildingu samningsins vegna þess að þrátt fyrir að mikilvægt sé að koma á góðum samskiptum við önnur ríki taldi bandalagið að ekki megi ganga svo langt í þágu afnáms viðskiptahafta að fórna eigi mannréttindum.

Bent var á í umsögn BSRB að Ísland sé eitt þeirra landa sem leggur hvað mesta áherslu á virðingu við mannréttindaákvæði en Kína aftur á móti stendur sig hvað lakast í þeim efnum á alþjóðavísu. Öll erlend samtök launafólks sem BSRB á aðild að hafa ályktað sérstaklega um mannréttindabrot og stöðu vinnuafls í Kína. Jafnframt var það skoðun BSRB að Kína telji sig ekki þurfa að starfa eftir neinum alþjóðlegum reglum um þetta efni en fram til þessa hefur Kína ekki unnið í neinu samræmi við grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar.

Undanfarin ár hefur jafnframt verið unnið að fríverslunarsamningi milli Íslands og Kólumbíu þótt sá samningur hafi ekki tekið gildi. BSRB hefur haft aðkomu að þeim viðræðum í gegnum Alþjóðavinnnumálastofnunina (*ILO - International Labour Organization*) og íslenska samráðsnefnd velferðarráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um málefni ILO þar sem Sonja Ýr Þorbergsdóttir er áheyrnarfulltrúi BSRB.

Árið 2014 hitti nefndin sendinefnd frá stjórnvöldum Kólumbíu vegna draga að fríverslunarsamningi við Ísland. Þar komu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins á framfæri gagnrýni á stjórnvöld í Kólumbíu en landið hefur ítrekað verið gagnrýnd af samtökum aðila vinnumarkaðarins m.a. vegna framkvæmda Kólumbíu á samþykktum ILO þar sem málefni landsins eru reglulega til umfjöllunar á Alþjóðavinnnumálaþinginu.


Fjölmiðlar, auglýsingar og átaksverkefni

BSRB í fjölmiðlum


Í upphafi hvers árs tekur skrifstofa BSRB saman upplýsingar um fjölmiðlaumfjallanir BSRB á árinu og ber saman við umfjallanir fyrri ára. Samkvæmt mælingum Fjölmiðlavaktarinnar var BSRB 10% oftar til umfjöllunar hjá fjölmiðlum á árinu 2013 miðað við árið 2012. Umfjöllunin jókst svo aftur um 17% á árinu 2014 miðað við árið á undan. Mest varð aukning á fjölmiðlaumfjöllun um BSRB í netmiðlum en einnig varð lítilleg aukning í ljósvakamiðlum á meðan umfjöllun í dagblöðum dróst aðeins saman frá fyrra ári. Er þetta í samræmi við breytt landslag á fjölmiðlamarkaði. Fjölmiðlaumfjallanir um BSRB og stefnumál bandalagsins hafa því jafnt og þétt verið að aukast á kjörtímabilinu.

Tölu Fjölmiðlavaktarinnar sem greining byggir á nær þó aðeins til fréttatíma útvarps- og sjónvarpsstöðvanna, dagblaðalestur og netmiðla. Inn í tölurnar ná ekki til dýpri umræðuþátta á ljósvakamiðlum s.s. Spegillinn, Vikulokin á Rás1, Síðdegisútvarp og Morgunútvarp hvort sem það er á Rás 2 eða Bylgjunni. Þar hafa forsvarsmenn BSRB verið reglulegir gestir. Hér á eftir verða aðallega birtar greiningar á fjölmiðlaumfjöllunum á árunum 2013 og 2014 þar sem tölur fyrir árið 2015 liggja eðli málsins ekki fyrir og aðeins lítil hluti ársins 2012 fellur undir kjörtímabilið sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Fjöldi fréttu 2014 og 2013



Skipting milli mánaða 2013 og 2014



Breytingar milli ára



Verjum velferðina

Árið 2012 birti BSRB nokkrar auglýsingar í blöðum og á vefmiðlum sem voru fyrst og fremst hvatning til sveitarstjórnarmanna og þingmanna um að hlífa velferðarkerfinu við gerð fjárlaga og fjárhagsáætlana á komandi ári. Voru kjörnir fulltrúar minntir á að velferðarkerfið skilar samfélaginu mun meiru en það tekur og því ætti að verja það eftir fremsta megni. Voru sveitarstjórnarmenn og þingmenn jafnframt hvattir til að hafna frekari uppsögnum og niðurskurði. Til viðbótar við sendi formaður BSRB bréf á alla kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum landsins og á alla þingmenn þar sem þetta var brýnt fyrir þeim.

Viðhorfsátak BSRB á Facebook

Undir lok árs 2013 hleypti BSRB af stað átaki sem miðaði að því að hjálpa þingmönnum þjóðarinnar að standa við kosningaloforð sín. BSRB brá á það ráð að fá almenning með sér í lið við að hvetja þingmennina til að standa við gefin loforð við gerð síðasta fjárlagafrumvarps enda hafði margt breyst frá kosningabaráttunni og þangað til að fjárlög ársins 2014 litu dagsljósið þótt ekki væri nema fáeinir mánuðir á milli. BSRB setti því upp krossapróf á Facebook-síðu sinni með tilvitnunum í ummæli valdra þingmanna fyrir kosningar. Þátttakendur áttu svo að giska á hver lét hvaða orð falla og gátu í framhaldinu sent viðkomandi þingmanni tölvupóst til að hvetja viðkomandi til að standa við kosningaloforðin.

Fyrstu dagana eftir að áttakinu var hleypt af stað var þátttaka í leiknum mjög góð og tóku um 500 manns þátt í leiknum á fyrstu vikunni. Leikurinn stóð yfir í rúman mánuð og þótt allir sem spreyttu sig á spurningunum hafi ekki farið alla leið og sent þingmönnum sínum tölvupóst til áminningar um að standa við loforðin skilaði átakið inn veglegum bunka af tölvupóstum í innhólf umræddra þingmanna.

Átak um mikilvægi opinberra starfa

Í tengslum við kynningu fjárlaga og í ljósi þeirrar neikvæðu umræðu sem nokkrir af þingmönnum stjórnarflokkanna fóru fyrir á haustmánuðum 2014 um opinbera starfsmenn var ráðist í gerð auglýsinga til að minna á mikilvægi opinberra starfa. Félagsmenn BSRB voru þar sýndir í starfshlutverkum sínum undir kjörorðunum „Störf í þína þágu“. Auglýsingarnar voru birtar í öllum helstu prent- og netmiðlum landsins auk þess sem nokkur af aðildarfélögum BSRB birtu auglýsingarnar sérstaklega í sínu nafni.

Kynjabókhald BSRB

Í stefnu BSRB um jafnréttismál sem samþykkt var á 43. þingi bandalagsins í október 2012 er kveðið á um að starfsemi aðildarfélaganna BSRB og skrifstofa bandalagsins skuli endurspeglar að unnið sé í samræmi við jafnréttislög. Þá er eitt af hlutverkum BSRB að vinna að auknu jafnrétti skv. 2. gr. laga BSRB.

Í samræmi við stefnu BSRB um jafnréttismál hefur jafnréttisnefnd bandalagsins gefið árlega út kynjabókhald. Fyrsta kynjabókhald BSRB var gefið út á kvennafrídeginum 25. október 2010 og hefur síðan komið út í tengslum við 1. maí ár hvert.


Mikilvægt er fyrir BSRB að greina lykiltölur eftir kynjum á helstu sviðum í starfsemi bandalagsins og aðildarfélaganna bæði vegna aðhalds og til að fyrir hendi séu haldbærar upplýsingar vegna stefnumótunar og ákvörðunartöku bandalagsins. Árið 2015 var ákveðið, auk upplýsinga um kynjasamsetningu, að óska eftir upplýsingum um aldursskiptingu stjórnar aðildarfélaganna og á meðal trúnaðarmanna þeirra. Slíkar upplýsingar geta veitt vísendingar um stöðu og áhrif mismunandi aldurs hópa innan bandalagsins og verið hvatning til breytinga sé talin þörf á.

Birtar voru upplýsingar um kynjahlutföll innan hvers aðildarfélaganna BSRB fyrir sig. Þannig er varpað ljósi á kynjahlutföll félagsmanna, kynjahlutföll stjórnar og nefnda félagsins auk þess sem birtar voru upplýsingar um kynjahlutföll meðal trúnaðarmanna. Þá voru veittar upplýsingar um aldurhlutföll meðal stjórnar allra aðildarfélaganna bandalagsins og á meðal trúnaðarmanna. Þá eru jafnframt veittar upplýsingar um kynjaskiptingu meðal allra stjórnar eftir embættum og skrifstofum aðildarfélaganna. Hægt er að nálgast ítarlegt kynjabókhald BSRB á heimasíðu BSRB en hér á eftir verða nokkrar lykiltölur taldar upp.

Niðurstöður kynjabókhalds BSRB á árunum 2010-2015 eru mjög sambærilegar. Mikill meirihluti félagsmanna BSRB eru konur eða um 2/3 hluti þeirra en hlutfall kvenna er einungis um 40% innan stjórnar BSRB. Þar verður þó að hafa í huga að í stjórn bandalagsins sitja formenn aðildarfélaganna sem hver um sig er kosinn á aðalfundi hvers aðildarfélaganna auk formanns BSRB og formanns Sambands lífeyrisþega ríkis og bæja. Mikilvægt er að hafa í huga þegar niðurstöður kynjabókhalds eru metnar að fyrirkomulag vals fulltrúa í tilteknum nefndum, stjórnnum og ráðum kann að hafa áhrif á það hvernig gæta má kynjahlutfalla innan þeirra.


Varðandi starfsemi BSRB er niðurstaðan svipuð síðustu ár. Í einstökum nefndum BSRB er kynjahlutfall nokkuð jafnt. Stjórn bandalagsins skipar í nefndir. Hvað varðar niðurstöður kynjabókhalds einstakra aðildarfélaganna eru kynjahlutföll stjórnar og fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum félagsins nokkuð í samræmi við kynjahlutföll félagsmanna hjá flestum aðildarfélaganna.

Félagsmenn BSRB




■ Karlar ■ Konur

Stjórn BSRB




■ Karlar ■ Konur

Stjórnir aðildarfélaga BSRB




■ Karlar ■ Konur

Trúnaðarmenn aðildarfélaga BSRB




■ Karlar ■ Konur

Nefndir innan BSRB




■ Karlar ■ Konur

Kynjaskipting stjórna og skrifstofa aðildarfélaga BSRB




Aldurskipting stjórna aðildarfélaga BSRB



■ <35 ára ■ >35 ára

Aldurskipting trúnaðarmanna aðildarfélaga BSRB



■ <35 ára ■ >35 ára

Hér er heildaryfirlit í töflum yfir kynjahlutföll og fjölda hvers kyns hjá öllum aðildarfélögum BSRB um félagsmenn, stjórnir hvers félags og trúnaðarmenn. Tölurnar eru frá 1. janúar 2015.

	Félagsmenn		Stjórn		Trúnaðarmenn	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	69%	31%	60%	40%	50%	80%
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	76%	24%	80%	20%	40%	60%
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	27%	73%	29%	71%	0%	100%
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi	20%	80%	50%	50%	21%	79%
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	30%	70%	40%	60%	33%	67%
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	21%	79%	20%	80%	15%	85%
Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu	29%	71%	14%	86%	16%	84%
Landssamband lögreglumanna	85%	15%	94%	6%	-	-
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningam.	98%	2%	100%	0%	100%	0%
Póstmannafélag Íslands	43%	57%	14%	86%	24%	76%
SFR - stéttarfélag í almannaðjónustu	32%	68%	36%	64%	38%	62%
Sjúkraliðafélag Íslands	2%	98%	0%	100%	2%	98%
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu	22%	78%	0%	100%	6%	94%
Starfsmannafélag Fjallabyggðar	24%	76%	50%	50%	20%	80%
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar	41%	59%	40%	60%	33%	67%
Starfsmannafélag Garðabæjar	24%	76%	60%	40%	18%	82%
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	33%	67%	80%	20%	40%	60%
Starfsmannafélag Húsavíkur	30%	70%	20%	80%	50%	50%
Starfsmannafélag Kópavogs	24%	76%	27%	73%	8%	92%
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	27%	73%	0%	100%	12%	88%
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	37%	63%	36%	64%	33%	67%
Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins	39%	61%	25%	75%	-	-
Starfsmannafélag Suðurnesja	29%	71%	80%	20%	17%	83%
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar	29%	71%	43%	57%	21%	79%
Tollvarðafélag Íslands	79%	21%	100%	0%	100%	0%
Samtals	33%	67%	45%	55%	23%	77%

Launakannanir BSRB


Kjarakönnun BSRB var framkvæmd á árinu 2012 og svo endurtekin árið 2013. Í fyrri könnuninni var upphaflegt úrtak könnunarinnar var 16.640 manns en af þeim svöruðu 8196, eða 51%. Upphaflegt úrtak könnunarinnar 2013 var 16.747 manns en af þeim svöruðu 8939, eða 53,4%. Meginmarkmið könnunarinnar var að kanna kaup og og samsetningu launa og í öðru lagi að meta hvort kynbundinn launamunur sé fyrir hendi og hversu mikill hann er.

Niðurstöður á milli ára voru svo bornar saman og er þeim skipt upp í fjóra hluta. Í fyrsta hlutanum er greint frá helstu niðurstöðum. Í öðrum hluta eru töflur sem sýna dreifingu svara eftir nokkrum bakgrunnsþáttum; kyni, aldri, menntun, starfsaldri, starfsstétt, atvinnugrein, starfshlutfalli og fyrirkomulagi launagreiðslna. Í þriðja hluta er fjallað um kynbundinn launamun og niðurstöður aðhvarfsgreiningar. Í fjórða hluta eru launatöflur með upplýsingum um grunn- og heildarlaun svarenda og ítarleg skipting starfsstétta.

Helstu niðurstöður kjarakannanna BSRB má sjá hér á eftir. Fyrst eru borin saman á milli ára heildarlaun BSRB félaga eftir kynjum, svo grunnlaun, síðan kynbundinn launamunur eftir heildarlaunum og síðan grunnlaunum. Þar sést að kynbundinn launamunur á heildarlaunum er um 12%. Minnkar lítillega á milli ára en þó ómarktækt og innan skekkjumarka.

Heildarlaun mánaðar (starfsfólk í 70-100% starfshlutfalli*)

* laun þeirra sem voru í 70-99% starfshlutfalli eru uppreiknuð miðað við 100% starfshlutfall



Grunnlaun mánaðar (starfsfólk í 70-100% starfshlutfalli*)

* laun þeirra sem voru í 70-99% starfshlutfalli eru uppreiknuð miðað við 100% starfshlutfall




Kynbundinn launamunur á heildarlaunum (starfsfólk í 100% starfshlutfalli)

* = 100% - laun kvenna/laun karla*100

** að teknu tilliti til aldurs, vinnutíma, starfsaldurs, starfsstéttar, menntunar, vaktaálags og mannaforráða.

*** að teknu tilliti til aldurs, vinnutíma, starfsaldurs, starfsstéttar, menntunar, vaktaálags, mannaforráða og atvinnugreinar.




Kynbundinn launamunur á grunnlaunum (starfsfólk í 100% starfshlutfalli)

* = 100% - laun kvenna/laun karla*100

** að teknu tilliti til aldurs, vinnutíma, starfsaldurs, starfsstéttar, menntunar, vaktaálags og mannaforráða.


*** að teknu tilliti til aldurs, vinnutíma, starfsaldurs, starfsstéttar, menntunar, mannaforráða og atvinnugreinar.




Sátt með launakjör (allir svarendur)



Hversu langa vinnuviku vinnur þú að jafnaði? (starfsfólk í 100% starfshlutfalli)




Kynbundinn launamunur eftir landssvæðum




Líkt og sjá má af myndinni hér að ofan mældist kynbundinn launamunur mjög misjafnlega á milli landssvæða. Á Suðvesturhorninu í kringum höfuðborgina minnkaði hann milli ára úr 12,1% í 10,4% og á Austur- og Norðurlandi fór hann úr 11,6% árið 2012 niður í 5,7% árið 2013. Þá minnkaði hann úr 17,3% á Vesturlandi og Vestfirðum niður í 16,6%. Breytingar á milli ára eru þó oftast innan skekkjumarka. Hækkun varð hins vegar á Suðurlandi og Suðurnesjum á milli umræddra ára, fór úr 18% og upp í 20% kynbundinn launamunur árið 2013.

Forvitnilegt var að skoða samsetningu launa hjá kynjunum. Eins og sjá má hér að neðan er talsvert algengara að karlmenn hafi grunnlaun ásamt aukagreiðslum og þá hafa þeir mun oftast föst laun heldur en konur. Konur eru mun fjölmennari í hóp þeirra sem hafa aðeins grunn og dagvinnulaun.

Hvert er fyrirkomulag launagreiðslna hjá þér?




Ánægja með laun



Þegar ánægja með laun er skoðuð hjá félagsmönnum BSRB sést að góður hluti þeirra var á árunum 2012 og 2013 verulega ósáttur við laun sín. Rúmlega helmingur var annað hvort verulega ósáttur eða frekar ósáttur. Þá voru konur í meira mæli ósáttar við laun sín en karlar eða 67% á móti rúmlega 50% karla.

Hér fyrir neðan má svo sjá mynd yfir álag þátttakenda í kjarakönnuninni. Sjá má að mikill meirihluti telur álag aukast ár frá ári eða tæplega 2/3 hlutar svarenda. Ítarlegri upplýsingar úr launakönnunum BSRB er að finna á heimasíðu bandalagsins.

Finnst þér álag í vinnu hafa aukist/minnkað á sl. 12 mánuðum?



Rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar: Heilsa og lífshættir Íslendinga

Prófessor Rúnar Vilhjálmsson hefur undanfarin ár staðið fyrir rannsóknum sem nefnast „*Heilsa og lífshættir Íslendinga*“. Landskönnunin fór fram vorið 2015 og tók til 3.000 manna úrtaks úr Þjóðskrá. BSRB styrkti gerð könnunarinnar árið 2015 þar sem mörg rannsóknarefna könnunarinnar koma að verulegum hluta inn á mörg af baráttumálum bandalagsins.

Rúnar Vilhjálmsson verður gestur á 44. þingi BSRB þar sem hann mun kynna nokkrar af áhugaverðari niðurstöðum könnunarinnar fyrir þingfulltrúum og öðrum gestum. Áfram verður unnið með niðurstöðum könnunarinnar á næsta kjörtímabili og niðurstöðurnar birtar jafnt og þétt eftir því sem unnið hefur verið úr þeim.

Helstu viðfangsefni rannsóknarinnar

Þrjú megin rannsóknarviðfangsefni verða byggð á grundvelli könnunarinnar:

1) Félagsleg útbreiðsla áhættuþátta (þ.e. álagsþátta og hollustu- og áhættuhegðunar) á Íslandi, einkum með tilliti til aldurs, kynferðis, menntunar, tekna og atvinnu- og starfsstéttar, og þróun í útbreiðslu þessara áhættuþátta með samanburði við sambærilegar landskannanir 1998 og 2006. Sérstaklega verður athygli beint að undirhópum (s.s. yngri og eldri körlum og konum, einstaklingum með litla menntun og tekjur) og jaðarhópum (einkum atvinnulausum). Tilgangur þessa viðfangsefnis er kortlagning á félagslegu mynstri áhættuþátta og þróun þeirra í einstökum hópum á tímabilinu 1998-2015.

2) Félagsleg útbreiðsla (dreifingarmynstur) valinna heilsuvandamála (sjúkdóma, veikinda og vanlíðunar) m.t.t. aldurs, kynferðis, menntunar, tekna og starfsstéttar. Hugsanleg hlutdeild álagsþátta og hollustu- og áhættuhegðunar í skýringu á mynstrinu verður athuguð með því að skoða mun á algengi sjúkdóma/veikinda/vanlíðunar í hópum fyrir og eftir að tekið hefur verið tillit til álagsþátta og hollustu- og áhættuhegðunar. Rannsóknin verður í senn lýsandi og skýrandi. Sérstakri athygli verður beint að stoðkerfisvandamálum, einkennum frá og sálrænni vanlíðan.

3) Rannsókn á félagslegri dreifingu heilbrigðisþjónustunotkunar, einkum læknaheimsókna, og mat á í hvaða mæli heilbrigðisþjónustunotkun í einstökum hópum, undirhópum og jaðarhópum (m.t.t. aldurs, kynferðis, búsetu, menntunar, tekna, starfsstéttar, atvinnuleysis, örorku og langveiki) er í samræmi við áætlaða þörf innan hópanna fyrir heilbrigðisþjónustu. Þörf verður metin útfrá huglægu mati svarenda á þörf sinni fyrir þjónustu, og heilsufari einstaklinga með tilliti til sjúkdóma og annarra kvilla.

Afstaða til hver eigi að reka heilbrigðisþjónustuna

Fram til þessa hefur rannsókn Rúnars sýnt fram á nokkur áhugaverð atriði t.d. varðandi afstöðu til opinbers reksturs og einkareksturs heilbrigðisþjónustu, og opinberrar fjármögnunar heilbrigðisþjónustu. Þegar niðurstöður heilbrigðiskönnunarinnar 2015 eru bornar saman við fyrri heilbrigðiskönnun meðal Íslendinga á sama aldri frá árinu 2006 er tilhneiging til aukins fylgis Íslendinga við opinberan rekstur heilbrigðisþjónustunnar. Á sama tíma dregur úr fylgi við að einkaaðilar reki einstaka þætti heilbrigðisþjónustunnar. Þetta á við um nær alla þætti heilbrigðisþjónustunnar. Þá leiðir samanburður heilbrigðiskannananna 2015 og 2006 í ljós aukinn stuðning almennings við að ríkið verji meira fé til heilbrigðismála.

Í stuttu máli má því segja að niðurstaðan sé sú að Íslenskur almenningur kallar eftir aukinni félagsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar miðað við það sem nú er. Mjög lítil stuðningur er við einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar, hvort sem er í formi aukinnar einkafjármögnunar (sjúklingagjalda), eða aukins einkareksturs.

Töflurnar hér að neðan varpa betra ljósi á svör við spurningum sem varða þetta atriði.

Tafla 1. Hvort finnst þér að eftirfarandi starfsemi eigi að vera rekin (starfrækt) af hinu opinbera (ríki, sveitarfélögum) eða einkaaðilum?

	Hið opinbera	Einka og opinbera	Einkaaðilum
Sjúkrahús	83,2%	16,2%	0,5%
Heilsugæslustöðvar	77,6%	21,3%	1,2%
Hjúkrunarheimili	64,8%	33,5%	1,8%
Heimahjúkrun	60,8%	36,2%	3,0%
Endurhæfingarstöðvar	51,1%	45,3%	3,5%
Lýðheilsustarfsemi	61,0%	36,2%	2,8%
Læknastofur	39,9%	49,5%	10,6%
Tannlækningar barna	64,8%	28,1%	7,2%
Tannlækningar barna	46,3%	38,8%	14,9%

Tafla 2. Finnst þér að hið opinbera (ríki/sveitarfélög) eigi að leggja meira fé, minna fé, eða óbreytt fé til heilbrigðisþjónustu, miðað við það sem nú er?

Meira fé	Óbreytt fé	Minna fé
90,9%	1,3%	7,9%

Þegar niðurstöður heilbrigðiskönnunarinnar 2015 eru bornar saman við fyrri heilbrigðiskönnun meðal Íslendinga á sama aldri frá árinu 2006 sést tilhneiging til aukins fylgis Íslendinga við opinberan rekstur heilbrigðisþjónustunnar. Á sama tíma dregur úr fylgi við að einkaaðilar reki einstaka þætti heilbrigðisþjónustunnar. Þetta á við um nær alla þætti heilbrigðisþjónustunnar.

Tafla 3. Samanburður á niðurstöðum úr heilbrigðiskönnunum 2006 og 2015:

Hið opinbera ætti fyrst og fremst að reka ...	2006	2015
Sjúkrahús	80,7%	83,2%
Heilsugæslustöðvar	76,2%	77,6%
Hjúkrunarheimili	59,1%	64,8%
Tannlækningar	63,3%	64,8%

Þá leiðir samanburður heilbrigðiskönnanna 2015 og 2006 í ljós aukinn stuðning almennings við að ríkið verji meira fé til heilbrigðismála (sjá Töflu 4):

Tafla 4. Finnst þér að hið opinbera (riki/sveitarfélög) eigi að leggja meira fé, minna fé, eða óbreytt fé til heilbrigðisþjónustu, miðað við það sem nú er?

Meira fé 2006	Meira fé 2015	Óbreytt fé 2006	Óbreytt fé 2015	Minna fé 2006	Minna fé 2015
90,9%	81,5%	1,3%	16,5%	7,9%	1,9%

Nú telja sem sagt 91% Íslendinga að hið opinbera eigi að verja meira fé til heilbrigðismála, en 82% töldu það árið 2006. Íslenskur almenningur kallar þess vegna eftir aukinni félagsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar miðað við það sem nú er.

Kostnaður heimila vegna heilbrigðisþjónustu

Niðurstöður varðandi kostnað heimila við heilbrigðisþjónustu leiðir í ljós að heildarútgjöld íslenskra heimila vegna heilbrigðismála hækkuðu frá árinu 1998, en hafa lækkað að raungildi milli áráanna 2006 og 2015 úr 174 þús. kr. í 156 þús. kr. Innbyrðis hlutdeild kostnaðarþátta en nokkuð svipuð. Þó hefur hlutdeild tannlæknakostnaðar minnkað, en hlutdeild lyfjakostnaðar og sjúkráþjálfunar aukist.

Það segir aftur á móti ekki alla söguna vegna þess að verulegur munur er á heilbrigðisútgjöldum eftir hópum. Hæst útgjöld í krónum hafa heimili eldra fólks, sambúðarfólks, stórra fjölskyldna, fólks utan vinnumarkaðar, fólks með hærri tekjur, langveikra og öryrkja. Séu heimilisútgjöld vegna heilbrigðismála hins vegar skoðuð sem hlutfall af tekjum heimilanna sést að útgjaldahlutfall er hæst á heimilum eldra fólks, atvinnulausra, fólks utan vinnumarkaðar, grunnskólamenntaðra, lágtekjufólks, langveikra og öryrkja.

Tafla 1. Sundurliðuð meðalútgjöld heimila vegna heilbrigðismála á ársgrundvelli (á verðlagi ársins 2014)

	Krónur			Hlutfall af heildarútgjöldum		
	1998	2006	2014	1998	2006	2014
Heildarútgjöld	135.118	174.072	155.597	100%	100%	100%
Formleg heilbrigðisþjónusta:	130.466	164.580	144.981	96,6	94,5	93,2
Tannlæknisþjónusta	37.953	43.676	34.540	28,1	25,1	22,2
Heildarlyfjakostnaður	34.625	45.848	44.592	25,6	26,3	28,7
Lyfseðilsskyld lyf	25.654	33.056	31.080	19,0	19,0	20,0
Lyf án lyfseðils	8.971	12.792	13.512	6,6	7,3	8,7
Tæki og lyfjabúðarvörur	26.817	33.245	25.282	19,8	19,1	16,2
Læknisþjónusta (allar komur og vitjanir)	22.263	27.302	24.730	16,5	15,7	15,9
Sjúkráþjálfun	6.862	10.226	12.846	5,1	5,9	8,3
Sálfræðiþjónusta	1.946	4.283	5.250	1,4	2,5	3,4
Óhefðbundin heilbrigðisþjónusta	4.652	9.492	8.357	3,4	5,5	5,4

Taflan hér á undan sýnir að heildarútgjöld íslenskra heimila vegna heilbrigðismála hækkuðu frá árinu 1998, en hafa lækkað að raungildi milli áráanna 2006 og 2015 úr 174 þús. kr. í 156 þús. kr. Innbyrðis hlutdeild kostnaðarþátta en nokkuð svipuð. Þó hefur hlutdeild tannlæknakostnaðar minnkað, en hlutdeild lyfjakostnaðar og sjúkráþjálfunar aukist.

Við frekari greiningu niðurstaðna rannsóknar Rúnar Vilhjálmssonar sést að verulegur munur er á heilbrigðisútgjöldum eftir hópum. Hæst útgjöld í krónum hafa heimili eldra fólks, sambúðarfólks, stórra fjölskyldna, fólks utan vinnumarkaðar, fólks með hærri tekjur, langveikra og öryrkja.

Frestun heilbrigðisþjónustu

Könnunin náði einnig til þess hvort að þátttakendur í könnuninni hefðu frestað eða sleppt því að nýta sér lækniþjónustu sem þörf var fyrir á síðastliðnum 6 mánuðum. Við úrvinnslu könnunarinnar kom í ljós að örlítið hefur dregið úr frestun lækniþjónustu frá árinu 1988. Frestunarhlutfall er nánast það sama milli árana 2006 og 2015. Þegar skoðað var hvers vegna fólk frestaði því að leita sér lækniástoðar kom í ljós að algengast var að fólk taldi sig of upptekið í öðrum verkefnum (verkefnabinding), sem er algengasta ástæða sem nefnd er fyrir frestun lækniþjónustu öll árin. Sérstaka athygli vekur að kostnaður sjúklinga vegna þjónustunnar er mun algengari ástæða frestunar lækniþjónustu árið 2015 en fyrri ár. Þá fresta sjúklingar í vaxandi mæli lækniheimsókn vegna þess að þeir vita ekki hvert þeir eiga að leita.

Tafla 2. Sex af algengustu ástæðum fyrir frestun lækniþjónustu

	1998	2006	2015
Of upptekinn (önnur verkefni)	44,6%	60,2	47,8%
Taldi að ferð til læknis myndi ekki gera mikið gagn	33,0%	46,3%	44,9%
Kostnaður þjónustunnar	30,5%	30,1%	41,4%
Gat ekki fengið tíma hjá lækni nægilega fljótt ²	–	43,3%	42,1%
Fannst of tímafrekt að fara til læknis	25,1%	29,7%	29,6%
Vissi ekki til hvaða læknis ætti að leita	10,3%	19,7%	22,5%

Frekari úrvinnsla á því hvaða afleiðingar frestun lækniheimsókna hefur haft verður svo kynnt á þingi BSRB í lok október 2015. Þar verður líka greint frekar frá því hvaða hópar hafa sérstaklega verið að fresta eða sleppa því að leita sér nauðsynlegrar læknishjálpar, hvers vegna og hvaða afleiðingar það hafði fyrir viðkomandi.

Baráttudagur verkalýðsins 1. maí

Fram til ársins 2015 hefur BSRB staðið straum af kostnaði við hátíðarhöld vegna baráttudags verkalýðsins þann 1. maí í Reykjavík. Það var hins vegar ákveðið eftir 1. maí 2014 að færa kostnað og undirbúningsvinnu vegna 1. maí í höfuðborginni frá BSRB og til þeirra aðildarfélaganna bandalagsins sem eru með starfsemi í Reykjavík. BSRB mun aftur á móti áfram bjóða til baráttukaffis í félagamiðstöðinni að Grettisgötu enda hefur sú uppákoma alltaf verið opin öllum og haldin fyrir alla sem leið eiga um óháð því hvar þeir tóku þátt í hátíðarhöldum vegna 1. maí.

Formaður BSRB hefur verið viðstaddur hátíðarhöld vegna 1. maí víðsvegar um landið á síðustu árum. Árið 2013 hélt Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, ræðu á Selfossi. Árið 2014 var Elín Björg aðalræðumaður 1. maí hátíðarhaldanna í Reykjavík og árið 2015 á Akureyri. Ræður hennar vegna þessara tilefna birtast hér á eftir.

Ræða formanns BSRB á Selfossi 1. maí 2013

Kæru félagar.

Það er mér sannur heiður að fá að ávarpa ykkur hér á Selfossi, svo nærri heimahögum og í því umhverfi sem ég hvað best þekki og það á baráttudegi verkalýðsins.

Á þessum degi minnum við okkur sjálf á mikilvægi samstöðu launafólks. Og það er okkur holt að muna að við stöndum ekki ein. Milljónir manna og kvenna standa með okkur í dag um heim allan.

Þessi dagur er okkur kær því á þessum degi minnumst við þess sem hefur áunnist í baráttu launafólks í gegnum tíðina, en ekki síður, að horfa fram á veginn á það sem enn er eftir ógert.

Þær raddir voru háværar fyrir fáeinum árum að verkalýðshreyfingin væri úr sér gengin, hún væri barn síns tíma – verkefnalistinn væri tæmdur og upprunninn væri nýr tími, tími þar sem ekki væri lengur þörf verkalýðshreyfingunni.

Atburðir síðustu ára hafa sýnt okkur fram á að slíkar hrakspár voru með öllu tilefnislausar. Nú sem aldrei fyrr er þörf fyrir öflugar hreyfingar launafólks. Nú sem aldrei fyrr er þörf fyrir samstöðu launafólks.

Í upphafi 20. aldar voru samtök launafólks smá, fámenn og fjárvana. En áður en leið á löngu tókst þeim að breyta þjóðfélögum, um víða veröld í átt til betri vegar. Samfélög tóku að þróast og breyttust frá því að þjóna - fyrst og fremst þörfum atvinnurekenda og auðvalds yfir í að laga sig að þörfum hins vinnandi manns, hinna almennu borgara.

Þetta reyndist launafólki kleift með því að beita vopni sem er öllum öðrum vopnum sterkara. Launafólk bjó yfir samtakamætti og samstöðu og með því baráttutæki tókst að breyta heilu þjóðfélögunum til betri vegar. Samstöðuna er nefnilega ekki hægt að kaupa, og hana er ekki hægt að gjaldfella eða afskrifa. Þess vegna er samstaðan, það mikilvægasta sem við, launafólk þessa lands, búum yfir og eigum.

Með samstöðuna eina að vopni náði launafólk fyrr á tímum að knýja fram ótrúlegar umbætur á aðstöðu sinni. Barátta þeirra snérist um að koma á hvíldartíma, félagafrelsi, lífeyrisréttindum, almannatryggingum, réttinum til að gera kjarasamninga og koma á skólum og sjúkrastofnunum, þar sem allir hafa jafnan aðgang.

Allt eru þetta réttindi sem okkur þykja sjálfssögð í dag en þau kostuðu miklar fórnir. Baráttan sem launafólk lagði í, til að knýja fram þessi réttindi gátu kostað atvinnumissi og þá um leið aleiguna.

En með trú sinni og staðfestu, hélt það baráttunni áfram og hafði að lokum betur. Hvarvetna mættu kröfur, sem við teljum til grunnréttinda í dag mikilli andstöðu hinna ráðandi afla. En þessu tókst að breyta.

Með samtakamættinum tókst launafólki að búa til réttlátara samfélag, þar sem verðmætum þjófðarinnar var sameiginlega varið, í þágu fjöldans í stað fáttra. Fórnfýsi og óeigingirni þessa hugsjónafólks lagði grunninn að nútíma samfélagi og það má sannarlega segja að ef ekki væri fyrir þrotlausu baráttu þessara manna og kvenna byggjum við ekki við það velferðarkerfi sem við búum við í dag.

Og nú er öllum ljóst að slíkt fyrirkomulag er öllum til hagsbóta. Það er okkar hlutverk að standa vörð um þessa samfélagsgerð. Það er okkar hlutverk að halda þessu góða starfi áfram til frekari árangurs.

Það er óumdeilt að öflugt velferðarkerfi skilar samfélaginu meiru en það tekur. Öflugt velferðarkerfi stuðlar að frekara réttlæti og jafnræði á meðal fólks. Fjármunum sem varið er í velferð er góð fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka, samfélaginu öllu til góða.

Því fleiri sem eru á vinnumarkaði, því fleiri eru þeir sem leggja til hinna opinberu sjóða. Þá sjóði notum við svo til að greiða fyrir umönnun, fyrir heilbrigðisþjónustu og menntun, svo dæmi sé tekið, sem skilar sér aftur í framförum og auknum tekjum til þjófðarinnar.

Almenn velferð og jöfnuður gerir okkur kleift að halda uppi háu atvinnustigi sem er lykilforsenda þess að halda uppi velferðarkerfi. Og raunar er ein helsta ástæða þess að við getum haldið úti velferðarkerfi og búið við eins mikla hagsæld og við gerum í alþjóðlegum samanburði, að hér er, þrátt fyrir atvinnuleysi og erfiða tíma, mikil atvinnuþátttaka.

Þar munar ekki síst um mikla atvinnuþátttöku kvenna á Íslandi, sem er með því mesta sem gerist í heiminum. Þetta er algjör grunnforsenda hagvaxtar og um leið aukinna tekna ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Þess vegna er enn óskiljanlegra en ella að átta sig á því hvers vegna það viðgangist enn hér á landi að greiða konum lægri laun, en körlum fyrir sambærileg störf. Á síðasta ári mældist óútskýrður kynbundin launamunur að meðaltali 13,1% á landsvísi og hafði aukist frá árinu á undan.

Slíkar tölur eiga vitanlega ekki að heyrast nú á tímum, að karl og kona með jafn mikinn starfsaldur, sambærilega menntun og í sambærilegu starfi skuli ekki hafa sömu laun er mismunun sem við getum ekki lengur sætt okkur við. Og við þessu verðum við að bregðast.

Einhver árangur náðist, á síðasta ári í að fá ríkið til að bregðast við þessu mikla óréttlæti, sem kynbundinn launamunur er og vona ég sannarlega að ný stjórnvöld, muni halda áfram með okkur í þeirri vegferð, að uppræta þetta mein á íslenskum vinnumarkaði.

Nýjum stjórnvöldum bíða ærin verkefni. Þótt að atvinnuleysi hér á landi sé ekki mikið í alþjóðlegum samanburði er það samt sem áður staðreynd að of margar vinnufúsar hendur eru enn verklausar.

Mjög víða hefur fólki fækkað á meðan verkefnum hefur fjölgað vegna niðurskurðar og samdráttar síðustu ára. Óhóflegt vinnuálag er við það að sliga marga. Almennu launafólki hefur, þrátt fyrir óhóflegt álag, fjársvelt og jafnvel úreltan tækjakost, tekist með undraverðum hætti, að láta hlutina ganga upp. Með samstöðunni hefur það náð hinu sameiginlega markmiði sínu og sinnt störfum sínum eftir bestu getu.

En allt hefur sín takmörk og við getum ekki lengur haldið áfram án þess að efla velferðarkerfið til muna, líkt og ríkur almannavilji er fyrir. Sá almannavilji birtist m.a. í nýrri könnun Félagsvísindastofnunar sem sýnir fram á að 80% vilja að hið opinbera reki heilbrigðisþjónustuna og innan við 1% vill að einkaaðilar komi þar að í ríkara mæli.

Þarna má sjá, sem við svo sem vissum fyrir, hversu ríkur stuðningur er hjá landsmönnum við félagslegt heilbrigðiskerfi. Nú verður að snúa þróuninni við og huga að launafólki þessa lands svo það sjái hag sínum best borgið á Íslandi.

Okkur hefur verið lofað miklum umbótum í nýafstaðinni kosningabaráttu. Krafa samfélagsins er að staðið verði við gefin heit. Og nú er það þeirra að efna sem lofuðu. Okkur hefur verið lofað skuldaniðurfellingum, auknum ráðstöfunartekjum, lægri sköttum og aukinni atvinnuuppbyggingu á sama tíma og efla á mennta, heilbrigðis- og almannatryggingakerfið.

Ég vona sannarlega að þeir sem veljast til að stjórna landinu okkar næstu fjögur árin séu færir um að efna þessi stóru loforð. En stjórnvöld mega heldur ekki gleyma því að verðmæti eru ekki bara mæld í krónum og aurum.

Allar mælingar benda til þess að áherslur fólks hafi breyst nokkuð frá efnahagshruninu sem átti sér stað fyrir næstum fimm árum síðan. Rannsóknir sína okkur að í stað þess að setja vinnu og verðmætasköpun í 1. sæti metur fólk frítíma sinn og samverustundir með fjölskyldu og vinum-meira en áður. Þetta eru hin sönnu verðmæti sem okkur ber að hlúa vel að.

En til þess að við fáum sem best notið samveru með þeim sem skipta okkur mestu máli verður að búa svo um að hér byggist upp fjölskylduvænna samfélag. Með því á ég við að vinnutími fólks verði endurskoðaður með styttingu vinnuvikunnar.

Þannig má jafna möguleika fólks til að taka virkan þátt í uppeldi barna sinna - og verja auknum tíma með fjölskyldu sinni. Það þarf að lengja rétt foreldra til fæðingarorlofs og hækka greiðsluþak Fæðingarorlofssjóðs á ný svo að allir sjái sér fært að nýta fæðingarorlof sitt.

Það hefur nefnilega sýnt sig að færri fólk nýtir þann rétt sinn eftir efnahagshrun, og á það sérstaklega við um feður. Það þarf að efla menntastofnanir landsins – frá leikskóla og alla leið upp í háskóla.

Fjársvelti og einkennileg forgangsröðun, veldur því, að hjá sumum sveitarfélögum, fá börn ekki viðunandi dagvistun fyrr en þau nálgast þriggja ára aldur og það segir sig sjálft að það bitnar á barnafjölskyldum landsins, bæði félags- og fjárhagslega.

Fjölskyldan er það sem flestir setja í forgang og stjórnvöld verða að leggja sitt á vogarskálarnar til að búa svo um að Ísland verði fjölskylduvænna samfélag.

En stjórnvöldum bíða líka verkefni sem lúta að eldra fólkinu. Lífeyrisþegar hafa mátt þola skerðingar á sínum kjörum og tekjutengingar bóta hafa leikið marga grátt. Þessum hópi hefur líka verið lofað bættum hag og við það verður að standa.

Annað mál sem enn bíður úrlausnar eru málefni lífeyrissjóða og samræming lífeyrisréttinda á milli þeirra sem starfa á opinberum og almennum vinnumarkaði. Vinna við þá samræmingu, hefur staðið yfir í allnokkurn tíma og það er brýnt að stjórnvöld og aðildar vinnumarkaðarins haldi þeirri vinnu áfram svo farsæl lending náist í málinu. Það skilyrði fylgir þó samræmingu lífeyrisréttinda að jafnframt fylgi samræming launa á milli opinbers og almenns vinnumarkaðar enda ber þar mikið á milli eins og staðan er í dag.

Kæru félagar.

Kjarasamningar renna út í upphafi næsta árs og framundan er samningagerð sem heildarsamtök launafólks binda miklar vonir við. Við hjá BSRB höfum lagt á það ríka áherslu að umgjörðin um kjarasamningana verði bætt til muna frá því sem verið hefur.

Allir sem að málinu koma, hafa tekið vel í þær hugmyndir okkar og í sameiningu er verið að grandskoða hvernig við getum bætt vinnubrögðin svo að vinnan við kjarasamninga geti orðið markvissari.

Sú vinna á að leiða til betri kjara fyrir launafólk og raunar tel ég að allir munu hagnast verulega af því, að bæta vinnubrögðin og ganga markvisst til verks. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja að kjarasamningur taki við af kjarasamningi svo að samningar séu ekki lausir svo mánuðum skipti eins og hefur því miður gerst allt of oft á síðustu árum. Slík vinnubrögð eiga ekki að þekkjast.

Eins er okkur gríðarlega mikilvægt að ná breiðri samstöðu á meðal alls launafólks að hverju skuli stefnt, við komandi kjarasamninga. Þannig að raunverulegur árangur náist við að bæta kjörin, að bæta kaupmátt launafólks það er til lítils að hækka launin ef verðlag og verðbólga hækka jafn óðum og gera þannig kjarabæturnar um leið að engu. Þess vegna kalla ég ekki bara eftir samstöðu launafólks heldur allra aðila vinnumarkaðarins.

Allir þeir sem að kjarasamningum koma, verða að vera sammála um að kaupmáttaraukning, almenns launafólks sé mesta kjarabótin sem völ er á. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þótt kosningar séu nýafstaðnar, og allt bendir til að ný ríkisstjórn taki hér við völdum á næstu dögum breytir það ekki þeirri staðreynd að við erum enn að kljást við eftirmála hrunsins.

Úrlausnarefnin eru enn gríðar mörg og flókin og miklu hefur verið lofað sem vonandi verður hægt að standa við. Þar á ég ekki síst við húsnæðis og skuldamálin sem öðrum málum fremur voru fyrirferðamest í kosningabaráttunni.

En í þeirri miklu umræðu sem fór fram um skuldaniðurfellingar hafa ákveðnir hópar gleymst sem stjórnvöldum ber skylda til að huga betur að. Það er nefnilega svo að fjöldi fólks býr ekki í eigin húsnæði heldur eru leigjendur. Margir þeirra sem eru á leigumarkaði hafa í gegnum tíðina hreinlega ekki haft efni á því að kaupa sér húsnæði og í reynd neyðst til að vera á leigumarkaði.

Þetta er gjarnan fólkið sem minnst hefur á milli handanna og ef til stórfelldra skuldaniðurfellinga vegna húsnæðislána kemur verður þessi hópur algjörlega útundan. Stjórnvöldum ber skylda til að bæta þessum hópi fólks upp það óréttlæti sem það yrði fyrir ef til almennra skuldaniðurfærslna á húsnæðislánum kæmi.

Kæru félagar. Verkefnin sem framundan eru er mörg og krefjandi og við munum seint ná að ljúka þeim ef við leggjumst ekki öll á eitt.

Það er einmitt þess vegna sem mér hefur orðið svo tíðrætt um samstöðu hér í dag. Án samstöðunnar er verkið óvinnandi. Við höfum á andanförnum árum víða séð samtakamáttinn í verki, þrátt fyrir ágreiningsmál og efnahagserfiðleika. En við vildum gjarnan sjá hann víðar. Þá horfi ég sérstaklega til þeirra í Reykjavík, nánar til tekið fólksins við Austurvöll sem starfar þar í okkar umboði.

Þar hefur allt of oft skort á samstöðu – samstöðu um að koma brýnustu málunum sem varðar almenning í landinu á dagskrá svo hér geti hafist alvöru uppbygging. Samtakamátturinn hefur víða flutt fjöll á undanegnum árum og nú er kominn tími til að innleiða betri vinnubrögð á Alþingi.

Þrátt fyrir háværa kröfu frá almenningi um að bæta þurfi stjórnámálamenningu landsins, hefur það ekki tekist. Og nú, þegar ný ríkistjórn og nýtt Alþingi tekur við störfum, gefst aftur tækifæri til að bæta þar úr. Það er hreinlega nauðsynlegt, því eins og allir vita, hafa mælingar á trausti til stofnana lýðveldisins og helstu embætta þess, verið á stöðugri niðurleið síðustu ár.

Verkalýðshreyfingin krefst þess að stjórnámálamenn hlýði á kall launafólks í landinu. Kalli okkar um bætt vinnubrögð. Kalli okkar um fjölskylduvænna samfélag. Kalli okkar um að Ísland verði aftur í fremstu röð þjóða þar sem fólki líður eins og hvergi sé betra að búa.

Kæru félagar. Undanfarin ár hafa reynst grunnþjónustu samfélagsins erfið og þessari þróun verðum við að snúa við. Það verður að fjárfesta í framtíð þjóðarinnar – efla atvinnu – efla kaupmátt. Þannig styrkjum við tekjugrunn ríkis og sveitarfélaga svo hægt sé að veita þá þjónustu sem við viljum geta veitt.

Ágætu félagar. Ég hef komið víða við í máli mínu og ég heiti ykkur því að verkalýðshreyfingin mun ekki láta sitt eftir liggja í að þrýsta á stjórnvöld um að koma hér á þeim nauðsynlegu úrbótum sem ég hef hér fjallað um.

Það hefur hrikt hressilega í undirstöðum samfélagsins. Samfélags sem forfeður okkar lögðu á sig ómælt erfiði til að koma á. Þess vegna er mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar sjaldnar meira en nú. Samtök launafólks búa yfir afli sem verður ekki keypt fyrir alla fjármuni sem finnast í heiminum.

Með samtakamættinum getum við varið það kerfi sem á síðustu áratugum hefur verið reist og með samtakamættinum getum við byggt okkur enn betra samfélag, réttlátara samfélag – landsmönnum öllum til hagsbóta.

Til þess verðum við að virkja samtakamáttinn og til þess verðum við að virkja samstöðuna. Við verðum að þjappa okkur saman um það sem mestu máli skiptir. Þannig hefur íslenska þjóðin alltaf brugðist við áföllum í gegnum tíðina og þannig getum við byggt saman samfélag, þar sem jafn tilveruréttur hvers og eins er tryggður, þar sem sam hjálp og félagsleg samheldni eru gildin sem við byggjum á í stað einstaklingshyggju og eiginhagsmuna.

Réttlátt samfélag jafnaðar er eina tryggingin fyrir velsæld þjóðarinnar.

Kæru félagar.

Til hamingju með daginn.

Ræða formanns BSRB í Reykjavík 1. maí 2014

Kæru félagar, góðir landsmenn. Til hamingju með daginn.

Það er sannur heiður að fá að ávarpa ykkur hér í dag, á baráttudegi verkalýðsins. Þessi dagur er okkur afar kær. Á þessum degi minnum við okkur á mikilvægi samstöðu launafólks og minnumst þess sem hefur áunnist í baráttunni í gegnum tíðina.

Okkur er hollt að rifja upp að ávinningurinn kom ekki að sjálfu sér, heldur kostaði umtalsverðar fórnir og baráttu sem var knúin áfram af samstöðu. Og þessa samstöðu verðum við að virkja áfram því stöðugt er sótt að réttindum okkar og kjörum.

Launafólk hefur horft upp á mikla kjararýrnun síðustu ár, hærri kostnað vegna heilbrigðisþjónustu, niðurskurð á almannþjónustu og uppsagnir starfsfólks. Það er mikill skortur á leiguhúsnæði og leiguverð er hærra en margir ráða við. Börnum sem lifa undir fátæktarmörkum fer fjölgandi og slíkt ástand á ekki að líðast í landi sem kennir sig við mannréttindi, jafnrétti, velferð og jöfnuð. Við verðum að bregðast við.

Okkur tókst að byggja upp samfélag þar sem jöfnuður fólksins var settur framar öllu – kerfi sem veitti fólki jafnari tækifæri, óháð efnahag, fjölskylduaðstæðum og búsetu. Eins og sakir standa erum við að þróast frá þessari samfélagsgerð yfir í samfélag aukinnar misskiptingar og ójafnaðar. Grunnildum okkar er ógnað. Það munum við ekki sætta okkur við.

Þrátt fyrir erfiðan vetur á vinnumarkaði hefur þorri launahreyfingarinnar gert nýja kjarasamninga. Megin markmið nýrra kjarasamninga var að auka kaupmátt launa og ná tökum á verðbólgu og þannig hefur launafólk enn og aftur axlað ábyrgð og lagt sitt af mörkum til að hér skapist aðstæður til að koma á stöðugu efnahagsumhverfi.

En það eru ekki bara kjarasamningar sem stýra hagtolunum. Hlutur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja er að sama skapi mikilvægur og þessir aðilar verða að halda að sér höndum við verð- og gjaldskrárhækkunar ef markmið um stöðugra efnahagsumhverfi og aukinn kaupmátt eiga að ná fram að ganga. Því miður hafa þessir aðilar ekki axlað sömu ábyrgð og launafólk.

Og það er í raun grátlegt því stjórnvöld kölluðu mjög eftir því að hér gætu skapast aðstæður fyrir aukinn stöðugleika. Launafólk hefur nú skapað stjórnvöldum einstakt tækifæri og það er stjórnvalda að nýta það.

Það þarf að auka kaupmáttinn. Það verður að efla heilbrigðisþjónustuna, menntastofnanir og almannatryggingakerfið. Það verður að búa svo um að það skapist fleiri störf. Það verður að tryggja fólki húsnæði á viðráðanlegu verði. Það þarf að efla velferðarþjónustuna. En framtíðarsýn stjórnvalda skortir.

Hér er engin framtíðarstefna í efnahags- og gjaldmiðlamálum. Hér er engin framtíðarstefna við atvinnuuppbyggingu. Aðeins áframhaldandi stefnuleysi og óvissa.

Við höfum fengið að kynnast niðurskurði sem leiðir af sér fjársveltur stofnanir og aukið álag á starfsfólk. Við höfum séð að stjórnvöld vilja endurskoða lög um verndun náttúrusvæða svo mögulega megi byggja fleiri virkjanir – jafnvel þótt enginn viti til hvers eigi að nýta orkuna.

Við höfum séð að stjórnvöld hafna tekjum frá þeim sem helst eru aflögufærir. Skattar hafa verið lækkaðir á þá best settu og von er á skuldaniðurfellingum sem koma á engan hátt til móts við þá sem mest þurfa á að halda. Og enn eru boðaðar skattalækkanir.

Þess vegna er allt útlit fyrir að velferðarkerfið – öryggisnetið okkar – eigi eftir að veikjast enn frekar um leið og álagið á það á eftir að aukast. Frekari skattalækkanir á þá sem mest hafa þýða ekkert annað en meiri niðurskurð á almannatjónustu, aukin útgjöld þeirra tekjulægstu og aukin ójöfnuð. Það viljum við ekki sjá.

Þótt slíkar aðgerðir geti skilað bættum hagtölum til skamms tíma - mun það alltaf kosta okkur meira til lengri tíma litið. Samfélag jafnaðar verður ekki til af sjálfu sér og við megum aldrei missa sjónar af því hvernig samfélag við viljum byggja hér upp. Skattkerfið á að nýta til lífkjarajöfnunar. Það er hugsunin á bak við okkar þjóðfélagsgerð og það stuðlar öðru fremur að auknum jöfnuði. Það er okkar hlutverk að standa vörð um þessa samfélagsgerð.

Ágætu félagar. Framundan eru kosningar til sveitastjórna. Loforðaflaumurinn er þegar byrjaður að dynja á okkur og þar lofa flestir úrbótum á því sem ég hef nefnt hér á undan. Ég vona sannarlega að staðið verði við að efla nærtjónustuna, aukið verði framboð á leiguhúsæði, að betur verði gert við barnafjölskyldur, tekjulága og þá sem þurfa að reiða sig á aðstoð hins opinbera.

Þau sem munu veljast til að stjórna sveitarfélögum og borg eftir komandi kosningar standa frammi fyrir tækifæri til að efla traust á kjörna fulltrúa, og ekki veitir af. Aukið traust mun þó aðeins hljótast með efndum þess sem lofað hefur verið, ekki með undanbrögðum og eftir á túlkunum loforðanna – heldur raunverulegum efndum.

Kæru félagar. Launafólk hefur mikið á sig lagt á síðustu árum og nú verðum við að sjá árangur af erfiðinu. Það er hagur okkar sem hér erum. Það er hagur þeirra sem fara með stjórn ríkis og sveitarfélaga. Það er hagur launafólks. Það er hagur okkar allra.

Með samtakamættinum getum við varið það kerfi sem á síðustu áratugum hefur verið reist og með samtakamættinum getum við byggt okkur enn betra samfélag, réttlátara samfélag – landsmönnum öllum til hagsbóta. Réttlátt samfélag jafnaðar er eina tryggingin fyrir velsæld þjóðarinnar.

Kæru félagar.

Til hamingju með daginn.

Ræða formanns BSRB á Akureyri 1. maí 2015

Kæru félagar. Til hamingju með daginn.

Það er mér sannur heiður að fá að vera hér á Akureyri í dag á baráttudegi verkalýðsins. Við stöndum frammi fyrir alvarlegustu deilum á vinnumarkaði í áraraðir. Á síðasta ári voru kjarasamningar megin þorra launafólks framlengdir með mjög hóflegum launahækkunum. Með þeim samningi var skapað tækifæri fyrir stjórnvöld til að byggja samfélag jafnaðar, þar sem hagsmunir heildarinnar voru settir í forgrunn.

En í stað þessa að nýta þetta einstaka tækifæri og leggjast á eitt með launafólki með því að vinna sameiginlega að bættum hag almennings héldu stjórnvöld inn á braut sérhagsmuna og ójafnaðar. Laun afmarkaðra hópa hækkuðu langt umfram það sem fjölmennustu og lægst launuðu hóparnir höfðu samið um. Ríkisstjórnin gaf eftir tekjustofna á þá efnamestu.

Áfram var skorið niður á flestum sviðum opinberrar þjónustu og skattar á matvæli voru hækkaðir. Greiðsluþátttaka í heilbrigðiskerfinu heldur áfram að aukast. Réttur atvinnulausra til áunninna bóta var skertur. Og fátækt fer vaxandi og svona gæti ég haldið lengi áfram.

Þessar gjörðir stjórnvalda voru ekki til þess að skapa traust og jöfnuð, heldur þvert á móti. Með aðgerðum sínum í þágu hinna fáu efnameiri hafa stjórnvöld og atvinnurekendur hafnað því að vinna sameiginlega á grunni stöðugleika og samstöðu.

Þess vegna er staðan á vinnumarkaði eins og hún er nú. Þeir hæst launuðu skammta sér enn hærri laun, bónusa og milljarða í arðgreiðslur. Á meðan eru kröfur um hækkun lægstu launa sagðar ógna efnahagslífinu í heild. Er það skrítið að fólk upplifi mikla misskiptingu, óréttlæti og ósanngirni þegar svona er farið að?

Það þarf ekki að leita lengra en nokkra daga aftur í tímann til að finna fordæmalaus ummæli ráðamanna landsins sem sýna svart á hvítu hvert viðhorf þeirra er til launafólks í landinu. Ítrekað er vegið að verkfallsréttinum og þær hugmyndir viðraðar af fullri alvöru hvort ekki sé hægt að krefja stéttarfélög um bætur vegna skaða sem þau valda með vinnustöðvunum sínum.

Fjármálaráðherra veltir því upp í alvöru hvort gengið hafi verið of langt í því að jafna kjör fólks. Þessi ummæli lætur hann falla eftir að hafa lækkað auðlindagjöld á útgerðir, lagt af auðlegðarskatt á þá efnamestu og boðað að til standi að afnema orkuskatt á stóriðjuna sem mun spara álfyrirtækjunum rúman einn og hálfan milljarð árlega í greiðslur til samfélagsins.

Ofan á allt hefur matarskattur á almenning hækkað verulega og 80 milljarðar af opinberu fé fóru til leiðréttingar húsnæðislána afmarkaðs hóps. Í þeirri aðgerð voru stórir hópar skildir eftir og fengu enga leiðréttingu sinna mála þótt aðgerðin ætti að heita almenn.

Fjöldi fólks á ekki húsnæðið sem það býr í heldur er á leigumarkaði. Margir vegna þess að þeir hafa ekki efni á að kaupa sér húsnæði og eru í raun á leigumarkaði af brýnni nauðsyn. Þetta er gjarnan fólkíð sem minnst hefur á milli handanna og það hefur algerlega farið á mis við svokallaðar leiðréttingar.

Þá hefur ungt fólk mjög takmarkaða möguleika til að eignast þak yfir höfuðið eins og staðan er í dag. Á meðan er okkur sagt að ekki gefst tími til að afgreiða frumvörp um húsnæðismál á þessu þingi, frumvörp sem þó hefðu aðeins tekið á afmörkuðum hluta vandans.

Samt velta stjórnarmálamenn því upp hvort jöfnuðurinn á Íslandi sé orðinn of mikill.

Kæru félagar. Með samstöðu og samtakamætti hefur okkur tekist að byggja upp samfélag þar sem jöfnuður allra hefur verið hafður að leiðarljósi. Þessum grunngildum er nú ógnað og þess vegna er okkur gríðarlega mikilvægt að virkja samtakamáttinn. Samstaðan er það dýrmætasta sem launafólk á og er eina vopnið í baráttunni fyrir betri lífskjörum. Með því hefur okkur tekist að knýja fram miklar umbætur.

Réttindi sem þykja sjálfssögð í dag – eins og ákvæði um hvíldartíma, lífeyrisréttindi, tryggingavernd, fæðingarorlof, veikindarétt og réttinn til orlofs – þessi réttindi hefðu aldrei komið til ef ekki hefði verið fyrir samstöðu launafólks. Megin markmið baráttunnar var og hefur alltaf verið að þau nái til allra.

Það sem gerir okkar samfélag eftirsóknarvert að búa í er jafn aðgangur að menntakerfi, heilbrigðisþjónustu og almannatryggingum. Því miður er upplifunin sú að þessi hugsjón jafnaðar og samhjálp sé á útleið og að aukin einstaklingshyggja, ójöfnuður og um leið óréttlæti séu að taka yfir. Því verðum við að breyta.

Við þurfum að hækka launin. Við þurfum að auka kaupmáttinn. Við þurfum að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði. Við þurfum að koma á fjölskylduvænna samfélagi svo að ungt fólk öðlist trú á að hér sé best að vera.

Það er staðreynd að vinnuvikan á Íslandi er lengri en á hinum Norðurlöndunum sem við berum okkur gjarnan saman við. Það gefur augaleið að breytinga er þörf.

Það yrði mikil lífsgæðaaukning fyrir allt fólkið í landinu, hvort sem um er að ræða ungt barnafólk eða þá sem eldri eru að við innleiðum hér styttri vinnuviku.

Kæru félagar. Þær kröfur sem nú hafa verið settar fram af samtökum launafólks eru eðlilega ekki allar samhljóða og erfitt er að ráða í hver útkoma yfirstandandi kjaraviðræðna verður. En skoðanakönnun sem kynnt var fyrr í vikunni sýnir að rúmlega 90% landsmanna styðja sanngjarnar kröfur verkalýðshreyfingarinnar um hækkun lægstu launa. Það er því mikil og víðtæk stuðningsyfirlýsing við kröfur launafólks sem skiptir máli í baráttunni sem er framundan.

Sanngjarnar hækkanir launa almenns launafólks eru nauðsynlegar. Og þær munu aðeins færa kjörin nær þeim viðmiðum sem stjórnvöld sjálf hafa skilgreint sem lágmarks framfærslu. Slíkar kröfur geta eðli málsins samkvæmt aldrei talist ósanngjarnar.

Verkefnin framundan eru mörg og krefjandi og við munum seint ná að ljúka þeim ef við leggjumst ekki öll á eitt. Ég vona að ríkisstjórnin, sveitastjórnir landsins og launagreiðendur allir hlýði á kall launafólks. Kalli um réttlátara þjóðfélag þar sem jöfnuður allra er hafður að leiðarljósi.

Fólk þarf hærri laun. Það á að tryggja öllum jöfn tækifæri. Allir eiga að geta búið í viðunandi húsnæði á viðunandi verði. Við förum fram á sanngjarnari skiptingu gæðanna. Enginn á að líða skort. Við búum yfir nægum auði í þessu landi til að svo geti orðið. Og með samstöðunni getum við búið þannig um að svo verði.

Samstaðan er það afl sem getur breytt samfélaginu til hins betra. Okkur tókst það fyrr á tímum og okkur tekst það í framtíðinni. Saman getum við reist betra samfélag, réttlátara samfélag.

Kæru félagar, til hamingju með daginn.

Fræðslu og menntamál

Innan BSRB eru sí- og endurmenntunarmál stöðugt til skoðunar og hefur mennta- og fræðslunefnd BSRB m.a. unnið að sérstakri menntastefnu fyrir bandalagið líkt og vikið verður sérstaklega að í kaflanum um menntastefnu BSRB hér á eftir.

Undanfarin ár hefur verið byggð upp og þróuð sameiginlega trúnaðarmannafræðsla fyrir BSRB félaga í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu en BSRB er aðili að honum. Til að mæta auknum kröfum sem gerðar eru til forystu og starfsfólks innan samtaka BSRB hefur með samhæfðu fræðsluátaki einnig verið búin til heildstæð námsleið sem ber heitið, Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarféлага. Félagsmálaskóli alþýðu og Fræðslusetrið Starfsmennt hafa umsjón með öllum námskeiðunum en þau verða í boði um allt land og eru samstarfsverkefni BSRB og ASÍ.

Félagsmálaskólinn býður upp á námskeið fyrir trúnaðarmenn, stjórnarmenn og starfsfólk stéttarféлага. Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsveitvangur ríkisins og flestra stéttarféлага BSRB um starfsþróun og símenntun. Markmið setursins eru að koma til móts við breytingar á starfsumhverfi og störfum starfsfólks með fræðslu og ráðgjöf á sviði mannauðsefingar. Starfsmennt býður upp á starfstengda símenntun fyrir starfshópa og veitir stofnunum heildstæða þjónustu á sviði starfsþróunar.

Mennta- og fræðslunefnd BSRB 2012-2015

Hlutverk nefndarinnar í upphafi var að reyna að fylgja eftir stefnu BSRB í menntamálum frá þingi BSRB 2012 og vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um menntamál. Fljótlega kom hins vegar í ljós að fyrir nefndinni lægi nýtt verkefni sem var að undirbúa og útfæra drög að nýrri stefnu BSRB í mennta og fræðslumálum.

Mennta- og fræðslunefnd var vinnusöm og hittist á 24 verkfundum og vann auk þess umtalsvert á milli funda. Byrjað var á því að kortleggja stöðuna. Hvar erum við stödd í mennta- og fræðslumálum? Hver er staða BSRB og félaganna með hliðsjón af ólíkum þörfum og síbreytileika fræðslu og menntunar?

Upplýsingaöflun nefndarmanna var markviss og á fundi nefndarinnar voru kallaðir til sérfræðingar m.a. Björg Pétursdóttir deildarstjóri á skrifstofu menntamála í menningar- og menntamálaráðuneyti og Hulda Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri Starfsmenntar.

Ákveðið var að efna til haustfundar um mótun menntastefnu BSRB með þátttöku fulltrúa aðildarfélaganna. Var Hróbjartur Árnason lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og sérfræðingur á sviði menntunnar fullorðinna, ráðinn sem ráðgjafi nefndarinnar í því verkefni að skipuleggja og stjórna haustfundinum.

Menntastefna BSRB

Mennta- og fræðslunefnd BSRB stóð þann 28. október 2014 fyrir fundi þar sem grunnstef fyrir menntastefnu BSRB voru unnin undir handleiðslu Hróbjarts Árnasonar lektors við menntavísindasvið Háskóla Íslands og sérfræðings í fræðslu fullorðinna.

Undirbúningur fundarins var viðamikill og var m.a. boðið upp á þrjár svokallaðar vefstofur þar sem Hróbjartur tók Árna Stefán Jónsson, varaformann BSRB og formann SFR, og Elínu Björgu Jónsdóttur, formann BSRB, tali. Í vefstofunum gátu þátttakendur sent inn fyrirspurnir eða komið hugleiðingum

sínum á framfæri og þótti þetta fyrirkomulag reynast mjög vel. Einnig var notast við Facebook við undirbúning fundarins þannig að áhersla á gagnvirkni og virka þátttöku þeirra sem að mótun menntastefnunnar komu.

Haustfundur um menntastefnu BSRB með yfirskriftinni „Mótun saman stefnu til framtíðar“ var haldin 28. október 2014 með þátttöku 47 fulltrúa aðildarfélaganna og var ánægja með framkvæmd fundarins. Á fundinum sjálfum var þátttaka góð þar sem Hróbjartur leiddi vinnuna í nokkrum hópum sem síðan skiluðu niðurstöðum sínum.

Þá tók við umtalsverð vinna nefndarinnar við að móta tillögu að menntastefnu BSRB sem byggir alfarið á niðurstöðum haustfundarins. Í tillögunni eru tilgreind fimm megin áhersluatriði og markmið ásamt 25 leiðum til þess að ná settum markmiðum. Tillagan að menntastefnunni hefur verið kynnt í stjórn bandalagsins og verður hún lögð fyrir 44. þing BSRB. Tillagan fer í málefnaþóp þingsins, verður þar tekin til umræðu og umfjöllunar og í framhaldi af þinglegri meðferð verður niðurstaðan borin upp sem ný stefna BSRB í mennta- og fræðslumálum.

Fræðslufundir vegna starfsloka

BSRB hefur reglulega staðið fyrir starfslokanámskeiðum sem er einkum ætlað þeim sem eru að nálgast starfslok eða eru nýlega hættir störfum og er opið öllum félagmönnum aðildarféлага innan BSRB. Námskeiðin hafa verið endurgjaldslaus fyrir þátttakendur og hafa verið gríðarlega vel sótt. Þar hafa fulltrúar lífeyrissjóða farið yfir lífeyrismálin auk þess sem fulltrúar Tryggingastofnunar hafa kynnt störf stofnunarinnar og samspil lífeyrisgreiðslna og almannatrygginga.

Félagsmálaskóli alþýðu – Trúnaðarmannanámskeið

Meginmarkmið Félagsmálaskóla alþýðu er öflug félagsmálafræðsla og menntun til að þekking og hæfni forystumanna og annarra talsmanna verkalyðshreyfingarinnar sé sem best á hverjum tíma. Trúnaðarmannafræðslan hefur verið einn af lykilþáttum í fræðslumálum Félagsmálaskóla alþýðu. Á hverri önn er boðið uppá trúnaðarmannanámskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkalyðshreyfingarinnar. Námskeiðin sem eru í boði fyrir stéttarfélög eru ýmist auglýst og þá opin öllum eða pöntuð af einstökum félögum.

Unnið er eftir tveimur námskrám sem viðurkenndar hafa verið af mennta – og menningarmálaráðuneytinu. Námsþættir námskrár Trúnaðarmannanámskeiðs I eru samtals 81 klst. og skiptast á fjögur þrep. Námsþættir námskrár Trúnaðarmannanámskeiðs II eru samtals 61 klst. og skiptast á þrjú þrep.

Lögfræðingar BSRB hafa verið virkir þátttakendur í trúnaðarmannanáminu og kennt þar ýmislegt er varðar réttindamál og vinnurétt.

Þá hefur líka verið boðið upp á sérstaka forystufræðslu þar sem markmiðið hefur verið að efla þekkingu og fagmennsku starfsmanna og stjórna aðildarféлага innan BSRB á starfshlutverkum sínum. Að virkja lýðræðislega þátttöku í öllu starfi aðildarféлага BSRB. Að styrkja liðsheild og samstöðu og efla upplýsingamiðlun meðal stjórna og starfsfólks innan stéttarféлага BSRB. Að styrkja hæfni stjórnenda til að leiða fjölbreytt verkefni aðildarféлага og að efla skilning á breyttum þörfum félagsmanna og nýjum áherslum.

Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Ýmist verða í boði styttri námskeið eða stærri námslotur sem byggðar verða upp í kringum skyld viðfangsefni.

Á hverju misseri er boðið uppá nokkur námskeið, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Jafnframt er boðið upp á fjarnám þegar kostur er. Félagsmálaskóli alþýðu heldur utan um kennsluna en í samstarfi við Fræðslusetur Starfsmenntar. Á vef Starfsmenntar má nálgast þátttökuskjöl, þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að hafa yfirlit yfir námsferil innan forystufræðslunnar.

Fræðslusetrið Starfsmennt

Heildarsamtök stéttarféлага á vinnumarkaði, ASÍ og BSRB, hafa tekið höndum saman um sameiginlega fræðslu fyrir starfsfólk sitt og stjórnir með það fyrir augum að mæta breyttum tímum, nýjum áherslum og viðameiri verkefnum. Aðildarfélög BSRB og ASÍ gegna margþættu hlutverki við að bæta hag og verja hagsmuni félagsmanna og hyggjast með Forystufræðslunni miðla, ræða og þróa áfram þekkingu og aðferðir innan samtakanna og efla um leið fagmennsku og lýðræðisleg vinnubrögð.

Námskeið Starfsmenntar eru fjölbreytt og gjarnan sérsniðin að þörfum ákveðinna vinnustaða, t.d. sérstök námskeið stofnana. Þarfir stofnana eru ólíkar og er því boðið upp á sérsniðið nám fyrir hvern hóp. Við þróun þess er unnið náið með starfsmönnum og stjórnendum og farið í ítarlega þarfagreiningu þar sem fræðsluþörf er metin í samræmi við stefnu og framtíðarsýn stofnana. Lagt er upp með að námsleiðirnar séu rauður þráður í öllu fræðslustarfi þeirra.

Nám sérstakra starfsgreina er byggt upp með svipuðum hætti þar sem þarfir þeirrar greinar eru metnar sérstaklega og námskeiðið skipulagt í kringum það. Þá bíður Starfsmennt einnig upp á nám um kjör og velferð sem er samstarfsverkefni viðsejenda á vinnumarkaði og er ætlað að stuðla að bættri velferð og betri vinnustöðum. Um er að ræða fræðslu- og stuðningsverkefni sem styðja við framkvæmd kjarasamninga og ýmissa velferðar- og réttlætismála. Þessi verkefni geta verið námskeið, tengslanet og aðgangur að námsefni, úrræðum og ráðgjöf. Þau er ætluð starfsmönnum og stjórnendum og varða t.d. launjafnrétti, félagafraeðslu, vinnumarkaðsmál og stjórnendapjálfun.

Allt nám er aðildarfélögum Starfsmenntar að kostnaðarlausu en aðrir greiða fyrir þátttöku. Auk þess geta allir sem sækja nám utan sinnar heimabyggðar sótt um ferða- og dvalarstyrki.

Framvegis

Framvegis, miðstöð um símenntun var áður í eigu BSRB ásamt aðildarfélögum sínum SLFÍ, SFR og St.Rv sem saman áttu 51% hlut í miðstöðinni. Framvegis vinnur í nánú samstarfi við þessa aðila sem og Fræðslusetrið Starfsmennt, Alþjóðahúsið og símenntunarstöðvar landsins. Þjónustusvæði Framvegis er allt landið og eru námskeið Framvegis mörg hver kennd í gegnum fjarfundabúnað til símenntunarstöðva á landsbyggðinni. Framvegis er með samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

BSRB tók þátt í að byggja upp og standa að baki Framvegis sem þykir nú standa á styrkum fótum. Árið 2014 var því tekin ákvörðun um að BSRB léti af eignarhaldi sínu í Framvegis og varð úr að fyrrnefnd aðildarfélög BSRB keyptu eignarhluta bandalagsins.

Á hluthafafundi Framvegis símenntun sem haldinn var 31. ágúst 2015 varð síðan sú breyting á eignaraðild miðstöðvarinnar að SFR, Sjúkraliðafélag Íslands og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar eignuðust jafnframt hlut Prómennt ehf. sem áður átti 49% hlut í félaginu. Fyrrnefnd aðildarfélög BSRB eiga því Framvegis að fullu.

Genfarskólinn

Genfarskólinn er félagsmálaskóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem hefur það hlutverk að kynna starfsemi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og árlegt vinnumálalag sem haldið er í Genf í Sviss. Önnur meginmarkmið skólans frá upphafi hafa verið að auka þekkingu og skilning á starfi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og almennri stöðu vinnumarkaðsmála í heiminum og um leið að efla norræna samvinnu, þekkingu á norrænu verkalýðshreyfingunum og vinnumarkaði ásamt því að auka kunnáttu á skandinavísku tungumáli.

Aðild að Genfarskólanum eiga MFA samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og Íslandi. Árlega stunda um 35 nemendur nám við skólann. Genfarskólinn er ætlaður félagsmönnum innan aðildarféлага ASÍ og BSRB sem eru talsmenn verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. kjörnir fulltrúar eða starfsmenn. Íslenskir þátttakendur eru tveir á hverju ári, einn frá ASÍ og annar frá BSRB.

Genfarskólinn fer fram í þremur lotum. Fyrst hittast nemendur skólans í einni lotu þar sem farið er yfir námsefni skólans og fyrirkomulag. Kynnt er norrænt samstarf innan Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og nemendur velja sér verkefnahópa. Fyrirkomulag fornámskeiðs eru fyrirlestrar, umræður og hópavinna. Önnur lotan fer fram í fjarnámi þar sem verkefnahóparnir vinna saman að nánari undirbúningi þess málefni sem hópurinn ætlar að fylgja eftir á þinginu. Þriðja lotan er svo þriggja vikna dvöl í Sviss.

Dvölin í Sviss skiptist í tvo áfanga. Tvær fyrstu vikurnar er fylgst með ILC - alþjóðlega vinnumálalaginu í Genf, þar sitja verkefnahóparnir nefndarfundir hjá fulltrúum launafólks og vinna að undirbúningi skýrslu sem gerir grein fyrir því málefni sem hópurinn valdi að vinna að. Genfarskólinn hefur aðsetur í höfuðstöðvum ILO, þar sem fram fara fundir og einnig í Þjóðarhöllinni þar sem Sameinuðu þjóðirnar eru til húsa, þar sem flestir fundir fara fram. Seinni áfanginn í Sviss er nokkra daga dvöl í Rolle, þorpi við bakka Genfarvatnsins þar sem hóparnir vinna lokaskýrslur, bera saman bækur sínar og kynna niðurstöður.

Fulltrúi BSRB í Genfarskólanum árið 2013 var Guðríður Sigurbjörnsdóttir frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Árið 2014 sótti Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB Genfarskólann sem fulltrúi bandalagsins og árið 2015 var það Marianna Dam Vang frá Póstmannafélagi Íslands.

Lífeyrismál

BSRB hefur ásamt heildarsamtökum opinberra starfsmanna unnið að því að leysa málefni opinberu lífeyrissjóðanna ásamt stjórnvöldum þótt ríkið hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðunum. Á kjörtímabilinu hefur forystufólk BSRB átt nokkra fundi við þá fjármálaráðherra sem setið hafa hverju sinni vegna lífeyrismála opinberra starfsmanna auk þess sem fulltrúar bandalagsins hafa starfað í hinum ýmsu vinnuhópum og nefndum sem hafa unnið að mismunandi málum varðandi breytingar á lífeyriskerfinu.

Við kjarasamningsgerð 2011 lýstu fulltrúar ríkisstjórnar því yfir í bréfi til BSRB að ríkisstjórninni væri ljóst að skuldbindingar ríkisins vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafi ekki verið fjármagnaðar þannig að deildin geti staðið að fullu undir framtíðarskuldbindingum sínum. Óhjákvæmilegt sé að brugðist verði við með raunhæfum hætti vegna umræddra skuldbindinga og áfram unnið að greina þær leiðir sem færar eru í því tilliti.

Þá var ítrekað fyrirheit fjármálaráðherra um að ekki verði hróflað við áunnum réttindum opinberra starfsmanna í LSR og að allar breytingar á lífeyrismálum verði unnar í fullu samráði við samtök þeirra. Þáverandi ríkisstjórn tók undir afstöðu BSRB um að lífeyrisréttindi eru mikilvægur hluti af kjörum opinberra starfsmanna og hefur núverandi fjármálaráðherra tekið undir þá skoðun.

Þrátt fyrir mikla vinnu og niðurstöður í afmörkuðum hlutum heildarendurskoðun lífeyriskerfisins hefur ekkert samkomulag náðst um breytingar á lífeyriskerfinu. Áfram er unnið að heildarendurskoðun með von um að farsæl lausn fáist sem allir hlutaðeigandi aðilar geta sætt sig við.

Starfshópar um málefni LSR og LSS

Á síðustu árum hafa nokkrir starfshópar fulltrúa frá opinberum starfsmönnum og ríkinu verið skipaðir til að vinna að lausn málsins. Vinna þeirra fer fram samhliða vinnu að samræmingu lífeyrisréttinda á vettvangi þeirra nefndar sem fæst við það verkefni og BSRB á aðild að.

Hóparnir sem skipaðir hafa verið í kjölfarið vegna viðræðna fjármála- og efnahagsráðherra og heildarsamtaka launafólks á opinberum vinnumarkaði um málefni LSR og LSS eru fjórir. Sumir hafa lokið störfum á meðan aðrir eru enn starfandi.

Fyrsti hópurinn hefur það hlutverk að skoða B-deild sérstaklega. Hópurinn gerir ekki ráð fyrir breytingum á B-deild LSR þótt samið verði um breytt framtíðarkerfi, enda hefur deildin verið lokuð frá árinu 1997. Hún telur brýnt að gerð verði áætlun um það með hvaða hætti skuldbindingum ríkisins vegna B-deildar verði mætt.

Annar hópurinn hefur það hlutverk að útfæra hvernig nýtt lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn verður tekið upp hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna. Hópurinn skal setja fram tillögur um hvernig sú aðlögun á sér stað. Líkt og við breytingu lífeyriskerfisins árið 1997 þarf að tryggja að réttindi sjóðfélaga verði sambærileg, hvort sem þeir tilheyra gamla eða nýja kerfinu.

Þriðji hópurinn fer helst með það hlutverk að útbúa verklýsingu fyrir Hagstofuna eða annan óvilhallan aðila sem fenginn verður til að annast launasamanburðinn og setja fram tillögur um hvernig launaleiðréttingin á sér stað í nútíð og framtíð samkvæmt breyttu lífeyriskerfi. Aðilar hópsins eru sammála um að ef lífeyriskjör í nýju kerfi verði verðminni en áður þurfi að mæta slíkum mun í launum. Jöfnun lífeyrisréttinda kallar líka á að laun opinberra starfsmanna verði jöfnuð á við laun á almennum vinnumarkaði. Margar starfsstéttir eru nánast eingöngu í þjónustu hins opinbera og því þarf að meta hvaða forsendur eigi að liggja til grundvallar við launasamanburð milli markaða.

Fjórða hópnum er ætlað að annast útfærslu á nýju kerfi og þar með meta hvaða breytingar þurfi að gera á umgjörð og lögum sem nú gilda um LSR. Hópurinn á að taka mið af niðurstöðum hópa tvö og þrjú.

Samræming lífeyrisréttinda

Helstu tillögur að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði eru eftirfarandi. Hækkun iðgjalda á almennum vinnumarkaði til samræmingar iðgjalda á opinberum vinnumarkaði. Að opinberu sjóðirnir taki upp aldurstengt ávinnslukerfi í stað jafnrar réttindaávinnslu, enda er sambærileg réttindaávinnsla forsenda eðlilegs flæðis starfsfólks milli vinnumarkaða. Sömuleiðis verði lífeyrisaldur opinberra starfsmanna hækkaður úr 65 árum í 67 ár til samræmis við lífeyrisaldur annarra á vinnumarkaði. Þar sem lífslíkur munu halda áfram að aukast næstu áratugin þarf að tryggja að kerfið leiðrétti sig sjálft og lífeyrisaldur taki breytingum í samræmi við breyttar lífslíkur.

BSRB hefur lagt mikinn þunga á lausn vanda lífeyrissjóðanna og framtíðarskipan í lífeyrismálum. Erfiðlega hefur hins vegar gengið að ganga endanlega frá breytingum á lífeyriskerfinu þar sem ekki hefur náðst samstaða um afmarkaða hluta og heildarsamtök opinberra starfsmanna (BSRB, BHM og KÍ) hafa lagt á það áherslu að ekki verði samið um einstaka hluti nema fyrir liggja lausn á þeim öllum.

Í tengslum við kjarasamningsviðræður haustið 2015 fór aftur að bera á umræðum um framtíðarskipan lífeyrismála og samræmingu réttinda á milli almenna og opinbera markaðarins. Eftir að BHM og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga höfðu farið í verkfall vorið 2015 og svo fengið lög á þær verkfalls aðgerðir frá Alþingi var kjaradeila þeirra að lokum leyst fyrir gerðardómi. Úrskurður gerðardóms kvað á um kjarabætur sem voru nokkuð hærri en ríkið hafði áður boðið við samningaborðið og tók mið af þeim samningum sem gerðir höfðu verið á almennum markaði.

Þegar samningaviðræður við aðildarfélög BSRB fóru svo af stað eftir að gerðardómur hafði kveðið upp sinn úrskurð um mitt sumar 2015 tóku samningstilboð samninganefndar ríkisins til BSRB félaganna ekki neitt mið af niðurstöðu gerðardóms. Það var aftur á móti skýr krafa sameiginlegrar samninganefndar SFR, Sjúkraliðafélags Íslands og Landssambands lögreglumanna að launahækkanir félagsmanna sinni yrðu sambærilegar þeim sem gerðardómur hafði ákvarðað handa BHM og FÍH.

Sem liður í því að liðka fyrir kjarasamningum við þá starfsmenn ríkisins sem enn höfðu lausa samninga og til að reyna að koma í veg fyrir að uppsagnarákvæði á almenna markaðnum yrðu virkjuð í febrúar 2016 voru lífeyrismálin dregin inn á borð svo nefnds SALEK-hóps sem er skipaður stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins. Þar hefur undanfarið verið ræddur sá möguleiki að hækka mótframlag frá vinnuveitendum á almenna markaðnum um 3,5%, til jafns við mótframlag hjá hinu opinbera, til þess að heildarverðmæti kjarabóta á almenna markaðnum verði jafnt þeim hækkunum sem gerðardómur ákvarðaði fyrir BHM og FÍH. Jafnframt var rætt um að breyta lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þannig að lífeyristökaldurinn yrði hækkaður upp í 67 ár og að réttindaávinnslan yrði aldursháð en ekki jöfn yfir starfsævina líkt og nú er.

Lausnir í þessa veru hafa verið settar fram sem hluti af nýju kjarasamningsmódeli fyrir íslenskra vinnumarkaðinn sem miðar að því að festa kjarasamningaumhverfið í sessi og tryggja opinbera hlutanum svonefnda „launaþróunartryggingu“ sem myndi tryggja opinberum starfsmönnum hækkanir á launum sem verða á almennamarkaðnum vegna launaskriðs.

Vinnu við nýtt samningamódel hjá SALEK miðaði mjög hægt og á meðan sú vinna stóð yfir komust aðildarfélög BSRB ekki að samningaborðinu þar sem viðsemjendur þeirra vísuðu alltaf á borð SALEK.

Þegar sífellt dró nær boðuðu verkfalli aðildarfélaga BSRB, þ.e. SFR og SLFÍ, varð ljóst að ekki tækist að ljúka þeim fjölmörgu verkefnum sem á borði SALEK-hópsins voru í tæka tíð. Að svo búnu var gert hlé á sviðræðunum svo að SFR, SLFÍ og LL gætu haldið áfram viðræðum sínum við SNR.

Þá hafa heildarsamtök opinberra starfsmanna (BSRB, BHM og KÍ) átt í samráði við fjármálaráðuneyti um tilteknar breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Margt af þeirri vinnu byggir á því starfi sem unnið hefur verið að innan fyrrnefndra starfshópa

Kjarasamningar

Við upphaf kjörtímabilsins 2012-2015 voru kjarasamningar frá árinu 2011 í gildi og var sá samningur til þriggja ára. Samkomulag um styttingu þeirra kjarasamninga um tvo mánuði var síðan undirritað snemma á árinu 2013. BSRB var falið umboð til að semja um slíka styttingu af aðildarfélögum sínum og var samkomulag um endurskoðun kjarasamninga undirritað við bæði fjármálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og síðar Reykjavíkurborg.

Megin inntak samkomulagsins við fjármálaráðuneyti fól í sér að samningstími kjarasamninga styttist um tvo mánuði líkt og á almennum vinnumarkaði og gildi kjarasamningurinn því eftir styttinguna til 31. janúar 2014. Eingreiðsla upp á 38.000 krónur færðist að sama skapi frá 1. mars 2014 til 1. janúar 2014.

Í endurskoðuðum samningi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg færðist gildistími einnig um tvo mánuði. Þá var samþykkt að hækka framlög launagreiðanda til annað hvort fræðslu- og starfsmenntasjóða eða styrktar- eða sjúkrasjóða um 0,1%. Við næstu samningsgerð yrði síðan metið sjálfstætt og útfært hvernig og til hvaða sjóða þetta viðbótar iðgjald ætti að renna. Einnig var lögð áhersla á að vinna áfram að þeim málum sem fram koma í bókunum og fylgiskjölum sem gerðar voru í kjarasamningum síðustu ára.

Viðræður vegna ófrágenginna mála í kjarasamningum frá 2011

Hluti af samkomulaginu um styttingu kjarasamninga var að þeir mánuðir sem eftir lifðu af samningstímanum yrðu nýttir til að ljúka þeim verkefnum sem getið var um í framkvæmdaáætlun með síðustu kjarasamningum. Þar á meðal er áframhaldandi vinna við drög að aðgerðum til að uppræta launamun kynjanna, kanna hagkvæmni styttingu vinnuvikunnar, endurskoðun málefni vaktavinnufólks og framhald vinnu um þátttöku stjórnvalda í að koma á varanlegum húsaleigumarkaði á Íslandi.

Viðræður við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Samkomulag var undirritað í apríl 2013 við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) sem fól í sér sambærilegar breytingar á kjarasamningum aðildarfélaga BSRB og fyrirtækjanna og samið var um við endurskoðun kjarasamninga við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg. Í framhaldinu óskaði BSRB eftir viðræðum við SFV um réttindamál þeirra sem starfa hjá fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu.

Framlenging kjarasamninga 2014 – SNR

Kjarasamningar flestra aðildarfélaga BSRB runnu út í lok janúar 2014 líkt og samið hafði verið um árið á undan en samningar við sveitarfélög giltu þó margir hverjir fram á mitt sumar 2014. Flest aðildarfélaga BSRB skrifuðu undir framlengingu til rúmlega eins árs.

Samningar aðildarfélaga BSRB voru mjög sambærilegir á milli félaga. Samkvæmt samningunum hækkuðu laun um 2,8% eða að lágmarki 8000. kr. fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Á launum sem eru lægri en 230.000 kr. á mánuði kom sérstök hækkan til viðbótar að upphæð 1.750 kr. Við samþykkt samningsins greiddist 14.600 kr. eingreiðsla miðað við fullt starf í febrúar 2014 en hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í sama mánuði. Eingreiðsla að upphæð 20.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í febrúar 2015 greiðist þann 1. apríl 2015 en hlutfallslega m.v. starfstíma

og starfshlutfall í sama mánuði. Persónuuppbót á samningstímanum varð 73.600 kr. og orlofsuppbót 39.500 kr.

Í framlengingu kjarasamninganna 2014 var einnig fjallað um forsendur kjarasamninga og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Þessi sameiginlegu mál BSRB aðildarfélaganna voru unnin á borði BSRB og þegar samkomulag um þau atriði höfðu náðst við samninganefnd ríkisins sömdu flest aðildarfélögin á svipuðum nótum. Í atriðunum sem vörðuðu sameiginleg mál BSRB félaga og vörðuðu forsendur samninganna voru aðilar sammála um að farið yrði í að þróa aðferðafræði við að meta laun og launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði. Þegar niðurstöður slíkrar vinnu liggja fyrir munu aðilar samkvæmt samkomulaginu taka til umfjöllunar með hvaða hætti sé hægt að nýta þá aðferðafræði til að draga úr launamun á milli markaða og með hvaða hætti samspil launaákvæðana á almennum og opinberum vinnumarkaði verði metið svo launaþróun milli markaða haldist í hendur.

Einnig var fjallað sérstaklega um endurskoðun á málefnum vaktavinnufólks í samkomulaginu. Er þar sérstaklega átt við þá sem vinna styttri vaktir, oft nefndar stubbavaktir, og eru jafnvel kallaðir til starfa oft en einu sinni á sólarhring. Aðilar samkomulagsins voru sammála um að slíkt sé íþyngjandi fyrir starfsmenn umfram það sem almennt gerist. Samkomulagið fól því í sér að á samningstímanum muni aðilar þess kanna forsendur hjá þeim stofnunum sem um ræðir og leita leiða til úrbóta og koma til móts við þá starfsmenn sem þetta snertir. Fjármálaráðuneytið ætlaði í kjölfarið að senda þeim stofnunum sem um ræðir bréf þar sem fram koma tilmæli ráðuneytisins til stofnanna hvað þetta varðar.

Framlenging kjarasamninga 2014 – Reykjavíkurborg

Þann 1. apríl 2014 samþykkti Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar framlengingu kjarasamnings við Reykjavíkurborg en áður höfðu félagsmenn St.Rv hafnað framlengingu samnings í allsherjarkosningu. Tæp 60% þeirra sem greiddu atkvæði samþykktu nýja útfærslu samningsins sem gildi frá 1. febrúar 2014 til 30. apríl 2015. Helstu atriði nýja samningsins voru að laun hækkuðu um 2,8% eða að lágmarki 8000. kr. fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Þá hækkuðu laun að 241.000 kr. um 9.750 kr. og eingreiðsla að upphæð 14.600 kr. greiddist við upphaf samnings miðað við að starfsmaður sé í fullu starfi en annars hlutfallslega. 1. febrúar 2015 kom til eingreiðsla upp á 20.000 kr. miðað við fullt starf en desemberuppbót var á samningstímanum 79.500 kr. og orlofsuppbót 39.500 kr. Einnig var samið um breytingar á greinum sem varða vaktavinnu og framlag til starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóða hækkaði um 0,1% frá 1. febrúar 2014.

Endurskoðun á á gildandi launatöflu og tengingu hennar við starfsmat átti skv. hinum nýja samningi að fara fram fyrir lok september 2014 og í kjölfarið yrðu hafnar viðræður um mögulegar útfærslur á nýrri launatöflu sem samið verði um að taki gildi við upphaf næsta kjarasamnings. Aðilar voru sammála um að við útfærslu á nýrri launatöflu verði horft til þess að starfsþróunarálag verði 1,5%.

Auk þess sem betur var fest í nýjum samningum það sem á að gera varðandi endurskoðun á starfsmati og mati á störfum. Markmið breytinganna var að bæta verklag, auka skilvirkni og málshraða. Þannig mun markviss endurskoðun á störfum fara fram en samningsaðilar voru sammála um að þörf sé á heildarendurskoðun starfsmatskerfisins til að tryggja að starfsmatskerfið endurspeglí störf og starfsumhverfi Reykjavíkurborgar. Endurskoðunarvinnan felur meðal annars í sér samanburð á störfum þvert á svið og starfsstaði borgarinnar og þess gætt að ekki sé um ómálefnalegan mismun að ræða. Komi í ljós við endurmat starfsmats að félagsmenn St.Rv. séu með lakari launakjör en félagsmenn annarra stéttarféлага hjá Reykjavíkurborg í jafnverðmætum störfum verður það leiðrétt afturvirktil til 1. febrúar 2014.

Þá var einnig samið um endurskoðun á hæfnismatskerfinu þar sem mat skyldi lagt á hvernig núverandi hæfnislaunakerfi þjónar tilgangi sínum. Í kjölfarið verði lagt mat á hvort æskilegt er að innleiða nýtt kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi hjá Reykjavíkurborg.

Samhliða nýjum kjarasamningi St.Rv. gerði BSRB samkomulag við Reykjavíkurborg þar sem kveðið var á um að þróa aðferðafræði til að meta laun og launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði. Þegar þeirri vinnu er lokið munu aðilar meta hvort og þá hvernig hægt sé að nýta þá vinnu til að draga úr launamun milli almenns og opinbers vinnumarkaðar og hvernig hægt sé að koma því þannig fyrir að launaþróun milli markaða haldist í hendur. Samkomulag BSRB og Reykjavíkurborgar gerir líka ráð fyrir að launagögn Reykjavíkurborgar er varða félagsmenn BSRB verði aðgengileg bandalaginu svo hægt sé að fylgjast betur með launaþróun.

Framlenging kjarasamninga 2014 – Samband ísl. sveitarfélaga

Um mitt sumar 2014 framlengdu svo flest bæjarstarfsmannafélög innan BSRB kjarasamninga sína við Samband íslenskra sveitarfélaga. Áður hafði BSRB gert samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um sameiginleg mál aðildarfélaga sinna í tengslum við nýja kjarasamninga. Samningarnir giltu frá 1. maí 2014 og ná fram til 30. apríl 2015. Helstu atriði voru hækkun grunnlauna og persónuuppbótar á samningstímanum. Grunnhækkun varð 9.750 kr. frá 1. maí 2014 og desemberuppbót 93.500 kr. Einnig var samið um breytingar á greinum sem varða vaktavinnu og uppsöfnun frídaga vegna yfirvinnu sem og framlag til starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóða sem hækkaði um 0,1% frá 1. febrúar 2014.

Þá voru aðildar sammála um að þörf væri á markvissri heildarendurskoðun á starfsmatsniðurstöðum og starfsmatskerfinu til að tryggja að niðurstöðurnar endurspeglu störf og starfsumhverfi sveitarfélaga. Endurskoðunarvinnan átti meðal annars að fela í sér samanburð á mati á störfum þvert á svið og starfsstaði sveitarfélaga og þess gætt að ekki sé um ómálefnalegan mismun að ræða. Breytingar sem leiða til launahækkana vegna þessarar endurskoðunar munu taka gildi frá upphafi þessa samnings.

Samhliða nýjum kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga gerði BSRB samkomulag við Reykjavíkurborg þar sem kveðið var á um að þróa aðferðafræði til að meta laun og launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði. Þegar þeirri vinnu er lokið munu aðilar meta hvort og þá hvernig hægt sé að nýta þá vinnu til að draga úr launamun milli almenns og opinbers vinnumarkaðar og hvernig hægt sé að koma því þannig fyrir að launaþróun milli markaða haldist í hendur.

BSRB og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu einnig samkomulag um skil á reglulegum launaupplýsingum til BSRB við valin sveitafélög, sem gefi góða mynd af verkefnum sveitarfélaga. Útfærsla samkomulagsins átti að liggja fyrir í október 2014 og launaupplýsingar að berast frá 1. janúar 2015. Af þessu hefur enn ekki orðið þrátt fyrir samkomulag þar um og hefur BSRB haldið áfram að krefjast þess að Samband íslenskra sveitarfélaga geri bandalaginu kleift að nálgast umræddar upplýsingar með reglulegu millibili svo hægt verði að fylgjast betur með þróun launa, líkt og gert er með sambærilegar upplýsingar sem berast frá Reykjavíkurborg og ríkinu.

Samninganefndir Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga skrifuðu síðan undir nýjan kjarasamning þann 30. október 2014. Samningurinn var samþykktur af félagsmönnum í atkvæðagreiðslu eftir að kynningarfundir um efni hans höfðu farið fram á landinu öllu.

Kosningar um kjarasamninga

Nokkuð var deilt um framlengingu kjarasamninga á árinu 2014 og voru nýir samningar m.a. felldir af nokkrum félögum á almenna markaðnum sem og hinum opinbera. Þótti hækkun launa upp á 2,8% ekki vera nægjanleg en að lokum fór það svo að endurskoðaðir samningar voru samþykktir af félagsmönnum. Við gerð samninganna var unnið eftir sátt milli verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og stjórnvalda um hóflegar launahækkanir til að ná tókum á verðbólgu, vöxtum og gengi. Slík hugmyndafræði hafði m.a. verið rædd í tengslum við áttak samnefndra aðila um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga sem BSRB hafði frumkvæði að á sínum tíma. Nánar er vikið að þeirri vinnu í kaflanum um vinnu svonefnds SALEK-hóps.

Nýtt starfsmat

Líkt og minnst var á áður var kveðið á um heildarendurskoðun á svokölluðu starfsmati í samningum BSRB félaga við Sambandið. Starfsmatskerfið er samstarfsverkefni sveitar- og stéttarféлага og um það samið í kjarasamningum en kerfið er að breskri fyrirmynd. Kerfið var innleitt hér á landi árið 2002 en hefur síðan ekki verið uppfært til samræmis við þróun þess í Bretlandi. Sérstök Verkefnastofa starfsmats var sett á laggirnar af Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að vinna tillögur að breytingum á kerfinu og fól endurskoðunin meðal annars í sér breytingar á spurningakerfi, þrepa- og þáttaskilgreiningum og túlkun einstakra þátta kerfisins. Framkvæmdanefnd starfsmatsnefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og viðsemjenda þess vann síðan úr tillögnum og tók á grundvelli þeirra og upplýsinga frá sveitarfélögum um inntak starfa ákvörðun um breytingar á mati einstakra starfa. Í þessu fólst að leitað var eftir starfslýsingum frá öllum sveitarfélögum og kom í þessari vinnu skýrt í ljós að gerðar eru meiri kröfur en áður um gæði þjónustu.

Endurskoðun starfsmatskerfisins var víðtæk, sem best sést af því að hún nær til um 700 starfsheita hjá öllum sveitarfélögum landsins. Endurskoðuninni lauk fyrri hluta árs 2015 og færði hún félagsmönnum aðildarféлага BSRB að meðaltali 3,5% hækkun launa og eru dæmi um starfsmenn sem eru að fá talsvert meiri hækkun í gegnum endurskoðunina. Störfín voru metin út frá samtals þrettán þáttum en þrjú þeirra hafa mest áhrif á stiganiðurstöðu starfanna, þ.e. ábyrgð á starfsfólki, hugrænar kröfur starfa og líkamleg færni.

Í örfáum tilvikum eru dæmi um lækkun í þessari kerfisbundnu endurskoðun en í þeim tilvikum heldur viðkomandi starfsmaður sínum launum óbreyttum en nýir starfsmann taka laun samkvæmt gildandi starfsmati. Með öðrum orðum lækkar enginn starfsmaður í launum vegna þessara breytinga.

Framkvæmdanefnd starfsmatsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðsemjenda sendi í kjölfar endurskoðunar starfsmatsins hverju og einu sveitarfélagi í landinu og viðkomandi stéttarfélagi endurskoðað starfsmat með leiðbeiningum um framkvæmd. Miðað var við að breyting á launaröðun starfsmanna samkvæmt nýju mati kæmi til framkvæmda 1. ágúst 2015, en þó ekki síðar en 1. september 2015 en endurskoðunin gildir frá 1. maí 2014. Sveitarfélögum var veitt svigrúm til 1. október 2015 til að framkvæma þessa afturvirku launabreytingu.

Mál Starfsmannafélags Kópavogs

Á meðan flest bæjarstarfsmannafélög BSRB skrifuðu undir nýja kjarasamninga við Samband íslenskra sveitarfélaga fóru samningar Starfsmannafélags Kópavogs á annan veg. Við undirritun samninga tjáði sviðsstjóri kjarasviðs Sambandsins Sfk að Kópavogsbær hefði farið fram á að eitt ákvæði í kjarasamningi Sfk yrði ekki lengur í gildi á nýja samningstímanum.

Þar sem í raun var um framlengingu á eldri kjarasamningi að ræða leit stjórn SFK svo á að ákvæðið yrði áfram í fullu gildi enda hafi Kópavogsbær ekki sagt ákvæðinu sérstaklega upp. Engar viðræður um þetta atriði höfðu farið fram í samningaviðræðum og ekkert var um uppsögn þess í hinu nýja samkomulagi um framlengingu kjarasamnings.

SFK mat það svo að ekki væri hægt að undirrita nýja samninga við svo búíð. Í framhaldi lagði SFK til að bæta inn í samninginn bókun um að ákvæði eldri samningsins giltu áfram. Kópavogsbær var ekki tilbúinn að verða við því og í ljósi þess vísaði SFK kjaradeilu sinni til ríkissáttasemjara.

Í framhaldinu tókust ekki samningar um þetta tiltekna atriði og samþykkti SfK verkfallsboðun í allsherjaratkvæðagreiðslu á meðal félagsmanna sinna haustuð 2014. Til stóð að verkfall myndi hefjast þann 10. nóvember en degi áður en verkfallið átti að skella á tókust samningar á milli aðila. Þeir samningar voru síðan samþykktir af félagsmönnum SfK í atkvæðagreiðslu með tæplega 87% atkvæða.

Kjarasamningar ohf. félaga 2014

Póstmannafélag Íslands samþykkt nýjan kjarasamning við Íslandspóst í mars 2014 og var hann samþykktur í kosningu félagsmanna nokkru síðar. Megin inntak hins nýja samkomulags var að frá 1. febrúar hækkuðu laun og aðrir launaliðir um 2,8% þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir fulla dagvinnu miðað við fullt starf. Allir félagsmenn Póstmannafélagsins sem tóku laun samkvæmt launaflokki 8 – 16 fengu hækkun um einn launaflokk. Í stað launabreytingar frá 1. janúar 2014 greiddist sérstök eingreiðsla 14.600 kr. m.v. fullt starf. Orlofsuppbót fyrir 2014 varð kr. 39.500 og desemberuppbót kr. 73.400. Fæðisfé á samningstímabilinu varð kr. 8.150 á mánuði og skópeningar bréffera og bílstjóra sem ekki fá afhenta öryggisskó verða kr. 28.500 á ári miðað við fullt starf. Kjarasamningurinn gildi til 28. febrúar 2015 og frá 1. janúar 2015 hækkaði framlag í starfsmenntunarsjóð um 0,1% og varð þá 0,28%.

Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins undirritað skömmu síðar nýjan kjarasamning við Ríkisútvarpið ohf. Samningurinn er um flest sambærilegur þeim samningum sem aðildarfélög BSRB gerðu á tímabilinu. Nýr samningur kvað á um að laun hækki um 2,8% eða að lágmarki 8000. kr. fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Á launum sem eru lægri en 230.000 kr. á mánuði kom sérstök hækkun til viðbótar að upphæð 1.750 kr. Við samþykkt samningsins greiddist 14.600 kr. eingreiðsla miðað við fullt starf í febrúar 2014 en hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í sama mánuði þar sem það átti við. Samningurinn gildi frá 1. febrúar 2014 til 28. febrúar 2015.

Vinnudeilur vegna Isavia ohf.

Þrjú aðildarfélög BSRB – Félag flugmálastarfsmanna, SFR stéttarfélag í almannaþjónustu og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stóðu á árinu 2014 í hörðum kjaradeilum við Isavia ohf. Stór meirihluti félagsmanna umræddra félaga sem starfaði hjá Isavia samþykkti verkfallsaðgerðir sem hófust svo þann 8. apríl 2014. Alls samþykktu 88% þessara félagsmanna sem tóku þátt í kosningu um verkfallið aðgerðirnar. Verkfallið náði alls til 450 starfsmanna á flugvöllum um land allt. Starfsmennirnir sem um ræddi eru m.a. öryggisverðir á Keflavíkurlflugvelli, skrifstofufólk og starfsmenn í björgunar- og viðbragðsþjónustu á flugvöllum um allt land, en starfsmennirnir tilheyra ýmist Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins, SFR stéttarfélagi eða Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Vinnustöðvun þessara aðila þýddi í raun að öll flugumferð á landinu myndi stöðvast á þeim tíma sem verkfallið stóð. Mest áhrif urðu á Keflavíkurflugvelli en búast mátti við að allt flug þar milli klukkan fjögur til níu að morgni þriðjudagsins 8. apríl lægi niðri og sú varð raunin.

Annað skammtímaverkfall félagsmanna SFR, FFR og LSS gagnvart Isavia stóð yfir frá kl. 4 til 9 23. apríl. Verkfallsverðir félaganna stóðu vaktina og gættu þess að ekki væri gengið í störf félagsmanna. Allt gekk það snurðulaust fyrir sig og ekki kom til ágreinings um framkvæmd vinnustöðvunarinnar. Flugfarþegar sýndu góðan skilning á kjarabaráttu starfsmanna og biðu þolinmóðir eftir því að félagsmenn hæfu störf kl. 9.

Samninganefnd félaganna átti langan samningafund með fulltrúum Isavia daginn áður án árangurs. Samninganefnd SFR, FFR og LSS lagði fram ítarlega greiningu á kröfum félaganna, þar sem farið var vandlega í gegn um þær leiðréttingar og lagfæringar sem snúa að einstökum starfsmannahópum og félögin hafa lagt áherslu á. Einnig lögðu félögin fram vel útfærð heildardrög að samningi milli aðila, sem byggð var á umræddri greiningu.

Samningar við Isavia tókust svo loks 29. apríl og var sá samningur til þriggja ára. Hann kvað á um 2,8% launahækkun 2014 og 4% hækkun á öðru og þriðja ári samningsins.

Verkföll SLFÍ og SFR vegna SFV

Atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun starfsmanna fyrirtækja í Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) fór fram vorið 2014 og var hún samþykkt með 65% atkvæða en kosningaþátttaka var 61,9%. Samþykki verkfallsboðunarinnar tók til félagsmanna er starfa hjá eftirtöldum stofnunum SFV vegna: Áss, Eirar, Grundar, HNLFI, Hrafnistu Hafnarfirði, Hrafnistu Kópavogi, Hrafnistu Reykjavík, Krabbameinsfélagsins, Markar, SÁÁ, Sjálfsbjargarheimilisins, Skjól, Skógarbæjar, Sunnuhlíðar og öðrum stofnunum innan SFV þar sem félagsmenn SFR starfa.

Fjölmenntur baráttufundur félagsmanna tveggja aðildarféлага BSRB sem starfa hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, SFR stéttarfélags og Sjúkraliðafélags Íslands, var haldinn fyrr í mánuðnum þar sem kjör og réttindi félagsmanna til umræðu og staðan í kjaraviðræðum félaganna við SFV.

Á fundinum var talsverður hiti í fólki og fram kom að flestir væru orðnir afar langeygðir eftir kjarabótum fyrir þennan hóp sem telur um fimm hundruð manns. Þar var einróma samþykkt að félögin efndu til atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun enda höfðu viðsemjendur ekki sýnt neinn vilja til þess að koma til móts við kröfu félaganna.

Til stuttra vinnustöðvanna vegna þessa kom en snemma um sumarið 2014 tókust samningar á milli aðila sem að lokum voru samþykktir með rúmlega 92% greiddra atkvæða.

Samningaviðræður 2015

Samningaviðræður hafa framan af árinu 2015 þokast hægt og hafa vinnustöðvanir bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði sett sinn svip á vinnumarkaðinn. Ber þar hæst að nefna verkföll BHM og Starfsgreinasambandsins og síðar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Samningar tókust að lokum á hinum almenna vinnumarkaði en þann 13. júní 2015 setti Alþingi lög á verkföll BHM félaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Jafnframt var ákveðið að skipa sérstakan gerðardóm til að ákvarða kjör þessara sömu hópa og kvað hann loks upp úrskurð sinn í ágúst 2015. Í millitíðinni höfðu bæði

héraðsdómur og Hæstiréttur fjallað um lögmæti lagasetningar Alþingis á verkföll félaganna og voru löggin á báðum dómstigum dæmd innan heimilda.

Öll þessi atburðarrás setti viðræður annarra félaga, þar á meðal aðildarfélagi BSRB, í nokkra biðstöðu og því hefur lítið þokast áfram í átt til nýrra samninga það sem af er árinu 2015.

Líkt og árið á undan hefur verið unnið eftir áætlun um bættu umgjörð kjarasamningsviðræðna þótt þær áætlanir hafi að litlu orðið í ljósi stöðunnar á vinnumarkaði framan af árinu 2015. Lagt var upp með hóflegar launahækkningar á árinu 2014 og gengust aðildarfélög BSRB undir það samkomulag ásamt meginþorra ASÍ félaga. Samningar BHM við sveitarfélögin á árinu 2014 og samningar ríkisins við kennara sama ár voru hins vegar af öðrum toga sem hefur sett vinnumarkaðinn í nokkuð uppnám í kjölfarið. Verkfall lækna og þær hækkningar sem þeir sömdu um sl. vetur urðu svo til þess að lítil hljómgrunnur hefur verið fyrir samstöðu um áframhaldandi hóflegar launahækkningar.

Stjórnvöld hafa á tímabilinu jafnframt farið í fjölmargar aðgerðir sem hafa verið til þess fallnar að lækka skatta á þá efnamestu og hækka skatta á þá sem minnst eiga. Þessar aðgerðir í átt til aukins ójafnaðar hafa jafnframt orðið til þess að lítið traust ríkir í garð stjórnvalda hjá fulltrúum samtaka launafólks.

Meginvinnan á fyrstu mánuðum ársins 2015 varðandi kjarasamninga fór í að klára ásamt viðsejendum verkefni í tengslum við síðustu kjarasamninga. Má þar nefna námskeið í gerð vaktskráa sem taka mið af því með hvaða hætti sé hægt að tryggja að tillit sé tekið til nýjustu þekkingar á áhrifum vaktavinnuá starfsmenn við skipulag vinnu.

Samninganefndir SFR stéttarfélags í almannþjónustu, Sjúkraliðafélags Íslands og Landssambands lögglumanna lögðu í lok mars 2015 fram sameiginlega kröfugerð í viðræðum sínum við samninganefnd ríkisins. Kröfugerðin skiptist í tvo hluta, annars vegar er um að ræða sameiginlegar kröfur félaganna og hins vegar eru sérkröfur hvers félags fyrir sig. Kröfurnar varða hækkun launa, styttingu vinnutíma, endurskoðun launatöflu, endurskoðun vaktafyrirkomulags, upprætingu kynbundins launamunar, launaþróunartryggingu og leiðréttingu launa á milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði.

Vegna óvissu um niðurstöðu gerðardóms og lögmæti lagasetningar á verkföll BHM og hjúkrunarfræðinga var það sameiginlega niðurstaða samninganefnda aðildarfélaga BSRB og samninganefndar ríkisins að fresta viðræðum um sumarið 2015 fram í byrjun ágúst þegar óvissu um þessa þætti hafði verið eytt. Gert var samkomulag um að þrátt fyrir þetta yrði gildistími nýrra samninga frá 1. mars 2015 svo fremi að samningaviðræðum yrði lokið fyrir október 2015.

Samningaviðræðum var svo haldið áfram á milli aðildarfélaga BSRB og ríkisins að loknu sumarleyfi og er nánar fjallað um þær viðræður í köflunum hér á eftir.

Hvað viðræður við sveitarfélögin varðar þá gerðist lítið í þeim málum vegna fyrrgreindra ástæðna. Viðsejendur BSRB, Reykjavíkurborg og samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, vísuðu reglulega til þess að verið væri að ræða heildarmynd vinnumarkaðslíkansins á Íslandi á borðum SALEK og því gerðist ekkert í samningamálum félaganna á meðan. Bæjarstarfsmannafélögin ákváðu að fara sameiginlega í viðræður við samband íslenskra sveitarfélaga og var þeim vísað til sáttasemjara í október. Í aðdraganda eiginlegra samningaviðræðna var reynt að vinna að ófrágengnum málum fyrir kjarasamnings, m.a. varðandi endurskoðun á aðstöðu starfsfólks innan málefna fatlaðs fólks og starfsnám stuðningsfulltrúa.

PFÍ skrifar undir kjarasamning 2015

Samninganefndir Póstmannafélags Íslands og Íslandspósts undirrituðu nýjan kjarasamning í sumarbyrjun 2015. Samningsforsendur í þessum samningi tóku að stærstum hluta mið af samningsforsendum í samningum SA við SGS, Flóabandalagið og VR frá 29. maí 2015.

Helstu efnisatriði hins nýja samnings voru að frá 1. maí 2015 hækkar launataflan um kr. 25.000. Félagsmenn hækkuðu um einn launaflokk og þrepum var jafnframt fækkað um 1 þrep. Lágmarkslaun yrðu þannig þann 1. maí 2015 kr. 245.000, 1. maí 2016 kr. 260.000, 1. maí 2017 kr. 280.000 og 1. maí 2018 kr. 300.000. Orlofsuppbætur og desemberuppbætur hækkuðu einnig á samningstímanum sem og fæðisfé og skópeningar.

Samningurinn var borin undir atkvæði félagsmanna sem samþykktu hann með 73,5%.

SALEK - bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga

Að frumkvæði BSRB var ríkissáttasemjara falið að leiða vinnu við bættu umgjörð í kringum kjarasamningsgerð. Var það mat bandalagsins að þess væri rík þörf eftir reynslu af kjarasamningsgerð árána á undan. BSRB hefur lagt mikið upp úr því að nýr kjarasamningur taki við um leið og eldri samningar renna úr gildi en það hefur ekki alltaf verið raunin. Sú staða hefur komið upp að kjarasamningar séu lausir jafnvel svo mánuðum skipti og það eru vinnubrögð sem BSRB sætti sig ekki við. Stjórnvöld og heildarsamtök launafólks á vinnumarkaði tóku undir þessar kröfur BSRB og var ríkissáttasemjara því falið að halda utan um verkefnið. Markmiðið var að fara yfir hvernig bæta má vinnubrögð allra aðila sem að kjarasamningsgerð koma sem mun leiða til bættari kjara handa félagmönnum BSRB launafólki öllu.

Í nóvember 2012 var haldin ráðstefna á vegum aðila vinnumarkaðarins þar sem sérfræðingar í gerð kjarasamninga frá Norðurlöndunum voru með erindi og miðluðu af reynslu sinni í sínum löndum. Í febrúar 2013 héldu svo aðilar íslenska vinnumarkaðarins í ferð um Norðurlöndin þar sem ríkissáttasemjarar og viðsemjendur þeirra voru m.a. sóttir heim. Þar fór fræðsla um framkvæmd kjarasamninga á Norðurlöndum fram. Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB fór sem fulltrúi bandalagsins í þessa ferð ásamt fulltrúum BHM, KÍ, ASÍ, SNR, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og SA, auk ríkissáttasemjara. Afrakstur þessarar vinnu voru m.a. tvær skýrslur sem bera heitin „Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum“ og „Í aðdraganda kjarasamninga: Efnahagsumhverfi og launaþróun“.

Báðar skýrslurnar voru hafðar til hliðsjónar við framlengingu kjarasamninga á árinu 2014 þar sem úr varð að meginþorri vinnumarkaðarins samdi um hóflegar launahækkningar upp á 2,8% í því skyni að lækka verðbólgu, ná niður vöxtum og auka kaupmátt launafólks. Hugmyndafræði Norðurlandanna miðar fyrst og fremst að því að auka við kaupmátt launa og var reynt að fara þá leið að þessu sinni.

Erfitt reyndist hins vegar fyrir alla aðila að ná saman og viðræður drógust á langinn. Eftir erfiðar samningaviðræður í árslok 2014 og byrjun árs 2014 tókust samningar á almennum vinnumarkaði fyrir rest. Talsverður meirihluti aðildarfélaganna ASÍ hafnaði hins vegar samningnum svo hefja þurfti samningaviðræður að nýju. Þetta hafði óhjákvæmilega nokkur áhrif á samningaviðræður opinberra starfsmanna en samningar þeirra falla almennt úr gildi tveimur mánuðum síðar en á almennum markaði.

Kjarasamningar stórs hluta opinberra starfsmanna runnu úr gildi í lok janúar 2014 og þá voru eiginlega kjarasamningsviðræður ekki enn farnar af stað. Samningseiningarfundir BSRB fóru reglulega fram undir lok ársins 2013 og fyrri hluta árs 2014. Þar fóru fulltrúar samninganefnda aðildarfélaganna

BSRB sameiginlega yfir stöðu mála og lögðu á ráðin um að hverju skyldi stefnt í kjarasamningsviðræðunum.

Gögn úr fyrrnefndri skýrslu, „Í aðdraganda kjarasamninga: Efnahagsumhverfi og launaþróun“, sem unnin var af aðilum vinnumarkaðarins og sáttasemjara sýndu að launahækkanir opinberra starfsmanna eru minni en á almennum markaði. Í aðdraganda kjarasamninga nú lagði BSRB því á það áherslu að fá samþykki samninganefndar ríkisins fyrir því að þróa í samvinnu aðferðarfræði við að meta laun og launaþróun á opinberum og almennum vinnumarkaði. Ennfremur að taka til umfjöllunar með hvaða hætti draga megi úr launamun þar sem hann er fyrir hendi og hins vegar með hvaða hætti samspil launaákvæðana á almennum og opinberum vinnumarkaði verði metið svo launaþróun milli markaða haldist í hendur. Þetta var bókað í samkomulagi milli samninganefndarinnar og BSRB varð því hluti af þeim kjarasamningum sem aðildarfélög BSRB gerðu við ríkið á árinu 2014.

Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga sendi svo uppfærða skýrslu „Í aðdraganda kjarasamninga: efnahagsumhverfi og launaþróun“ frá sér í ársbyrjun 2015. Starf nefndarinnar hefur nýst í undirbúningi kjarasamninga og sýndi umrædd skýrsla jafnframt fram á að frá árinu 2006 hafa félagsmenn BSRB hækkað minna í launum en aðrir hópar.

SALEK og kjarasamningar 2015

Samningar BHM við sveitarfélögin á árinu 2014 og samningar ríkisins við kennara sama ár voru hins vegar ekki gerðir eftir sömu formerkjum og samningar BSRB og ASÍ fyrr á árinu um hóflegar launahækkanir upp á 2,8% og aukinn kaupmátt. Verkfall lækna og þær hækkunir sem þeir sömdu um veturinn 2014-15 urðu svo til þess að lítill hljómgrunnur varð fyrir samstöðu um áframhaldandi hóflegar launahækkunir og um tíma virtist sem svo að lítill áhugi yrði hjá aðilum vinnumarkaðarins að koma sér saman um nýja umgjörð við gerð kjarasamninga á Íslandi. Einnig voru samningar flugmanna við SA nefndir sem ástæða þess að lítil eining var á vinnumarkaði um áframhaldandi hóflegar launahækkunir með áherslu á kaupmátt þar sem samningar flugmanna gerðu ráð fyrir tug prósentu hækkunum.

Kröfur sumra stéttarfélaganna í ársbyrjun 2015 fengu lítinn hljómgrunn hjá SA og ríkisvaldinu en þar gerði Starfsgreinasambandið m.a. kröfur um að lægstu laun myndu hækka verulega, að þau myndi ná 300.000 krónum á þremur árum. Fulltrúar atvinnurekenda og ríkisins sögðu aftur á móti að svigrúm til launahækkana væri á milli 3-4%. Það var því ansi langt á milli samningsaðila lengi framan af vetri 2015 og fram á vor. Loks fór það svo að Starfsgreinasambandið boðaði til verkfalls sem samþykkt var af félagsmönnum.

Á meðan deilu Starfsgreinasambandsins og SA stóð fór BHM fram með sínar kröfur gagnvart samninganefnd ríkisins þar sem farið var fram á að „menntun skyldi metin til launa“. Beinar launakröfur BHM voru aldrei gefnar upp á meðan samningaviðræðunum stóð en ljóst var að SNR þóttu kröfurnar allt of miklar og ekki væri hægt að verða við þeim. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga stóð á svipuðum tíma í viðræðum um nýja samninga við SNR. Viðmið FÍH voru áður nefndir samningar við lækna sem gerðu ráð fyrir miklum launahækkunum. Bæði BHM og FÍH kusu um verkfall og samþykktu. Verfall BHM hafði staðið yfir í um tvo mánuði og verkfall hjúkrunarfræðinga í rúmar tvær vikur þegar Alþingi samþykkti lög sem bundu enda á verkföllin. Jafnframt var ákveðið að láta sérstakan gerðardóm úrskurða í kjaradeilu FÍH og BHM við ríkið og birt hann loks niðurstöðu sína 14. ágúst 2015. Úrskurður gerðardómsins var að kjarabætur fyrir bæði FÍH og BHM yrðu nokkuð hærri en

ríkið hafði boðið, sem var jafnframt á svipuðum nótum og samið hafði verið um á almenna markaðnum.

Þegar sameiginleg samninganefnd þriggja fjölmennustu aðildarfélaga BSRB sem semja við ríkið – SFR, SLFÍ og LL – fór á sinn fyrsta fund með SNR eftir að niðurstaða gerðardóms varð ljós kom hins vegar í ljós að ríkið ætlaði ekki að nota þann úrskurð sem viðmið fyrir kjarabætur annarra ríkisstarfsmanna. SNR bauð í raun sömu kjarabætur og áður höfðu verið uppi á borðum og við það sætti samninganefnd aðildarfélaga BSRB sig ekki. Við það bættist að félög á almennum markaði höfðu haft endurskoðunarákvæði í sínum samningum sem gerðu ráð fyrir að semdu aðrir hópar um hærrí hækkanir en þegar höfðu fengist og að verðbólguþáttur yrðu með ákveðnum hætti væri hægt að endurskoða samninganna í febrúar 2016.

Að svo búnu hljóp mikill vilji í SA og ríkisvaldið að endurvekja SALEK vinnuna og reyna að búa til nýtt kjarasamningsmódel til að forða því að samningar á almennum markaði yrðu teknir upp í febrúar 2016. ASÍ hefur virst áhugasamt um að ná slíku samkomulagi sömuleiðis og þá hafa BSRB, BHM og KÍ einnig tekið þátt í vinnunni líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga. Allir aðilar hafa, líkt og þegar samstarfið hófst, viljað koma fastari skorðum á það með hvaða hætti kjarasamningar eru gerðir hér á landi. Á síðustu misserum hefur aðallega verið horft til þess að gera kjarasamninga framtíðarinnar með þeim hætti að samið verði til lengri tíma og rými fyrir fjármuni sem nýtt verður til kjarabóta ákvarðað í upphafi. Opinberir starfsmenn hafa lagt á það mikla áherslu að sérstakri launaþróunartryggingu verði jafnframt komið á, sem felur í sér að verði launaskrið á almennum markaði verði opinberum starfsmönnum bætt það upp. Þannig verði komist hjá því að launaþróun verði ójafnari yfir ákveðið árabil sem gjarnan hefur endað með vinnustöðvunum og ófriði á vinnumarkaði þegar ná á fram leiðréttingum á milli markaða vegna launaskriðs á almennum markaði.

Hluti af tillögum ákveðinna fulltrúa innan SALEK-hópsins hefur síðan verið á þann veg að hækka verði mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði á almennum markaði til samræmis við mótframlag á opinberum markaði, úr 8% í 11,5%. Þá hefur verið lagt hart að opinberum starfsmönnum að samþykkja ákveðnar breytingar á lífeyrisréttindum sínum sem hluta af samkomulagi um nýtt íslenskt vinnumarkaðsmódel. Engin slík samstaða náðst innan SALEK-hópsins enda hafa fulltrúar opinberu heildarsamtakana talið lífeyrismálin óviðkomandi samningum um nýtt vinnumarkaðskerfi og ekki var hægt að fallast á að breytingar á þegar áunnum lífeyrisréttindum ættu að telja til launa við gerð nýrra samninga. Aðrir ríkisstarfsmenn höfðu þegar fengið sínar kjarabætur án eftirgjafar lífeyrisréttinda og því vildu aðildarfélög BSRB fá slíkt hið sama. Undanfarin fimm ár hefur ötullega verið unnið að samræmingu lífeyrisréttinda og vilja fulltrúar opinberu félaganna að sú vinna fái að klárast í stað þess að vaðið verði í mögulega ómarkvissar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna sem hluta af samningum um nýtt vinnumarkaðsmódel.

Fulltrúar BSRB bentu auk þess ítrekað á að ekki væri rétt að þrýsta á um slíkt þegar aðildarfélög BSRB, þ.e.a.s. SFR, SLFÍ og LL, væru þegar búin að samþykkja verkfall til að knýja á um sambærilegar kjarabætur og gerðardómur hafði úrskurðað fyrir BHM og FÍH, án þess að það hefði kostað breytingar á lífeyriskerfinu.

Að lokum var viðræðum SALEK um breytt vinnumarkaskerfi frestað í bili svo að aðildarfélög BSRB kæmst að samningaborðinu og gætu klárað sína samninga áður en lengra væri haldið.

Verkföll SFR og SLFÍ 2015

Þegar ljóst var í upphafi septembermánaðar að samninganefnd ríkisins ætlaði sér ekki að bjóða aðildarfélögum BSRB sambærilegar kjarabætur og aðrir ríkisstarfsmenn höfðu þá þegar fengið var

boðað til atkvæðagreiðslu um verkfallsheimildir félagsmanna SFR og SLFÍ. LL hefur ekki lengur verkfallsrétt en stóð samt sem áður þétt með sjúkraliðum og félagsmönnum SFR enda höfðu félögin þrjú lagt af stað í sameiginlegar viðræður við ríkið.

Félögin borðuðu til baráttufundar í Háskólabíói þann 14. september þar kröfur félaganna voru ítrekaðar. Fullt var út úr dyrum á fundinum og fékk hann mikla athygli fjölmiðla. Leitað var eftir samþykki stjórnar SLFÍ og SFR til þess að hefja atkvæðagreiðslu um verkfall og fór atkvæðagreiðslan síðan fram 22. september til 29. september.

Verkfallsboðun starfsmanna ríkisins hjá SFR stéttarfélagi í almannaþjónustu og Sjúkraliðafélagi Íslands var samþykkt með miklum meirihluta. Niðurstöðurnar urðu þær að aðgerðirnar voru samþykktar með 85,15% atkvæðum hjá SFR félögum og 90,9% hjá sjúkraliðum. Alls tóku 63,81% félagsmanna SFR þátt í atkvæðagreiðslunni og 69,8% hjá Sjúkraliðafélaginu.

Verkfallsaðgerðir hófust síðan þann 15. október á meðal allra félagsmanna SFR og SLFÍ og stóðu til 16. október. Önnur lota verkfalla sem náði til allra félagsmanna umræddra félaga hófst svo á miðnætti aðfararnótt 19. október og stóð til loka dags 20. október. Frá og með miðnætti aðfararnótt fimmtudagsins 15. október 2015 hófst hins vegar ótímabundin vinnustöðvun hjá eftirtöldum stofnunum sem félagsmenn SFR starfa á: Landspítalinn, Ríkisskattstjóri, Tollstjórinn og öll sýslumannsembættin um landið.

Verkföllin höfðu mikil áhrif á ýmsa opinbera þjónustu á tímabilinu og varð ástandið hvað verst á heilbrigðisstofnunum landsins. Í aðdraganda verkfalla og á meðan þeim stóð stóðu SFR, SLFÍ og LL að fjöldafundum og samstöðusamkomum m.a. fyrir framan stjórnarráðið fyrir ríkisstjórnarfundi og á Austurvelli fyrst dag verkfallsins. Fundirnir voru vel sóttir og rækilega var fjallað um þá í öllum fjölmiðlum landsins.

Samhliða verkföllunum áttu samninganefndir félaganna í löngum fundarhöldum við samninganefnd ríkisins sem hafði á þeim tímamarki komið með aðeins breytta nálgun að samningaborðinu. Mikið var fundað um miðjan október og miðaði viðræðum hægt en þó í rétta átt.

En þegar þetta er ritað lá ekki ljóst fyrir hvort samningar myndu takast fyrir næstu fyrirhugðu allsherjarverkfallslotu sem ráðgert var að myndi hefjast 29. október og standa í tvo sólarhringa. Að þeirri lotnu var ráðgert að allsherjarvinnustöðvum SFR og SLFÍ myndi næst verða dagana 12. til 13. nóvember og síðan varanlega frá og með 16. nóvember ef ekki hefðu náðst samningar fyrir þann tíma. Eins og áður sagði var ekki ljóst hvort til þess kæmi þegar þessi orð eru rituð.

Húsnæðismál

BSRB samþykkti ítarlega stefnu í húsnæðismálum á síðasta þingi bandalagsins sem hefur verið leiðarljós í margvíslegri vinnu bandalagsins að málaflokknum á síðustu árum. Húsnæðismál hafa verið ofarlega á dagskrá stjórnvalda og hafa fulltrúar BSRB tekið þátt í stefnumótun ýmissa nefnda stjórnvalda og sveitarfélaga í málaflokknum, veitt umsagnir við lagafrumvörp auk þess sem bandlagið hefur sjálft metið stöðu launafólks á húsnæðismarkaði.

Stefna og ályktanir

Á 43. þingi bandalagsins var samþykkt stefna í húsnæðismálum þar sem m.a. kom fram að bregðast yrði við breyttum þörfum á húsnæðismarkaðnum sem allra fyrst til að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar. Einnig var krafa BSRB um að leigukerfi að norræni fyrirmynd yrði komið á og jafnframt sérstöku húsnæðisbótakerfi í stað vaxta- og leigubóta. Þá var mikilvægi Íbúðalánasjóðs ítrekað og að áframhaldandi starfsemi hans yrði tryggð og eignarhaldið yrði áfram hjá ríkinu.

Á aðalfundi BSRB í maí 2014 samþykkti fundurinn ályktun um skuldaleiðréttingar og húsnæðismál þar sem því var mótmælt að í skuldaleiðréttingum ríkisstjórnarinnar sé ekki komið til móts við stóran hluta heimila landsins, m.a. þá sem eru á leigumarkaði. Einnig kom fram í ályktuninni að þótt leiðréttingin svokallaða myndi bæta stöðu margra heimila í landinu myndi hún ekki gagnast þeim sem mestu þurfa á að halda. Í sömu ályktun voru stjórnvöld hvött til að koma samræmdum húsnæðisbótum til framkvæmda sem fyrst í stað sérstakra vaxta- og leigubóta til að stuðla að frekari jöfnuði á húsnæðismarkaði og mismuna fólki ekki eftir búsetuformi.

Verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála um mitt ár 2013 sem hafði það hlutverk að leggja fram framtíðarstefnu í húsnæðismálum. Samhliða var skipaður samvinnuhópur um framtíðarskipan húsnæðismála sem hafði það hlutverk að vera verkefnisstjórninni til ráðgjafar.

BSRB tilnefndi Kristján Jóhannsson sem fulltrúa í samvinnuhópum. Samvinnuhópurinn skilaði sameiginlegum tillögum sínum til verkefnisstjórnarinnar hvað varðaði m.a. uppbyggingu á virkum leigumarkaði, virk félagsleg úrræði í húsnæðismálum, fjármögnun almennra húsnæðislána og hlutverk stjórnvalda við veitingu almannajónustu á húsnæðislánamarkaði. Tillögur samvinnuhópsins og verkefnisstjórnarinnar má finna á vef velferðarráðuneytisins.

Í framhaldi af vinnu verkefnisstjórnarinnar var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum nr. 36/1994, með síðari breytingum (réttarstaða leigjenda og leigusala) á 144. lögjafarþingi. Frumvarpinu var ætlað að auka réttaröryggi leigjenda og koma á meiri festu í samskiptum leigjenda og leigusala svo komast megir hjá ágreiningi síðar. Í umsögn BSRB við frumvarpið, sem birt er á bls. 99, 104 og 107 í kaflanum um umsagnir, benti bandalagið á að það hefði lengi bent á alvarlega stöðu á leigumarkaði. Mikilvægt væri að stjórnvöld brygðust við þeim vanda sem blasti við á húsnæðismarkaði með heildstæðum hætti.

BSRB gerði þær athugasemdir við frumvarpið að ekki væri lagt mat á hvort þær breytingar sem lagðar væru til myndu hugsanlega hafa áhrif á leiguverð til hækkunar þess. Jafn réttmætar og þær breytingar væru, sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér, þá væri ljóst að leiguverð hefði

hækkað mikið og því teldi bandalagið mikilvægt að áhrif frumvarpsins á leiguverð væru metin auk þess sem bandalagið vísaði til fyrri athugasemda um að brugðist yrði við m.a. háu leiguverði með heildstæðum og markvissum aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Frumvarpið var ekki samþykkt á þinginu og bíður væntanlega afgreiðslu haustið 2015.

Frumvarp til breytinga á lögum um húsnæðissamvinnufélög var jafnframt lagt fram á 144. þingi. Frumvarpinu var ætlað að auðvelda húsnæðissamvinnufélögum að starfa á Íslandi en í frumvarpinu eru lagðar til margvíslegar breytingar á gildandi lögum um húsnæðissamvinnufélög er varða málefni þeirra sem ætlað er að stuðla að sjálfbærum rekstri þeirra. Í umsögn BSRB við frumvarpið, sem birt er á bls. 108, er gagnrýnt að ekki sé brugðist við alvarlegri stöðu á húsnæðismarkaði með heildstæðum hætti. Nauðsynlegt sé að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaði með markvissum aðgerðum af hálfu stjórnvalda til að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar. Bent er á að frumvarpið sem og frumvarp um breytingar á húsaleigulögum feli í sér einungis lítinn hluta þeirra nauðsynlegu aðgerða sem ráðast þurfi í vegna alvarlegs húsnæðisvanda. Umfangsmeiri aðgerðir þurfi til að bregðast við þessari alvarlegu stöðu.

BSRB bendir sömuleiðis á það það að ein meginforsenda fyrir eflingu, t.d. húsnæðissamvinnufélaga og uppbyggingu á húsnæðismarkaði, sé fjárhagsleg aðkoma ríkis og sveitarfélaga en um það sé ekki fjallað í frumvarpinu. Án slíkrar aðkomu sé ljóst að tæpast megi búast við mikilli aukningu í uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Frumvarpið var ekki afgreitt af hálfu Alþingis.

Húsaleigubætur

Lagt var fram frumvarp á 144. löggjafarþingi um breytingu á lögum um húsaleigubætur þar sem lagt var til að námsmenn sem vegna náms síns leigja íbúðarhúsnæði í sama sveitarfélagi og þeir eiga lögheimili eigi rétt á húsaleigubótum að því tilskildu að viðkomandi námsmaður geti ekki sótt skóla daglega frá lögheimili sínu vegna tiltekinna aðstæðna. BSRB studdi frumvarpið í umsögn bandalagsins til Alþingis enda markmið frumvarpsins að tryggja jafnan rétt námsmanna til húsaleigubóta.

Jafnframt var lagt fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur en með frumvarpinu var lagt til að réttur námsmanna til húsaleigubóta yrði sá sami hvort heldur þeir leigðu á heimavist eða á námsgörðum eða á almennum markaði. Þingmálið var fyrst lagt fram á 140. þingi og sendi BSRB þá inn umsögn þar sem bandalagið taldi mikilvægt að öllum námsmönnum væri tryggður sams konar stuðningur hvort heldur þeir hefðu möguleika á að leigja á heimavist og námsgörðum eða á almennum markaði.

Húsnæðisbætur

Á sama þingi var síðan lagt fram af hálfu félags- og húsnæðismálaráðherra frumvarp til heildarlaga um nýjar húsnæðisbætur, sem byggði m.a. á vinnu verkefnisstjórnar. Frumvarpið felur í sér allnokkra hækkun húsnæðisbóta til leigjenda auk þess sem bæturnar taka betur mið af fjölda heimilismanna en húsaleigubætur gera. BSRB taldi í umsögn sinni, sem birt er á bls. 108, að frumvarpið fæli í sér mikilvægt skref í átt að einu húsnæðisbótakerfi og hækkun fjárhæða eftir fjölda á heimili væri mikilvæg til að bregðast við gríðarlegum vanda fjölda fjölskyldna sem eru á leigumarkaði vegna m.a. hækkunar á leiguverði.

Meginathugasemd BSRB varðandi frumvarp laut þó að því að ekki væri metið sérstaklega hvort hækkun húsnæðisbóta með þeim hætti sem frumvarpið fæli í sér leiddi til hækkunar leiguverðs. Bandalagið lýsti því yfir að það teldi mikilvægt að leitað væri allra leiða til að tryggja að hækkun

húsnæðisbóta leiði ekki til hækkunar leiguverðs heldur bæti raunverulega fjárhagslega stöðu leigjenda. Frumvarpið er til umfjöllunar á Alþingi.

Leigumarkaður

Í kjarakönnun BSRB sem fjallað er um á bls. 152 kom fram að 26,5% félagsmanna BSRB telja það líklegt að þeir myndu velja að leigja húsnæði til frambúðar frekar en að kaupa ef búseta þeirra væri tryggð í leiguhúsnæðinu. Þegar sá hópur sem býr í eigin húsnæði var skoðaður sérstaklega m.t.t. þess hvort fólk gæti hugsað sér að leigja húsnæði til frambúðar frekar en að kaupa ef búseta þeirra væri tryggð, sést að 21% gætu hugsað sér að færa sig yfir á leigumarkaðinn. Samkvæmt þessu gæti því rúmlega fimmtungur þeirra sem í dag eiga sitt húsnæði vel hugsað sér að vera frekar á leigumarkaði að því gefnu að búseta þeirra væri tryggð til frambúðar í leiguhúsnæðinu.

BSRB tók undir meginsjónarmið sem sett voru fram í tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi sem lögð var fram á 142. lögjafarþingi en með ályktuninni var ætlunin að fela ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að auka eins hratt og kostur væri framboð leiguhúsnæðis til að bregðast við því alvarlega ástandi sem komið væri upp á húsnæðismarkaði. Bandalagið tók sérstaklega undir það efni tillögunnar um að fjármála- og efnahagsráðherra væri falið að leggja fram frumvarp um húsnæðisbætur sem tryggðu sambærilegan stuðning við leigjendur og eigendur húsnæðis. Þá lagði bandalagið áherslu á að leigumarkaður væri raunverulegur valkostur fyrir alla þjóðfélagshópa. Mikilvægt væri að reglur og lög varðandi leigufélög sem njóti opinbers stuðnings verði með þeim hætti að settar verði takmarkanir á arðgreiðslum, að leigufélög tryggi leigjendur húsnæðisöryggi til frambúðar og að íbúðir verði ekki seldar út úr leigufélögum í gróðaskyni.

BSRB benti þó á að rekstur félagslegs leiguhúsnæðis samhliða því að þróa varanlegan leigumarkað væri ekki besti kosturinn. Að mati bandalagsins væri æskilegra að byggja upp varanlegan almennan leigumarkað fyrir alla samfélagshópa þar sem stuðningur væri persónubundinn en ekki húsnæðisbundinn. Áfram yrði veittur sértækur stuðningur fyrir þá þjóðfélagshópa sem sem þess þyrftu en sá stuðningur yrði óháður húsnæðisbótunum.

Þá hélt heilbrigðis- og velferðarnefnd BSRB morgunverðarfund í júnímánuði 2015 um Reykjavíkurborg, húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar sem fjallað er um á öðrum stað í skýrslunni. Á fundinum fjallaði Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar um Reykjavíkurborg. Hann fjallaði nokkuð ítarlega um sýn og stefnu borgarinnar um byggingu á varanlegum leigu- og búseturéttaríbúðum fyrir Reykvíkings með fjölbreyttu framboði fyrir alla félagshópa. Fundurinn var vel sóttur og var góð og mikil umræða um leiðir til að tryggja öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Skuldaleiðrétting

BSRB skilaði inn ítarlegri umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila, sem í daglegu tali er nefnd *Leiðréttingin*. Í umsögn BSRB kom fram að vandmeðfarið sé að geta ekki tekið undir tillögur sem miða að því að létta á byrðum heimilanna. Hins vegar er það svo að allar aðgerðir sem miða að því að létta á byrðum heimilanna munu fela í sér kostnað fyrir ríkissjóð. Bandalagið tjáði þær áhyggjur sínar að kostnaður vegna aðgerðanna muni mögulega aftur færast yfir á skattgreiðendur og þar af leiðandi auka skuldabyrði og kostnað heimilanna.

BSRB sagði jafnframt að svo að raunverulega megi bæta stöðu heimilanna telur bandalagið þann kost vænstan að þeim mögulegu fjármunum sem ættu að fara í að greiða niður almenn fasteignalán verði

varið til lækkunar á skuldum ríkissjóðs. Með þeim hætti er tryggara en ella að sá kostnaður sem tillögur þessar feli í sér bitni ekki á heimilunum með öðrum eða óbeinum hætti, t.d. með frekari niðurskurði í heilbrigðiskerfinu og í almannajónustu með tilheyrandi hækkun á gjaldtöku.

BSRB gerði jafnframt grein fyrir athugasemdum sínum við einstaka liði frumvarpsins sem lesa má í heild sinni í umsögn BSRB um málið á bls. 90.

BSRB lagði m.a. áherslu á að nefnd um framtíðarskipan húsnæðismála hefði starfandi í fjögur ár í þverpólítísku samstarfi allra flokka og hagsmunaaðila og að starf hennar bæri að hafa til grunvallar nýskipan í húsnæðismálum. BSRB lagði þar til að komið yrði á varanlegum leigumarkaði óháð félagslegri stöðu og því er ekkert til fyrirstöðu að hafist sé handa við að framkvæma tillögur fyrri nefndar. BSRB studdi jafnframt að stimpilgjald af lánum yrði afnumið og taldi slíka tillögu fela jákvæð áhrif í sér.

Bandalagið lagði jafnframt til að óskað yrði eftir því að Seðlabankinn myndi meta áhrif þessara tillagna á fjármálastöðugleika og mögulega þensluáhrif á fasteignamarkaðnum, vegna fyrri reynslu af breytingum á fasteignalánamarkaðnum.

Varðandi ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána sagði BSRB í umsögn sinni að frumvarpinu yrði breytt á þann veg að ef þak greiðslna verði ekki nýtt verði heimilt að færa það sem eftir stendur yfir á næsta ár. Þannig geti t.d. einstaklingur sem eingöngu greiðir 400.000 kr. inn á lánið á einu ári haft heimild til að greiða 600.000 kr. á því næsta. Með þeim hætti myndi gæta samræmis með frumvarpi til laga um leiðréttingu verðtryggra fasteignaveðlána en þar er heimilaður slíkur flutningur milli ára.

Jafnframt lagði BSRB til vegna nýtingu séreignarsparnaðar til kaupa á húsnæði að myndi eftirspurn eftir smærri íbúðum eða svonefndum fyrstu kaups íbúðum frá miðju ári 2017 til miðs árs 2019 aukast verulega. Slíkt myndir væntanlega bjaga fasteignamarkaðinn því eftirspurn eftir ákveðinni tegund íbúða myndi aukist töluvert meira en eftir annars konar íbúðum. Bandalagið lagði því til að tímabilið sem um ræðir sé lengt svo eftirspurnin dreifist á lengri tíma.

Að öðru leiti studdi BSRB frumvarp sem lagt var fram á 143. þingi um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt en frumvarpinu var ætlað að auðvelda fyrstu íbúðarkaup. Bandalagið benti þó á að frumvarpið hefði ekki mikil áhrif á heildarendurskoðun húsnæðismála sem þó lægi fyrir að væri brýnt að ráðist í.

Vinnuhópur um ný húsnæðissamvinnufélög

BSRB tók þátt í vinnu vinnuhóps sem skipaður var af Reykjavíkurborg um ný húsnæðissamvinnufélög. Meginhlutverk vinnuhópsins var að greina forsendur og útfæra bestu leiðir við stofnun nýrra húsnæðissamvinnufélaga í samvinnu við fulltrúa stéttarfélag. Hópurinn skoðaði jafnframt reglur EES-samningsins ef um einhvers konar niðurgreiðslur væri að ræða, mikilvægi félagslegrar blöndunum í húsunum og borgarhverfum, hugsanlega misnotkun og hvernig tryggja megi langvarandi líf leigufélaganna. Þá skoðaði hópurinn annars konar leigufélög, ekki eingöngu húsnæðissamvinnufélög. Fulltrúar BSRB í vinnuhópnum voru Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélag Íslands. Skýrslu vinnuhópsins má nálgast á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Yfirlýsing ríkisstjórnar um húsnæðismál – samráðshópur

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um húsnæðismál í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, BSRB, ASÍ, BHM, KÍ og Samtök atvinnulífsins. Samkvæmt inngangsorðum yfirlýsingarinnar skal stuðla að því að landsmenn hafi aukið val um búsetuform og búi við meira öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins, einkum tekjulágar fjölskyldur. Markmið þeirra var m.a. að lagður yrði grunnur að nýju félagslegu leiguíbúðakerfi þar sem lögð verður áhersla á að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum til að tryggja tekjulágum fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma.

Félagslega leigukerfið verður fjármagnað með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga og með beinum vaxtaniðurgreiðslum ríkisins sem nema núvirt um 30% af stofnkostnaði. Settar verði skorður fyrir því að hægt verði að taka íbúðir út úr félagslega leigukerfinu en verði slíkt heimilt verða sett inn ákvæði um ráðstöfun söluhagnaðar.

Jafnframt var í yfirlýsingunni fjallað um að ráðist verði í átak um byggingu félagslegra leiguíbúða. Stefnt er að því að byggja 2.300 íbúðir á næstu fjórum árum, þ.e. á árunum 2016-2019, þó að hámarki 600 íbúðir á ári. Að því loknu verður metin þörf á áframhaldandi uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis, m.a. að teknu tilliti til stöðu opinberra fjármála. Áhersla verður á íbúðir af hóflegri stærð og að tryggð verði félagsleg blöndun í leiguíbúðunum. Miðað verður við að tekjur íbúa verði í lægstu tveimur tekjufimmtungum þegar flutt er inn í húsnæðið. Þannig verði tekjulágum fjölskyldum, sem hingað til hafa ekki átt kost á íbúðum í félagslegu kerfi sveitarfélaganna, veittur aðgangur að ódýru og öruggu leiguhúsnæði.

Aukið framboð húsnæðis og lækkun byggingakostnaðar var eitt af umfjöllunarefnum umræddrar yfirlýsingar og af hálfu hins opinbera verður á allan hátt greitt fyrir að hægt verði að taka upp sem hagkvæmastar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað. Endurskoðun á byggingareglugerð er þar á meðal og skipulagslög.

Til að lækka frekar húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda verða húsnæðisbætur hækkaðar á árunum 2016 og 2017 samkvæmt yfirlýsingunni. Grunnfjárhæð og frítekjumark verða hækkuð með hliðsjón af tillögum sem hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum. Húsnæðisbætur og frítekjumörk munu taka mið af fjölda heimilismanna. Skattlagningu tekna af leigu íbúða í eigu einstaklinga verður breytt í þeim tilgangi að lækka leiguverð og auka framboð leiguíbúða. Stefnt verður að sérstökum lagalegum ráðstöfunum fyrir fyrirtæki til að hvetja til langtímaleigusamninga og bæta þannig búsetuöryggi á almennum markaði. Ofantaldar aðgerðir eiga að tryggja stuðning við almennan leigumarkað.

Þá er einnig fjallað um sérstakan stuðning við kaup á fyrstu íbúð og hvatt verður til sparnaðar með því að þeir sem sparað hafa tilgreint hámarkshlutfall af tekjum í tiltekinn tíma geti tekið sparnaðinn út skattfrjálst, t.d. þannig að ungu fólki verði heimilt að nýta séreignasparnað sem eiginfjárframlag við kaup á fyrstu íbúð. Um fasteignalán til neytenda verði sett sérlög og lánveitendum veitt svigrúm til að horfa til fleiri þátta en niðurstöðu greiðslumats við ákvörðun um lántöku.

Samkvæmt yfirlýsingunni skal vinna að markmiðum yfirlýsingarinnar í samráðshópi ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði með hliðsjón af fyrirliggjandi vinnu stjórnvalda við umbætur á húsnæðismarkaði og hugmyndum sem upp hafa komið í samráðshópnum. BSRB hefur tilnefnt fulltrúa sem starfa í samráðshópnum og undirhópum hans og er miðað við þau frumvörp sem nauðsynleg eru til að láta markmið ná fram að gang verði lögð fram á haustþingi 2015.

Frekar má lesa um störf einstakra hópa sem störfuðu á vegum stjórnvalda og BSRB átti fulltrúa í á tímabilinu í kaflinum um nefndir og starfshópa. Eins og sjá má af því sem hér á undan hefur verið

rakið hafa húsnæðismálin skipað stórt hlutverk á umræddu tímabila og hefur BSRB eftir fremsta megni komið sínum áherslum á framfæri í gegnum störf sín.

Jafnréttismál

BSRB hefur ávallt verið leiðandi í umræðu um jafnréttismál í víðasta skilningi orðsins og eitt af helstu baráttumálum bandalagsins hefur verið að stuðla að auknu jafnrétti. BSRB hefur komið að mörgum vinnuhópum og nefndum á vegum stjórnvalda er varða málaflökinn og staðið sjálft fyrir umræðum og uppákomum til að leggja jafnréttisbaráttunni frekari lið.

Samkvæmt stefnu BSRB í jafnréttismálum sem samþykkt var á 43. þingi bandalagsins skal BSRB standa vörð um að allir atvinnurekendur fylgi eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum þjóðfélagsins og staðinn vörður um það. Bandalagið á að tryggja að allir félagsmenn þess búi við jafnrétti á vinnumarkaði og innan BSRB er starfandi sérstök jafnréttisnefnd.

Jafnréttisnefnd BSRB

Stjórn BSRB ákvað á fyrsta fundi sínum eftir 43. þing bandalagsins að starfrækja jafnréttisnefnd á tímabilinu. Nánar er fjallað um störf þeirrar nefndar í kaflanum um nefndir innan BSRB. Samkvæmt erindisbréfi jafnréttisnefndar er það hlutverk nefndarinnar að fylgja eftir stefnu BSRB í jafnréttismálum sem samþykkt var á 43. þingi bandalagsins og vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um jafnréttismál.

Jafnréttisnefndin hefur á síðustu þremur árum fengið fjölda gesta á sinn fund og staðið fyrir opnum viðburðum til að kynna jafnréttismálin fyrir félagmönnum bandalagsins. Í tilefni af jafnréttisviku hélt BSRB morgunverðarfund þann 31. október 2013 þar sem fjallað var um kynskiptan vinnumarkað. Finnborg Salóme Steinþórsdóttir fjallaði um stöðu lögreglukvenna innan lögreglunnar og þá fjallaði Gyða Margrét Pétursdóttir um helstu orsakir og afleiðingar kynskipts vinnumarkaðar og möguleg viðbrögð stéttarféлага við þeirri þróun.

Þá hélt jafnréttisnefnd hádegisverðarfund þann 11. mars 2014 um mismunun á íslenskum vinnumarkaði. Tilefni fundarins var m.a. fyrirhuguð innleiðing tveggja tilskipana Evrópusambandsins um bann við mismunun. Jafnréttisstofa hafði tekið þátt í verkefni með Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fjölmenningssetrinu á Ísafirði sem laut m.a. að því að kortleggja mismunun á íslenskum vinnumarkaði og kanna þekkingu stjórnenda á mismununartilskipununum tveimur. Á fundinum fjallaði lögfræðingur Jafnréttisstofu, Ingibjörg Elíasdóttir, um rannsóknina.

Haldinn var morgunverðarfundur í júníbyrjun 2015 undir yfirskriftinni; Hvernig búum við til fjölskylduvænna samfélaga? Á fundinum fór Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB yfir árangur tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar og Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB var með hugleiðingar um það hvað fælist í fjölskylduvænna samfélagi.

Fjölskylduvænna samfélag var nokkuð til umræðu hjá nefndinni, sbr. opinn fund nefndarinnar sem fjallað er um hér síðar, en nefndin fékk jafnframt á sinn fund Guðmund D. Haraldsson sem fjallaði um hugmyndafræði Öldunnar um styttingu vinnuvikunnar í október 2013.

Fleiri þættir voru til umræðu hjá nefndinni. Jafnréttisnefnd fjallaði nokkuð um ráðstefnuna Nordisk Forum en aðildarfélög BSRB og bandalagið sjálf sendu hóp fulltrúa til að taka þátt í ráðstefnunni. Þá hélt Eyju M. Brynjarsdóttur frá félagsvísindasviði Háskóla Íslands áhugaverðan fyrirlestur um gagnrýna samfélagsumræðu með kynjavinkli

Þá fjallaði jafnréttisnefnd á tímabilinu um drög að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en fyrirhugað var að leggja þá áætlun fyrir Alþingi.

Ályktanir um jafnréttismál

Stjórn BSRB hefur sent frá sér nokkrar ályktanir er varða jafnréttismál á tímabilinu. 43. þing BSRB ályktaði um jafnréttismál og kynbundinn launamun þar sem sagði m.a. að „43. þing BSRB krefst þess að kynbundnum launamun verði útrýmt með auknu fjármagni og aðgerðum nú þegar. Það er algert forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar.“ Auk þess var í sömu ályktun fjallað um að stytta vinnuvikuna í 36 stundir og að efla þyrfti fæðingarorlofssjóð með því að lengja fæðingarorlofstímabilið og hækka greiðslupakið.

Á fyrsta fundi stjórnar BSRB eftir 43. þing var jafnframt ályktað um framkvæmd jafnlaunaátaks þar sem sagði að „á undanfórnum árum hefur BSRB ítrekað bent á þann mikla kynbundna launamun sem viðgengist hefur á meðal opinberra starfsmanna. Framkvæmdar hafa verið viðmiklar kannanir á þessu sviði sem nú síðast sýndu fram á kynbundinn launamun upp á 13,1% að meðaltali á landsvísu. BSRB hefur jafnframt þrýst mjög á stjórnvöld að bregðast við vandanum svo hann megi uppræta enda á launamisrétti á grundvelli kynferðis ekki að viðgangast.“

Í sömu ályktun var fjallað um jafnlaunaátak sem var ætlað að ná til starfsstétta þar sem konur skipa meira en tvo þriðju hluta starfsstéttar. Í fyrstu átti átakið að leiðrétta kjör kvennahópa innan heilbrigðiskerfisins en stjórn BSRB gerði þá kröfu að að framkvæmd jafnlaunaátaksins myndi byggja á jafnræði milli starfsstétta og myndi ná jafnt til starfsstétta BSRB og háskólamenntaðra stétta sem undir jafnlaunaátakið falla.

Í september 2013 sendi stjórn BSRB svo frá sér nýja ályktun í kjölfar niðurstaðna kjarakönnunar BSRB sem leiddi í ljós 11,4% kynbundinn launamun innan bandalagsins. Í þeirri ályktun fór stjórn BSRB fram á að ríkisstjórnin héldi áfram því jafnlaunaátaki sem fyrri stjórn kynnti og leggi aukinn kraft og fjármuni í að vinna bug á því meini sem kynbundinn launamunur er á íslenskum vinnumarkaði. Þar voru ríki og sveitarfélög jafnframt hvött til að vera leiðandi aðilar í baráttunni gegn því misrétti sem felst í launamun kynjanna.

Kjarakönnun BSRB

BSRB lét framkvæma sérstaka kjarakönnun á árinu 2012 og var hún endurtekin árið 2013. Ítarlegri upplýsingar um niðurstöðurnar má finna í kaflanum um kjarakönnunina en hér á eftir verður aðeins farið yfir takmarkaðan hluta niðurstaðna. Meginmarkmið könnunarinnar var að kanna kaup og og samsetningu launa og í öðru lagi að meta hvort kynbundinn launamunur sé fyrir hendi og hversu mikill hann er.

Helstu niðurstöður kjarakönnanna BSRB voru að kynbundinn launamunur á heildarlaunum er um 12%. Munurinn minnkaði lítillega á milli ára en þó ómarktækt og innan skekkjumarka. Þá mældist kynbundinn launamunur mjög misjafnlega á milli landssvæða. Á Suðvesturhorninu í kringum höfuðborgina minnkaði hann milli ára úr 12,1% í 10,4% og á Austur- og Norðurlandi fór hann úr 11,6% árið 2012 niður í 5,7% árið 2013. Þá minnkaði hann úr 17,3% á Vesturlandi og Vestfjörðum niður í 16,6%. Breytingar á milli ára eru þó oftast innan skekkjumarka. Hækkun varð hins vegar á Suðurlandi og Suðurnesjum á milli umræddra ára, fór úr 18% og upp í 20% kynbundinn launamun árið 2013.

Nánar er fjallað um niðurstöðurnar í kaflanum um launakannanir BSRB á bls. 152.

Heilsa og lífshættir Íslendinga – Rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar

Á árinu 2014 var tekin ákvörðun um að styrkja prófessor Rúnar Vilhjálmsson til að framkvæma á ný rannsókn sína „*Heilsa og lífshættir Íslendinga: Um heilsufar, viðhorf og aðstæður fullorðinna Íslendinga*“. Hluti rannsóknarinnar fjallar um aðgengi Íslendinga að heilbrigðisþjónustu út frá fjárhagsaðstæðum og leiddi könnunin í ljós að þónokkur hluti Íslendinga neitar sér um heilbrigðisþjónustu jafnvel þótt hann telji sig þurfa á henni að halda. Margir þeirra sem neita sér um heilbrigðisþjónustu gera það vegna fjárhagsaðstæðna.

Þá leiddi könnunin jafnframt í ljós að kostnaður heimila vegna heilbrigðisþjónustu leggst mjög misjafnlega á fólk eftir efni og aldri þeirra. Þannig fóru hlutfallslega mun hærri útgjöld af tekjum öryrkja og aldraðra í heilbrigðisþjónustu en annarra hópa svo dæmi sé tekið. Sérstaklega er fjalla um niðurstöður Rúnar Vilhjálmssonar í kaflanum um rannsókn hans en þar fyrir utan er enn verið að greina niðurstöðurnar og munu frekari niðurstöður verða gerðar opinberar eftir því sem á líður næsta kjörtímabil.

Vinnuhópar og nefndir er varðandi jafnréttismál

Samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um allar breytingar á ýmsu er varðar jafnréttismál á landinu, t.d. fæðingar- og foreldraorlofi. Þar má nefna tillögur um hækkun þaks og lengingu fæðingarorlofs sem samþykkt var á Alþingi í árslok 2012. Þá hefur BSRB át fulltrúa í fjölmörgum vinnuhópum og nefndum á vegum stjórnvalda sem starfa að jafnréttismálum.

Má þar á meðal nefna stýrihóp Reykjavíkurborgar um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar, nefnd um endurskoðun reglna um einelti á vinnustöðum, vinnuhóp um samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs, samráðshóp um mótun fjölskyldustefnu, aðgerðahóp stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna, nefnd um innleiðingu Evróputilskipana um bann við mismunun, tækninefnd um jafnlaunakerfi og starfshóp um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum.

Frekar má lesa um störf þessa hópa og afrakstur vinnu þeirra í kaflanum um vinnuhópa og nefndir á vegum stjórnvalda á bls. 120-136.

Umsagnir um frumvörp

Starfsfólk skrifstofu BSRB hefur á síðustu þremur árum ekki bara starfað í fjölda starfshópa og nefnda sem fjalla um jafnréttismál í víðum skilningi heldur einnig skilað inn fjölda umsagna um lagafrumvörp sem falla undir málaflokkinn.

Má þar nefna umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, umsögn um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Lesa má þessar umsagnir í kaflanum um umsagnir BSRB á tímabilinu á bls. 77-108.

Nefndalistar og fulltrúar í ráðnum nefndum

Mennta- og fræðslunefnd

Karl Rúnar Þórssón STH formaður, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Alma Lísu Jóhannsdóttir SFR, Þórveig Þormóðsdóttir FSS, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Guðríður Sigurbjörnsdóttir St.Rv. Jóhanna Þorgilsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Heilbrigðis- og velferðarnefnd

Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ formaður, Ína Jónsdóttir SFR, Árni Egilsson Kjölur, Eyrún Eypórsdóttir LL, Guðrún Árnadóttir St.Rv., Hafsteinn Ingibergsson St.Suðurnesja og Sverrir Björn Björnsson LSS. Kristinn Bjarnason er starfsmaður nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd

Elín Björg Jónsdóttir BSRB formaður, Rita Arnfjörð St.Kópavogi, Kristján Jóhannsson FFR, Magnús A Sveinbjörnsson Umhverfissvið Rvk, Kristín Ólafsdóttir SLFÍ, Sigrún Elíasdóttir SRÚ og Berglind Eyjólfsdóttir LL. Dalla Ólafsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Alþjóðanefnd

Snorri Magnússon LL formaður, Elín Björg Jónsdóttir BSRB, Árni Stefán Jónsson SFR, Garðar Hilmarsson St.Rv, Jakobína Þórðardóttir St.Rv, Þórarinn Eyfjörð SFR, Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Sverrir Björn Björnsson LSS, Guðbjörn Arngrímsson St. Fjallabyggðar, Ársæll Ársælsson TFÍ, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Þuríður Einarsdóttir PFÍ og Ottó Eiríksson FÍF. Helga Jónsdóttir er starfsmaður nefndarinnar en nefndin er jafnframt opin öllum þeim sem starfa að alþjóðamálum innan sinna félaga.

Lífeyrisnefnd

Elín Björg Jónsdóttir BSRB formaður, Árni Stefán Jónsson SFR, Þórveig Þormóðsdóttir FSS, Sverrir Björn Björnsson LSS, Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ, Garðar Hilmarsson St.Rv., Guðrún Árnadóttir LL, Þuríður Einarsdóttir PFÍ, Kristinn Bjarnason BSRB. Helga Jónsdóttir BSRB er starfsmaður nefndarinnar.

Réttindanefnd

Árni Stefán Jónsson SFR formaður, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Halldór Snorri Gunnarsson St.Rv., Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ, Þuríður Einarsdóttir PFÍ, Helga Hafsteinsdóttir SDS og Snorri Magnússon LL. Sonja Ýr Þorbergsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Umhverfisnefnd

Garðar Hilmarsson St.Rv. formaður, Jóhanna Þórdórsdóttir SFR, Birna Kjartansdóttir FOSS, Þórunn Elfa Sæmundsdóttir FSS og Sigurður Hafliðason STAG. Ágúst Bogason er starfsmaður nefndarinnar.

Skipulagshópur BSRB

Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður, Arna Jakobína Björnsdóttir, Árni Stefán Jónsson, Ásbjörn Sigurðsson og Þuríður Einarsdóttir. Helga Jónsdóttir er starfsmaður hópans.

Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR

Árni Stefán Jónsson og Þórveig Þormóðsdóttir. Til vara Guðrún Árnadóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir

Starfsnefnd LSR

Helga Jónsdóttir

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga, LSS

Elín Björg Jónsdóttir og Garðar Hilmarsson. Til vara Sverrir Björn Björnsson og Björg Bjarnadóttir

Samráðsnefnd um lífeyrismál hjá Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar

Gunnar Ingi Jónsson

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Puríður Einarsdóttir. Til vara Reynir Þorsteinsson

Starfshópur um málefni lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, LSR

Árni Stefán Jónsson

Starfshópur um málefni lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, LSR (með auknu hlutverki)

Elín Björg Jónsdóttir

Félagsmálaskóli alþýðu, skólanefnd

Karl Rúnar Þórsson og Guðríður Sigurbjörnsdóttir

Starfsmennt, stjórn

Árni Stefán Jónsson og Arna Jakobína Björnsdóttir. Til vara Jóhanna Þorgilsdóttir og Þórveig Þormóðsdóttir.

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina

Þórarinn Eyfjörð, Birna Ólafsdóttir og Jakobína Þórðardóttir. Til vara Hermann Óli Davíðsson, Magnús Gísli Sveinsson og Edda Ragna Davíðsdóttir

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Jófríður H. Sigfúsdóttir. Tilvara Halla Reynisdóttir

Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina

Védís Guðjónsdóttir. Til vara Magnús A. Sveinbjörnsson

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins

Kristín Á. Guðmundsdóttir. Til vara Jakobína Þórðardóttir

Starfsmenntunarsjóður starfsmannaríkisins innan BSRB

Kristín Á. Guðmundsdóttir og Baldvin Ármann Þórisson

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Karl Rúnar Þórsson og Arna Jakobína Björnsdóttir

Stjórn Fræðslusjóðs

Garðar Hilmarsson. Til vara Birna Ólafsdóttir

Stýrihópur nám er vinnandi vegur

Jóhanna Þórdórsdóttir. Til vara Elín Björg Jónsdóttir

Stjórn VIRK

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Árni Stefán Jónsson

Vinnueftirlit ríkisins, stjórn

Védís Guðjónsdóttir. Til vara Sverrir Björn Björnsson

Vinumálastofnun, stjórn

Arna Jakobína Björnsdóttir. Til vara Páll Svavarsson

Vinumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins:

Páll Svavarsson. Til vara Jófríður Hanna Sigfúsdóttir

Vinumarkaðsráð Vesturlands:

Helga Hafsteinsdóttir. Til vara Ingveldur Jónsdóttir

Vinumarkaðsráð Vestfjarða

Margrét Þ. Óladóttir. Til vara Gabríela Aðalbjörnsdóttir

Vinumarkaðsráð Norðurlands vestra

Sigríður Gísladóttir. Til vara Árni Egilsson

Vinumarkaðsráð Norðurlands eystra

Guðrún Siglaugsdóttir. Til vara Sævar Herbertsson

Vinumarkaðsráð Austurlands

Hrefna Björnsdóttir. Til vara Gísli Agnar Bjarnason

Vinumarkaðsráð Suðurlands

Stefanía Geirsdóttir. Til vara Unnur Sigmarsdóttir

Vinumarkaðsráð Suðurnesja

Ragnar Örn Pétursson. Til vara Ingvar Georg Georgsson

Starfshópur um vinnumarkaðsaðgerðir

Elín Björg Jónsdóttir

Nefnd um vinnustaðanámsjóð

Birna Ólafsdóttir. Til vara Steinar Dagur Adolffson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Védís Guðjónsdóttir

Atvinnuleysistryggingasjóður

Ína Halldóra Jónsdóttir. Til vara Garðar Hilmarsson

Ferðakostnaðarnefnd

Guðmundur F. Guðmundsson

Félagsdómur

Bergþóra Ingólfssdóttir

Jafnréttisráð

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Alda Hrönn Jóhannsdóttir

Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna

Elín Björg Jónsdóttir og Helga Jónsdóttir. Til vara Kristinn Bjarnason

Samráðsnefnd um veikindarétt

Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Höfundaréttaráð

Sigrún Elíasdóttir. Til vara Ágúst Bogason

Verðlagsnefnd búvara

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Stefán Stefánsson

Nefnd um endurskoðun reglna um einelti

Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Til vara Steinar Dagur Adolfsson

Stýrihópur um velferðarvakt

Garðar Hilmarsson. Til vara Edda Davíðsdóttir

Nefnd um málefni lífeyrissjóða sbr. 9. tölu.stöðuleikasáttmálans

Árni St. Jónsson. Til vara Elín Björg Jónsdóttir

Vinnuhópur um atvinnustefnu og sköpun starfa

Ragnar Örn Pétursson

Vinnuhópur um vinnumarkaðs-úrræði fyrir atvinnuleitendur og úrræði á sviði starfs- og endurmenntunnar

Jófríður Hanna Sigfúsdóttir

Starfshópur um endurskoðun almannatryggingalaga

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Árni Stefán Jónsson

Vinnuhópur um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs

Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Til vara Gunnar Örn Gunnarsson

Samráðshópur um mótun fjölskyldustefnu

Gunnar Örn Gunnarsson. Til vara Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna

Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Til vara Gunnar Örn Gunnarsson

Stýrihópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar

Helga Jónsdóttir

Samstarfshópur um tollamál á sviði landbúnaðar

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Ársæll Ársælsson

Nefnd um mótun tillögu að vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála

Árni Stefán Jónsson. Til vara Helga Jónsdóttir

Samráðshópur um endurskoðun á lögum um virðisaukaskatt og vörugjöld

Dalla Ólafsdóttir. Til vara Kristinn Bjarnason

Nefnd um leiðir til að sporna gegn sjálfvirkum vísitöluhækkunum ýmissa samninga á markaði

Kristinn Bjarnason. Til vara Helga Jónsdóttir

Aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna

Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Til vara Kristinn Bjarnason

Erlent samstarf**NFS**

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Árni St. Jónsson

NOFS

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Árni St. Jónsson

ETUC

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Árni St. Jónsson

EPSU

Elín Björg Jónsdóttir. Til vara Árni St. Jónsson

Ráðgjafanefnd EFTA

Helga Jónsdóttir

Félagatal BSRB janúar 2015

Nafn aðildarfélags BSRB	Fjöldi félagsmanna
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	366
Félag íslenskra flugumferðarstjóra	124
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	264
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi	980
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	351
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	229
Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannþjónustu	1025
Landssamband lögreglumanna	656
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	305
Póstmannafélag Íslands	810
SFR-stéttarfélag í almannþjónustu	5027
Sjúkraliðafélag Íslands	1987
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu	366
Starfsmannafélag Fjallabyggð	92
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar	58
Starfsmannafélag Garðabæjar	484
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	584
Starfsmannafélag Húsavíkur	133
Starfsmannafélag Kópavogs	969
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	357
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	4348
Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins	59
Starfsmannafélag Suðurnesja	799
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar	284
Tollvarðafélag Íslands	104
Samtals	20761

